



Greinargerð fagsviða og B-hluta fyrirtækja

með frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2020

Samþykkt í borgarstjórn 3. desember 2019

EFNISYFIRLIT

A-hluti

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ	8
MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ	21
SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ	37
UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ	51
VELFERÐARSVIÐ	68
FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ	78
MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ	88
ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ	94
SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU	108
EIGNASJÓÐUR	118
SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR.....	124
FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA	125

B-hluti

FAXAFLÓAHAFNIR	130
FÉLAGSBÚSTAÐIR	134
MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.	144
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS	150
STRÆTÓ BS.	155
ORKUVEITA REYKJAVÍKUR	162
SORPA	173

A-HLUTI




ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

LEIÐARLJÓS

Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til íþrótt- og tómstundaiðkunar þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir

SKIPURIT



HLUTVERK

- Rekstur sundlauga, íþróttamannvirka, Ylstrandar/Siglunes, skíðasvæða, Hins Hússins og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.
- Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.
- Eiga gott samstarf við íþrótt- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar.
- Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- Tryggja að öryggi í starfsemi ÍTR sé í fyrirrúmi.
- Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.
- Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna og þróast í starfi.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

	Raun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur	1.853.779	1.616.031	1.685.891
Tekjur samtals	1.853.779	1.616.031	1.685.891
Laun og launatengd gjöld	2.426.261	2.463.893	2.522.284
Annar kostnaður	7.099.774	7.484.800	7.825.943
Rekstrargjöld samtals	9.526.035	9.948.693	10.348.227
Rekstrarniðurstaða	7.672.256	8.332.662	8.662.336

STARFSFÓLK

	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020
Fjöldi starfsmanna	574	571
Fjöldi sumarstarfsmanna	387	390
Fjöldi stöðugilda	277	273
Eftir starfsstöðum:		
Skrifstofa ÍTR	9	9
Atvinnumál skólafólks	30	30
Hitt Húsið	20	21
Frístundastarf fatlaðra	32	31
Sundlaugar	131	130
Nauthólsvík	7	5
Íþróttahús KHÍ	2	2
Skíðasvæði	14	13
Fjölskyldu- og húsdýragarður	32	32


MEGINÁHERSLUR 2020 – BREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI

Starfsemi Íþrótt- og tómstundasviðs (ÍTR) snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþrótt- og tómstundamálum og stuðningi við félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Á vegum ÍTR er meðal annars rekstur sundlauga, Hins Hússins, siglingaklúbsins Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, íþróttamannvirkja, íþróttavalla og skíðasvæða. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til íþrótt- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu og annast samskipti, fyrir hönd borgaryfirvalda, við íþrótt- og æskulýðsfélög og samtök þeirra. Áfram verður unnið með ÍBR að eftirfylgd sameiginlegrar stefnumótunar í íþróttamálum Reykjavíkur sbr. stefnu fyrir árin 2012-2020. Nú er unnið að nýrri stefnumótun til ársins 2030 í stýrihópi með fulltrúum Reykjavíkurborgar og fulltrúum ÍBR.


Árið 2020 verður áfram unnið eftir áætlun um nýframkvæmdir og viðhald á mannvirkjum ÍTR. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum verður unnið að byggingu á fræðslu- og starfsmannahúsi. Hafin er bygging á knatthúsi á íþróttasvæði ÍR og verða knatthúsið ásamt frjálsíþróttavelli tekið í notkun á árinu 2020. Framkvæmdir í Úlfarsárdal eru hafnar og gert er ráð fyrir að taka í notkun innisundlaug haustið 2020 og útisundlaug haustið 2021. Bygging á íþróttahúsi ásamt keppnisvelli og stúku er hafin á íþróttasvæði Fram í Úlfarsárdal.

SKIPULAG REKSTRAR 2020

Skipting rekstarramma



Skipting rekstrarkostnaði



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Fjármál

Forsendur fjárhagsáætlunar 2020 gera ráð fyrir hækkun á neysluvísitölu um 3,2%. Gjaldskrár ÍTR hækka almennt um 2,5% á milli ára. Annar rekstrarkostnaður er verðbættur sem nemur neysluvísitölu.

Hagræðingarkrafa var gerð á sviðið sem nemur 1% rekstrarkostnaði að undanskilinni innri leigu og var því hagræðingarkrafa á ÍTR 72,2 mkr. Til að mæta þessari hagræðingu horfði ÍTR á alla þjónustuþætti sviðsins.

Ekki er gert ráð fyrir launahækkunum í fjárhagsáætlun 2020 en það verður endurskoðað þegar kjarasamningar liggja fyrir.

Helstu breytingar á rekstri árið 2020 eru sundlaug í Úlfarsárdal, knatthús í Mjódd og frjálsíþróttavöllur á ÍR svæðinu. Þá var nýr gervigrasvöllur tekinn í notkun um mitt ár 2019 og verður í fullri notkun allt árið 2020.

Á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins hefst uppbygging samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna frá 2018 um uppbyggingu í Bláfjöllum og Skálafelli. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatíminn muni verða á árunum 2020-2025. Þá verða byggðar upp skíðalyftur ásamt snjóframleiðslu. Þær framkvæmdir hafa áhrif á rekstrarkostnað næstu ára.

ÍTR ber einnig leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþrótt- og tómstundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþrótt- og sýningarhöllinni og íþróttahúsi í Norðlingaholti og er kostnaður vegna þessara mannvirkja um 10% af útgjöldum Íþrótt- og tómstundarsviðs. Kostnaður vegna innri leigu hjá ÍTR er 31% af útgjöldum sviðsins, greiðslur styrkja til Íþróttafélaga og annarra eru

um 19% af útgjöldum sviðsins og launakostnaður sviðsins er um 24%. Annar rekstrarkostnaður er 7% af útgjöldum sviðsins og orkukostnaður er um 3% af útgjöldum ÍTR.

Breytingar á fjárhagslíkani ÍTR 2020. Fjármálaskrifstofa fór af stað með verkefni í byrjun árs 2019 þar sem átti að skoða fjárhagslíkón fagsviða. ÍTR tók þátt í þeirri vinnu og var skoðað upplýsingagildi fjárhagslíkans ÍTR og hvernig mætti bæta framsetningu á fjárhagsupplýsingum sviðsins. ÍTR lauk svo þeirri vinnu í sumar og voru gerðar nokkrar breytingar á framsetningu fjármála ÍTR á árinu 2020.

Hagræðing


Hagræðingarkrafa er gerð á ÍTR upp á 1% af öllum útgjöldum sviðsins að undanskildri innri leigu. Jafngildir það 72,2 m.kr. hagræðingu fyrir árið 2020. Mikill kostnaður sviðsins er bundinn í leigusamningum við þriðja aðila þar sem ekki er hægt að hagræða, líkt og í samningum við Egilshöll og Íþrótt- og sýningarhöllina. Þá er Frístundakortið bundinn liður sem ekki er hægt að hreyfa við. Horft var á allt sviðið og hagræðingunni dreift sem jafnast yfir þjónustubætti sviðsins. Ekki er gert ráð fyrir skerðingu á þjónustu.

Sundlaugar

ÍTR rekur sex sundlaugar. Hafa þær fjölþættu hlutverki að gegna og eru ákjósanlegar til heilsuræktar, slökunar og leikja, sundkennslu og íþrótt- og sundiðkunar. Markmið þeirra er meðal annars að mæta þörfum gesta sem félagsleg, líkamleg og andleg heilsulind. Heildaraðsókn árið 2019 var 2,3 milljónir gesta og áætluð aðsókn fyrir árið 2020 er 2,4 milljónir gesta. Fyrsti áfangi sundlaugar í Úlfarsárdal, innlaug til kennslu og æfinga, verður tekin í notkun haustið 2020. Áætlað er að seinni áfanginn, útilaug og útisvæði með pottum og rennibraut verður tekið í notkun haustið 2021. Fjárhagsáætlun vegna sundlauganna 2020 er 1.767 [DGS1]m.kr. Búið er að gera úttekt á búnaði lauganna og ljóst er að verulegt fjármagn þarf til að koma laugunum í bætt horf. Sérstaklega þarf að skoða áframhaldandi innleiðingu á tækjum til klórgerðar með tilliti til umhverfissjónarmiða og lækkunar rekstrarkostnaðar.

Taflan hér fyrir neðan sýnir hvernig aðsóknin skiptist á milli sundlauga í Reykjavík miðað við aðsókn 2019.

Áætluð aðsókn í sundlaugar árið 2019
í þúsundum



Vesturbæjarlaug

Vesturbæjarlaug hefur notið vinsælda undanfarin ár, ekki síst meðal ferðamanna. Laugin fær mikla og góða umfjöllun í erlendum tímaritum enda keppast blaðamenn og ljósmyndarar við að fá að koma í laugina. Aðstaða fyrir hreyfihamlaða verður bætt og unnið er að því að setja upp sérklefa. Til stóð að klefinn yrði tilbúinn 2019 en framkvæmdir munu tefjast til 2020. Aðstaða fyrir framan anddyri laugarinnar hefur verið bætt og hjólastæðum fjölgað.

Grafarvogslaug


Aðsókn í Grafarvogslaug er nú farin að aukast á ný en 2018 var tekin í notkun ný rennibraut og vinnu við nýja vaðlaug er lokið. Laugin er því kjörinn staður fyrir fjölskyldufólk með börn á öllum aldri. Endurnýjun á loftræstisamstæðum fyrir búningaklefa er í undibúningi og áætlað að ljúki 2020.

Árbæjarlaug

Kaldur pottur var tekin í notkun í Árbæjarlaug vorið 2019 ásamt nýjum útisturtum. Aðsókn í laugina er nokkuð stöðug á milli ára. Unnið er að betra aðgengi að strandblaksvöllum inn á lóð laugarinnar. Stjórnkerfi laugarinnar og klórkerfi þarfnast endurnýjunar og setja þarf upp framleiðslukerfi fyrir klór.

Sundhöll

Aðsókn í Sundhöllina heldur áfram að aukast eftir viðbyggingu á nýjum mannvirkjum árið 2017. Laugin er vinsæl meðal ferðamanna sem sækja Sundhöllina jafnhliða Laugardalslauginni. Endurgerð á baðklefum kvenna í gamla húsinu er hafin og áætlað að þeim framkvæmdum ljúki árið 2020. Gert er ráð fyrir að uppgerður klefi í gamla húsinu verði nýttur þegar aðsókn er mikil sem einnig er hægt að nýta fyrir skólasund.



Laugardalslaug

Laugardalslaug tekur á móti um 700.000 gestum á ári. Við breytingar á Sundhöllinni hefur aðsókn að lauginni minnkað lítillega og þá aðallega er um að ræða ferðamenn sem fara í auknum mæli í Sundhöllina. Breytingar standa yfir á afgreiðslusal í Laugardalslaug til að einfalda afgreiðslu og gera svæðið aðgengilegra fyrir gesti, þeim breytingum mun ljúka árið 2019. Beðið er eftir endurnýjun á eftirlitsturni laugarinnar og lagfæringu á laugarkeri útilaugar en sú aðgerð er brýn samkvæmt skýrslu sem gerð var eftir úttekt. Stjórnbúnaður í kjallara laugarinnar er kominn mjög til ára sinna og nauðsynlegt að endurnýja hann á næstu árum svo hægt sé að viðhalda gæðum og öryggi vatns í sundlaugarkerfunum.

Breiðholtslaug

Aðsókn í Breiðholtslaug heldur áfram að aukast líkt og undanfarin ár eftir komu líkamsræktarstöðvarinnar World Class. Þá hefur útisvæði laugarinnar tekið miklum breytingum. Kaldur pottur var tekin í notkun á árinu ásamt nýrri lokaðri rennibraut. Svæðið í kringum vaðlaugina hefur verið endurnýjað með nýjum gúmmihellum og leiktækjum fyrir yngstu börnin. Búið er að teikna útiklefa og útigeymslu ásamt skýli yfir pall við anddyri sem verða næstu framkvæmdir sem ráðist veður í. Úttekt hefur farið fram á búnaði í kjallara laugarinnar en kominn er tími á endurnýjun á hreinsitækjum. Þá er laugarker innilaugar illa farið og þarfnast lagfæringar.

Fjölskyldu- og húsdýragarður

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru til sýnis íslensk húsdýr, dýr sem lifa villt í íslenskri náttúru auk framandi dýra eins og skrið-, frosk- og skordýr. Einnig er þar rekinn skemmtigarður með opnum svæðum ásamt litlum tívolítækjum.

Auk almennrar starfsemi við dýrahald og skemmtigarð skipa margskonar viðburðir og fræðslustarf veglegan sess. Árið 2018 heimsóttu um 6.500 leik- og grunnskólanemar skipulögð fræðslunámskeið í garðinum. Samningur er við skóla- og frístundasvið um samstarf vegna grunn- og leikskólanema á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs. Þá eru haldin sérstök sumarnámskeið fyrir 10–12 ára. Í garðinum er fjöldi tækja sem mörg hver eru gagnvirk og valin með öll aldurstig og bæði kyn í huga. Átak var gert í endurnýjun og nýjungum í tækjum á árunum 2018 og 2019 og fleiri bætast við fyrir sumarið 2020. Unnið verður áfram að undirbúningi uppbyggingu fræðslu- og starfsmannahúss í garðinum en verið er að ljúka hönnun hússins haustið 2019. Garðurinn er opinn alla daga ársins en aðsókn árið 2018 var um 161 þúsund gestir, þar af um 13 þúsund erlendir gestir. Fjárhagsáætlun Fjölskyldu- og húsdýragarðsins eru 327 m.kr. fyrir árið 2020.

Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins, miðstöðvar ungs fólks, er að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Starfsemi Hins Hússins fer fram á Rafstöðvarvegi 7-9. Í Hinu Húsinu fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið. Viðfangsefni felast meðal annars í upplýsinga- og ráðgjafabjónustu, frístundastarfi fatlaðra ungmenna, vinnu að atvinnumálum ungs fólks, menningarstarfi ungmenna, umsjón með viðburðum og erlendu samstarfi. Frjáls félagasamtök og ýmsir hópar ungs fólks hafa aðstöðu í húsinu til lengri eða skemmri tíma. Fjárhagsáætlun Hins Hússins 2020 eru 467,2 [DGS2]m.kr. Þar af er frístund fatlaðra 258 m.kr. og önnur starfsemi Hins Hússins 215 m.kr en þar af er húsaleiga vegna Rafstöðvarveggar um 80 m.kr. Mörg verkefna Hins Hússins fara fram annars staðar en í Elliðaárdalnum, t.d. fara Jafningjafraeðarar í framhaldsskólana og í Vinnuskólann til að fræða ungmenni, Músíktílaunir eru haldnar í Hörpu, Unglistin fer m.a. fram í Borgarleikhúsinu, Götuleikhúsið er með aðstöðu í Kvennaskólanum og sýnir listir sínar fyrir almenning á götum úti ásamt Listhópunum.

Félög og félagasamtök sem eru með fasta aðstöðu í Hinu Húsinu eru: Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF), Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS), Landssamband ungmennafélaga (LUF), og List án landamæra.

Þess ber að geta að í 16. grein laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 segir að „Sveitarfélög skulu bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundabjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki.“ Því er nú gert ráð fyrir því að sveitarfélögin bjóði upp á svokallaða langa daga m.a. í vetrarfríum, á starfsdögum og þegar prófatímabil framhaldsskólanna hefst, en þá fara nemendur starfsbrautanna í jólafrí.

Nauthólsvík, Ylströnd og Siglunes

Nauthólsvík hefur verið einn helsti sjóbaðsstaður Reykvíkinga frá árinu 1949. Sérstaða strandarinnar er mikil. Samspil sjávar, strandar, heita vatnsins og náttúrunnar er magnað og mikil reynsla að upplifa. Í Siglunesi hefur Reykjavíkurborg rekið siglinga- og róðrarstarfsemi fyrir börn og unglíngja síðan 1967. Nauthólsvík er vinsælt svæði til útivistar enda veðursæld og náttúrufrægurð mikil.

Siglunes á sér farsæla og skemmtilega sögu. Í Siglunesi læra börn og unglíngar grunnatriði siglinga og róðurs og takast á við fjölbreyttar áskoranir í öruggu umhverfi með leikgleði, fræðslu og

ævintýramennsku í fyrirrúmi. Siglt er á stórum og smáum seglbátum og róð á kajökum og árabátum. Siglinganámskeið í Siglunesi fyrir krakka á aldrinum 9-12 ára eru alltaf jafn vinsæl og seljast því öll upp á hverju ári. Einnig er mikil aðsókn í Siglingaklúbbinn sem er ætlaður þeim sem þegar hafa sótt siglinganámskeið á aldrinum 10-16 ára. Aðstaða í Siglunesi er fullnýtt yfir sumartímann. Húsnæði siglingaklúbbsins er orðið úr sér gengið og uppfyllir engan veginn þær kröfur sem gerðar eru í dag til slíks húsnæðis. Hebrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur ítrekað gert athugasemdir vegna húsnæðisins og því þarf að fara að huga að byggingu nýs húsnæðis sem þegar hefur verið hannað. Á árinu 2018 var bátakostur og búnaður mikið endurnýjaður og á árinu 2019 bættist einnig aðeins í bátakostinn. Fjárhagsáætlun Sigluness 2020 er 27,9 m.kr.

Ylströndin með heitum pottum og manngerðu sjávarlóni opnaði sumarið 2000 og var einungis opin á sumrin fyrstu árin. Haustið 2006 hófust vetrarsjóböð á Ylströndinni og hafa þau notið mikilla vinsælda meðal sjóbaðsunnenda sem leggja leið sína í Nauthólsvík. Ylströndin nýtur alltaf meiri og meiri vinsælda, jafnt sumar sem vetur. Að sumri ræður veðurfar miklu um fjölda þeirra gesta sem vilja koma og baða sig í sjó. Sístækkandi hópur sjósundiðkenda setur þó veðrið ekki fyrir sig. Mikil aukning hefur verið í „upplifunarheimsóknum“ á ströndina. Rútur með fjölda farþega koma við hvort sem farið er í sjóinn eða ekki.


Breyting var gerð haustið 2019 á þjónustutímanum og er nú opið mánudaga til fimmtudag frá klukkan 11-19 og á laugardögum frá klukkan 11-16. Vegna mikillar aðsóknar þyrfti að fjölga pottum og bæta salernisaðstöðu á svæðinu. Engin salernisaðstaða er á svæðinu þegar lokað er á Ylströnd og huga þarf að úrbótum á því. Fjárhagsáætlun Ylstrandarinnar árið 2020 er 79 m.kr.

Upplýsinga- og kynningarmál

Þátttaka á frístundavef yfir vetrartíma heldur áfram að dala – félög eru ekki nógu virk að uppfæra vefinn á þeim tíma en hann er hins vegar vel uppfærður yfir sumarmánuði og notendum vefsins fjölgar. Endurskoða þarf vefinn á árinu 2020 með tilliti til svæðaskiptingar og virkni yfir vetrarmánuði.

Í samvinnu við Rafræna þjónustumiðstöð var unnið að uppfærslum á sundlaugasíðum og nýjar heimasíður settar í loftið á fyrsta ársfjórðungi 2019. Mikil vinna var lögð í framsetningu á efni og stefnt er að því að rýna síðurnar og þróa enn frekar í samvinnu við skrifstofu þjónustuhönnunar í lok árs 2019.

Lokið var að koma öllum starfstöðum ÍTR á samfélagsmiðla á árinu 2019, starfsstaðirnir eru þó misvirkir. Fræðsla um samfélagsmiðlun var haldin fyrir stjórnendur í byrjun árs 2019 og í september var fræðsla fyrir alla vaktstjóra um samfélagsmiðlun frá upplýsingadeild Reykjavíkur og í framhaldi sett markmið fyrir starfsstaði og reglur um notkun.



Mannvirkjakerfi ÍTR og ÍBR var uppfært á árinu 2019. Breytingar voru aðallega í formi textalagfæringa. Allir tímar eru sýnilegir og aðgengilegir í gegnum frístundavefinn, hægt er að gera fyrirspurnir vegna lausra tíma í gegnum vefinn og fá upplýsingar um dagskrá hvers mannvirkis. Íþróttabandalag Reykjavíkur sér um skráningar í kerfið og vinnur að því að styrkja íþróttafélög við skráningar.

Workplace hefur verið kynnt á öllum starfsstöðum ÍTR og fer notkunn vaxandi.

Nýtt afgreiðslu og aðgansstýringarkerfi í sundlaugum var innleitt á árinu 2019 og leysir kerfið tvö eldri kerfi af hólmi. Með kerfinu er verið að stíga stórt skref til þess að auka skilvirkni afgreiðslu, áreiðanleika og tölfræði. Innleiðing kerfisins hófst á starfsstöðum í lok ágúst 2019 og skipta þurfti út 51.000 virkum aðgangskortum. Innleiðingin stendur enn yfir en áætlað er að henni ljúki á árinu 2019. Næstu skref eru svo að færa kerfið yfir í skýjalaun og taka upp möguleika á rafrænum greiðslum.

Frístundakortið


Á árinu 2019 fjölgaði félögum með samning um notkun Frístundakorts lítilliga. Mest er aukningin í félögum sem bjóða upp á sjálfstyrkinganámskeið fyrir börn í hópum, auk þess sem móðurmálsfélög eru að taka sér stærra pláss. Samið var við fyrsta félagið um nýtingu Frístundakorts til iðkunar Rafíþróttta og búist er við aukningu á því sviði.

Aukinn áhugi er hjá fyrirtækjum að tengjast frístundakerfinu í gegnum vefgáttir og verið er að vinna að skýrara verklagi við þannig tengingar.


Greina má augljósa breytingu á nýtingu frístundakorts. Fjöldi barna í árgangi eykst lítilliga en stærsta skýringin er sú að hver einstaklingur er að nýta styrkinn betur eftir að hann var hækkaður í 50.000 kr. auk þess sem nýtingarhlutfall batnar með hverju árinu.

Farið var í átak við að kynna Frístundakort fyrir börnum af erlendum uppruna og efni þýtt á átta tungumál. Athygli er vakinn á nýtingu frístundakortsins í póstnúmeri 111 en hún hefur aukist úr 57 % árið 2015 í 67% árið 2019.

Skráning í frístundastarf eftir hverfum 6-18 ára



Þróun á nýtingu eftir hverfum á árunum 2015-2018



Skíðasvæði

Aðsókn í Bláfjöll veturinn 2018-2019 var 61.297 gestir og almennir opnunardagar voru 40. Í Skálafelli var opið í 9 daga og komu 4.935 gestir. Veturinn hófst óvenjulega seint en fyrsti opnunardagur í Bláfjöllum var ekki fyrr en seinnihluta janúar 2019. Vegna þessa og líttillar snjókomu yfir veturinn lauk vetrinum jafnframt heldur snemma og því náðust páskar ekki inn í skíðavertíð vetrarins.

Í fyrsta sinn var boðið uppá fjölskylduafslátt af vetrarkortum sem eingöngu var hægt að kaupa á netinu í nóvember 2018. Sú nýbreytni lagðist það vel fyrir og verður áfram boðið uppá fjölskylduafslátt fyrir komandi vetur. Sá afsláttur verður eingöngu í boði fyrir þá sem kaupa kort í nóvember 2019 og á netinu.

Í undirbúningi er uppbygging á skíðasvæðunum samkvæmt samkomulagi sem undirritað var af fulltrúum eigenda svæðanna í maí 2018.

Árið 2019 voru helstu verkefni tengd framkvæmdum á skíðasvæðunum: Stækkun vélaskemmu í Bláfjöllum, gerð snjógirðinga, frárennismál, ný diskalyfta í Kóngsgili ásamt 200 metra lengingu á skíðagöngusvæði Bláfjalla.



Íþróttafélög og ÍBR – styrkir

Gerður var þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR árið 2017 sem gildir til ársloka 2019. Unnið er að gerð nýs þjónustusamnings við ÍBR. Styrkir til ÍBR og íþróttafélaganna í borginni nema um 987 m.kr.

Styrkir vegna afnota íþróttafélaga af mannvirkjum í eigu Reykjavíkurborgar og mannvirkjum sem borgin leigir til afnota fyrir félögin nema um 2.535 m.kr. En kostnaður ÍTR er vegna afnota félaganna af Egilshöll, Laugardalsvelli, Íþrótt- og sýningahöllinni, Íþróttahúsi í Norðlingaholti, Íþróttasvæði í Úlfarsárdal, Skautahöllinni í Laugardal, Reiðhöllinni í Víðidal, Hjólabrettahúsi í Dugguvogi, gervigrasvöllum borgarinnar, Íþróttahúsið Austurbergi, Íþróttahús í Grafarvogi, Íþróttahús í Seljahverfi, Íþróttahúsi KHÍ í Laugaból og íþróttamiðstöðin í Fellahverfi. Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf í Reykjavík verði áfram kraftmikið, borgarbúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir borgarbúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og unglíngastarfi en einnig í afreksíþróttastarfi og almenningsíþróttum. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð og stjórn ÍBR annast framgang samnings þessa. Framkvæmdastjórar og skrifstofur þessara aðila annast dagleg samskipti aðila. Aðalstjórnir íþróttafélaganna fara með réttindi og skyldur viðkomandi félags í samningi þessum f.h. félaganna. Aðalstjórn hvers félags ábyrgist þá þjónustu sem samningur þessi mælir fyrir um og gerir jafnframt grein fyrir fjármálum félagsins í samræmi við ákvæði samnings þessa.

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að konur og karlar njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. ÍBR og félögin skulu kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum.

Á samningstímanum verður unnið að því að íþróttafélögin bjóði eldri borgurum aukna þjónustu í sínum mannvirkjum.

Íþróttafélögin skulu ár hvert leggja fram áætlun fyrir 1. október, fyrir ÍTR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur næstkomandi ár. Í áætluninni skulu koma fram markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim og helstu áherslur á samningstímabilinu. Einnig skal gerð grein fyrir því hvernig árangur verði metinn. Samvinna skal vera á milli íþróttafélagsins, ÍBR og ÍTR um gerð slíkrar áætlunar. ÍTR og ÍBR taka síðan afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsroðun verkefna sem koma fram í tillögum félaganna.

Styrkir vegna KFUM og KFUK og Skátasambands Reykjavíkur nema alls um 55 m.kr.

Viðburðir

Fyrirhugaðir stórviðburðir árið 2020 sem tengjast starfsemi ÍTR og kalla á umfangsmikinn undirbúning og stuðning borgaryfirvalda eru: EuroGym, Reykjavík International Games og Rey Cup. Einnig má nefna Vetrarhátíð, Reykjavíkumaraþon og Menningarnótt. Gerður hefur verið sérstakur viðburðarsamningur við ÍBR.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Áhersla er hjá ÍTR að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrenni nýtist öllum hópum, tekið sé tillits til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustupátta með aðferðafræði KFS. Þegar er búið að greina aðsókn í sundlaugar, þátttöku barna í skipulögðu starfi, fjárfestingu vegna

íþróttamannvirkja og aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarð, þátttöku í Músíktilraunum og ráðningar í sumarstörf.

Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að alltaf sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt og því hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðarfræðinnar á sviðinu, allir stjórnendur á sviðinu hafa fengið kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð á árinu 2020. Á sviðinu hafa einnig verið gerðar jafnréttisskimanir fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ

	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Starfsmannamál *						
Fjöldi starfsmanna	522	552	557	508	540	540
Fjöldi stöðugilda ÍTR	260	265	275	275	277	273
Fjöldi ársverka	244	249	254	257	264	264
Fjöldi ársverka, karlar / konur	107 / 137	110/139	129/146*	120/136	130/147	126/147
Fjöldi ársverka á skíðasvæðum	20	19	19	20	22	22
Vinnuframlag	291	302	304	304	313	313
Fjöldi yfirvinnustunda	92.000	109.555	103.414	109.656	101.664	119.363
Fjöldi vinnustunda með vaktalági	113.000	141.500	133.179	147.120	136.075	115.692
Eknir km. á ári skv. samningum	18.750	10.000	10.000	10.000	8.000	7.000
Aðsóknartölur						
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús.	1.828	1.866	2.057	2.210	2.280	2250
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarð. í þús.	178	174	168	161	170	170
Börn á sumarnámskeiðum í Húsdýragarði	229	112	112	118	147	150
Kennsla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda	9.600	8.638	7.356	6.434	7000	7000
Frístundakortið - ráðstöfun						
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	77%	82%	83%	83%	83%	83%
Stelpur/Strákar	78%/76%	82%/81%	83%/82%	83%/82%	83%/83%	83%/83%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	92%	94%	96%	96%	96%	95%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	89%	89%	88%	90%	90%	93%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	69%	77%	80%	80%	80%	78%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	48%	53%	60%	62%	63%	59%
Frístundakortið - skráning í starfsemi						
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	81%	81%	84%	84%	84%	83%
Stelpur/Strákar	81%/80%	83%/81%	84%/83%	84%/83%	83%/83%	83%/83%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	93%	95%	96%	96%	96%	95%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	90%	89%	87%	89%	90%	94%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	76%	77%	80%	81%	81%	79%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	55%	53%	58%	60%	60%	59%
Fjöldi félaga með aðild að Frístundakortinu	183	219	187	187	180	193
Frístundakorti ráðstafað til íþróttfélaga	52%	65%	62%	62%	62%	58%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi	17%	22%	21%	21%	21%	19%
Frístundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga	1%	0,50%	0,01%	0%	0%	1%
Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs	13%	12,50%	17%	17%	17%	22%

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI, FRH

	Raun 2015	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Áætlun. 2019	Áætlun 2020
Styrkir til félaga (í þús. kr.)						
Rekstrarstyrkir	301.096	312.653	316.907	336.853	360.319	380.833
Húsaleigustyrkir	661.690	662.223	667.862	671.981	726.756	748.769
Greiðsla vegna mannvirkja	968.601	979.405	1.002.059	1.052.119	1.068.630	1.159.433
Aðrir styrkir	91.346	107.936	110.652	111.594	131.888	174.996
Byggingastyrkir	45.000	52.500	96.096	124.594	57.748	60.000
Styrkir ráðsins	17.500	35.000	19.620	18.620	25.638	19.000
Hitt Húsið						
Gestir Hins Hússins				34.963	35.000	3.500
Netheimsóknir Hins hússins				27.440	28.000	28.000
Húsnæði og vellir						
Fermetrar í leigu hjá öðrum	35.690	36.878	36.878	36.878	38.814	38.814
Fjöldi fermetra á grasvöllum	333.000	280.000	280.000	280.000	263.800	238.000
Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum	64.800	73.557	73.557	73.557	89.757	97.200
Rekstrartölur						
Heitt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	1.810	1.850	1.880	1.880	1.920	1.955
Kalt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	810	820	830	830	850	860
Raforkunotkun í þús. kílóvattstunda alls ÍTR	6.100	6.150	6.200	6.230	6.280	6.330
Innri leiga	2.369.348	2.466.971	2.547.765	2.564.867	2.819.724	3.116.703

Velgengisþættir	Mælikvarðar	Raun 2015	Raun 2017	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Mannauður						
Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuaðstöðu sína góða	76%	75%	78%	78%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi	84%	84%	88%	86%	89%
Hæft og áhugasamt starfsfólk	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi	84%	83%	86%	85%	88%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán.	78%	81%	81%	82%*	85%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	79%	78%	76%	77%	85%
Árangursríkir stjórnunarhættir	Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns	86%	85%	85%	85%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum	78%	80%	79%	79%	85%




MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ

LEIÐARLIJÓS

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, vísýni, samkennd og virðingu. Ferðamannaborgin Reykjavík er virt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur	502.835	443.519	566.341
Tekjur samtals	502.835	443.519	566.341
Laun og launatengd gjöld	1.463.417	1.562.971	1.531.458
Annar kostnaður	3.886.974	3.915.328	4.313.476
Rekstrargjöld samtals	5.350.391	5.478.299	5.844.934
Rekstrarniðurstaða	4.847.556	5.034.780	5.278.593


STARFSFÓLK

	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Fjöldi starfsmanna	245	231	236
Fjöldi stöðugilda	163	162,41	163,9
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Borgarbókasafn*	77	77	78,6
Borgarsögusafn	40	42	40,6
Listasafn Reykjavíkur	23	25	25,2
Höfuðborgarstofa	9	4,0	5,4
Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs	6,8	6,8	6,9
Bókmenntaborg	2	2	0,0
Önnur menningarstarfsemi**	5,25	5,61	7,25

*Nýtt safn opnar seint á árinu 2020 í Úlfarsárdal og er áætlað fyrir 2,4 stöðugildum

**Bókmenntaborg er undir önnur menningarstarfsemi frá og með 2020.

SKIPTING REKSTRAR 2020



HLUTVERK

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Þá eru einnig sérverkefni Reykjavík—Bókmenntaborg UNESCO, Tónlistarborgin Reykjavík, Menningarkortið auk skipulag og framkvæmd viðburðanna Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, Tendrun friðarsúlu og Aðventuhátíð á ábyrgð sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglum. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrar.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Reykjavík – hin kvika borg er yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2020 og tekur yfirskriftin mið af einu af stærstu verkefnum sviðsins árið 2020 en það er afhending Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna í Hörpu í desember. Verkefnið, sem er samstarfsverkefni ríkis og borgar, mun

ekki einvörðungu verða fyrirferðamikil í menningarlífinu þegar athöfnin á sér stað í desember, heldur geta borgarþátttakar átt von á því að kvikmyndalistin verði eins og rauður þráður í menningarstarfi borgarinnar allt árið og birtingarmyndir kvikmyndanna margar, fjölbreyttar og óvæntar.

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin lita ekki síður starf Höfuðborgarstofu sem hýsir verkefni og mun nýta verðlaunin af fremsta megni til að kynna Reykjavík sem bæði áhugaverðan tókustað og aðlaðandi áfangastað fyrir ferðamenn. Önnur stór verkefni á borði Höfuðborgarstofu árið 2020 eru innleiðing nýrrar ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar í upphafi ársins en hún mun leggja grunn að verkefnum borgarinnar í málaflokkum og þar með grunn að áherslum Höfuðborgarstofu.

Í menningarhluta menningar- og ferðamálasvið eru fjölmörg ný og spennandi verkefni á döfinni. Eitt stærsta verkefni Borgarbókasafnsins verður tvímælalaust opnun nýs safns/menningarhúss í Úlfarsárdal á haustmánuðum 2020. Safnið verður staðsett í byggingu sem einnig hýsir skóla, leikskóla, frístundamiðstöð, íþróttamiðstöð og sundlaug sem mun deila anddyri með bókasafninu og afgreiðslu sem er nýjung hér á landi. Gert er ráð fyrir umframopnun í safninu, þ.e. opnun án þjónustu og miðast hún við opnun sundlaugarinnar og gerir notendum kleift að koma í söfnin utan hefðbundins afgreiðslutíma og án þjónustu starfsfólks. Enn stærri og metnaðarfullri eru áætlanir um endurnýjun aðalbókasafnsins í Grófarhúsi sem meðal annars munu fela í sér meiri aukna útbreiðslu safnsins í Grófarhúsi auk viðbyggingar.

Þó svo að Borgarsögusafn setji innra starf á oddinn 2020 s.s. stefnumótun, öryggismál, rannsóknir og mannauð, þá eru einnig stór verkefni á döfinni sem snúa að gestum safnsins. Má þá helst nefna aðkomu Borgarsögusafns að gerð nýrrar sýningar í gömlu rafstöðinni í Elliðaárdal sem aukinheldur mun bæta tengingu dalsins við Árbæjarsafn og stærsta sýningarverkefni safnsins á árinu, verður opnun nýrrar sýningar að Aðalstræti 10 að hausti 2020, sem fjallar um þróun borgarinnar frá landnámi til 20. aldar og verður spennandi viðbót í menningarflóru miðborgarinnar, bæði fyrir heimamenn og gesti.

Sýningar Listasafns Reykjavíkur eru sem fyrr fjölbreyttar og endurspeglar það margþætta hlutverk safnsins að sinna og sýna viðamikla listaverkæign borgarinnar um leið og það kynnir bæði starfandi íslenska listamenn sem og alþjóðlega. Ein af aðaláherslum Listasafnsins árið 2020 verður að bæta aðgengi að söfnum og safneign, hvort sem litið er til aðstæðna í byggingum safnsins eða framsetningu upplýsinga og notkunar nýmiðla til upplýsingagjafar.

Viðburðadeildin sinnir sem fyrr sex skilgreindum hátíðum á árinu, en unnið er að viðburðastefnu sem borin verður til samþykktar hjá menningar-, íþrótt- og tómstundaráði á árinu.

Árið 2020 er lokaár menningarstefnu Reykjavíkurborgar sem ber yfirskriftina Menning er mannréttindi og því fer á árinu af stað vinna við að móta nýja stefnu á grunni hinnar gömlu í samstarfi við lykilaðila í menningarlífi borgarinnar.

Menningar- og ferðamálasvið leggur að venju ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla margvísleg mentaðarfull markmið sviðsins. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfseiningum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sértekna og auka aðsókn borgandi gesta. Markaðsherferðin Safnaðu, sem menningar- og ferðamálasvið hleypti af stokkunum á haustmánuðum 2019 heldur áfram 2020 að tala til borgarþátttakara og gesta borgarinnar með nýjum og skapandi hætti með það að markmiði að stækka þann hóp sem lítur á ferð á söfn borgarinnar sem sjálfsagðan valkost til dægradvalar.

Í forsendum fjárhagsáætlunar er gerð krafa um að gjaldskrártekjur aukist almennt um 2,5% sem er það hámark sem gefið er í yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífsskjarasamninga í apríl síðastliðnum. Helstu gjaldskrár sviðsins hækka í samræmi við það. Verðbætur á annan rekstrarkostnað og innri leigu eru bættar um 3,2% sem er í takt við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar og þjóðhagsspá Hagstofunnar. Í forsendum fjárhagsáætlunar er einnig gerð 1% hagræðingarkrafa á öll svið borgarinnar

sem skyldi reiknast af launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði, en útfærsla hagræðingar er á forræði hvers sviðs fyrir sig. Hjá menningar- og ferðamálasviði var stærsti hluti hagræðingar tekinn af verkefnafé, en það þýðir til dæmis að verkefni safnanna þriggja eru ýmist endurskipulögð og gerð með óýrari hætti til að mæta minna svigrúmi, slegið á frest eða lögð niður. Á Listasafni Reykjavíkur verður ekki ráðið í ómannað starfshlutfall og á Borgarbókasafninu verður stöðugildum fækkað um tvö. Öll söfnin stóla á tekjur og er vonast til að markaðsáttak menningar- og ferðamálasviðs, Safnaðu, skili sér á móti í auknum fjölgun gesta á árinu sem og markaðssókn sviðsins gagnvart erlendum gestum.

Aukning er á tekjum sviðsins um 27% og munar þar mest um framlag ríkisins vegna samstarfsverkefnis ríkis og borgar um Evrópsku kvikmyndaverðlaunin (EFA). Báðir aðilar skipta kostnaði jafnt á milli sín. Áætlað er að tekjur vegna aðgangseyris og vörusölu hækki einungis um 1,4% á milli ára, en gjaldskrártekjur fyrir árið 2019 munu væntanlega verða undir áætlun. Vonast er til að tekjur af aðgangseyri erlendra eldri borgara aukist vegna breytinga sem voru gerðar á gjaldskrár frá 1. júlí 2019, en þá var ókeypis aðgangur fyrir 67 ára og eldri inn á söfn Reykjavíkurborgar lagður af. Á sama tíma fékk þessi aldurshópur um 70% afslátt af Menningarkorti Reykjavíkur og endurnýjun kortsins að ári án endurgjalds. Tekjur vegna lánsskírteina og sekta Borgarbókasafns eru áætlaðar rúmum 16% lægri árið á undan en tekjur vegna sekta hafa dregist saman undanfarin ár og tekjur af lánsskírteinum hafa staðið nokkuð í stað á síðastliðnum árum.

Á árinu 2020 verður um 49% af fjárhagsramma sviðsins varið til að styrkja fjölbreytta menningarstarfsemi í Reykjavík í með beinum styrkjum til einstaklinga og hópa, samstarfssamningum og styrkjum í formi innri leigu af húsnæði, en um 40% fjárhagsrammans er varið til rekstrar stofnana sviðsins. Önnur menningarstarfsemi, svo sem viðburðir, Tónlistarborg, Bókmenntaborg, Menningarkortsverkefni og ýmis minni miðlæg verkefni fylla um 4% af rekstri sviðsins, ferðamál um 4% og stjórnun sviðs og kostnaður ráðs eru um 2%.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Menningar og ferðamálasvið starfar í samræmi við menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnurnar lýsa langtímaáætlunum í menningar- og ferðamálum, fela í sér forgangsriðun verkefna sviðsins og eru forsenda þess hvernig starfsemi sviðsins er þróuð.

Styrkveitingar og framlag til menningarlífsins

Hæstu framlög til menningarlífsins í borginni, fyrir utan rekstur menningarstofnana, fara sem fyrr til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Sinfóníuhljómsveitar Íslands skv. lögum og Tónlistar- og ráðstefnuháttssins Hörpu vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar á móti ríkinu. Jafnframt njóta fjölmargir sjálfstæðir aðilar húsnæðis- og/eða rekstrarstyrkja, t.a.m. Listahátíð í Reykjavík, Sviðlistamiðstöð í Tjarnarbíói, Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum, Myndhöggvarafélag Reykjavíkur, Bíó Paradís, Nýlistasafnið og Kling&Bang í Marshallhúsi og Dansverkstæðið, svo þeir helstu séu nefndir.

Almennar styrkveitingar á sviði menningar og lista eru veittar árlega úr svokölluðum styrkjapotti fyrir afmörkuð verkefni, til hópa eða félaga og til samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára. Styrkjapotturinn, sem er auglýstur árlega, er að hluta bundinn vegna þeirra samstarfssamninga sem í gildi eru. Árið 2020 eru 20 samningar í gildi, samanlagt kr. 26.700.000, en að þeirri upphæð meðtalinni eru hátt í 140 milljónir í pottinum. Við úthlutun árlegra styrkja er höfð til hliðsjónar menningarstefna Reykjavíkur, styrkjareglur borgarinnar og verklagsreglur menningar- íþróttar- og tómsundaráðs um styrki sem það endurskoðar árlega. Að auki eru sérstakir árlegir styrkir veittir til myndríkrar miðlunar tengdri sögu og menningu í Reykjavík.

Bókmenntaborgin hefur umsjón með Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar, Barnabókaverðlaunum Reykjavíkurborgar og Barnabókaverðlaunum Guðrúnar Helgadóttur, sem eru veitt fyrir handrit.

Úrbótasjóður tónlistarstaða í Reykjavík er tímabundið átaksverkefni til tveggja ára sem Tónlistarborgin hefur umsjón með. Fyrst verður úthlutað úr sjóðnum árið 2020 og svo aftur árið 2021. Hlutverk úrbótasjóðs er að styðja við tilvist minni og miðlungs stórra tónleikastaða í Reykjavík með því að veita styrki til úrbóta á tónleikastöðunum hvað varðar aðstöðu, aðbúnað og aðgengi. Þannig er stuðlað að áframhaldandi aðstöðu fyrir lifandi tónlistarflutning í borginni sem styður um leið við tónlistarlífið og eflir mannlífið. Fyrir hvert framlag úr sjóðnum er gert ráð fyrir að styrkhafar leggi til jafnháa upphæð til framkvæmda.

Stofnanir sviðsins

Borgarbókasafnið – Menningarhús: Bókasafnið sem samfélagsvettvangur

Borgarbókasafnið hefur það að markmiði sínu að standa jafnfætis bestu bókasöfnum heims. Undanfarin ár hefur safnið innleitt nýjungar í þjónustu og starfsemi og árið 2020 verður áfram haldið á þeirri braut. Safnið hefur metnaðarfulla framtíðarsýn sem endurspeglast m.a. í flugráði sem haldið var vorið 2018, þjónustustefnu þess og heildarmarkmiðum. Óskir og þarfir notenda eru þar hafðar að leiðarljósi. Haldið verður áfram að efla nýja þjónustu og ný samstarfsverkefni þróuð áfram.

Þjónustustefna safnsins og meginstefna þess rennur út árið 2020. Unnið verður að nýrri heildarstefnu fyrir safnið sem tekur mið af þjónustustefnu þess og þeirri vinnu sem unnin hefur verið í tengslum við hana, menningarstefnu borgarinnar, þjónustustefnu borgarinnar, yfirlýsingu IFLA um almenningubókasöfn, bókasafnalögum og almennri þróun almenningubókasafna í heiminum í dag. Ný stefna mun hafa að leiðarljósi notendamiðaða hönnun (design thinking) þar sem hlustað er á raddir notenda og þeirra óskir hafðar í forgrunni.

Borgarbókasafn opnar nýtt menningarhús í Úlfarsárdal á haustmánuðum. Safnið verður staðsett fyrir miðju byggingarinnar sem hýsir skóla, leikskóla, frístundamiðstöð, sundlaug, bókasafn/menningahús og íþróttamiðstöð.

Borgarbókasafn er aðili að samlagi bókasafna sem nýta sér sameiginlegt bókasafnskerfi. Kerfið sem var tekið í notkun upp úr síðustu aldamótum er komið til ára sinna og árið 2020 verður innleitt nýtt kerfi, Sierra frá Innovative, sem leysa mun gamla kerfið, Aleph frá Ex Libris, af hólmi. Kerfið heitir þó áfram Gegnir og starfrækir leitir.is. Heimasíða Borgarbókasafnsins tengist kerfinu þannig að notendur safnsins geta leitað að efni á síðu safnsins, greitt fyrir sektir og skírteini og skoðað safnkostinn.

Borgarbókasafnið mun innleiða nýjung í starfsemi sinni á árinu, svokallaða umframopnun sem gerir notendum kleift að koma í söfnin utan hefðbundins afgreiðslutíma og án þjónustu starfsfólks. Umframopnun hefur verið að ryðja sér til rúms á Norðurlöndunum og gefst þar mjög vel. Þetta þýðir að notendur, 15 ára og eldri, sem eiga gilt skírteini í Borgarbókasafni, geta skráð sig inn á söfnin og afgreitt sig sjálfir. Settur verður upp slíkur búnaður í einu til tveimur menningarhúsa Borgarbókasafnsins á næsta ári. Safnið mun opna snemma morguns og loka aftur síðla kvölds en þjónusta starfsfólks verður á hefðbundnum tíma yfir daginn. Í lok árs 2019 og út árið 2020 verður opið nýtt rými fyrir ungmenni í sýningarsal Gerðubergs. Þar verður hægt að læra, skapa, fikta, eiga í samtali og einfaldlega hanga. Rýmið verður lokað fullorðnum og yngri börnum og boðið verður upp á ýmsa dagskrá fyrir ungmenni - og skapaða af ungmennum.

Borgarbókasafnið fékk mjög myndarlegan styrk úr barnamenningarsjóði til þess að setja upp sýninguna NORD í Gerðubergi. NORD er þátttökuverkefni þar sem ungmennum á aldrinum 12-16 ára gefst tækifæri

til upplifa, skapa, fíkta, lesa og miðla hvort sem þau kjósa að gera það í einrúmi eða í samvinnu við aðra. Söguheimurinn býður upp á ýmsa miðlunarmöguleika í leik og kennslu og ætluin er að kennarar og frístundastarfsfólk geti nýtt aðstöðuna með fjölbreyttum hætti og tengt þvert á ólíkar námsgreinar. Sýningin verður miðuð að unglíngum og er notendamiðuð hönnun nýtt í þróun verkefnisins. Einnig er lögð áhersla á að nýta verkefnið og sýninguna til að þróa unglíngastarf í safninu.

Mikil breyting hefur orðið á miðlun upplýsinga og hvernig umræða um samfélagleg málefni fara fram. Til viðbótar við prentefni fáum við mikið magn upplýsinga í gegnum stafræna miðla. Samfélagsmiðlar velja fyrir okkur efni, byggt á áhuga, aldri, vínahópum og fleiru. Hverjum er hægt að treysta og fáum við rétta upplýsingar? Komið verður á fót umræðuvettvangi í bókasafninu þar sem m.a. þessar spurningar verða ræddar. Bókasöfn víða um heim hafa verið að gefa eftir dagskrárvaldið í hendur notenda og bjóða upp á vettvang til alls kyns sköpunar og samveru. Borgarbókasafnið er þar enginn eftirbátur og leitast við að gera safnið að sköpunarvettvang fyrir borgarbúa. Bókasöfn eru einnig kjörin staður til valdeflingar alls kyns hópa í samfélaginu og mun starfsfólk Borgarbókasafnsins leitast við að gera safnið griðastað fyrir einstaklinga og hópa.

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin verða afhent í Hörpu í desember og mun Borgarbókasafnið leitast við að kynna þau með útstillingum og viðburðum í menningarhúsum sínum. Einnig er safnið að skoða möguleika á því að bjóða upp á streymisveitu kvikmynda fyrir notendur sína.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Markmið Borgarsögusafns á árinu 2020 er að efla innra starf safnsins, m.a. með því að ljúka við stefnumótunavinnu, bæta enn frekar öryggismál er snúa að öllum safnkosti, auka skráningu og rannsóknir, þróa áfram ýmsa verkferla og hlúa að mannauði á safni sem hefur verið í miklum vexti. Borgarsögusafn kemur að vinnu OR með safnkost orkuveituminja og gerð nýrrar sýningar í gömlu rafstöðinni í Elliðaárdal. Um er að ræða metnaðarfullt verkefni sem veitir almenningi aðgengi að þessum merku menningarminjum og breytir umferð fólks um Elliðaárdal með bættri tengingu við Árbæjarsafn. Á sviði miðlunar verður stærsta verkefni safnsins á árinu áframhaldandi vinna við nýja sýningu í Aðalstræti 10, sem tengist núverandi Landnámssýningu. Ráðgert er að opna sýninguna, sem fjallar um þróun borgarinnar frá landnámi til 20. aldar, á síðari hluta ársins. Verður það mikill áfangi í starfi Borgarsögusafns og kærkomin viðbót í menningarflóru miðbæjar Reykjavíkur.

Á Ljósmyndasafninu hafa iðulega verið þrjár stórar sýningar ár hvert og í ár bætist þar að auki við sýning Blaðljósmyndarafélags Íslands, auk Ljósmyndahátíðar Íslands sem fer fram á safninu í byrjun árs. Samhliða þessum sýningum verða sýningar í Kubbi og í Skotinu. Lengi hefur verið horft til þess að Ljósmyndasafnið fái nýja sýningaraðstöðu og að jafnframt verði varðveislurými fyrir safnkost þróuð áfram. Umfang safnkosts hefur a.m.k. fjórfaldast frá því flutt var í húsið árið 2000, úr 1,5 milljónir ljósmynda í yfir 6 milljóna mynda í dag.

Á Árbæjarsafni verður unnið að sýningu í elsta safnhúsinu, Hansenhúsi, sem byggt var árið 1825. Þá verður opnuð sýning í nýbyggðri og glæsilegri skemmu, sem hýsir gufuvaltarann Bríeti og Eimreiðina Pionér. Áfram verður unnið að umbótaverkefnum á görðum og safnsvæðinu með það að markmiði að bæta allt umhverfið. Á Sjóminjasafninu verður 60 ára afmælis varðskipsins Óðins fagnað á ýmsa vegu, í samvinnu við Hollvínasamtök Óðins og áfram verður unnið að viðgerðum á dráttarbátum Magna, sem tilheyrir flota Borgarsögusafns. Í Viðey verður unnið að gerð nýrrar sýningar og endurbættri aðstöðu í skólahúsinu, í austurhluta eyjarinnar, í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur, með styrk frá Barnamenningarsjóði.

Fræðsluteymi Borgarsögusafns býður upp á vandaða safnfræðslu á öllum safnstöðum fyrir nemendur á öllum skólastigum, fyrir hópa í frístundastarfi og ýmiskonar sérhópa á öllum aldri. Viðburðahald verður

venju samkvæmt fjölbreytt og m.a. verður áhersla lögð á að tengja það yfirskrift starfsáætlunar sviðsins með því að hafa kvikmyndasögu og -menningu í forgrunni. Í tengslum við rekstur Borgarsögusafns verður aukin og bætt þjónusta áfram eitt meginstefið. Boðið verður upp á leiðsagnir fyrir ferðamenn á öllum sýningarstöðum safnsins allt árið. Rýnt verður í þjónustubætti á safninu og þeir samræmdir enn frekar, vinnuferlar og verklag, sem og skerpt á þjónustustefnu safnsins í kjölfar stefnumótunarvinnu. Farið verður í sérstaka markaðssókn til að auka aðsókn gesta og þá verður unnið að því að auka sýnileika safnsins á veraldarvefnum í samræmi við aukna snjalltækjanotkun. Húsakannanir og fornleifaskráning verða unnar af krafti á árinu, í tengslum við vinnu deiliskipulags og annarrar skipulagsvinnu í byggðum hverfum. Þá verður unnið með ýmsar menningarminjar í borgarlandinu og menningarkerkingar settar upp, einnig að viðhaldi og varðveislu grásleppuskúranna við Ægisíðu, svo dæmi sé tekið.

Listasafn Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur hefur það hlutverk að gera borgarbúum og gestum þeirra kleift að fylgjast með því helsta sem er að gerast í myndlist. Lögð er áhersla á að safnið sé skapandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að kynnast fjölbreytileika myndlistar í nútíð og fortíð og að öflug miðlun og góð þjónusta við gesti sé áhugavekjandi umgjörð sköpunarverka listamanna.

Sýningar ársins verða fjölbreyttar og endurspeгла það hlutverk safnsins að sinna jafnt rannsóknnum og kynningu á verkum úr viðamikilli listaverkæign borgarinnar, verkum starfandi listamanna af ólíkum kynslóðum og kynna mikilvæga alþjóðlega listamenn. Fjölbreyttir miðlar, samruni listgreina og félagslegt mikilvægi myndlistar verða áberandi stef í sýningardagskráinni jafnframt því sem ólíkir miðlar fá notið sín. Áfram verður haldið á þeirri braut að auka fjölbreytni í miðlun til ólíkra hópa gesta á öllum aldri jafnt innlendra sem erlendra. Leitast er við að tvínnu saman sýningar, fræðslu, fyrirlestra og aðra viðburði með það að markmiði að vera upplýsandi vettvangur skapandi umræðu sem örvar áhuga á myndlist og hlutverki hennar í samfélaginu auk þess sem veitt er innsýn í vinnu listamanna. Að vanda tekur safnið þátt í hátíðum og menningarviðburðum í borginni er árið 2020 verður sérstök áhersla á kvikmyndir í tengslum við afhendingu evrópsku kvikmyndaverðlaunna í desember.

Á starfsárinu 2020 verður sérstök áhersla lögð á að bæta aðgengi í víðum skilning og huga að aðgengi hópa sem þurfa sérstök úrræði til að möguleikar þeirra á þátttöku séu tryggðir. Hér er jafnt vísað til framsetningar upplýsinga og notkunar nýmiðla eða annarra stafrænna miðla til upplýsingagjafar sem og aðstæðna í byggingum safnsins en Ásmundarsafn verður lokað hluta úr árinu á meðan aðstaða og aðgengi þar verða stórbætt. Það er áskorun í rekstri safnsins og brýn þörf að bæta úr húsnaðisskortri og aðstöðu til varðveislu listaverka.

Á starfsárinu 2020 verður áfram lögð áhersla á að treysta innra starf safnsins þannig að mæta megi kröfum um varðveislu listaverka. Unnið verður að viðgerðum og viðhaldi útilistaverka í borgarlandinu samkvæmt áætlunum og verður stærsta verkefni ársins 2020 viðamikil viðgerð á Sólfarinu sem stendur við Sæbraut og er mikilvægur viðkomustaður ferðamanna í borginni. Unnið er samkvæmt áætlun sem gerð var í tengslum við aukafjárveitingu borgarráðs til viðgerða á útilistverkum og er árið 2020 jafnframt síðasta árið sem aukafjárveitingin nær til.

Á árinu 2019 var tekið í notkun smáforrit með ítarlegum upplýsingum um list í almannarými, göngu- og hjólaleiðum og leikjum, á starfsárinu 2020 verður enn leitað leiða til að miðla þessum upplýsingum og merkingar á verkum endurskoðaðar. Ein af áskorunum ársins 2020 er að stórbæta merkingar við Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn þannig að húsin verði auðfundin og aðgengilegri. Undafarin ár hefur aðsókn að Kjarvalsstöðum aukist jafnt og þétt og er mikilvægt að nýta meðbyr sem sýningar ársins 2019 hafa fengið og rækta sívaxandi hóp gesta og nýta til þess árskort, Menningarkort og fréttabréf safnsins en nú eru 9.900 áskrifendur að því.

Á árinu 2020 verður upplýsingargjöf og viðvera starfsfólks í sýningasölum þróuð með nýstárlegum hætti með það að markmiði að auka tækifæri gesta til að ræða það sem fyrir augu ber við vel þjálfað starfsfólk safnsins. Listasafn Reykjavíkur er vettvangur myndlistar sem ekki bregst því hlutverki að ögra og fræða á þremur ólíkum sýningarstöðum - Kjarvalsstöðum, Ásmundarsafni og Hafnarhúsi en í apríl 2020 eru liðin 20 ár frá því safnið hóf starfsemi sína í Hafnarhúsinu.

Höfuðborgarstofa

Stefnt er að innleiðingu nýrrar ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar í upphafi árs 2020. Nýja stefnan er langtíma áætlun borgarinnar í ferðamálum og leggur grunn að forgangsverkefnum hennar í málaflokknum næstu árin. Á grundvelli hennar verða kjarnaverkefni Höfuðborgarstofu endurmetin með það að leiðarljósi að skerpa sýn og nýta sem best starfskrafta og fjármuni.

Í ferðamálastefnunni er sett fram framtíðarsýn, markmið, mælikvarðar og aðgerðir. Framtíðarsýnin er sú að Reykjavík sé sjálfstæður áfangastaður og mikilvægur þáttur í ákvörðun margra erlendra gesta um Íslandsferð. Enn fremur að ferðaþjónustan sé jákvæður drifkraftur sem leiðir til þróunar og uppbyggingar á kraftmikilli borg. Þróunin sé í sátt við íbúa og atvinnulíf, umhverfi og menningu. Stafræn umskipti og sjálfbærar áherslur geri Reykjavík að snjallri, aðgengilegri og umhverfisvænni ferðamannaborg. Höfuðborgarstofu verður falið að halda utan um innleiðingu ferðamálastefnunnar en í því felst meðal annars mótun nýrrar markaðsstefnu, endurmat á samstarfssamningum og myndun samráðsvettvangs með ferðaþjónustu og íbúum, svo fátt eitt sé nefnt.

Gert er ráð fyrir því að nýr og endurbættur vefur Visitreykjavik.is verði kominn í loftið á árinu en með honum var verið að búa til nýjan vef frá grunni, lagfæra veftré, útlit og endurraða efni og áherslum á forsíðu. Miðað er við að vefurinn verði áfram nýttur í markaðssetningu og kynningu á Reykjavík sem áfangastað og að samhliða verði notast við samfélagsmiðla. Samhliða nýjum vef hefur svokallað spjallmenni verið þróað á vefnum sem hefur gefist vel og hlotið styrk frá Ferðamálastofu.

Fyrirsjáanlegt er að eftt verði enn frekar samstarf við nágrannasveitarfélögin undir merkjum Reykjavík Loves sem og aðrar stofnanir borgarinnar, sem vilja markaðssetja sig betur gagnvart erlendum gestum. Þá mun Höfuðborgarstofa taka þátt í kaupstefnum á borð við Mid-Atlantic og áfram eiga í samstarfi við Íslandsstofu um ýmis markaðs- og kynningarmál, sem og við Iceland Naturally og Meet in Reykjavík. Áfram er gert ráð fyrir því að Höfuðborgarstofa haldi utan um Gestakort Reykjavíkur og vinni að rafvæðingu þess.

Eitt af stærstu þeim verkefnum sem hýst verður á Höfuðborgarstofu á árinu eru Evrópsku kvikmyndaverðlaunin sem veitt verða í Hörpu um miðjan desember. Verkefnið er viðamikil samstarfsverkefni ríkis og borgar, og af hálfu borgarinnar, stýrt af menningar- og ferðamálasviði. Ráðinn hefur verið sameiginlegur verkefnastjóri ríkis og borgar til að halda utan um alla þræði.

Út frá sjónarhóli Höfuðborgarstofu felst ávinningur hátíðarinnar um Evrópsku kvikmyndaverðlaunin einna helst í öflugri kynningu og markaðssetningu á Reykjavík sem tókustað og áfangastað fyrir ferðamenn. Þar með er sömuleiðis vonast til að hátíðin styði við starfsskilyrði ferðaþjónustu til lengri og skemmri tíma, svo sem veitingahúsa, hótela og menningar- og afþreyingaraðila. Auk þess gefast margvísleg tækifæri til að vekja athygli á íslenskri list, hönnun og vörum. Einnig er viðbúið að hátíðin verði góð kynning á Hörpu sem menningar- og ráðstefnuhúsi á heims mælikvarða og að það eitt og sér geti mótað farveginn fyrir enn fleiri álíka alþjóðlega viðburði sem eftt geta rekstur Hörpu til framtíðar og fyrirtæki í ferðaþjónustu. Síðast en ekki síst mun sú vinna sem fer í undirbúning hátíðarinnar hér á landi, í samstarfi ríkis, borgar og annarra aðila, búa til dýrmæta reynslu, samstarf og þekkingu sem getur nýst til að sækja enn fleiri sambærilega alþjóðlega viðburði til borgarinnar á næstu árum með tilheyrandi ávinningi fyrir ferðaþjónustu, atvinnulíf og samfélagið í heild.

Önnur menningarstarfsemi

Reykjavík bókmenntaborg UNESCO: Miðað er við að ný stefna Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO verði innleidd á árinu 2020 og gildi út árið 2021 en það ár fagnar Bókmenntaborgin tíu ára afmæli. Í nýrri stefnu verði meðal annars lögð áhersla á ný og skapandi verkefni, aukna fjölbreytni orðlistalífsins í Reykjavík, að ólíkar raddir fái vettvang og að orðlistin verði sýnileg í víðum skilningi. Bókmenntaborgin leggur einnig áherslu á að greiða götu orðlistamanna og íslenskra bókmennta í alþjóðlegu samhengi svo og að beina erlendum straumum til Íslands.

Árið 2020 verður sérstök áhersla lögð á verkefni sem tengjast kvikmyndalist þessi verkefni verða fléttuð inn í hefðbundið starf Bókmenntaborgarinnar, svo sem barnamenningarverkefnið Sögur með ritsmiðjum í handritagerð í samstarfi við Borgarbókasafnið, með málþingi og „masterklass“ smiðju fyrir fagfólk í viku bókarinnar, dagskrá um barnakvikmyndir á alþjóðlegu barnabókmenntahátíðinni Mýrinni ofl. Þá verður á árinu tekið upp samstarf við sviðslistahátíðina LÓKAL. Meðal annarra verkefna er helst að nefna árlega Bókamesu í Bókmenntaborg, viðburðahald og miðlun ljóðlistar í tengslum við alþjóðlegan dag ljóðsins, lestrarhvatningu Sleipnis í samstarfi við Borgarbókasafn og skólasöfn í grunnskólum, utanumhald um bókmenntaverðlaun Reykjavíkurborgar og rekstur Gröndalshúss. Bókmenntaborgin mun reka ritsmiðjur fyrir ungt fólk af erlendum uppruna á árinu þar sem leiðsögn verður í höndum reykvískra rithöfunda af erlendum uppruna og einnig mun samstarf við forlagið KIND og skáldahópin Svíkaskáld. Bókmenntaborgin mun koma að nýju verkefni, Iceland Readers Retreat, vorið 2020 og standa þar fyrir dagskrá með íslenskum rithöfundum. Á árinu lýkur þriggja ára alþjóðlegu samstarfsverkefni Reykjavíkur bókmenntaborgar og fjögurra annarra bókmenntaborga UNESCO, Heidelberg, Kraká, Lillehammer og Tartu. Þetta verkefni, Drop the Mic, sem Reykjavík er í forsvari fyrir, leiðir saman orð- og tónlistarfólk frá þessum borgum og verður afrakstur þess kynntur. Tónlistarborgin Reykjavík vinnur með Bókmenntaborginni í þessu verkefni og verður gott samstarf Bókmennta- og Tónlistarborgar þróað áfram á árinu. Þá verður samstarfi Bókmenntaborgarinnar og umhverfis- og skipulagsviðs um orðlist í borgarlandinu fram haldið. Reykjavík leiðir samstarfshóp Bókmenntaborga UNESCO sem snýr að samvinnu borganna út árið, en það hefur hún gert frá 2018.

Tónlistarborgin Reykjavík: Tónlistarborgin Reykjavík er þróunarverkefni til þriggja ára, fóstað af Menningar- og ferðamálasviði. Markmið verkefnisins er að efla Reykjavík enn frekar sem tónlistarborg með því að koma á fót öflugum stuðningskerfi og skapa hagstæð skilyrði fyrir gróskumikla tónlistarstarfsemi um alla borg.

Tónlistarborgin hefur margvísleg verkefni í bígerð fyrir árið 2020. Af fræðsluverkefnum ber helst að nefna umfangsmikið námskeið um tónlistariðnaðinn fyrir hljómsveitirnar sem komast í úrslit Músíktilrauna. Námskeiðið var fyrst haldið árið 2019 og gafst ákaflega vel. Einnig mun Tónlistarborgin leggja áherslu á fræðslu er tengist tónlist í kvikmyndum í tilefni þess að Evrópsku kvikmyndaverðlaunin fara fram í Reykjavík á árinu en eins verður áfram boðið upp á fræðsludagskrá með áherslu á málefni hugleikin tónlistarborgum og m.a. mun Tónlistarborgin bjóða upp á nokkur spennandi pallborð og fyrirlestra á Airwaves Pro, ráðstefnuhluta Iceland Airwaves. Þá hefur Tónlistarborgin lagt áherslu á að styðja við helstu tónlistarhátíðir borgarinnar t.a.m. með móttöku fyrir blaðamenn og tónlistariðnaðarfólk og tengslamyndunarviðburði og mun halda áfram að gera það. Tónlistarborgin mun einnig halda áfram að þróa verkefni á borð við tónlistarsmiðjur með Söguhring kvenna en markmiðið er að bjóða upp á a.m.k. eitt slíkt námskeið á árinu auk þess sem ráðist verður í stærra verkefni í samstarfi við Listaháskóla Íslands, Sinfóníuhljómveit Íslands, Sigrúnu Sævarsdóttur-Griffiths og VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Stofnað hefur verið til samtals við Listaháskóla Íslands um að kortleggja heimsóknir íbúa og ferðamanna á tónleikastaði borgarinnar til að sjá hvað megi gera betur í þeim efnum. Nátengt því umfjöllunarefni er sú áhersla Tónlistarborgarinnar að beita sér fyrir auknu aðgengi ferðamanna og íbúa að tónlistarviðburðum í borginni en verið er að vinna að uppfærslu á viðburðardagatali borgarinnar og hugmyndir eru jafnframt um tónlistar-app eða almennt viðburða-app Reykjavíkurborgar í náinni framtíð. Einnig er vert að minnast

á spennandi samstarfsverkefni ÚTÓN og Tónlistarborgarinnar, Record in Iceland, þar sem markmiðið er að vekja athygli á endurgreiðslumöguleikum vegna hljóðritunar á tónlist hér á landi og laða þannig m.a. að erlenda aðila til að hljóðrita sína tónlist hér. BIG BANG tónlistarhátíðin fyrir börn fer fram í Hörpu í apríl 2020 en Tónlistarborgin er einn af skipuleggjendum hennar, ásamt Barnamenningarhátíð, List fyrir alla, Hörpu og LHÍ. Á hátíðinni er börnum boðið upp á fjölbreytta efnisskrá sem samanstendur að tónleikum, innsetningum og smiðjum. Í augum Tónlistarborgarinnar leika börn og tónlistarlegt uppeldi þeirra mikilvægt hlutverk fyrir mótun tónlistarlífsins í borginni. Tónlistarborgin mun halda áfram að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi sem hefur nú fengið aukið vægi með þátttöku borgarinnar í alþjóðlegu tengslaneti tónlistarborga, Music Cities Network. Á þeim vettvangi gefst íslensku tónlistarfólki og fagfólki í tónlist tækifæri að taka þátt í ýmsum alþjóðlegum verkefnum og eins felst í samstarfinu gott tækifæri til að læra af öðrum borgum og miðla verkefnum Tónlistarborgarinnar.

Menningarkort Reykjavíkur: Menningarkort Reykjavíkur er árskort á söfn í eigu borgarinnar. Handhafar þess fá ótakmarkaðan aðgang að öllum sýningum og viðburðum á vegum safnanna, bókasafnsskírteini hjá Borgarbókasafni, afslátt í safnbúðum og njóta margvíslegra fríðinda hjá fjölmörgum samstarfsaðilum. Því er ætlað að veita borgarbúum greiðan og hagkvæman aðgang að menningarlífi borgarinnar og verði kortsins því haldið í algjöru lágmarki, eða 6.500 kr. á ári. Helsta nýjung innan Menningarkortsins var að bjóða, í samstarfi við Félag eldri borgara í Reykjavík, sérstakt kort fyrir 67 ára og eldri. Menningarkort eldri borgara er selt á 70% afslætti eða á verði sem samsvarar einskíptisaðgangi og árleg endurnýjun er handhafa að kostnaðarlausu. Með samstarfi við Félag eldri borgara gefst jafnframt tækifæri til að kynna með reglubundnum hætti sýningar og viðburði sem handhafar Menningarkortsins njóta án endurgjalds og sérstök áhersla verður lögð á að auka virkni og þátttöku eldri borgara í menningarlífi borgarinnar með fjölda viðburða á stofnunum sviðsins.

Áfram verður unnið að því að auka vitund um kortið meðal almennings með sýnileika á sölustöðum og á netinu, auka nýtingu með markvissri upplýsingagjöf til korthafa og að fjölga samstarfsaðilum. Menningarkortið fær aukinheldur mikinn sýnileika í markaðsátakinu Safnaðu sem hleypt var af stokkunum í september 2019.

Viðburðir: Viðburðateymi skrifstofu menningarmála skipuleggur og framkvæmir 6 árlegar hátíðir sem Reykjavíkurborg stendur fyrir og fjármagnar. Tilgangur hátíðanna er að gæða borgina lífi, gestum hátíðanna að kostnaðarlausu. Þá er viðburðateymið í tengslum og ráðgefandi samstarfi við viðburðahaldara í borginni sem og aðrar stofnanir og svið innan Reykjavíkurborgar sem koma að viðburðum í borgarlandinu á einn eða annan hátt.

Vetrarhátíð samanstendur af ljóslistaverkum í borginni, Safnanótt og Sundlauganótt. Haldið verður áfram að þróa ljósahluta hátíðarinnar með ýmsum samstarfsaðilum, en kvikmyndir – bæði íslenskar og evrópskar munu eiga fjölbreyttar birtingarmyndir á hátíðinni.

Barnamenningarhátíð leggur áherslu á öll listform en á hátíðinni 2020 verður aukin áhersla á kvikmyndir og kvikmyndagerð í tengslum við EFA verðlaunin. Hátíðin hefur auk þess hafið samstarf við alþjóðlega tónlistarhátíð fyrir unga áheyrendur sem nefnist BIG BANG, þar sem börnum er boðið er upp á fjölbreytta efnisskrá sem samanstendur af tónleikum, innsetningum og smiðjum.

17. júní Að vanda er dagskrá 17. júní tvískipt. Fyrri hlutinn er morgunathöfnin á Austurvelli sem er skipulögð í samvinnu við Alþingi og forsætisráðuneytið og gefur lítil tækifæri til breytinga. Eftir hádegi fer svo fram hátíðardagskrá í Hljómskálagarðinum þar sem leitast er við að endurvekja gömlu góðu 17. júní stemninguna og að skerpa á þeim þáttum sem gera hátíðarhöldin í kringum 17. júní frábrugðin öðrum hátíðum eða viðburðum.

Menningarnótt er stærsta þátttökuhátíð landsins, þar sem öllu ægir saman. Á hátíðinni 2018 ár var ráðist í þá nýbreytni að ráða listrænan „umbreyti“ sem fékk yfirráð yfir ákveðnu svæði og tilmæli um að breyta því í eitthvað „allt annað og menningarlegra“. Tilraunin, sem átti sér stað á efstu hæð bílastæðahússins

Traðarkoti tókst svo vel að áframhaldandi viðburðahald hefur þar átt sér stað án aðkomu viðburðadeildarinnar. Þannig var tilraunin endurtekin 2019 á Hagatorgi og áætlað er að vinna áfram með þessa hugmynd á næstu Menningarnótt og umbreyta fleiri stöðum í miðborginni, jafnvel í hverfum utan miðbæjarkjarnans.

Tendrun Friðarsúlunnar fer ávallt fram þann 9. október á afmælisdegi John Lennon, og kveikt er á henni á hverju kvöldi fram til 8. desember, sem er dánardagur hans. Tendrunin 9. október er lágstemmd athöfn en nokkuð ljóst er að listakonan mun sennilega ekki að vera viðstödd tendrunina aftur sökum heilsubreysts og því nauðsynlegt fyrir sviðið og þær stofnanir sem að viðburðinum koma að taka mið af því í skipulagningu næstu ára.

Tendrun jólaljósanna á Óslóartrénu markar upphaf aðventunnar í borginni og býður fólk velkomið á Austurvöll með hátíðlegum söng og skemmtilegum uppákomum. Af öðrum aðventuviðburðum má nefna jólavættirnar sem verða á vappi víðs vegar um borgina.

Börn og menningaruppeldi: Sérstök áhersla er lögð á börn og menningaruppeldi í menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Allar menningarstofnanir borgarinnar bjóða upp á gríðarlega öflugt fræðslustarf og sækja uppundir 50.000 börn og ungmenni stofnanirnar ár hvert í skipulögðum heimsóknum. Allar stofnanirnar eru með frjóar fræðsludeildir sem vinna ötullega að því að gera heimsóknir barna bæði fræðandi og fullar af innblæstri. Söfn borgarinnar bjóða upp á fræðsluefni sem miðað er við ólíka aldurshópa og er það markmið safnanna að tryggja að öllum nemendum grunnskóla borgarinnar standi til boða að heimsækja hvert safn að minnsta kosti einu sinni. Til að tryggja jafnt aðgengi er MOF með „rútsjóð“ sem notaður er til að greiða ferðir nemenda til og frá söfnum borgarinnar. Þess utan eru Borgarbókasafn, Borgarsögusafn og Listasafn Reykjavíkur með reglulega viðburði sem sniðnir eru að börnum, ungmennum og fjölskyldum. Í boði eru bæði listsmiðjur, stutt námskeið sem taka dagstund og lengri námskeið einkum yfir sumartímam. Barnamenningarhátíðin er enn sem áður stærsta einstaka verkefni sviðsins sem kemur að börnum, en allar menningarstofnanir sviðsins taka þátt, allir skólar í borginni auk fjölmargra annarra stofnanna í borginni.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Á Menningar- og ferðamálasviði er starfræktur starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Markmið hans er að samþætta mannréttinda- og fjármálastefnu borgarinnar með því að greina áhrif dreifingu gæða á kynin og jaðarsetta hópa samfélagsins. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa borgarbúa.

Árið 2020 er áhersla lögð á að byggja ofan á verkefni síðustu ára og skapa þannig enn betri grundvöll til þess að rýna og vinna með kyngreindar upplýsingar sem og að ýta nýjum verkefnum úr vör.

Árið 2019 var framkvæmd könnun með það að markmiði að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna undir 18 ára aldri í skipulögðum viðburðum menningarstofnana og mæla ánægju þeirra. Notuð var tvískipt gagnaöflun og fór fram á skipulögðum viðburðum fyrir börn og fjölskyldur annars vegar og skipulögðum heimsóknum skólabarna hins vegar og verið er að vinna úr niðurstöðum hennar. Könnunin er framhald af samsvarandi könnun sem framkvæmd var árið 2014 en niðurstöðurnar þá, sýndu að þessir viðburðir og kynningar á vegum MOF höfðu betur til stúlkna en drengja, hvort sem litið er til þátttöku eða ánægju. Við þessum niðurstöðum var brugðist með markvissum aðgerðum sem m.a. fólu í sér að stofnun starfshóps þvert á stofnanir til að vinna með þessar upplýsingar og móta aðgerðaráætlun sem miðaði að því að jafna hlut kynjanna. Meðal aðgerða var að gæta kynjajafnræðis við skipan starfshópa fræðslufulltrúa, samræming skráninga, stofnun rýnihóps kennara og nemenda úr grunnskólum og úthlutun fjármagns úr barnamenningarpotti með það að markmiði að leiðrétta kynjahallann. Spennandi verður að sjá hvort aðgerðirnar hafa skilað tilætluðum árangri.

Á árinu 2020 er gert ráð fyrir að skoða og greina aðgangstölur á stofnunum sviðsins með því að framkvæma tímabundnar skimanir á afgreiðslustöðum til að fá betri mynd af því hverjir sækja stofnanir sviðsins og tengja við hvað er í boði á hverjum tíma. Slíkar aðgerðir ættu að gefa mikilsverðar upplýsingar um aldursdreifingu og kynjahlutfall. Einnig er áætlað að greina á sama hátt notkun menningar- og árs korta sviðsins. Að sama skapi þarf að rýna betur þjónustukannanir sem eru reglulega framkvæmdar á söfnunum og uppfæra og betrumbæta með hliðsjón að markmiðum KFS. Vonast er til að hægt verði að koma öllum þessum könnunum inn í Qlik Sense app til að minnka vinnu þessu samfara.

Áfram verður unnið með uppfærðar verklagsreglur um styrki á vegum menningar, íþrótt- og tólmstundaráðs frá 2018 en umsóknir eru nú m.a. metnar á því hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun. Jafnframt leitast ráðið við að kynjahlutföll séu jöfn í þeim ólíku starfshópum sem það skipar.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Bókmenntaborg UNESCO					
Alþjóðleg samstarfsverkefni	13	10	10	6	6
Samstarf með orðlistafólki (nýtt fyrir árið 2019)				85	90
Borgarbókasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi - heildartala	635.765	611.481	579.324	573.000	575.000
- Aðalsafn	194.430	174.007	155.777	146.000	148.000
- Kringlusafn	87.768	100.345	102.092	108.000	108.000
- Sólheimasafn	60.190	58.202	58.503	58.000	58.000
- Gerðubergssafn	154.187	142.420	125.365	126.000	126.000
- Foldasafn	76.826	79.444	81.241	81.000	81.000
- Ársafn	44.879	41.860	40.900	44.000	44.000
- Bókabíll	12.521	10.253	8.519	8.000	8.000
- Æringi	2.138	2.358	1.927	2.000	2.000
- Norðlingaholtsskóli *	2.826	2.592	0		
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	13.941	15.014	14.167	13.000	15.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	143	153	132	130	130
Fjöldi heimsókna á vefi BBS	221.813	170.647	125.893	125.300	125.500
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	2	3	4	1
Samstarfsaðilar	66	61	61	60	60
Safnkostur	434.847	415.171	407.771	400.000	400.000
Safnkostur á íbúa	3,53	3,3	3,18	3,05	3,2
Velta safnkosts-útlán á eintak	1,7	1,66	1,74	1,75	1,75
Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó	9.122	9.122	9.122	9.122	
Útlán	737.419	688.549	710.074	702.500	705.000
- Aðalsafn	185.063	159.144	164.547	157.000	158.000
- Kringlusafn	129.673	142.059	146.359	148.000	149.000
- Sólheimasafn	87.713	83.179	86.809	85.500	86.000
- Gerðubergssafn	108.413	91.556	101.324	102.000	102.000
- Foldasafn	133.683	128.345	130.158	128.000	128.000
- Ársafn	78.605	72.427	72.047	73.500	73.000
- Bókabíll	11.177	9.437	8.830	8.500	9.000
- Norðlingaholtsskóli *	3.092	2.402	0		
Bókin heim (fjöldi notenda)	45	35	40	39	35
Útlán á íbúa	5,98	5,48	5,54	5,37	5,3
* Útibú í Norðlingaholtsskóla lagt niður 2018					




Borgarsögusafn Reykjavíkur					
Gesta fjöldi - heildartala	245.908	219.729	223.958	215.950	215.000
- Árbæjarsafn	47.543	49.748	49.840	50.000	50.000
- Landnámssýning	76.376	78.775	99.603	73.950	73.000
- Ljósmyndasafn	51.140	24.392	20.306	20.000	20.000
- Viðey	27.562	25.416	22.870	22.000	22.000
- Sjóminjasafn	43.287	41.398	31.339	50.000	50.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	18.548	17.295	18.514	19.000	19.700
Fjöldi viðburða	86	74	85	78	76
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	15	11	12	6	5
Fjöldi innlita á heimasíðu	137.913	167.356	157.449	138.000	138.000
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	50	50	51	54	54
Fjöldi útgáfuverka	5	10	7	9	7
Fjöldi afgreiddra mynda	1.755	1.763	2.328	1.900	1.900
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	3.192	3.372	3.493	3.625	3.700
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	28.720	30.036	30.264	30.600	31.000
Fjöldi skráðra ljósmynda	1.450.000	1.550.000	1.710.000	1.800.000	1.900.000
Fjöldi skráðra húsa í húsaskrá	7.300	7.435	7.613	7.615	7.630
Listasafn Reykjavíkur					
Gesta fjöldi	240.913	258.140	222.886	240.000	255.000
- Hafnarhús	147.175	155.643	112.651	142.000	150.000
- Kjarvalsstaðir	71.728	79.871	84.904	75.000	80.000
- Ásmundarsafn	22.010	22.626	25.331	23.000	25.000
Fjöldi seldra árskorta (endurnýjun)	238	365	194	230	352
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	13.620	11.370	10.470	10.000	10.000
Fjöldi viðburða	126	234	258	189	190
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	5	5	7	2	2
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	138.848	143.344	131.602	144.000	146.000
Útlán listaverka	506	496	480	502	522
Fjöldi útgáfuverka	12	18	24	16	16
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	17.046	17.107	17.154	17.182	17.222
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	183	182	182	184	184
Höfuðborgarstofa					
Gesta fjöldi á Upplýsingamiðstöð *	474.634	557.979	446.455		
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	18.147	20.898	16.254	19.500	16.500
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi	1.767.726	2.195.271	2.315.925	2.200.000	2.007.907
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	1.403.842	1.695.806	1.229.425	1.320.000	1.080.000
Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað	39	60	20	20	20

* Upplýsingamiðstöð ferðamanna lögð niður haustið 2018

SKORKORT 2020

Velgengisþættir	Mælikvarðar	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Þjónusta				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	228	2.220	222
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum.	42.461	41.950	44.700
Menningarlegt forystuhlutverk	Fjöldi fjölmennigartengdra verkefna og viðburða	82	63	75
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum	76	64	58
	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	95%	92%	92%
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.472.623	1.051.000	1.045.000
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	89%	91%	91%
	Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað	21	20	20
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	11	12	8
Fjármál				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	-1%	+/- 1%	+/- 1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	1.416	1.894	2.048
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	32	14	20
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-23%	-20%	-19%
Verklag				
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	35	26	24
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	24	16	17
Öflug miðlun	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	1.952.905	2.081.058	723.500
	Hver er útbreiðsla (reach) efnis á samfélagsmiðlum *			7.285.200
Hlúð að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	16	16	17
	Fjöldi menningarmerkinga í borgarlandinu	5	3	3
Mannauður				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	91%	92%	92%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna	80%	86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtta í starfi	93%	94%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað	89%	90%	95%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað	76%	82%	84%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	78%	85%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum	99%	100%	100%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns	91%	92%	92%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað	82%	86%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mán.	91%	92%	92%
	Á sl. 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til þess að sækja námskeið eða fræðslu	96%	96%	95%

*Nýr mælikvarði 2020

95-100% markmiðum náð 
 75 - <95% þarf að nást 
 Minna en 75% markmiða náð 
 Ekki mælt á tímabilinu




STARFSFÓLK

	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun 2019	Áætlun 2020
Fjöldi starfsmanna	5.510	5.664	5.721
Fjöldi stöðugilda	4.275	4.335	4.377
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Leikskólar	1.501	1.510	1.525
Grunnskólar	2.192	2.239	2.264
Frístundamiðstöðvar	468	456	461
Námsflokkar Reykjavíkur	5	5	5
Skólahljómsveitir	31	35	32
Miðja máls og læsis	10	11	11
Farteymi		12	12
Yfirstjórn SFS og miðlæg þjónusta	68	67	67

* Skólasafnamiðstöð og mixtúra margmiðlunarver eru undir yfirstjórn SFS og miðlæg þjónusta

SKIPTING REKSTRAR 2020



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Látum draumana rætast – Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 var samþykkt í borgarstjórn 20. nóvember 2018. Stefnan byggir á þeirri framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Leiðarljós stefnunnar eru tvö; *Barnið sem virkur þátttakandi og Fagmennska og samstarf í öndvegi.*

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og náí árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum:

- Félagfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni
- Sjálfsefning: Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Læsi: Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi
- Sköpun: Skapandi hugur og hönd
- Heilbrigði: Heilbrigður lífsstíll og vellíðan

Aðgerðir og þróunarverkefni

Samhliða samþykkt menntastefnunnar í borgarstjórn var mótuð áætlun um almennar aðgerðir á árunum 2019-2021 muni Reykjavíkurborg veita nauðsynlegan stuðning í formi almennra aðgerða til að fylgja menntastefnunni eftir og ná markmiðum hennar. Að því tímabili loknu verður lagt mat á hvernig til hefur tekist og gerðar nauðsynlegar endurbætur í ljósi reynslunnar.

- **Læsi:** Efla á málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna. Lögð verður áhersla á að auka færni starfsmanna til að styðja við málþroska, lestrarfærni og lesskilning barna með sérstakri áherslu á markviss inngrip m.a. vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- **Markviss stuðningur:** Einfalda á allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir með það að markmiði að veita börnum þjónustu í innan veggja skólans. Samþætta á í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, sérkennslu og stuðnings í skóla- og frístundastarfi. Lögð verður áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngrip sem skila börnum mælanlegum framförum auk þess sem dregið verður úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.
- **Aukið vægi náttúrugreina, útináms og sköpunar:** Auka á vægi náttúrugreina, stærðfræði, útináms og sköpunar innan samfellds skóla- og frístundadags. Lögð verður áhersla á að efla símenntun starfsmanna á þessum sviðum, fjölga námstækifærum barna og ungmenna og bæta aðstöðu.
- **List- og verknám:** Tryggja á börnum jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Lögð verður áhersla á að auka jafnræði milli borgarhluta við dreifingu fjármagns til list- og verknáms. Einnig verður unnið að því að efla starf listaskóla og auka samstarf við framhaldsskóla um kennslu list- og verknáms.

- **Aðbúnaður:** Bæta á aðstöðu til skóla- og frístundastarfs þannig að húsnæði og búnaður auðveldi starfsfólki að vinna að framgangi menntastefnunnar, aðalnámskrám leikskóla- og grunnskóla og frístundastefnu Reykjavíkurborgar. Lögð verður áhersla á að öll aðstaða til skóla- og frístundastarfs ýti undir vellíðan og heilbrigði barna og starfsmanna.
- **Tækni:** Innleiða á heildstæða nýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi í samræmi við stefnu skóla- og frístundasviðs í upplýsinga- og tæknimennt. Áhersla verður lögð á að bæta búnað og efla ráðgjöf og símenntun á sviði upplýsingatækni.
- **Fagmennska:** Fjölga á fagmenntuðu starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundaþjónustu og efla faglegt samstarf þeirra í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti, háskóla og Kennarasamband Íslands. Lögð verður áhersla á öflugt kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi í Reykjavík.
- **Starfsþróun:** Veita á starfsfólki skóla- og frístundasviðs ríkari tækifæri til starfsþróunar og tryggja því markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Lögð verður áhersla á að efla samstarf við menntavísindasvið HÍ og aðrar menntastofnanir sem koma að grunn- og símenntun starfsmanna skóla- og frístundasviðs. Þá verður unnið að því að hvetja og leiðbeina starfsstöðum við að sækja um fjármagn í innlenda og erlenda þróunarsjóði.
- **Þróunar- og nýsköpunarsjóður:** Hvetja starfsstaði skóla- og frístundasviðs til að vinna að sjálfsprottum þróunar- og nýsköpunarverkefnum og fjölbreyttum samstarfsverkefnum, með styrkveitingum. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framgangi menntastefnunnar og auka samvinnu starfsmanna og stofnana.
- **Stuðningur og ráðgjöf:** Nýsköpunarmiðja menntamála, sem sett var á stofn samhliða samþykkt menntastefnunnar, veiti starfsstöðvum stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar í viðtækri samvinnu við stofnanir innan sem utan borgarinnar. Áherslur verður lögð á starfsþróun og kennslufræðilega ráðgjöf.

Betri borg fyrir börn – samstarfsverkefni SFS og VEL

Skóla- og frístundaráð og velferðaráð samþykktu á sameiginlegum fundum ráðanna 12. september 2019 að hefja sameiginlegt þróunarverkefni í Breiðholti, Betri borg fyrir börn. Markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þá verður lögð áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs.

1. Stofnuð verður skóla- og frístundadeild sem starfi innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts en heyrir undir skóla- og frístundasvið. Starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Breiðholti mun heyra undir skóla- og frístundadeildina. Deildin mun m.a. veita ráðgjöf um almenna starfs- og kennsluhætti, skipulag skóla- og frístundastarfs, auk þeirrar sérfræðiþjónustu sem hefur verið veitt í hverfinu á undanförunum árum. Stjórnendur deildarinnar verða næstu yfirmenn leikskólalastjóra, grunnskólalastjóra og forstöðumanna félagsmiðstöðva og frístundaheimila í Breiðholti.

2. Stofnað verður mannauðs- og rekstrarteymi innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem sinnir mannauðsþjónustu, fjármálalegri ráðgjöf og umsýslu og utanumhaldi með rekstri húsnæðis starfseininga sviðanna í hverfinu. Teymið mun heyra undir hverfisstjóra Breiðholts.
3. Teymisvinna á milli skóla- og frístundaeildar og annarra sérfræðinga þjónustumiðstöðvar Breiðholts verður þétt og markviss með það að markmiði að styðja við skóla- og frístundastarf og fjölskyldur í Breiðholti. Deildarstjórar eiga í markvissu samstarfi og funda reglulega um sameiginleg málefni deildanna með hverfisstjóra. Unnið verði á grundvelli verkefna og verkefnastjórnunar þar sem starfað verði í þverfaglegum teymum.
4. Skrifstofa frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs í Breiðholti verður færð í skóla- og frístundaeildina og teymi rekstrar og mannauðs. Leigu í núverandi húsnæði skrifstofu frístundamiðstöðvarinnar verði sagt upp.

Verkefnið rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Miðlæg stöðugildi verða flutt frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs í Borgartúni. Starfsfólk úr frístundamiðstöð og starfsfólk í þjónustumiðstöð Breiðholts verður flutt undir skóla- og frístundaeildina. Velferðarsvið leggur til húsnæði og búnað að Álfabakka 10. Stefnt er að því að þróunarverkefninu verði hleypt af stokkunum seinni hluta árs 2019 og að það standi í allt að tvö ár.

GJALDSKRÁR – VERÐLAGSBREYTINGAR

- Gert er ráð fyrir að allar gjaldskrár SFS hækki um 2,5%, sem er í samræmi við yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífskjarasamninga dags. 3. apríl 2019.
- Hækkun innri leigu húsnæðis og búnaðar, án tölvuþjónustu, er vegna viðbótarhúsnæðis og vísitöluhækkana, samtals 1.025,3 m.kr.
- Gert er ráð fyrir að tölvuþjónusta (gjaldskrá UTR) hækki í samræmi við áætlaðan útgjaldaramma deildarinnar, verðlagshækkun frá 2019 til 2020 er 28,1 m.kr.
- Reiknaðar eru verðbætur 3,2% á almennan rekstrarkostnað og hækka fjárheimildir sviðsins í samræmi við það um 324,6 m.kr.
- Allir kjarasamningar starfsmanna Reykjavíkurborgar hafa verið lausir frá lok júní 2019. Gert er ráð fyrir að launahækkningar vegna nýrra kjarasamninga 2019 leiði til endurskoðunar á fjárheimildum.
- Frá áramótum 2019 tóku gildi breytingar á systkinaafslætti gjalda fyrir leikskóla- og frístundaþjónustu með þeim hætti að barnafjölskyldur greiði aðeins námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig. Umfang var meira en upphaflega var áætlað og eru fjárheimildir til SFS hækkaðar um 25,1 m.kr.

Hagræðingar 2020

Fjárheimildir SFS eru lækkaðar um 469,3 m.kr. á árinu 2020 vegna hagræðingar sem nemur 1% af launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði. Hagræðing er reiknuð á fjárheimildir sem fyrir eru í ramma sviða og jafnframt á fjárheimildir vegna launa og annars rekstrarkostnaðar sem bætast við í ramma. Ekki er reiknuð hagræðing á innri leigu. Hagræðing skiptist niður á eftirfarandi liði:

- Hagkvæmari innkaup starfsstöðva með auknum útboðum, 150 m.kr.
- Samrekstur á leikskólunum Hólaborg og Suðurborg, 8 m.kr.
- Breytingar á kostnaðarþátttöku í rekstri íþróttahúsa skóla, 7 m.kr.
- Endurskoðun á uppgjöri við skólakostnað vegna Klébergsskóla og Kjósar, auknar tekjur um 8 m.kr.

- Breytingar á kostnaðarþátttöku í rekstri tungumálavers, auknar tekjur um, 7 m.kr.
- Kelduskóli breytingar á rekstri haustið 2020, 68,3 m.kr.
- Félagsmiðstöðin Borgarskóla og Víkurskóla verða sameinaðar í félagsmiðstöðina Víkurskóla. Frístundaheimilum í Korpuskóla og Víkurskóla verður lokað, börnin fara í Frístundaheimilin í Borgarskóla og Engjaskóla, breytingar miðast við haustið 2020, 6 m.kr.
- Breytingar á skólaakstri og notkun strætó korta frá hausti 2020, 7 m.kr.
- Sérstækt félagsmiðstöðvastarf fari fram í almennum félagsmiðstöðvum frá hausti 2020, 20 m.kr.
- Gjaldskrár breytingar, 35 m.kr.
- Lækkun á verðbótum til starfsstaða, 153 m.kr.

Aðgerðir til hagræðingar eru samtals 469,3 m.kr.

Frístundastarf

Fimm frístundamiðstöðvar heyra undir sviðið og stýra þær starfsemi 34 frístundaheimila, 20 félagsmiðstöðva og þriggja sértekra félagsmiðstöðva. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að það verði almenn fækkun á fjölda barna í frístundastarfi sem hefur í för með sér lækkun fjárheimilda um 18,3 m.kr.
- Að Klettaskóli fái auknar fjárheimildir vegna fjölgunar í frístundastarfi, 8,5 m.kr.
- Opnun félagsmiðstöðvar í Dalskóla, 9,5 m.kr.
- Að kostnaður vegna samninga við sjálfstætt starfandi frístundaheimili verði 37,8 m.kr.

Leikskólar og dagforeldrar

Borgarreknir leikskólar hafa verið 62 en við skiptingu Sunnufolds í Funaborg og Sunnufold þá verða leikskólar samtals 63 frá hausti 2019, þar af þrjú sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru 20 og þar af tveir sem aðeins eru með 5 ára deildir. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að vegna breytinga á fjölda barna og aukningar á fjölda yngri barna í leikskólum borgarinnar verði hækkun fjárheimilda 16,6 m.kr.
- Miðað er við hækkun á núverandi gjaldskrá um 2,5%.
- Hækkun á húsnæðisframlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla verði til samræmis við vísitöluhækkun borgarrekinnna leikskóla.
- Hækkun til sjálfstætt starfandi leikskóla tekur mið af þeim breytingum sem verða á framlagi til borgarrekinnna leikskóla, 38,2 m.kr.
- Áætlað er að það verði um 550 börn að meðaltali hjá dagforeldrum á árinu 2020 sem er fækkun frá árinu 2019 en þá var áætlun um 600 börn.
- Sumaropnun leikskóla, hækkun fjárheimilda verður 7 m.kr.

Grunnskólar

Reykjavíkurborg starfrækir 36 grunnskóla, þar af 2 sérskóla og 5 grunnskóla sem eru sameinaðir leikskólum, frístundaheimilum eða tónlistarskóla. Að auki eru 6 sjálfstætt starfandi grunnskólar í borginni. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að nemendum í borgarreknunum grunnskólum fjölgi um 242 börn á árinu 2020. Fjárheimild sviðsins hækkar um 193,7 m.kr.
- Að fjárframlag til Klettaskóla hækki vegna fjölgunar nemenda, aukning fjárheimilda verður 10 m.kr.
- Að gjaldskrár vegna skólamáltíða hækki um 2,5% eins og aðrar gjaldskrár.
- Óbreyttum afsláttarkjörum skólamáltíða sem felast í því að fjölskyldur greiða aldrei meira en sem nemur fyrir tvö systkini í skólamat.
- Að sjálfstætt starfandi grunnskólar fái greitt samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Í áætlun er miðað við hækkun út frá hækkun vísitölu neysluverðs og launavísitölu. Endanlegar fjárhæðir miðast við útgefnar fjárhæðir frá Hagstofu Íslands. Sú breyting verður að Waldorfskólinn Lækjarbotnum, sem hefur verið einn af sjálfstætt starfandi skólum innan borgarinnar, fellur nú undir að vera utan borgarinnar og uppgjör gangvart skólanum verður með uppgjöri til annarra sveitarfélaga vegna skólakostnaðar.
- Hækkun á framlagi vegna kennslu í íslensku sem annað mál kr. 35 m.kr., sbr. samþykkt borgarstjórnar frá 16. okt. 2018.
- Auknum fjárheimildum vegna stoðdeildar, 19,5 m.kr., í Háaleitisskóla fyrir móttöku á börnum sem sækja um alþjóðlega vernd og í einhverjum tilvikum börn innflytjenda sem hafa takmarkaða skólagöngu.
- Aukin ráðgjöf við móttöku og könnun á stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku við upphaf skólagöngu hjá Miðju máls og læsis, aukning fjárheimilda verður 6,2 m.kr.
- Aukinn stuðningur við móttöku, skipulag náms og kennslu grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum, aukning fjárheimilda verður 12,7 m.kr.
- Að kostnaður við ókeypis námsgögn í grunnskólum verði 45 m.kr., og verður fjárhagsrammi hækkaður sem því nemur. Á síðustu tveimur árum hefur verið gerður sérstakur viðauki á haustmánuðum vegna námsefniskaupa en er nú sett í ramma.
- Hækkun á fjárheimildum vegna endurmats á hópaúthlutun til grunnskóla, 72 m.kr.
- Hækkun á fjárheimildum vegna fjölgunar á tölum í grunnskólum, 533,7 m.kr.
- Hækkun á fjárheimildum vegna útboðs á akstri, 71,9 m.kr.
- Að vegna stækkunar á skólum verði fjárheimildir hækkaðar um 29,7 m.kr.
- Að ráðinn verði verkefnastjóri í Fellaskóla, 15 m.kr.

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla, Tónlistarskóla Kjalarness. Borgin gerir samninga við 17 tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng. Alls fá 13 tónlistarskólar, af 17, greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurborg, vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og/eða miðnáms og framhaldsnáms í söng. Í fjárhagsramma tónlistarskóla hefur verið tímamagn sem ætlað hefur verið til þróunarverkefna á ásamt fjármagni til að mæta veikindum í tónlistarskólum, það fjármagn var tekið út í afgreiðslu á fjárhagsramma til SFS.

Annað

- Við undirbúning fjárhagsáætlunar gerði SFS tillögu um að auka fjármagn til stuðnings og sérkennslu í leikskólum og grunnskólum, ekki er búið að afgreiða hana. Á sambærilegan hátt var lagt til að aukið væri í fjárhagsramma vegna langtímaveikinda. Í áætlun 2020 er miðað við sömu fjárhæðir og 2019.
- Unnið er að tilfærslu á fjárheimildum vegna hegðunarráðgjafa og talmeinafræðinga frá SFS til VEL. Þetta hafa verið starfsmenn VEL en SFS hefur greitt kostnað vegna þessara starfsmanna. Í þessari áætlun er ekki búið að færa fjárheimildir milli SFS og VEL. Einnig er unnið að tilfærslu fjármagns vegna breytinga í starfsmannahaldi í tengslum við verkefnið Betri borg fyrir börn.
- Á árinu 2018 og 2019 hefur fagfólk í grunnskólum fengið eigin tölvu til afnota ásamt því að fjöldi tölva fyrir nemendur í grunnskólum miðast við eina tölvu í fjölmennasta árgangi á hverju aldurstigi. Eftir á að endurskoða fjárheimildir verkefnisins. UTR fékk heimildir til kaupa á búnaði, en það á eftir að hækka fjárheimildir SFS vegna leigu frá UTR.
- Á árinu 2020 verður áttak í búnaðarmálum grunnskóla, leikskóla og frístund, 100 m.kr.
- Samgöngusamningar eru orðnir hluti af fjárhagsáætlun 133,3 m.kr.

- KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Settur hefur verið á fót starfshópur til þróunar á aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar í framhaldi af samþykkt í borgarráði 24. janúar 2019. Sá hópur vinnur nú tilraunaverkefni með nokkrum grunnskólum til þess að þróa aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar í þessum mikilvægu stofnunum. Verkefnið skiptist í þrjú áfangi; 1. Kortlagning gagna, 2. Greining og mat á jafnréttisáhrifum og 3. Kynning á niðurstöðum og breytingartillögum. Áætlað verklok er í maí 2020.

Vegna allra nýrra liða þar sem sóst var eftir fjármagni við undirbúning fjárhagsáætlunar 2020 var unnin jafnréttisskimun. Með því að koma KFS skimun inn í verkferla í áætlun er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt og skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglinga.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Starfsstaðir					
Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunn- og grunnskólar)	81	80	81	81	83
Leikskólar Reykjavíkur (þar af 3 sameinaðir leik- og grunnskólar)	62	60	62	62	63
Sjálfstætt starfandi leikskólar (þar af 2 fimm ára deildir)	17	19	19	19	20
Fjöldi grunnskóla í Reykjavík	43	43	43	43	42
Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012)	36	36	36	36	36
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	7	7	7	7	6
Fjöldi skólahljómsveita	4	4	4	4	4
Tónlistarskólar	19	19	19	19	18
Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar	1	1	1	1	1
Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfærleik og grunnnáms í söng	18	18	18	18	17
Tónlistaskólar sem fá gr. frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurb. vegna framhaldsn. í hljóðfærleik og mið-/framhaldsnáms í söng	13	14	12	13	15
Frístundamiðstöðvar	6	5	5	5	5
Frístundaheimili	34	34	34	34	34
Frístundaheimili sameinuð grunnskólum**	5	5	5	5	5
Sértækar félagsmiðstöðvar (áður frístundaklúbbar)	3	3	3	3	3
Félagsmiðstöðvar	20	20	20	20	20
Barnið, nemandinn, unglingurinn					
Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík	7.105	6.852	6.964	6.426	6.400
Leikskólar Reykjavíkur	5.874	5.580	5.522	5.081	5.017
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.055	1.060	1.105	1.159	1.170
Sameinaðir leik- og grunnskólar	146	183	200	186	213
Viðbótarpláss	30	29	137	0	0
Fjöldi reykvískra barna í leikskólum utan Rvk.	45	32	49	32	45
Fjöldi barna með lögheimili utan R. sem dvelja í leikskóla í Reykjavík	46	37	52	52	34
Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík	74.233	71.566	74.107	67.484	70.017
Leikskólar Reykjavíkur	59.343	56.561	57.020	51.600	53.517
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	12.940	12.731	12.808	14.060	14.355
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.440	1.781	1.950	1.824	2.145
Viðbótarpláss	510	493	2.329	0	0
Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavík					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	271	230	400	362	441
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Reykjavík	58.576	57.034	57.964	52.603	52.439
Leikskólar Reykjavíkur	48.504	46.245	45.858	42.122	41.511
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	8.621	9.040	9.280	8.944	9.132
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.196	1.502	1.661	1.537	1.796
Viðbótarpláss	255	247	1.165	0	0
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum utan Reykjavíkur					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	227	184	308	247	301

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Barnið, nemandinn, unglingurinn frh.					
Dagforeldrar					
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	916	742	621	600	550
Grunnskólar / sérskólar					
Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn	13.795	14.027	14.073	14.213	14.377
Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn	176	176	176	176	184
Fjöldi nemenda í grunnskólum á haustönn	13.795	14.027	14.073	14.213	14.377
Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn	176	176	176	184	184
Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum	531	531	673	653	635
Tónlistarskólar / skólahljómsveitir					
Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum	441	441	521	521	521
Fjöldi nemendastunda í tónlistaskólum	78.479	78.479	92.715	92.715	92.715
Frístundamiðstöðvar					
Fjöldi barna á frístundaheimilum					
Fjöldi barna á frístudnaheimilum, vorönn	4.203	4.353	4.322	4.322	4.249
Fjöldi barna á frístudnaheimilum, haustönn	4.203	4.353	4.322	4.322	4.249
Fjöldi barna í frístundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun					
Á vorönn	3.710	3.843	3.781	3.781	3.712
Á haustönn	3.710	3.843	3.781	3.781	3.712
Fjöldi barna í sérþækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð					
Á vorönn	165	200	208	197	197
Á haustönn	165	200	201	197	197
Fjöldi barna í sérþækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð, reikn. sem 5 daga vistun					
Á vorönn	151,8	184	180	180	180
Á haustönn	151,8	184	163	180	180

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Mannauður					
Stöðugildi alls í leikskólum	1.462	1.469	1.501	1.510	1.525
Stjórnendur*	120	117	129	135	121
Leiskólakennarar	332	275	259	244	250
Leiskólalíðar	80	71	62	60	60
Starfsfólk með uppeldismenntun	191	228	235	223	230
Starfsfólk með aðra háskólum.	109	116	114	144	145
Aðrar starfstéttir	534	573	616	622	639
Starfsfólk mötuneytis	96	89	86	82	80
<i>Hlutfall fagmenntaðra</i>	33,50%	28,40%	27,10%	26,40%	26%
<i>Hlutfall uppeldismenntaðra</i>	44,20%	45,00%	42,80%	42,10%	42%
<i>Hlutfall stjórnenda af heildarstöðugildafjölda</i>	8,20%	8,00%	8,60%	8,90%	8,00%
Stöðugildi alls í grunnskólum	2.039	2.144	2.192	2.239	2.264
Skólastjórnendur	81	85	83	79	82
Deildarstjórar	43	51	52	59	59
Kennarar	1.210	1.206	1.194	1.187	1.192
Stuðningsfulltrúar	166	184	199	204	212
Annað fagfólk	156	233	283	327	330
Annað starfsfólk	381	384	381	383	389
<i>Hlutfall stjórnenda af heildarstöðugildafjölda</i>	4,00%	4,00%	3,80%	3,53%	4%
<i>Hlutfall kennara í kennslu með börnum sem eru með leyfisbréf</i>	*	96%	92%	91%	91%
Stöðugildi alls í frístundamiðst.	435	426	468	456	461
Stöðugildi í frístundamiðstöðvum	21	27	29	27	27
Stöðugildi í félagsmiðstöðvum	68	72	84	82	84
Stöðugildi í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum	347	327	356	347	350
<i>Hlutfall stjórnenda í heildarstg.fj.</i>		5,40%	4,90%	4,80%	4,80%
<i>Hlutfall uppeldismenntaðra</i>	*	35%	33,60%	31,40%	31,40%
Önnur starfsemi					
Námsflokkar Reykjavíkur	7	4	5	5	5
Skólahljómsveitir	28	31	34	35	32
Farteymi				12	12
Miðja máls og læsis ²	4	6	10	11	11
Skrifstofa SFS	68	66	68	67	67

Útkomuspá 2019 miðast við stöðugildi í september. Rauntölur 2018 miðast við útgefnar tölur fyrir október.

Frá janúar 2019 hafa stjórnendur samrekinna skóla, frístundaheimila og/eða leikskóla getað merkt starfsmenn eftir því í hvaða hluta starfseminnar starfsmenn störfuðu. Fram að þessu hefur mikil handavinna farið í að skipta samreknu starfstöðunum upp í störf innan leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs. Rauntölurnar í ljósgráu reitunum ber að taka með þeim fyrirvara. Í dökkgrá reitnum er búið að umreikna fyrri tölur á flokkun sem var ákveðin árið 2018.

² Tungumálaver er undir Miðju máls og læsis frá og með árinu 2018

SKORKORT 2020


Velgengnisþættir/ Mælikvarðar*	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Þjónusta - Barnið, nemandinn, ungmennið			
Hlutfall foreldra sem telja að barn þeirra sé öruggt í skóla- og frístundastarfi	93%	94%	95%
Hlutfall foreldra sem telja starfsstaði skóla- og frístundasviðs taka fljótt og vel á einelti og öðru ofbeldi	71%	70%	80%
Hlutfall starfsstaða sem leggja sérstaka áherslu á heilsuefingu í starfinu	95%	*	95%
Hlutfall foreldra sem telja barni sínu líða vel í skóla- og frístundastarfi	93%	93%	95%
Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem bekkjarandi mælist yfir landsmeðaltali skv. Skólaláttunum **	69%	55%	70%
Hlutfall foreldra sem telur viðfangsefni leikskólans áhugaverð	97%	95%	98%
Hlutfall nemenda sem getur lesið sér til gagns í lok 2. bekkjar	65%	61%	70%
Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem ánægja af lestri mælist við eða yfir landsmeðaltali skv. Skólaláttunum **	83%	79%	85%
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með viðfangsefni frístundaheimila	79%	84%	86%
Hlutfall grunnskóla þar sem nemendur setja sér sjálfir markmið um nám sitt í samráði við foreldra og/eða kennara	76%	*	70%
Hlutfall leikskóla þar sem börn koma að skipulagi starfsins	94%	*	88%
Hlutfall frístundaheimila/félagsmiðstöðva með barnaráð/unglingaráð	66%	*	90%
Fjármál - Auðlindir			
Hlutfall starfsstaða þar sem halli er innan við 2% m.v. fjárhagsramma	78%	64%	70%
Hlutfall starfsstaða sem skila frávíkagreiðingu vegna uppgjöra	95%	95%	95%
Verklag			
Hlutfall stjórnenda grunnskóla sem eru ánægðir með stuðning þjónustumiðstöðvar við starfsemina (leikskólar svöruðu ekki spurningunni 2018)	77%	*	85%
Hlutfall starfsstaða sem nýta sér ráðgjafþjónustu sérskóla og sérdeilda, sérhæfðra leikskóla eða þekkingarstöðva frístundamiðstöðva	69%	*	75%
Hlutfall starfsstaða SFS sem eru með markmið um aukið flæði milli skóla og frístundastarfs	83%	*	90%
Hlutfall starfsstaða með virk nýbreytni- og þróunarverkefni	74%	*	80%
Hlutfall starfsstaða sem nota viðmið um gæði við skipulagningu starfs	84%	*	90%
Mannauður			
Mínur vinnustaðir er vel stjórnað	4,15	4,24	4,30
Upplýsingastreymi á vinnustað mínum er gott	3,82	3,88	4,20
Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum	83%	85%	87%
Hlutfall starfsmanna sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á vinnustað sínum	3,0%	2,6%	0%
Starf mitt er metið af verðleikum af yfirmanni og samstarfsfólki***	4,32	4,36	4,50
Hæfni mín er vel nýtt í starfi	4,36	4,38	4,50
Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli	4,29	4,35	4,50

Athugasemdir við skorkort haustið 2019. Verið er að safna og velja mælikvarða sem eiga að endurspegla nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030. Þegar þeir mælikvarðar verða tilbúnir undir lok árs 2019 verður mælikvörðum í skorkorti að hluta eða öllu leiti skipt út. Áætlunin fyrir 2020 er því fyrst og fremst til bráðabirgða.

* Spurt er um þetta í spurningarvögnum sem sendir eru stjórnendum starfsstaða í október.

** Skólar eru ekki skyldugir til að taka þátt í skólaláttunum, sveiflur geta því orðið eftir því hvaða skólar taka þátt hverju sinni

*** Árið 2018 var þessari spurningu breytt í tvær spurningar, starfið metið af verðleikum af yfirmanni annars vegar og samstarfsfólki hins vegar. Meðaltal við báðum spurningum svo hún er birt hér.




UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Umhverfis- og skipulagssviðs miða að því að styrkja Reykjavík í átt að sjálfbærni og gera hana vistvæna, heilnæma, hreina, fallega og örugga. Einnig að stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um umhverfis- og skipulagsmál, ásamt því að efla þjónustu og samráð við borgarbúa og aðra viðskiptavini sviðsins.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

USK aðalsjóður	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur	3.968.702	3.589.768	3.784.500
Tekjur samtals	3.968.702	3.589.768	3.784.500
Laun og launatengd gjöld	2.409.172	2.600.449	2.652.871
Annar kostnaður	8.414.385	8.656.848	9.031.584
Rekstrargjöld samtals	10.823.557	11.257.297	11.684.455
Rekstrarniðurstaða	6.854.855	7.667.529	7.899.955

USK eignasjóður	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur	4.389.913	4.067.195	550.630
Tekjur samtals	4.389.913	4.067.195	550.630
Laun og launatengd gjöld	1.688.182	1.900.367	1.922.264
Annar kostnaður	4.759.301	4.868.893	1.876.452
Rekstrargjöld samtals	6.447.483	6.769.260	3.798.716
Rekstrarniðurstaða	2.057.570	2.702.065	3.248.086

STARFSFÓLK

	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020	
Fjöldi starfsmanna	430	430	443	
Fjöldi stöðugilda	400,5	401,5	412,5	
Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:				
Sviðstjóri	17	17,4	18,4	*
Skrifstofa sviðstjóra	8	8	10	**
Mannauðsdeild	5	5	5	
Fjármáladeild	4	4	5	***
Skipulagsfulltrúi	16,5	16,5	16,5	
Byggingafulltrúi	22	22	22	
Samgöngustjóri og borgarhönnun	42	43	44	****
Heilbrigðiseftirlit	23	23	25	
Umhverfiseftirlit	73	80	80	
Framkvæmdir og viðhald	49	48,8	51,8	*
Rekstur og umhirðar borgarlandsins	141	133,8	134,8	

* Stöðugildi frá SEA


**Stöðugildi frá SEA og tilfærsla á stöðugildi frá skrifstofu bílastæðasjóðs

***Tilfærsla á stöðugildi frá skrifstofu bílastæðasjóðs

****Tímabundið stöðugildi vegna Borgarlínu


SKIPTING REKSTRAR 2020

Skipting rekstrarkostnaðar í aðalsjóð 2020




- Rekstur og umhirða borgarlands - 4.967 mkr
- Umhverfisgæði - 2.497 mkr
- Framkvæmdir og viðhald mannvirkja - 1.176 mkr
- Skrifstofa sviðsstjóra og miðlægar einingar - 1.115 mkr
- Samgöngustjóri og borgarhönnun - 991 mkr
- Skipulagsfulltrúi - 328 mkr
- Heilbrigðiseftirlit - 312 mkr
- Byggingarfulltrúi - 290 mkr

Skipting rekstrarkostnaðar í aðalsjóð 2020




- Rekstur og umhirða borgarlands - 4.967 mkr
- Umhverfisgæði - 2.497 mkr
- Framkvæmdir og viðhald mannvirkja - 1.176 mkr
- Skrifstofa sviðsstjóra og miðlægar einingar - 1.115 mkr
- Samgöngustjóri og borgarhönnun - 991 mkr
- Skipulagsfulltrúi - 328 mkr
- Heilbrigðiseftirlit - 312 mkr
- Byggingarfulltrúi - 290 mkr

Skipting tekna í aðalsjóð 2020



- Umhverfisgæði - 1.835 mkr
- Samgöngustjóri og borgarhönnun - 1.162 mkr
- Skrifstofa sviðsstjóra - 265 mkr
- Byggingarfulltrúi - 190 mkr
- Heilbrigðiseftirlit - 181 mkr
- Skipulagsfulltrúi - 67 mkr
- Rekstur og umhirða borgarlands - 60 mkr
- Framkvæmdir og viðhald mannvirkja - 25 mkr

Skipting rekstrarkostnaðar í eignasjóð



HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölbreyttu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykka teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og garðyrku og grasslætti, snjómokstri og hreinsun.

Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem eiga að auðga mannlífið í borginni. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Bílastæðasjóður er einnig hluti af umhverfis- og skipulagssviði sem og Grasagarður Reykjavíkur. Árið 2014 markaði ákveðin tímamót því nýtt aðalskipulag til ársins 2030 tók gildi og er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem ber að halda á lofti í stefnumótun jafnt sem framkvæmd og endurspeglast í öllu starfinu á sviðinu. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg. Sviðið er umhverfisvottað og leggur áherslu á að veita borgarbúum og öðrum viðskiptavinum góða þjónustu.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Undanfarin ár hefur mesta uppbyggingarskeið í sögu borgarinnar átt sér stað, hvort sem litið er til íbúðar- eða atvinnuhúsnæðis. Það hefur því verið annasamt á umhverfis- og skipulagssviði ef litið er til verkefnanna sem við berum ábyrgð á. Til að mynda hefur fjöldi útgefna byggingarleyfa undanfarin ár, aldrei verið fleiri, sem gefur til kynna hversu umfangsmikil uppbyggingin í Reykjavík er. Allri þessari uppbyggingu fylgir skipulagsgerð auk tilheyrandi framkvæmda og að lokum aukins reksturs. Á sama tíma höfum við sinnt meira viðhaldi á götum og mannvirkjum en um árabíl og jafnframt sinnt uppbyggingu innviða í nýjum hverfum og á þéttingarreitum í ört vaxandi höfuðborg. Fjárfestingaráætlanir undanfarinna ára hafa lagt megináherslu á götur, hjólastíga, borgarrými sem og uppbyggingu í Úlfarsárdal og auk endurbyggingar á eldra skólahúsnæði og svo verður áfram á næsta ári.

Samkomulag um framkvæmdir við stofnvegi, við Borgarlínu og átak í lagningu hjólastíga var undirritað nýlega upp á 120 milljarða króna næstu fimmtán árin. Þær framkvæmdir munu kalla á aðkomu borgarinnar með einum eða öðrum hætti. Með Borgarlínu stendur til að raungera samgönguás borgarinnar frá Hlemmi upp að Ártúnshöfða. Meðfram þessum samgönguás er gert ráð fyrir uppbyggingu þúsunda íbúða samkvæmt aðalskipulagi þar sem þétt og vönduð borgarbyggð kallast á við góða þjónustu hágæða almenningssamgöngukerfis. Lagning hjólastíga á höfuðborgarsvæðinu mun að minnsta kosti tvöfaldast með samkomulaginu en hlutdeild hjólréiðafólks í ferðavenjukönnunum hefur vaxið gríðarlega. Allar rannsóknir sýna að með bættum innviðum fyrir hjólréiðar, þá fjölgar þeim sem hjóla. Allt er þetta liður í að gera borgina okkar minna gráa og meira græna.

Breyting á ferðavenjum og þétting byggðar eru stórir þættir í loftslagsmálum hjá Reykjavík sem ætlar sér kolefnishlutleysi árið 2040. Ennfremur þarf alltaf að huga að loftgæðum, lífsgæðum, lýðheilsu, sjálfbærari hverfum og betri nýtingu úrgangs og auðlinda auk umhverfisvottaðra framkvæmda og umhverfisvæns rekstrar. Framundan er endurskoðun á loftslagsstefnunni sem áfram mun gera ráð fyrir kolefnishlutleysi árið 2040. Þótt enn séu um 20 ár til stefnu þá þurfa allar ákvarðanir sem við tökum í dag að taka mið af þessu mikilvæga markmiði.

Áframhaldandi áhersla er á að endurhanna þjónustuviðmót sviðsins með það að markmiði að einfalda stjórnáætlun og þar með auka þjónustu til íbúa og fyrirtækja. Verið er að endurskoða ferla og einfalda þá til að auka skilvirkni. Samráð, samvinna og samtal við ýmsa hagsmunaaðila er viðvarandi verkefni ásamt því að bæta leiðir og finna nýjar nálganir á fræðslu, til miðlunar og upplýsingagjafar. Sviðið sinnir fjölþættri þjónustu og mikill vilji er til að hún sé eins góð og mögulegt er – og líka eins rafræn og mögulegt er.

Forsendur fjárhagsáætlunar 2019 gera ráð fyrir 1% hagræðingu sem felur í sér eðlilegt aðhald í opinberum rekstri. Sú hagræðingarkrafa kallar á að markmið umhverfis- og skipulagssviðs séu skýr og að verkefnum sé forgangsraðað í samræmi stefnu aðalskipulags Reykjavíkur um sjálfbæra og vistvæna Reykjavík. Öll okkar verkefni miðaðast því að að gera Reykjavík enn heilnæmari, hreinni, fallegri, öruggari og enn skemmtilegri borg fyrir borgarbúa, gestina okkar en ekki síst komandi kynslóðir.

HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2020 er gert ráð fyrir að rekstrarramma sviðsins hækki um 879 m.kr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2019. Stærsta breytingin er sú að viðbótarfjármagn upp á 500 m.kr. eru sett í viðhald fasteigna en á móti er endurbætur og meiriháttar viðhald lækkað á fjárfestingu um 200 m.kr.

Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna verðbóta á annan rekstrarkostnað 3,2% að upphæð 223 m.kr. en á móti er gerð hagræðingarkrafa á laun og annan rekstrarkostnað 1% að upphæð 123 m.kr. Gert er ráð fyrir að innri leiga hækki um 126 m.kr. sem er að stærstum hluta vegna nýrrar hverfabækistöðvar í Örfirisey. Þá er gert ráð fyrir að 4 stöðugildi færist frá skrifstofu Eigna- og atvinnuþróunar til sviðsins. Viðbótarfjármagn er sett kirkjugarð í Úlfarsárdal að upphæð 25 m.kr., styrki vegna hleðslustöðva við fjöleignahús 20 m.kr. og fimm önnur verkefni að upphæð 30 m.kr. Þar sem ekki liggja fyrir hækkunir vegna kjarasamninga er launaáætlun óbreytt milli ára fyrir utan aukningar vegna kjaranefndar og launaþróunartryggingar.

Við útfærslu á hagræðingarkröfu sviðsins var ákveðið að reikna út ramma fyrir hverja rekstrareiningu fyrir sig sem byggði á forsendum rammaúthlutunar. Rekstrareiningar fengu 3,2% verðbætur á annan rekstrarkostnað og frá því var dregin hagræðingarkrafa 1% á laun og annan rekstrarkostnað. Niðurstaðan var síðan útfærð inna hverra rekstrareiningar fyrir sig.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Aðalskipulag

Breytingar og endurskoðun á einstökum stefnuákvæðum AR2010-2030 verður áfram megin viðfangsefni á árinu 2020, líkt og verið hefur undanfarin fimm ár. Borgaryfirvöld þurfa ávallt að vera viðbúin því að gera nauðsynlegar breytingar á aðalskipulaginu í ljósi breyttra forsenda og til að fylgja fastar eftir settum markmiðum. Megin verkefni næsta árs, að minnsta kosti fyrra hluta þess, mun snúa að breytingu á aðalskipulaginu sem boðuð var með verklýsingu sumarið 2019. Breyting þess varðar heildarstefnu aðalskipulagsins um íbúðarbyggð og blandaða byggð, en tekur á fjölmörgum öðrum þáttum og er því mjög umfangsmikil.

Það er ljóst að ýmsar áskoranir sem borgin stóð frammi fyrir við samþykkt skipulagsins árið 2014, hafa vaxið. Nægir í því samhengi að nefna loftslagsmálin og uppbyggingu Borgarlínu. Það er einnig brýnt að ráðast í heildræna skoðun á stefnunni um íbúðarbyggð, vegna mótunar skiplags fyrir nýjan borgarhluta í Ártúnshöfða og Elliðaárvogi. Í þeirri vinnu verður rammaskipulagið frá 2017 lagt til grundvallar. Hinn nýi borgarhluti í Elliðaárvogi verður stærsta skipulagsverkefni sem borgin hefur ráðist í á síðustu 35 árum og því mikilvægt að skoða skipulag hans í stærra samhengi. Að meðtöldum nýjum íbúðum sem teknar eru að rísa í Vogabyggð, gætu risið á Ártúnshöfða og Elliðaárvogi hátt í 8 þúsund íbúðir sem nemur um 15% aukningu á núverandi húsæðisstofni borgarinnar. Enn fremur hafa ýmsar forsendur breyst, ný þekking hefur komið fram og samþykktar hafa verið nýjar stefnur í ýmsum málaflokkum. Einnig er þörf á að uppfæra gagnagrunna og ýmsar meginforsendur aðalskipulags, ekki síst í ljósi þess að þegar er búið að staðfesta um 24 stakar breytingar á stefnunni og 5-6 aðrar breytingar eru nú í vinnslu.

Umrædd breyting á aðalskipulaginu verður unnin samhliða því sem Borgarlínan er hönnuð og felld að skipulagi borgarinnar. Vegna skipulags Borgarlínu er mikilvægt að þetta byggðina ennfrekar í þágu hennar, almennt við biðstöðvar og sérstaklega við skilgreindar kjarnastöðvar. Á næstu árum þarf því einkum að forgangsraða uppbyggingu á svæði sem liggja að fyrsta áfanga línunnar. Það er sérlega brýnt að farþegagrunnur þessa fyrsta áfanga verði styrktur með sem skjótustum hætti. Þegar frumhönnun fyrsta áfanga Borgarlínu liggur fyrir verður gerð sérstök breyting á aðalskipulaginu vegna hennar.

Megin markmið gildandi aðalskipulags og framtíðarsýn þess stendur annars vel fyrir sínu um 5 árum eftir staðfestingu þess. Í öllum megin atriðum hefur gengið vel að fylgja eftir markmiðum aðalskipulagsins. Ein helsta leiðin til þess að vinna markvisst að innleiðingu aðalskipulags og festa það í sessi sem öflugt stjórnþæki sveitarfélags, er að stuðla að stöðugri umræðu um það og þá langtímasýn sem í því felst. Það verður best tryggt með því að vakta markvisst þróun borgarinnar og spyrja hvort við séum á réttri leið miðað við sett markmið. Það hefur verið gert með reglulegum skýrslum um framfylgd stefnunnar, þar sem birtar eru niðurstöður fyrir nokkra lykilmælikvarða um þróun borgarinnar (sjá aðalskipulag.is). Nú er í undirbúningi að tengja þá mælikvarðavinnu við Mælaborð borgarbúa.

Á næsta ári má einnig reikna með nokkrum smærri og staðbundnari breytingum á aðalskipulaginu, eftir því sem kallað verður eftir vegna breyttra forsenda. Stefna aðalskipulagsins um gisti- og veitingastaði og landfrekan iðnað verður áfram til skoðunar og mögulega þarf að ráðast í fleiri breytingar á þeim vettvangi. Það gæti einnig verið tímabært að hefja undirbúning að uppfærslu á stefnu aðalskipulagsins um heildarskipulag útivistarsvæða, m.a. í ljósi stefnunnar um Græna netið og líffræðilegan fjölbreytileika, svo og stefnu um landbúnaðarsvæði á Kjalarnesi.

Aðkeypt vinna og þjónusta á árinu 2020 verður einkum vegna ofangreindrar breytingar á stefnu aðalskipulags um íbúðarbyggð, Borgarlínu ofl. Auk umhverfismats stakra breytinga, og mögulegra sérfræðiathugana sem einstakar breytingar á aðalskipulaginu kalla á, auglýsingakostnaður vegna lögbundinna kynninga á breytingum, rannsóknir og greiningar vegna einstakra verkefna og eftir atvikum vegna miðlun aðalskipulagsins. Árlegt framlag vegna reksturs svæðisskipulagsskrifstofu höfuðborgarsvæðisins verður svipað og árið 2019 en meta þarf sérstaklega aukaframlög vegna sérstakra verkefna vegna innleiðingar svæðisskipulagsins, s.s. vegna Borgarlínuverkefnisins.

Stefnumótun, greining og miðlun

Gert er ráð fyrir að vinnu við endurskoðun á aðgerðaráætlun í loftslagsmálum verði lokið í upphafi árs 2020. Kynning, miðlun og fræðsla um aðgerðaráætlunina verður því nokkur hluti af starfi einingarinnar á árinu 2020. Áfram verður aðstoðað eftir þörfum við innleiðingu aðgerða sem stuðla að því að Reykjavíkurborg verði kolefnishlutlaus 2040.

Gert er ráð fyrir auknu samstarfi við önnur sveitarfélög á landinu með þátttöku í nýstofnuðum samstarfsvettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmiðin. Samstarfið við Festu sem hefur staðið yfir frá árinu 2015 verður haldið áfram.

Reykjavíkurborg hefur verið hluti af nýju samstarfsneti Grænna borga í Evrópu árin 2019 - 2020. Samstarfið er borginni að kostnaðarlausu en felur í sér þátttöku á vinnustofum sem tengjast stefnumörkun borgarinnar í umhverfismálum með víðtækum hætti. Á árinu 2020 verður skoðað hvort raunhæft sé að Reykjavíkurborg sækist eftir því að verða Græna borg Evrópu.

Haldið verður áfram að auka gæði miðlunar og upplýsingagjafar til borgarbúa. Gerðir verða ítarlegri verkferlar hvað framkvæmdir varðar og miðlunaráætlun sett fram í stórum dráttum. Upplýsingaritið Borgarsýn kemur m.a. út þrisvar sinnum á árinu þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi á sviði umhverfis- og skipulagssviðs hverju sinni. Miðlunarteymi USK metur í samráði við stjórnendur bestu úrfærslur á kynningum og samráði vegna verkefna.

Landupplýsingar

Stefnt verður á að klára gerð heildarskrár yfir lóðir í borginni með öllum tilteknum upplýsingum um þær. Hannað verður notendaviðmót fyrir lóðaskrána til að auðvelda starfsmönnum sjálfstæðari leit upplýsinga í skránni og skoðun gagna. Samhliða skráningu upplýsinga í lóðaskrá verður framkvæmd viðamikil yfirferð lóðamarka og lóða í LUKR og samræming gagna. Skoðaðir verða möguleikar á ítarlegri notkun upplýsinga úr Þjóðskránni, Fasteignaskránni, fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og úr gögnum Heilbrigðiseftirlits vegna greiningarvinnu fyrir aðalskipulag. Þróaðar verða lausnir sem munu gera notendum kleift að sækja sjálfvirk sérvalin gögn beint af netinu. Farið verður í endurskoðun og endurhönnun á vefsíðum Landupplýsinga. Skoðaðir verða möguleikar á að kortleggja í LUKR alla leyfisskylda starfsemi í borginni. Stefnt er að birtingu upplýsinga úr LUKR í Qlik Sense. Skráning snjóbræðslu í LUKR mun halda áfram og upplýsingar verða aðgengilegar í Borgarvefsjóni. Skoðaðir verða áfram möguleikar á nýtingu gagnagrunna LUKR í Smart City verkefninu. Þróaðar verða lausnir til að auka möguleika starfsmanna USK til að safna og uppfæra landupplýsingagögn út í mörkinni, t.d. með notkun ArcCollector. Þróun nýrra lausna, til að safna rauntímagögnum beint í spjaldtölvur og snjallsíma til skráningar í LUKR, mun halda áfram. Skráning landfræðilegra gagna sem verða til við hverfisskipulagsvinnu mun halda áfram. Ný hverfisskipulagssjá verður svo tekin í notkun, sem mun birta þessi gögn, ásamt öllum öðrum gögnum og skilmálum. Farið verður í yfirferð og endurskönnun mæliblaða og lóðauppdráttu á nokkrum svæðum í borginni, þar sem gæði skönnunar, sem var framkvæmd fyrir 10 árum, er ekki nægilega góð og sumt er jafnvel ólæsilegt.

Skrifstofa sviðstjóra

Skrifstofan hefur forystu og frumkvæðishlutverk við eflingu stjórnarsýslu á sviðinu öllu. Í því felst að tryggja innleiðslu nýrra laga og reglna auk þess að fylgjast með túlkun laga fyrir dómstólum og úrskurðaraðilum og tryggja að breytingar skili sér inn í verklag og stjórnarsýsluframkvæmd. Áhersla verður lögð á innleiðingu nýrra persónuverndarlaga og skýra upplýsingagjöf til hinna skráðu við vinnslu persónuupplýsinga. Unnið verður að aukinni skilvirkni í stjórnarsýslu og skýrari ferlum í málum sem varða þjónustu við borgarana svo sem gagnaöflun og afhendingu gagna á grundvelli upplýsingalaga. Áfram verður unnið að innleiðingu að gæðastjórnunarkerfi sviðsins fyrir nýjar starfseiningar. Embætti skipulagsfulltrúa verður vottað í byrjun árs 2020 og undirbúningur að vottun hjá skrifstofu framkvæmda- og viðhalds verður hafinn þá. Haldið verður áfram að innleiða öryggisstjórnunarkerfi í samræmi við ISO 45001 með vottun í huga síðar.

Mannauður

Mannauðsdeild USK veitir stjórnendum sviðsins ráðgjöf og aðstoð varðandi mannauðsmál svo sem ráðningar, kjaramál, réttindi og skyldur starfsmanna, samvinnu og liðsheild og sinnir eftirliti þar sem við á. Mannauðsdeild heldur utan um starfsþróun, þjálfun og miðlæga fræðslu starfsfólks og veitir stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf og stuðning. Áherslur mannauðsdeildar 2020 eru að styðja stjórnendur við aðgerðir til að jafna álag meðal starfsfólks, bæta endurgjöf til starfsfólks, greina hverju er ábótavant í upplýsingaflæði eininga og þróa leiðir til að deila upplýsingum á markvissari hátt. Aðgerðirnar eru í samræmi við áherslur í mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar. Að auki verður farið í endurskoðun á öllum verkferlum mannauðsmála sviðsins en síbreytilegt starfsumhverfi kallar á öflugra samvinnu þvert á sviðið.

Skipulagsfulltrúi

Vinna við gerð hverfisskipulags heldur áfram árið 2020. Samkvæmt verkefnisáætlun verður unnið hverfisskipulag fyrir, Breiðholt, Hlíðar og Háaleiti, Bústaði á árinu og hafin vinna við gerð hverfisskipulags fyrir Grafarvog og Kjalarnes að undangengnu samráðs- og kynningarferli með borgarbúum. Gert er ráð fyrir að hverfisskipulagsáætlanir fyrir Breiðholt, Háaleiti og Bústaðir og Hlíðar komi úr formlegu auglýsinga- og kynningarferli á árinu. Gerð hverfisskipulags fyrir alla borgarhluta er og verður áfram langstærsta verkefnið á vegum skipulagsfulltrúa. Önnur verkefni tengjast fjölmörgum skipulags- og hugmyndasamkeppnum sem ýmist eru í gangi eða í bígerð. Helstu verkefni tengjast með einum eða öðrum hætti uppbyggingar- og húsnæðisáætlun borgarinnar og skipulags- og uppbyggingaráætlanir meðfram borgarlínu. Stærstu verkefni eru í Elliðaárvogi, Ártúnshöfða, Gufunesi, Skerjafirði, Kringlunni, Hátúni, Vogabyggð og á fjölmörgum þéttingarreitum í öllum hverfum borgarinnar. Einnig verður áfram unnið í samstarfi við ríkið að þróun og skipulagningu á lóðum og löndum í Reykjavík sem eru ýmist í eigu eða í umráðum ríkisins í samræmi við viljayfirlýsingu ríkis og borgar þar um. Í útmörk borgarinnar eru helstu verkefni á árinu 2020 skipulagsgerð fyrir útivistarsvæðin á Hólmsheiði/Reynisvatnsheiði, Rauðhóla og athafnasvæðið austast á Hólmsheiði. Deiliskipulag Elliðaárdals fer í formlegt auglýsingaferli snemma á árinu. Stefnt er að öflugri útgáfu á vegum skipulagsfulltrúa og mun embættið leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í að efla umræðu um skipulagsmál í borginni ásamt því að gefa út formlega umhverfisvísa fyrir skipulagsgerð sem þróaðir voru í upphafi vinnu við gerð hverfisskipulags. Innleiðing verkefnastofu PIAB og gæðastjórnunarkerfis ISO 9001 er einnig á dagskrá.

Byggingarfulltrúi

Stöðugt er unnið að því bæta vinnuferli við afgreiðslu fyrirspurna og umsókna til embættis byggingarfulltrúa með það að leiðarljósi að stytta eftir föngum þann tíma sem afgreiðsla erinda tekur. Mikilvægur þáttur í því er að stuðla að vönduðum gögnum sem embættinu berast, með góðri ráð- og upplýsingagjöf til hönnuða og annarra viðskiptavina embættisins.

Á síðasta ári var lögum um mannvirki breytt þannig að byggingarstjórum er gert að gera allar áfangaúttektir og skrá í byggingargátt Mannvirkjastofnunar. Hlutverk embættis byggingarfulltrúa felst nú einungis í gerð stöðuúttekta til fullvissu um að rétt sé staðið að verki.

Stefnt er að því að á árinu verði tekið í gagnið nýtt rekstrar- og skjalakerfi fyrir Reykjavíkurborg og lögbundin tenging þá gerð við byggingargátt Mannvirkjastofnunar. Vegna þessa þarf að breyta vinnulagi embættisins nokkuð, en það krefst m.a. aðlögunar verklagsreglna gæðakerfis embættisins að því að hefja móttöku umsókna og yfirferð þeirra á rafrænu formi. Áfram mun verða unnið að því að tryggja rétta skráningu byggingarstigs, sem m.a. felst í því að skoða og taka á óleyfisframkvæmdum.

Stefnt er að því að hefja skönnun séruppdráttu sem borist hafa embættinu frá öndverðu og mun verða ráðinn verkefnastjóri til að stýra því verki.

Samgöngur og borgarhönnun

Á árinu 2020 verður áfram unnið að framgangi samgöngumála og borgarhönnunar í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar og sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan borgarinnar, að borgin geti vaxið og dafnað, íbúum og störfum fjölgi án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli.

Endurhönnun göturýmis og torga í miðborginni, göngugötur og torg í biðstöðu verða helstu verkefni á sviði borgarhönnunar. Sérstök áhersla verður lögð á útfærslu varanlegra göngugatna í miðborginni og forhönnun göturýmis og torga við Borgarlínu.

Í samræmi við hjólréiðaáætlun 2015-2020 verða lagðir hjólastígar og hjólastæðum í Reykjavík fjölgað og áhersla lögð á „mjúkar“ aðgerðir til að fjölga þeim sem nýta hjól sem samgöngutæki t.d. með tilraunaverkefni um útlán á rafhjólum, styrkjum til reksturs deilihjólaleigu og þjónustusamningum við rafhlaupahjólaleigur.

Undirbúningur nýs kerfis almenningssamgangna, Borgarlínu, heldur áfram í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ríkið. Innan Reykjavíkur verður áherslan á undirbúning þróunarása aðalskipulagsins þar sem Borgarlínan verður hryggjarstykkið. Tillaga að endurskoðun á leiðakerfi Strætó, með hliðsjón af Borgarlínu, verður lögð fram.

Í samvinnu við Vegagerðina verður áfram unnið að greiningu og undirbúningi úrbóta á umferðarflæði á stofnvegum innan borgarinnar og undirbúningi framkvæmda næstu ára. Nýtt umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið verður tekið í notkun. Áfram verður unnið að bættum umferðarljósastýringumum í samræmi við niðurstöður hermílikana og gerð verður úttekt á stöðu búnaðar, viðhalds og rekstrar umferðarstýringa. Innleiðing forgangs neyðarumferðar og strætisvagna á ljósastýrðum gatnamótum heldur áfram og rauntímastýringar verða innleiddar með nýjum búnaði og stýringum á Hringbraut og Höfðabakka.

Unnar verða tillögur að aðgerðaáætlunum í umferðaröryggismálum fyrir stofnvegi og götur í hverfum borgarinnar í kjölfar vinnu við nýja umferðaröryggisáætlun fyrir Reykjavík í heild. Styrkir til íbúa til úrbóta í hljóðvistarmálum íbúðarhúsnæðis verða áfram til meðferðar og undirbúningur uppbyggingar hljóðvarna skv. nýrri aðgerðaáætlun.

Á árinu verða umfangsmestu verkefni í samgönguskipulagi tengd stórum þróunarsvæðum eins og Elliðaárvogi/Ártúnshöfða, í Vatnsmýri og á svæðinu í nágrenni Hlemms. Við undirbúning Borgarlínu og hjólréiðainniða er ljóst að víða þarf að endurskoða samgönguskipulag. Unnið verður að innleiðingu breytinga á bíla- og hjólastæðamálum í borginni í samræmi við nýlega stefnumörkun.

Bílastæðasjóður

Stýrihópur um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum, sem skipaður var af skipulags- og samgönguráði, lauk störfum í júní sl. og kynnti lokaniðurstöður hópsins í ráðinu í júlí 2019. Stýrihópnum var falið að setja fram ný viðmið um fjölda bíla- og hjólastæða fyrir skipulagsgerð og við útgáfu byggingaleyfa. Setja fram verklag við fjölgun gjaldskyldusvæða í borginni og endurskoða gjaldskrár og gjaldskyldutíma bílastæða.

Unnið verður eftir nýju verklagi frá 1. janúar 2020. Helsta breytingin er að gjaldskrá við götukanta er einfölduð og mun endurspeglar nýtingu bílastæða á svæðinu og getur gjaldskrá því bæði hækkað og lækkað eftir reglubundnar talningar á nýtingu. Gjaldskrárflokkar verða 4 samtals, 100, 200, 400 og 600 kr. pr. klst. og er búið að samþykka að taka 3 gjaldskrárflokka upp frá næstu áramótum og bíða aðeins með dýrasta flokkinn sem er 600 kr. pr. klst.

Þá var gjaldskyldutími aukinn á þeim svæðum sem mesta nýtingin er skv. talningum á nýtingu bílastæða og verður gjaldskylda á svæði 1 frá og með 1. janúar 2020 frá 8 - 20 virka daga, frá 10 – 20 á laugardögum og frá 10 – 16 á sunnudögum. Við þessar breytingar á gjaldskyldutíma myndast einnig tækifæri til að endurskoða gjaldskyldutíma á fleiri svæðum og er t.a.m. litið til þess að draga úr gjaldskyldutíma á þeim svæðum sem einkennist af því að vera að mestu leiti íbúasvæði en er gjaldskyldt vegna ásóknar í bílastæðin sökum nálægðar við vinnustaði. Er þá ekki endilega þörf á að hafa gjaldskyldu til kl. 18 eins og nú er og látið duga að hafa gjaldskyldu til kl. 16 virka daga og ekki gjaldskyldu um helgar ef engin er þörf.

Þá er verið að ljúka við vinnu á útboðslýsingu á nýjum aðgangsstýringar- og gjaldbúnaði fyrir bílahús sjóðsins og áætlað að búið verði að taka ákvörðun um nýjan búnað á 4. ársfjórðungi þessa árs og innleiðingu lokið á 1. ársfjórðungi 2020 en til stóð að ljúka þessu fyrir árslok 2019 og næst það ekki. Þá verður stefnt að því að innleiða nýtt álagninga- og málaskrárkerfi fyrir innheimtu stöðvunarbrotagjalda en eldri búnaður er ekki að uppfylla þær þarfir sem leitað er eftir.

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Eins og áður leggur skrifstofa framkvæmda og viðhalds áherslu á að gott verklag sé viðhaft við áætlanagerð og framkvæmdir á vegum sviðsins. Leitast er við að upplýsingar og kynningar varðandi framkvæmdir séu skilmerkilega fram settar og að fagleg vinnubrögð séu ávallt viðhöfð við undirbúning, hönnun og framkvæmd verkefna. Aukin áhersla verður lögð á gerð kostnaðaráætlana og gerð skilamata vegna framkvæmdaverkefna. Ráðinn verður sérstakur starfsmaður til að sinna þessu hlutverki. Þá verða áfram þróaðar kröfur vegna ýmissa umhverfispátta til að setja fram við val á verktökum á verktökum vegna framkvæmda á vegum sviðsins.

Við stjórnkerfisbreytingar þær sem samþykktar voru 2019 mun færast á skrifstofu framkvæmda og viðhalds ýmis framkvæmda- og viðhaldsverkefni frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA). Með þessum verkefnum færast einnig tvö stöðugildi verkefnastjóra á skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Framkvæmdir við skóla, menningarmiðstöð, sundlaugar og íþróttamannvirki í Úlfarsárdal er í fullum gangi. Húsnæði Dalskóla er að fullu tekið í notkun á árinu 2019. Stefnt er að opnun nýrrar almenningssundlaugar árið 2021 og að framkvæmdum við íþróttamiðstöð ljúki á árinu 2022. Á árinu 2019 var unnið við 1. áfanga á endurgerð lóðar við Vesturbæjarskóla. Þá var að auki unnið við endurgerð og ýmsar lagfæringar á alls 19 lóðum við leik- og grunnskóla á árinu. Framkvæmdir hófust við fjölnota íþróttahús á íþróttasvæði ÍR í suður Mjódd sem haldið verður áfram á árinu 2020. Áætlað er að ljúka framkvæmdum við nýja hverfisbækistöðvar við Fiskislóð á árinu 2019. Áætlað er að farið verði í kerfisbundnar úttektir á viðhaldspörf húsnæði borgarinnar. Áfram verður haldið með framkvæmdir á nýjum byggingarsvæðum við Elliðavog – Vogabyggð og á Kirkjusandi. Ný svæði verða gerð byggingahæf í Gufunesi og á Esjumelum. Verkefni í nýbyggingahverfum í Úlfarsárdal og í Reynisvatnsás halda áfram í takt við þróun íbúðabygðar. Þá verður haldið áfram með framkvæmdir vegna verkefna Hjólreiðaáætlunar. Á árinu 2019 verða lögð ný malbiksslitlög á um 35 km af götum í Reykjavík sem eru um 8,5% af heildarlengd gatnakerfisins. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2018-2022 er gert ráð fyrir 6.120 m.kr. til endurnýjunar á malbiksslitlögum auk hefðbundinna malbiksviðgerða.

Skrifstofa reksturs og umhirðu

Ný hverfastöð fyrir vesturhluta borgarinnar verður tekin í notkun um áramótin 2019/2020. Áherslur í starfsemi vestursvæðis munu taka breytingum samfara nýrri hverfastöð. Stefnt er að meiri samlegð vinnuafli og stjórnunar milli gatnamála og garðyrkjuverkefna en áherslur verða unnar með starfsfólki þessa svæðis. Einnig verður hafin á ný vinna við skoðun á hverfastöð austur þar sem markmiðið er að sameina gatnamál og garðyrkju í eina starfsstöð. Meiri áhersla mun verða sett á verkefni í garðyrkju en undanfarin ár t.d. með því að setja fleiri sumarstarfsmenn í tengd verkefni. Ný almenningssalerni verða væntanlega tekin í notkun í miðborginni að undangengnu útboði sem bjóða upp á betri aðstöðu fyrir alla hópa. Lokið verður við innleiðingu rafræns umsóknakerfis vegna afnotaleyfa á borgarlandinu og haldið áfram skoðun á nýrri gjaldskrá. Lögð verður áhersla á að innleiða nýja verkferla við eftirlit með afnotaleyfum og lögð áhersla á sterk úrræði vegna brota á leyfisveitingum eða óleyfisframkvæmdum. Hafin er vinna við endurskoðun samþykktar um götu- og torgsölu sem lýkur á árinu. Innleiðing

straumlínusjórnunar (LEAN) verður haldið áfram en hafist var handi við innleiðingu þess með tilkomu nýrrar hverfastöðvar við Fiskislóð. Samfara ofangreindum áherslum verður rík áhersla á skoðun og greiningu á aukinni skilvirkni í starfsemi skrifstofunnar þar sem leiðarljósið er að finna bestu lausn á hverju verkefni.

Skrifstofa umhverfisgæða

Unnið verður samkvæmt stefnu og aðgerðaáætlunum málaflokka sem heyra undir skrifstofuna. Ráðist verður í tilraunaverkefni með hirðu á lífrænum eldhúsúrgangi á Kjalarnesi haustið 2019 og fram á árið 2020. Einnig verður farið í tilraun með söfnun á málmum og gleri frá heimilum og á grenndarstöðvum í Árbæ og á Kjalarnesi. Árangur tilrauna verður metinn og aðgerðaáætlun í úrgangsmálum endurskoðuð á árinu 2020. Við endurskoðun aðgerðaáætlunar verður m.a. horft til þess að þjónusta við hirðu frá heimilum styðji við bíllausan lífsstíl og íbúum gert auðveldar að losa sig við spilliefni og grófan úrgang í nágrenni heimila en gerðar voru tilraunir með Spillivagninn árið 2019. Eftirlit með umgengni við grenndarstöðvar verður aukið og unnið áfram að endurgerð stöðvanna m.a. með það að marki að bæta umgegni við þær. Gert verður átak í aukinni flokkun á pappír og pappa með kynningu og fræðslu og eftirliti með flokkun.

Græn skref í starfsemi borgarinnar fá aukið vægi með tímabundinni ráðningu í stöðu verkefnisstjóra grænna skrefa. Með skrefunum er m.a. stefnt að aukinni flokkun úrgangs á starfstöðvum borgarinnar og vistvænni rekstri. Unnið verður að innleiðingu matarstefnu borgarinnar og dregið úr matarsóun með verkefni grænna skrefa.

Undirritað hefur verið samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Orkuveitunnar um uppbyggingu innviða fyrir rafbíla. Unnið verður að framkvæmd samkomulagsins m.a. með uppsetningu hleðslustöðva við starfstöðvar, í hverfum og með styrkveitingum til fjöleignarhúsa. Unnar verða tillögur um og unnið að uppsetningu hleðslustöðva í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs í samræmi við loftslagsstefnu borgarinnar. Unnið verður að orkuskiptum á bílum í rekstri Reykjavíkurborgar. Fræðsla um orkuskipti í samgöngum verður aukin og skoðaðir möguleikar á samstarfi við félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki í þeim efnum.

Unnið verður að áætlunum og forgangsröðun fyrir verkefni á grænum svæðum borgarinnar þar með talið í Hljómskálagarði og Laugardal. Unnið verður að endurskoðun á leiksvæðastefnu. Einnig fylgt eftir aðgerðaráætlun stefnu um líffræðilega fjölbreytni og aðgerðaáætlun um græna netið. Unnið verður að áætlunum um trjá- og skógrækt og tengja við áform um aukna kolefnisbindingu. Fylgt eftir framkvæmdum við endurheimt votlendis í Úlfarsárdal og skoðuð frekari tækifæri í endurheimt votlendis. Áfram verður lögð áhersla á að vinna gegn útbreiðslu ágengra plöntutegunda. Gerð náttúrufarsúttekta m.a. vegna skipulags, vöktun fuglalífs, sinnt fræðslu og hafin úttekt á þangfjörum. Þátttaka í innleiðingu blágrænna lausna.

Í Grasagarðinum verða möguleikar tengdir nýjum gagnagrunni nýttir til miðlunar og fræðslu. Upplýsingar um hluta safnkostsins verður gerður aðgengilegur á heimasíðu Grasagarðsins og unnið verður að því að endurnýja safngripaskilti. Unnið verður að stefnu Grasagarðsins og stefnt að samþykkt á árinu.

Hjá Vinnuskólanum verður áfram unnið úr tillögum starfshóps um starfsemi Vinnuskólans þar sem m.a. var lagt til að skipa stýrihóp til að móta stefnu skólans m.a. um launamál, aldurs nemenda, verkefni, fræðslu o.fl. Haldið verður áfram með 8. bekk og að bjóða upp á aukinn fjölbreytileika starfa.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er áætluð árið 2020 með hefðbundnu sniði í framfylgd laga og reglugerða. Megin starfsemin fer fram skv. starfs- og eftirlitsáætlunum með reglubundnu eftirliti í starfsleyfisskyld fyrirtæki, eftirfylgni og útgáfu starfsleyfa til samræmis við ákvæði laga og reglugerða sem Heilbrigðiseftirlitið framfylgir. Starfsáætlun er unnin í samræmi við mannafla þar sem reiknuð eru út mannár og verkefni miðað við tíma í eftirliti og tíðni eftirlitis skv. áhættumati sett inn. Fyrirtæki eru áhættumetin og svo er forgangsraðað miðað við mikilvægi og það sem hægt er að komast yfir. Einnig eru helstu verkefni tekin inn í starfsáætlun, s.s. leyfisveitingar auk áætlaðra kvartana sem berast og símenntun starfsfólks. Umtalsverð verkefni hafa bæst við og er verkefnastaðan þannig að skoða þarf frekari forgangsröðun lögboðinna verkefna umfram það sem þegar er. Heilbrigðiseftirlitið vinnur í umboði umhverfis- og heilbrigðisráðs sem fer með málefni heilbrigðisnefndar og hefur ráðinu verið gerð grein fyrir stöðu mála.

Sérstök verkefni 2020 auk hefðbundinna hjá umhverfiseftirliti eru að það þarf að fara í könnun á olúgeymum í borginni, uppfærslu á starfsleyfisskilyrðum, sýnatöku úr fráveitu fyrirtækja með olúgildrum, vinna áfram við samræmt áhættumat í hollustuhátta- og mengandi fyrirtækjum, aukinn vinna við yfirferð á skipulagsgögnum vegna mats á umhverfisáhrifum, hreinsunaráttak t.d. á Esjumelum, vinnsla skoðunarhandbókar um mengunar- og hollustuháttamál, svo eitthvað sé nefnt. Hjá matvælaeftirlitinu mun verða aukning í sýnatöku á kjöti á markaði vegna reglugerðabreytinga sem taka gildi á árinu. Einnig er boðuð aukning í sýnatöku á grænmeti. Unnið verður að endurskoðun á skoðunarhandbók heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, endurskoðun á áhættumatskerfi fyrir matvælafyrirtæki, gerð samræmræmdra leiðbeininga vegna innkallana á matvælum auk gerð starfsleyfisskilyrða og leiðbeiningar fyrir matvælafyrirtæki. Einnig vöktunar ljúka á árinu verkefni með Umhverfisstofnun og Landhelgisgæslu um sýnatöku á forgangsefnum í sjó.

Heilbrigðiseftirlitið sinnir umfangsmikilli samfélagsþjónustu. Leiðbeiningaskylda gagnvart rekstaraðilum starfsleyfisskyldra fyrirtækja og til almennings sífellt fyrirferðameiri. Rýningu gagna er varða umsagnabeiðnir bæði varðandi lög og reglugerðir auk annarra umsagna sem snerta verksvið Heilbrigðiseftirlitsins er áætluð umfangsmikil á árinu. Rannsóknir á kvörtunum og eftirfylgni vegna þeirra er stór hluti af starfseminni og hefur aukist mikið milli ára. Kvartanir (mínus hundaeftirlit) eru áætlaðar 1400 árið 2020. Eftirlitsferðir eru áætlaðar u.þ.b. 4000.

Ljóst er að enn frekari forgangsröðun á lögboðnum verkefnum er nauðsynleg miðað við óbreytt ástand mönnunar og verkefnastöðu en þegar er. Nauðsynlegt er að sveitarfélagið, sem ber að reka heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisnefnd komi að vinnu með Heilbrigðiseftirlitinu hvernig hægt er að bregðast við stöðunni. Taka þarf meðvitaðar ákvarðanir hvort forsvaranlegt er að forgangsraða frekar, hverju mætti þá mögulega sleppa að framfylgja til viðbótar við það sem þegar þarf að sitja á hakanum og/eða hvaða verkefni væri hægt að flytja til annarra ef ekki fást aukin stöðugildi.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustubátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Í október 2018 lauk greiningu á samgöngumálum og í ágúst 2019 lauk greiningu á þjónustumiðstöð borgarlandsins. Fljótlega mun hefjast vinna við greiningu á rekstri hverfahluta austur og vestur ásamt greiningu á náttúru & görðum og umhverfi & útivist. Fyrirhugað er að ljúka henni í desember 2019. Í meðfylgjandi töflu er að finna þau verkefni sem áætlað er að greina fram til loka ársins 2020.

Þjónustubættir KFS til greiningar 2019-2020	Ábyrgðaraðili	Greiningartímabil (frá-til)
Þjónustumiðstöð borgarlandsins	Sviðsstjóri	Mái 2019
Rekstur hverfahluta austur og vestur	Sviðsstjóri	Október-desember 2019
Náttúra & garðar og Umhverfi & útivist	Sviðsstjóri	Október-desember 2020
Stefnumótun og greining (aðalskipulag og svæðaskipulag, umhverfis- og gæðamál)	Sviðsstjóri	Vor 2020
Bílastæðasjóður	Sviðsstjóri	Vor 2020
Viðhald gatna og opinna svæða	Sviðsstjóri	Haust 2020
Eftirfylgni með ábendingum í KFS-greiningum sviðsins	Ábyrgðaraðili	Tímabil eftirfylgni
Eftirfylgni með verkefnum frá 2016 og 2017 - seinni eftirfylgni	Starfshópur KFS á USK	Mars 2019
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing	Starfshópur KFS á USK	Mars 2019
Samgöngumál	Starfshópur KFS á USK	Nóvember 2019

Við greiningar er fylgt tvenns konar verklagi. Beitt er jafnréttismats-aðferð sem felur í sér grunngreiningu á þjónustubáttum sem ólíklegir eru til að hafa viðamiklar kynjaðar víddir. Fjármálastjóri USK og fulltrúi stýrihóps KFS á sviðinu hitta viðkomandi stjórnendur og gera greiningu sem er áþekk þeim jafnréttismats greiningum sem beitt hefur verið við ný verkefni sem sett eru fram við fjárhagsáætlunargerð. Komi í ljós við greiningu með jafnréttismatsaðferð að þörf sé á ítarlegri greiningu, eða ef ástæða er til að ætla við upphaf greiningar að þjónustubátturinn hafi kynjaðar hliðar sem skoða ætti sérstaklega, þá er beitt djúpgreiningaraðferð og stofnaðir starfshópar skipaðir starfsfólki sem vinnur á sviði þjónustubáttarins, auk fulltrúa stýrihóps KFS. Starfshópurinn vinnur svo greininguna. Afurðir þessarar vinnu eru skýrslur um niðurstöður greininga fyrir hvern þjónustubátt og tillögur að aðgerðum eins og við á, sem svo eru kynntar fyrir ráðum sviðsins. Þegar áætlun var sett saman fyrir nokkrum árum var ákveðið að undanskilja nokkra þjónustubætti þar sem talið var að þar væru engin kynjasjónarmið undir sem þyrfti að greina. Í samræmi við áherslur ráðgjafahóp um KFS verða þessir þjónustubættir aftur teknir til skoðunar og verði ákveðið að þeir séu í samræmi við fyrri ákvörðun ekki á áætlun vegna greininga, þá fylgir því rökstuðningur til stýrihóps KFS sem samþykkir eða hafnar þeirri tilhögun. Ávinningur af greiningum á þjónustubáttum er að ný sjónarhorn varpa ljósi á úrlausnarefni og tækifæri til að aðlaga vinnubrögð og þjónustu þannig að þau taki mið af þörfum fjölbreyttra hópa þjónustubega og fjármunum sé varið á réttlátan hátt. Greiningarvinnan ýtir undir meðvitund stjórnenda og starfsfólks, skapar þekkingu á jafnréttishliðum á verkefnum sviðsins og í lok greiningarferlis eru settar fram aðgerðir til að stuðla enn frekar að jafnrétti.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Rekstur og umhírða					
Bekkir	1.172	1.164	1.164	1.263	1.270
Stampar	1.414	1.421	1.429	1.520	1.530
Sláttur - flatarmál (m ²)	4.680.877	4.709.060	4.696.838	4.724.056	4.730.000
Sláttur – fjöldi sláttusvæða	9.698	9.793	9.893	10.133	10.200
Hitakerfi - flatarmál (m ²)	250.467	250.467	250.467	258.052	258.052
Ljósastaurar	22.086	22.079	22.178	22.333	22.400
Vetrarþ. gatna. ökulengd (km)	965	956	957	779	779
Vetrarþ. gönguleiða (km)	809	812	814	818	821
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m ²)	6.585.326	6.622.457	6.631.140	6.621.095	6.621.095
Útgefin afnotaleyfi	877	1.085	950	1.000	1.050
Samgönguskristofa					
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar) (km)	22	25	29	30	33
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)		1	11	11	9
Umferðaróhöpp með meiðslum	276	281	249	-	-
Fjöldi umferðarljósa	122	116	117	118	120
Fjöldi gangbrautarljósa	36	37	37	38	40
Nagladekkjanotkun (hlutfall)	39	46	46	40	38
Byggingarfulltrúi					
Samþykktir m3	719.694	1.133.118	1.567.947	920.000	750.000
Byggðir m3 (lokið við)	1.183.848	438.326	537.704	700.000	850.000
Samþykktir m2	187.755	247.405	396.360	230.000	190.000
Byggðir m2 (lokið við)	264.774	110.730	135.373	200.000	250.000
Fullgerðar íbúðir	399	482	461	600	800
Hafin smíði nýrra íbúða	922	923	1.417	800	700
Fjöldi úttekta	4.138	3.344	3.847	3.200	2.000
Yfirferð uppdráttar	28.246	31.338	42.456	33.000	28.000
Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir	272/179	297/191	293/184	300/200	300/200
Móttekin og afgreidd bréf vegna erinda	21.441	21.761	21.157	21.000	21.000
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	3.164	3.187	3.141	3.100	3.100
Náttúra og garðar					
Skráðir plöntueinstaklingar í Grasagarði	-	5.307	5.512	-	-
Skráðir safngripir í Grasagarði	-	-	-	4.800	4.800
Pátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins	-	3.940	3.770	3.800	3.800
Heildarfjöldi gesta í Grasagarði	-	183.871	122.534	190.000	180.000
Nemendur í Vinnuskóla	1.174	1.041	1.947	2.308	2.368

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur					
Útgefin starfsleyfi	610	613	534	610	600
Tóbakssöluleyfi	24	37	39	50	45
Fjöldi eftirlitsferða (- hundaeftirlit)	3.242	3.819	3.600	3.500	3.600
Fjöldi kvartana (- hundaeftirlit)	811	932	1.094	1.300	1.400
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	9	17	18	12	<35
Gæði ómeðhöndlaðs neysluvatns (hlutfall gallaðra sýna)	0%	0%	1,50%	0%	0%
Vatnsgæði strandsjávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni)	15,50%	11,70%	9%	2%	<10%
Sorphirða við heimili					
Fjöldi grárra tunna, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	33.413	32.167	33.000	31.800	31.800
Fjöldi spartunna, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	1.559	1.606	1.650	1.650	1.670
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [stk]	-	-	9	53	100
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [tunnuígildi]	-	-	180	1.000	1.950
Blandaður úrgangur [tonn]	17.593	17.929	17.696	17.450	17.450
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	144	145	140	135	135
Fjöldi blárra tunna [stk]	13.788	14.448	14.711	14.500	15.000
Pappír- og pappi í bláar tunnur [tonn]	3.461	3.165	3.107	3.020	3.110
Fjöldi grænna tunna [stk]	2.610	3.633	4.200	5.050	5.700
Plast í grænar tunnur [tonn]	143	261	335	413	455
Grenndarstöðvar					
Fjöldi grenndarstöðva	57	57	58	59	59
Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn]	900	1.026	1.069	1.250	1.300
Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn]	104	133	145	195	215
Gleri skilað á grenndarstöðvar (tonn)	28	72	110	200	225
Endurvinnslustöðvar					
Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu	6	6	6	6	5
Mótttekið magn úrgangs. [tonn]	45.149	50.653	53.402	54.700	58.000
Skipulagsfulltrúi					
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	2.101	2.198	2.200	2.100	2.100
Deiliskipulög auglýst í B-deild stj.tíðinda	103	140	140	135	135
Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums.	172/32	68/34	80/40	90/40	100/40
Bílastæðasjóður					
Fjöldi bílastæða við götukanta	3.159	3.315	3.271	3.600	3.900
Fjöldi bílastæða í bílahúsum	1.145	1.145	1.145	1.145	1.145
Fjöldi aukastöðugjalda	84.960	74.764	53.362	59.933	51.236
Fjöldi stöðubrota	16.291	14.012	13.516	14.921	15.666
Fjöldi endurupptökumála	5.237	4.554	4.387	5.387	5.352
Fjöldi samþykktra endurupptökumála	3.970	3.205	3.330	4.017	4.215
Fjöldi hafnaðra endurupptökumála	1.267	1.337	1.053	1.361	1.428




Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson

VELFERÐARSVIÐ

LEIÐARLIJÓS

Virðing – virkni - velferð

SKIPURIT



HLUTVERK

Velferðarsvið annast framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs. Sviðið ber ábyrgð á rekstri, áætlanagerð, samhæfingu og samþættingu verkefna á sviði velferðarþjónustu, eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og stefnu velferðarráðs í velferðarmálum. Einnig sér sviðið um mat á árangri og þróun velferðarþjónustu og nýrra úrræða og gerir þjónustusamninga við þriðja aðila um framkvæmd á þjónustu sviðsins.

Verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru meðal annars fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, málefni eldri borgara, sérfræðiþjónusta skóla, málefni fatlaðs fólks, húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimaþjónusta, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, akstursþjónusta fatlaðs fólks, stuðningsþjónusta, daggæsluráðgjöf, forvarnir og almenn upplýsingagjöf.

Dagleg framkvæmd velferðarþjónustunnar fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Undir þjónustumiðstöðvar heyra starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem heimaþjónusta og heimahjúkrun, þjónustuíbúðir, félagsmiðstöðvar, heimili fyrir fatlað fólk, skammtímadvalir og dagþjónusta.


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Þjónustutekjur	2.365.591	2.119.466	2.132.570
Tekjur v. verkefna frá ríki	2.834.445	2.733.552	2.866.943
Tekjur samtals	5.200.036	4.853.019	4.999.513
Laun og launatengd gjöld	16.402.008	17.240.930	17.504.761
Annar rekstrarkostnaður	13.137.517	14.663.416	16.042.850
Rekstrargjöld samtals	29.539.525	31.904.346	33.547.611
Rekstarniðurstaða	24.339.489	27.051.327	28.548.098

STARFSFÓLK

	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun	Áætlun 2020
Fjöldi starfsmanna	2.934	3.038	
Fjöldi stöðugilda	1.722	1.769	1.813
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Skrifstofur (þmt þjónustumiðst.)	309	303	300
Búsetuúrræði	578	638	668
Félagsmiðstöðvar	50	53	59
Dagþjónusta	62	63	67
Heimþjónusta og heimahjúkrun	338	348	347
Hjúkrunarheimili	135	132	130
Þjónustuíbúðir	57	56	58
Stuðningsfjölsk., stuðningsþjónusta og frekari liðveisla	131	130	130
Ýmis úrræði & þróunarverkefni	62	45	54

SKIPTING REKSTRAR 2020



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsrammi velferðarsviðs árið 2020 byggir á frumvarpi ársins 2019, viðaukum og áherslum velferðarráðs í formi nýrra verkefna. Gert er ráð fyrir að gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar um 2,5% og yfirlýsingu Sambands Íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífskjarasamninga. Gert er ráð fyrir að verðbætur komi á annan rekstrarkostnað um 3,2% í samræmi við hækkun á vísitölu neysluverðs. Kjarasamningar starfsmanna Reykjavíkurborgar eru lausir og liggja samningar ekki fyrir. Gert er ráð fyrir að launahækkanir vegna nýrra kjarasamninga leiði til endurskoðunar á fjárheimildum.

Viðbætur í ramma sviðsins fyrir árið 2020 vegna nýrra og áframhaldandi verkefna eru 860 m.kr. Gert er ráð fyrir hagræðingu sem nemur 1% af launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði. Hagræðingin er reiknuð á fjárheimildir sem fyrir eru í ramma sviðsins og jafnframt á fjárheimildir vegna launa og annars rekstrarkostnaðar sem bætast við í ramma. Ekki er reiknuð hagræðing á innri leigu.

Samstarfsnetið er ný starfseining innan velferðarsviðs og mun veita þjónustu við börn og barnafjölskyldur. Þjónustan verður skipulögð, veitt og þróuð frá einni starfseiningu sem vinnur þvert á borgina og í nánu samstarfi við þjónustumiðstöðvar og Barnavernd.

Unnið verður áfram að rafrænum lausnum og lögð áhersla á gott og aðgengilegt viðmót við þá einstaklinga sem sækja þjónustu til borgarinnar.

Unnið verður að mótun velferðarstefnu sem er heildstæð stefna í velferðarmálum. Markmiðið er að forgangsraða verkefnum velferðarsviðs og skipuleggja starfsemina í kjölfarið þannig að stefnumótun sviðsins og leiðarljós verði ávallt í forgrunni. Verkefnið felur meðal annars í sér að endurskoða skipulag þjónustumiðstöðva og skrifstofu sviðsins.

Samningur Reykjavíkurborgar vegna heimahjúkrunar við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) rennur út 31. desember 2019. Samningurinn er í endurskoðun og óskað var eftir fimm mánaða framlengingu við SÍ.

„Betri borg fyrir börn“ er nýtt þróunarverkefni sem fer af stað í Breiðholti á árinu 2020. Markmið verkefnisins er að færa þjónustu nær skólaumhverfi barna og auka samstarf skóla-, frístunda- og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur og stofnanir hverfisins.

Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur er bundinn liður og gerir áætlun 2020 ráð fyrir útgjöldum að fjárhæð 3,6 ma.kr. Áætlun fjárhagsaðstoðar gerir ráð fyrir um 2,5 ma.kr. og sérstakur húsnæðisstuðningur er um 1,1 ma.kr.

HELSTU FJÁRHAGSLEGU BREYTINGAR Á MILLI ÁRA

Uppbygging í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fullorðna heldur áfram á árinu 2020 í samræmi við uppbyggingaráætlun Reykjavíkurborgar sem samþykkt var af borgarstjórn á árinu 2017. Viðbætur í fjárhagsramma árið 2020 nema um 170 m.kr. og gert er ráð fyrir að opna tvö ný heimili á árinu, annars vegar fyrir fimm geðfatlaða einstaklinga og hins vegar fyrir sex einstaklinga með þroskahömlun.

Viðbótarfjármagni að fjárhæð 75 m.kr. verður veitt til Samstarfsnetsins á árinu 2020. Um 1.100 börn og fjölskyldur þeirra njóta árlega stuðningsþjónustu á vegum velferðarsviðs. Samstarfsnetinu verður ætlað að halda utan um öll stuðningsverkefni þeim tengdum og einfalda aðgengi foreldra að þjónustu og upplýsingum.

Í fjárhagsáætlun 2020 var framlag til NPA-samninga aukið um 89 [DGS3]m.kr. Samningum verður fjölgað í samræmi við fjármálaáætlun ríkisins og áfram verður unnið að því að efla NPA á velferðarsviði.

Unnið verður að nýjum lausnum til að auka tækifæri til vinnu og virkni fyrir fatlað fólk og þá sérstaklega horft til þess hóps sem getur ekki nýtt sér hefðbundin vinnu- og virkniúrræði borgarinnar. Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir 44 m.kr. vegna þessa.

Gert er ráð fyrir 56,8 m.kr. aukningu til endurhæfingar í heimahúsi. Þá verða þrjú endurhæfingarteymi starfandi hjá Reykjavíkurborg.

Á árinu 2020 verður fjárheimild til Barnaverndar Reykjavíkur (BR) aukin um 378 m.kr. Vistgreiðslur BR taka mið af barnalífeyri TR og hefur hann hækkað umfram verðlagsbætur á síðustu árum. Einnig var veitt fjárheimild vegna samnings um fjölskylduheimili.

Hagræðing á árinu 2020 nemur 280,3 m.kr. Undirbúningur er hafinn og er meðal annars verið að horfa til endurskipulagningar og samreksturs úrræða. Haggræðingunni verður einnig mætt með frestun ráðninga og fækkun stöðugilda. Ráðningum verður m.a. frestað á skrifstofu velferðarsviðs, hjá Barnavernd Reykjavíkur og þjónustumiðstöðvum og miðlæg ráðninganefnd verður sett á laggirnar til meta þörf á nýráðningum og afleysingum.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Umfangsmestu breytingarnar á velferðarsviði á árinu 2020 verður stofnun nýja Samstarfsnetsins, ásamt rafræna þjónustuteyminu og verkefninu Betri borg fyrir börn.

Samstarfsnetið mun sinna þjónustu við öll þau börn í Reykjavík sem þarfnast stuðnings, óháð búsetu. Bundnar eru vonir við að með miðlægri starfsemi sem bæði þjónustumiðstöðvar og Barnavernd geta leitað til, megi bæði stytta biðlista eftir þjónustu og auka ánægju þjónustupega og fjölskyldna þeirra.

Á árinu 2020 verður hrundið í framkvæmd tveggja ára þróunarverkefni í Breiðholti sem nefnist „Betri borg fyrir börn“. Verkefnið miðar að því að færa þjónustu í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustumiðstöð hverfisins. Tillaga um að hleypa þessu tveggja ára þróunarverkefni af stað var samþykkt á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs í september 2019.

Stofnuð verður skóla- og frístundadeild sem starfar innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts og mun starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila og félagsmiðstöðva í hverfinu heyra undir hana. Deildin mun m.a. veita ráðgjöf um almenna starfs- og kennsluhætti, skipulag skóla- og frístundastarfs, auk þeirrar sérfræðiþjónustu sem hefur verið veitt í hverfinu á undanförunum árum.

Rafrænt þjónustuteymi samanstendur af starfsmönnum frá þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs sem vinna að rafrænni afgreiðslu fjárhagsumsókna og umsókna um akstursþjónustu. Verkefnið var þróað í samvinnu við þjónustu- og nýsköpunarsvið og er markmiðið að um 90% umsækjenda um fjárhagsaðstoð afgreiði sig sjálf í gegnum rafrænt viðmót í síma eða tölvu í lok árs 2020. Í dag er fjöldinn kominn í kringum 30% og fer vaxandi. Með rafrænu þjónustuteymi er skilið á milli einfaldrar afgreiðslu umsókna annars vegar og ráðgjafar og stuðnings við einstaklinga hins vegar sem er áfram sinnt af félagsráðgjöfum á þjónustumiðstöðvum.

Börn og fjölskyldur

Samstarfsnetið

Eins og fram hefur komið er Samstarfsnetið ný starfseining innan velferðarsviðs. Hlutverk Samstarfsnetsins er að þróa og bjóða þjónustu sem uppfyllir þarfir og væntingar þjónustunotenda með áherslu á „heildstæða og samfellda“ þjónustu fyrir börn (0–18 ára) og fjölskyldur þeirra.

Samstarfsnetinu verður ætlað að halda utan um öll stuðningsverkefni á vegum sviðsins en um 1.100 börn og fjölskyldur þeirra njóta árlega stuðningsþjónustu á vegum velferðarsviðs. Meðal verkefna Samstarfsnetsins verður persónuleg ráðgjöf, liðveisla, tilsjón og stuðningsfjölskyldur.

Yfir 360 börn eru með liðveislu og persónulega ráðgjöf sem felst í stuðningi til að taka meiri þátt í samfélaginu og rjúfa félagslega einangrun. Á annað hundrað fötluð börn og yfir 160 börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður dvelja hjá stuðningsfjölskyldum einu sinni í mánuði eða oftar.

Undirbúningur að Samstarfsnetinu hófst á árinu 2019 og nær til um 190 starfsmanna í 48 stöðugildum. Lögð er áhersla á að auka hlutfall fastráðinna og fagmenntaðra starfsmanna í fullu starfi. Áætlað er að tilflutningi starfsmanna verði lokið eigi síðar en í byrjun árs 2020. Mikilvægt er að þær breytingar sem gerðar eru á þjónustunni séu í takt við þær samfélagsbreytingar sem hafa átt sér stað og að í forgangi sé að einfalda aðgengi foreldra að þjónustu og upplýsingum.

Barnavernd

Breytt skipulag í Barnavernd Reykjavíkur hefur það að markmiði að auka upplýsingagjöf og almenna ráðgjöf við stofnanir borgarinnar og aðrar samstarfsstofnanir til að fjölga þeim málum sem hægt er að leysa á vettvangi án formlegrar aðkomu Barnaverndar.

Betri borg fyrir börn

Verkefnið miðar að því að færa þjónustu í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustumiðstöð Breiðholts. Um tveggja ára tilraunaverkefni er að ræða.

Málefni fatlaðs fólks

Á árinu 2019 fjölgaði NPA samningum um fimm og eru samningarnir þá orðnir 24 hjá Reykjavíkurborg. Í byrjun árs 2020 er gert ráð fyrir að fjölga samningum í samræmi við fjármálaáætlun ríkisins og efla þekkingu á NPA á velferðarsviði. Á árinu 2020 verður áfram unnið að því að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og tryggja að hann endurspeglar í öllu starfi. Stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013–2023 verður fylgt eftir með fræðslu og lögð áhersla á hugmyndafræðina um sjálfstætt líf. Innleiðing færnikerfis (skills system) verður haldið áfram á árinu 2020 en um er að ræða aðferð tilfinningastjórnunar fyrir fólk með þroskaskerðingu.

Á næstu árum mun þörf fyrir ný tilboð í vinnu og virkni fyrir fatlað fólk aukast verulega, bæði til að koma til móts við þá einstaklinga sem eru þegar í vinnumiðaðri stoðþjónustu og þurfa á breyttum tilboðum að halda, sem og það unga fólk sem mun útskrifast úr framhaldsskólum á næstu árum og hefur þörf fyrir fjölbreytt tilboð. Opnuð verður Vinnu- og virknimiðstöð á haustmánuðum 2019 og verður hún komin í fullan rekstur í ársbyrjun 2020. Gert er ráð fyrir að 12 fatlaðir einstaklingar starfi þar á árinu 2020. Lögð verður áhersla á tengingu við atvinnulífið með það að markmiði að finna störf sem henta hverjum og einum, veita viðeigandi og viðvarandi stuðning í samræmi við óskir og getu hvers og eins. Jafnframt verður unnið að því að fjölga ráðningum fólks með skerta starfsgetu á grundvelli vinnusamninga öryrkja.

Samningur Reykjavíkurborgar við Strætó vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks rennur út 31. desember 2019 en hefur verið framlengdur um hálf ár. Verið er að vinna að útfærslu á áframhaldandi samstarfi þar sem Hafnarfjarðarbær hefur dregið sig út úr samstarfinu.

Notendasamráð og samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks verður sett í öndvegi á árinu 2020.

Rafvæðing þjónustu

Markmið rafvæðingar þjónustu er að búa til rafrænar lausnir til að bæta þjónustu og úrvinnslutíma umsókna á vegum velferðarsviðs. Tilgangurinn er að sjálfsafgreiðsla í gegnum rafrænar lausnir verði fyrsti kostur við þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar. Miðað er að því að gera umsóknarferli sem skilvirkust fyrir íbúa og að tíminn verði stytur frá því að umsókn berst þar til að svar liggur fyrir. Ferlin verði hönnuð þannig að þau stuðli að valdeflingu og geri íbúunum kleift að fylgjast með vinnslu umsókna. Nú þegar eru tveir rafrænir ferlar komnir í gagnið, fjárhagsaðstoð og akstursþjónusta. Rafrænt teymi hefur verið stofnað sem afgreiðir umsóknir þvert á borgina auk þess sem verið er að undirbúa að setja fleiri umsóknir í rafrænt ferli.

Húsnæðismál

Áfram verður unnið í samræmi við húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á árinu 2017. Stefnt er að því að fjölga almennum félagslegum íbúðum um 500 á kjörtímabilinu 2018–2022 og 100 íbúðum fyrir sértæka búsetu. Á árinu 2020 er stefnt að því að stækka eignasafn Félagsbústaða um 144 íbúðir. Farið verður í markvissa rýningu á þeim blöndunarskilyrðum sem hafa verið í gildi varðandi félagslegt húsnæði og horft til þeirra leiða sem Norðurlöndin hafa farið á síðustu árum í því tilliti. Samvinna verður eflað við þær skrifstofur og stofnanir innan og utan Reykjavíkurborgar sem koma að húsnæðismálum, til að hraða megi öllum ferlum sem snúa að skipulagi og uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Meðal annars er gert ráð fyrir sérstökum verkefnisstjóra húsnæðismála sem heyrir beint undir borgarstjóra og mun vinna þvert á svið borgarinnar.

Húsnæðiskostum fyrir þá sem eru í virkri vímuefnaneyslu verður áfram fjölgað, meðal annars með uppsetningu á smáhýsum. Nýtt verklag tekur gildi í byrjun árs 2020 hjá úthlutunarteymi húsnæðis en tilgangur þess er að einfalda alla ferla og gera samanburð á umsóknum einfaldari.

Stefnt er að opnun tveggja íbúðakjarna fyrir fatlað fólk á árinu 2020 og 6 íbúðum í Liðsaukanum sem er færanleg búsetuþjónusta fyrir einstaklinga með þroskahömlun sem ekki geta nýtt sér hefðbundið fyrirkomulag þjónustu.

Málefni eldri borgara

Á velferðarsviði hefur verið lögð áhersla á samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar, á velferðartækni og endurhæfingu í heimahúsi. Unnið verður áfram að þessum verkefnum. Í september 2019 eru þrjú endurhæfingarteymi starfandi og unnið er að gerð árangurmats vegna starfsemi endurhæfingarteymisins í Árbæ sem var sett á laggirnar árið 2017. Teymin eru fjármöggnuð annars vegar frá Reykjavíkurborg, eða 60% af kostnaði, og hins vegar frá heilbrigðisráðuneytinu, eða 40% af kostnaði.

Með tilkomu Velferðartæknismiðju sem tók til starfa haustið 2018 er stefnt að því að velferðartækni sé nýtt við alla þjónustuveitingu til að auka sjálfstæði og öryggi íbúa. Áhersla velferðartæknismiðju á árinu 2020 er að undirbúa notkun skjáheimsókna í heimaþjónustu og barnavernd ásamt því að raflásar verði settir upp á heimilum í stað lykla.

Hjúkrunarheimili með 99 rýmum að Sléttuvegi verður tekið í notkun í mars 2020. Opnuð verður félagsmiðstöð á sama stað þar sem áhersla verður lögð á heilsuefandi starfsemi. Fyrir árslok 2019 mun liggja fyrir hvaða lóðir verða skilgreindar fyrir hjúkrunarheimili í Reykjavík og í hvaða röð þær fara í uppbyggingu, í samvinnu við og með samþykki heilbrigðisráðuneytisins. Með þessu verður hægt að tryggja að ekki komi of langur dráttur á nauðsynlegri uppbyggingu hjúkrunarrýma. Áætlað er að á árinu 2020 verði gerður a.m.k. einn nýr samningur um rekstur hjúkrunarheimilis.

Aðgerðir með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við eldri borgara taka mið af því markmiði að Reykjavík sé aldursvæn borg og farið verður í aðgerðir með þeim tilgangi að draga úr einmanaleika og bæta þjónustu við heilabilaða. Einnig verður farið í heildarendurskoðun á starfsemi félagsmiðstöðva fyrir eldri borgara á árinu 2020 og unnin verður áætlun á grundvelli nýsamþykkrar matarstefnu Reykjavíkurborgar.

Mannauður

Velferðarsvið leggur áherslu á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem eflir starfsgleði og frumkvæði starfsfólks. Velferðarsvið vill stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks með skýrum boðleiðum og virku upplýsingastreymi.

Sú breyting hefur orðið á að nú eru mannauðsráðgjafar komnir með viðveru á öllum þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs sem hefur reynst mjög vel og stuðlar að betra aðgengi stjórnenda og starfsfólks að mannauðsráðgjafa. Átak verður gert í tengslum við veikindafjarvistir á árinu 2020 með það að markmiði að lækka hlutfall veikinda á sviðinu.

Lögð er áhersla á aukna ábyrgð einstaklinga í starfi og um leið sveigjanleika og góðar aðstæður til að samræma starf og einkalíf. Einnig er brýnt að öllu starfsfólki bjóðist fjölbreyttir möguleikar til fræðslu og starfsþróunar bæði innan sviðs og utan.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Reykjavíkurborg hóf innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) á árinu 2011. KFS tekur mið af stöðu kynjanna í stefnumörkun og er núverandi staða kynjanna greind. Lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Velferðarsvið hefur tekið þátt í þeirri innleiðingu frá upphafi og samkvæmt innleiðingaráætlun mun rýningu allra þjónustupátta verða lokið á árinu 2020. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé.

Greiningar á þjónustupáttum sviðsins og niðurstöður rýningar hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í meginráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa. Í lok árs 2018 og byrjun árs 2019 voru nokkrar greiningar á þjónustupáttum kláraðar en það voru þjónustuíbúðir, heimahjúkrun, heimaþjónusta og hjúkrunarheimilin. Helstu niðurstöður þeirra voru að konur nýta þjónustu heimahjúkrunar og heimaþjónustu betur, sem er í samræmi við lífaldur kvenna og karla en áhugavert er að fleiri samskipti eru við karla en konur. Áætlað er að kanna nánar hvort þeir fái lengri eða styttri tíma í þjónustu en konur. Í lok árs 2019 eiga að liggja fyrir greiningar á framleiðslueldhúsi, þjónustu við hælisleitendur og unglingsmiðjur.

Á árinu 2018 var fjárfestingaráætlun sviðsins jafnréttisskimuð í fyrsta skiptið og á árinu 2019 var því haldið áfram. Við gerð fjárfestingaráætlunar 2020-2024 voru jafnréttiskimaðar 18 tillögur. Af 15 tillögum og aðgerðaráætlunum sem hafa verið lagðar fyrir velferðarráð á árinu 2019 af sviðsstjóra hafa 9 þeirra verið jafnréttisskimaðar. Þá var fimm ára áætlun 2020–2024 sviðsins einnig jafnréttisskimuð, en þar voru skimaðar 19 tillögur um skuldbindingar velferðarsviðs og 24 tillögur um áhættur.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Fjárhagsaðstoð					
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar	1) 2.240.601	1.946.389	2.096.235	2.160.586	2.537.048
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	1.708.840	1.458.582	1.589.417	1.664.010	1.967.661
Framfærsla vegna náms	199.858	137.200	103.290	104.999	137.444
Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni	331.903	350.606	403.528	391.577	431.942
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls	3.036	2.648	2.698	2.700	2.700
Húsaleigubætur					
Heildarupphæð	1.869.511	2.101	0	0	0
Hlutur Reykjavíkurborgar	633.428	724	0	0	0
Fjöldi heimila	8.037	-	-	-	-
Sérstakar húsaleigubætur/Sérstakur húsnæðisstuðningur á almennum markaði					
Heildarupphæð	319.436	352.475	531.003	333.038	438.056
Hlutur Reykjavíkurborgar	126.841	316.148	531.003	333.038	438.056
Fjöldi heimila	1.201	1.172	1.259	1.300	1.300
Félagslegt leiguhúsnæði					
Fjöldi íbúða	2.481	2.544	2.628	2.753	2.897
Fjöldi úthlutana - almennt félagslegt leiguhúsnæði	165	182	146	156	180
Fjöldi á biðlista í árslok - almennt félagslegt leiguhúsnæði	893	954	901	750	750
Sérstakar húsaleigubætur/Sérstakur húsn. stuðningur v/íbúða FB	651.243	509.707	543.634	581.784	567.250
Hlutur Reykjavíkurborgar	277.577	509.707	543.634	581.784	567.250
Fjöldi úthlutana - þjónustuíbúðir aldraðra	89	69	66	67	70
Fjöldi á biðlista í árslok- þjónustuíbúðir aldraðra	172	162	157	140	140
Hjúkrunarrými					
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum	82	82	82	82	82
Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir	1.030.065	1.119.108	1.267.340	1.238.912	1.263.263
Meðalkostnaður á notað rými á dag	34	37	42	41	10
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum	26	27	30	29	30
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð	20	20	20	20	20
Heildarkostnaður - Seljahlíð hjúkrunardeild	340.131	326.324	334.125	302.778	310.009
Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð	47	45	46	41	42
Framlag ríkissjóðs á rými á dag	28	29	30	29	30
Heimþjónusta					
Heildarrekstrarkostnaður í fél. heimþjónustu (gjöld)	2) 1.844.890	1.989.363	2.113.181	2.287.160	2.252.081
Þar af heildarkostnaður kvöld og helgarþjónusta	295.649	325.072	327.160	346.614	338.567
Félagsleg heimþjónusta - fjöldi heimila	3.674	3.674	3.608	3.670	3.670
Heildarkostnaður heimahjúkrun	1.387.381	1.433.134	1.420.657	1.566.642	1.608.682
Heimahjúkrun - Fjöldi notenda	2.379	2.357	2.268	2.250	2.250
Stuðningsþjónusta (Liðv. og Tilsj./ persl. ráðgj.)					
Heildarkostnaður	470.298	548.032	566.747	596.926	605.403
Fjöldi notenda	649	667	693	702	702
Þjónusta við fatlað fólk					
Frekari liðveisla fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður	171.838	195.889	210.998	214.301	203.886
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Heildarkostnaður	78.459	138.055	149.512	141.261	145.781
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Fjöldi barna	173	193	194	195	195
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) - Heildarkostnaður	278.392	279.505	397.599	582.228	718.760
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður	345.244	366.673	370.081	416.104	408.780
Búsetuúrræði - Heildarkostnaður	4.924.733	5.789.090	6.570.036	7.771.985	8.026.837
Matarþjónusta					
Fjöldi notenda með heimsendan mat	924	851	799	780	780
Fjöldi heimsendra máltíða	108.390	100.822	91.569	100.075	100.075
Þjónusta við börn					
Fjöldi barnaverndartilkynninga	4.119	4.244	4.401	4.300	4.300
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur	200.393	266.488	332.423	109.325	339.458
Fjöldi barna í varanlegu fóstur	143	144	155	140	140
Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	111.322	137.703	169.913	170.417	229.369
Fjöldi barna í tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	93	103	124	100	100
Heildarkostnaður -Stuðningsfjölskyldur	27.281	63.908	85.863	50.374	51.952
Fjöldi barna - Stuðningsfjölskyldur	99	136	161	170	170

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar uppl. eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins v. erlendra ríkisborgara.

2) Seljahlíð meðtalin.

SKORKORT 2020

Mælikvarðar	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Þjónusta			
Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur	16,9%	18,0%	17,0%
Meðalfjöldi mánaða með framfærslustyrk á árinu	5,7	5,7	5,5
Hlutfall barnafólks sem fær framfærslustyrk og aðstoð skv. gr. 16. a	39,4%	41,0%	50,0%
Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð og gera samkomulag um félagslega ráðgjöf	28,1%	27,0%	30,0%
Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð í meira en 3 mánuði og gera samkomulag um félagslega ráðgjöf	33,2%	34%	40%
Hlutfall þátttakenda í endurhæfingarræðum á vegum Reykjavíkurborgar sem ekki eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu 12 mánuðum eftir útskrift	77,0%	78,0%	80,0%
Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær aðra aðstoð en þrif t.d. endurhæfingu í heimahúsi	38,8%	39%	41%
Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær kvöld- og helgarþjónustu	16,4%	16,0%	16,5%
Fjöldun félagslegra íbúða	84	125	144
Fjöldun sértækra íbúða fyrir fatlað fólk	66	91	118
Fjöldun smáhýsa fyrir heimilislausa	4	16	24
Fjármál			
Stuðningsþjónusta, rekstur innan fjárheimilda	106%	91%	100%
Heimaþjónusta, rekstur innan fjárheimilda	97%	101%	100%
Málaflokkur fatlaðs fólks rekinn innan skilgreindra fjárhagsviðmiða	99%	94%	100%
Verklag			
Hlutfall mála sem skotið er til áfrýjunarnefndar velferðarráðs og eru afgreidd innan 30 daga	70%	75%	80%
Fjöldi útgefna gæðaskjala í gæðahandbók	126	140	201
Mannauður			
Hlutfall stm. sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	87%	90%	90%
Hlutfall stm. sem telja hæfni sína vel nýtt í starfi	83%	85%	90%
Hlutfall stm. sem telja að starfsfólk miðli þekkingu sín á milli	89%	90%	90%
Á síðustu 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu	85%	85%	90%
Hlutfall stm. sem telja sig geta notið sveigjanleika í starfi til að samræma starf og einkalíf	86%	85%	90%
Vinnustaðurinn minn hefur góða ímynd	74%	80%	85%
Ég er stolt/ur af vinnustaðnum mínum	88%	90%	90%
Veikindahlutfall	8%	8%	7%
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna í sérfræðingastöðum	3,70%	4,40%	5,40%




FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Fagmennska, áreiðanleiki, gagnsæi, hagkvæmni, samvinna, stuðningur.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur	46.955	41.726	46.479
Tekjur samtals	46.955	41.726	46.479
Laun og launatengd gjöld	893.146	993.298	967.339
Annar kostnaður	202.673	248.863	259.279
Rekstrargjöld samtals	1.095.819	1.242.161	1.226.618
Rekstrarniðurstaða	1.048.864	1.200.435	1.180.139

HLUTVERK

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og veitir kjörnum fulltrúum og stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald á sviði fjármála og rekstrar. Sviðið ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana og er ráðgefandi við stefnumörkun um fjárhagsleg viðfangsefni. Sviðið ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjörum, launavinnslu, fjárstýringu og innheimtu. Sviðið fer með ráðgjöf á sviði innkaupa og ber ábyrgð á að farið sé að innkaupareglum og lögum um opinber innkaup. Sviðið ber ábyrgð á mörkun og innleiðingu áhættustefnu Reykjavíkurborgar og leiðir áhættustýringu borgarinnar. Þá fer sviðið með eigandafyrirsvar Reykjavíkurborgar og gegnir samhæfingar- og eftirlitshlutverki um upplýsingagjöf á sviði rekstrar og fjárfestinga.

Fjármála- og áhættustýringarsvið skiptist í: áætlana- og uppgjörsskrifstofu, innkaupaskrifstofu, launaskrifstofu, bókhaldsskrifstofu, skrifstofu áhættustýringar, eignaskrifstofu og fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu auk skrifstofu sviðsstjóra.


STARFSFÓLK

	Raun 2018*	Útkomuspá/ Áætlun 2019*	Áætlun 2020
Fjöldi starfsmanna			
Fjöldi stöðugilda	90	97	97
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Áætlana- og uppgjörsskrifstofa	10	10	10
Skrifstofa áhættustýringar	3	3	3
Bókhaldsskrifstofa	30	27	27
Launaskrifstofa	30	24	24
Innkaupaskrifstofa	7	7	7
Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa	8	8	8
Eignaskrifstofa		5	5
Skrifstofa sviðsstjóra	2	4	4
Fjármálatæknistofa/þjónusta við ERM kerfi		9	9


*Stöðugildi árána 2018 og 2019 eru aðlöguð m.v. nýjar skrifstofur og hlutverk þeirra

SKIPTING REKSTRAR 2020

Sundurliðun á skrifstofur



Skipting útgjalda



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjármála- og áhættustýringarsvið er eitt nýrra kjarnasviða sem hóf starfsemi þann 1. júní sl. Þegar nýtt stjórnskipulag tók gildi eftir þær stjórnkerfisbreytingar sem ráðist var í hjá Reykjavíkurborg á árinu. Megináherslur í starfsemi hins nýja sviðs er að skerpa enn ferkar á hlutverki og áherslum sviðsins sem kjarnasviðs og skilgreina umboð þess gagnvart þeim verkefnum sem undir sviðið heyra. Markmið fjármála- og áhættustýringarsviðs er enn fremur að stuðla að skilvirkni til að bæta enn frekar þjónustu við kjörna fulltrúa, íbúa og stjórnendur með gagnsærri miðlun upplýsinga um fjármál og rekstur og stuðla þar með að upplýstri ákvarðanatöku, hagkvæmni og ráðdeild í rekstri.

Framtíðarsýn fjármála- og áhættustýringarsviðs er:

„Öflugt svið sem stýrir fjármálum Reykjavíkurborgar af stefnufestu og áreiðanleika“

Í því felst:

- Faglegur og áreiðanlegur stuðningur við yfirstjórn vegna fjármálastjórnunar.
- Virka áhættustýring í daglegu starfi og stefnumörkun borgarstjórnar til framtíðar.
- Þjónusta við fagsvið og kjarnasvið fagleg, aðgengileg og góð. Góður stuðningur á sviði fjármála- og áhættustýringar. Öflug þekkingarmiðlun.
- Upplýsingakerfi og hugbúnaður til skráningar, greiningar á rekstri, skila og framsetningar á gögnum vegna m.a. fjárhagsáætlunar, launavinnslu og stjórnsýslu séu samhæfð, aðgengileg og notendavæn.
- Öflug miðlun upplýsinga til yfirstjórnar, fagraða og stjórnenda með áherslu á að styðja við og bæta ákvarðanatöku.
- Gagnsæ og aðgengileg miðlun upplýsinga til íbúa.
- Stjórnsýsla sviðsins sé fagleg og straumlínulöguð.
- Sviðið verði eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugt og vel menntað fólk.

Megináherslur sviðsins árið 2020 verða á eftirfarandi sviðum:

- Undirbúningur að innleiðingu á heildstæðri áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg.
- Endurbætur á upplýsingakerfum og líkönum vegna vinnslu fjárhagsáætlunar og samantektar á skýrslum.
- Endurskoðun á fjárhagslíkani Reykjavíkurborgar.
- Rafvæðing ferla.
- Upplýsingagjöf og eftirlit með innkaupum.
- Skýrslugjöf og eftirlit með fjárfestingaverkefnum.
- Þarfagreina og skýra sýn borgarinnar varðandi fjármálatækni og notkun ERP kerfa.
- Efla þjónustu við notendur mannauðs- og fjárhagsupplýsingakerfa.
- Innleiða nýjar áherslur á sviði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar og efla fræðslu.

Fjárhagsáætlun fjármála- og áhættustýringarsviðs tekur mið af þeim verkefnum sem sviðinu hafa verið falin. Við skipulagsbreytingarnar tekur sviðið við hluta af starfsemi skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar sem lögð hefur verið niður og fer sviðið með eigendafyrirsvar eignasjóðs Reykjavíkurborgar vegna fasteigna, lóða og lenda. Gert er ráð fyrir að starfsmenn eignaskrifstofu verði 5 talsins en í því felst að bókhald og fjármál fari að mestu yfir á áætlana- og uppgjörsskrifstofu sviðsins og hún verði styrkt með það í huga. Þá er sviðið að taka við hlutverki tölfraeði og greiningardeildar sem tilheyrði skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og færðust tveir starfsmenn til sviðsins vegna þessa. Þeir munu tilheyra sérstakri deild á skrifstofu sviðstjóra sem hefur m.a. það hlutverk að sinna framþróun á sviði fjármálatækni og þróun og birtingu mælikvarða fyrir borgina. Að auki fluttist stöðugildi fjármálastjóra Ráðhúss til sviðsins en á móti kom að flutt voru þrjú stöðugildi frá launaskrifstofu (áður: kjaradeild) til mannauðs- og starfsumhverfissviðs sem tekur við gerð og túlkun kjarasamninga og fyrirvar gagnvart stéttarfélögum.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Áætlana- og uppgjörsskrifstofa

Meginhlutverk áætlana- og uppgjörsskrifstofu er vinnsla uppgjöra og gerð fjárhagsáætlunar fyrir A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar með samræmingu fjárhagslegra upplýsinga og skýrslugerðar til stjórnenda og ráða að leiðarljósi. Í því skyni hefur skrifstofan sett sér þau markmið að endurbæta grunnupplýsingakerfi borgarinnar vegna vinnslu fjárhagsáætlunar og samantektar á skýrslum og reglubundnum uppgjörum og bæta með þeim hætti aðgengi að upplýsingum, auka gagnsæi og rekjanleika.

Við stjórnkerfisbreytingar voru uppgjörseild og áætlana- og greiningardeild sameinuð í eina skrifstofu sem felur í sér góð tækifæri til samhæfingar og þróunar á verklagi og vinnslu.

Áhersla er á endurskoðun á vinnslu fjárhagsáætlunar og stýringu fjárheimilda. Nýtt launaáætlunarkerfi SAP hefur verið tekið í notkun sem eykur yfirsýn og bætir upplýsingagjöf. Innleiðing er hafin á Unit4 Business Books sem er aðgengilegt upplýsingakerfi til að útfæra áætlunarlíkön fyrir stofnanir og þjónustubætti. Fyrstu skrefin hafa verið stigin við þróun á almennu áætlunarlíkani sem verður innleitt á árinu og markmiðið er að hefja þróun á sérhæfðum áætlunarlíkönum t.d. fyrir rekstur grunnskóla. Ný áætlunarkerfi munu til framtíðar hafa umtalsverð áhrif á allt verklag við vinnslu fjárhagsáætlunar, bæta stýringu fjárheimilda og greiningar, auka gagnsæi og aðgengi að gögnum.

Innleitt hefur verið samstæðuuppgjör- og áætlanakerfi Unit4 FPM (Financial Performance Management) og það nýtt við uppgjör og gerð áætlana frá því á síðasta ári. Áfram verður unnið við að þróa og bæta verkferla þannig að uppgjörskerfið nýtist sem best. Markmiðið er að tryggja skilvirkt flæði á milli bókhalds, uppgjör og áætlunar auk skilvirks flæðis milli borgarinnar og B-hluta fyrirtækja. Innleiðingin er hluti af heildstæðri endurskipulagningu á fjárhagsupplýsingakerfum Reykjavíkurborgar með hliðsjón af breyttum þörfum almennt, nýjum áherslum varðandi meðhöndlun gagna og auknum kröfum á sviði upplýsingamiðlunar.

Skrifstofa áhættustýringar

Markmið skrifstofu áhættustýringar er að undirbúa stefnu borgarinnar á sviði áhættustýringar og undirbúa og hefja innleiðingu heildstæðrar áhættustýringar. Markmiðið og hlutverk skrifstofunnar er jafnframt að vakta fjárhagslegar áhættur, upplýsa og vara við óhagstærðri þróun á sviði efnahagsmála og áhrifa á rekstur borgarinnar.

Áhersla verður lögð á að hefja undirbúning að innleiðingu á heildstæðri áhættustýringu í rekstri Reykjavíkurborgar í samræmi við niðurstöður starfshóps um áhættustýringu frá því í júlí 2018. Áhersla verður lögð á að leggja drög að aðferðafræði við áhættustýringu, velja og taka í notkun upplýsingakerfi fyrir utnumhald og framsetningu gagna og upplýsinga. Þá verði hafinn undirbúningur að kortlagningu á áhættum í starfsemi Reykjavíkurborgar og vinna hafin á völdum sviðum í samræmi við forgangsröðun og áherslur.

Unnið verður að því að útfæra og þróa verklag og verkferla vegna fjármálalegrar áhættustýringar á grundvelli væntanlegrar áhættustefnu. Í því felst að efla innra eftirlitskerfi, rýna og bæta verklag og verkferla, skilgreina áhættumælikvarða og mikilvæga eftirlitsstaði á sviði áætlunar, fjárstýringar og uppgjöra og tryggja reglubundna vöktun þeirra. Í því samhengi verði enn frekari þróun á ársfjórðungslegri áhættuskýrslu sem ætlað er að gefa reglubundna mynd af þróun og stöðu helstu ytri og innri áhættuþátta sem hafa fjárhagsleg áhrif á samstæðu Reykjavíkurborgar.

Bókhaldsskrifstofa

Markmið bókhaldsskrifstofu er að tryggja faglega, örugga, skjóta, áreiðanlega og vandvirka bókun reikninga í fjárhagsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar og tryggja skilvirkt flæði á milli bókhalds, uppgjors og áætlunar. Áhersla er á rafræna ferla og sem bestri nýtingu upplýsingatækni. Stefnt er að upptöku á nýjum samevrópskum staðli EN 16931 um rafræn viðskiptaskeyti á árinu.

Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af farsælli innleiðingu rafrænna reikninga hjá Reykjavíkurborg. Í dag eru um 70% reikninga rafrænir og unnið er að enn frekari móttöku rafrænna reikninga með birgjum. Stefnt er að því að auka hlut rafrænna reikninga frá birgjum enn frekar og gert ráð fyrir að allir birgjar sem borgin er í reglubundnum viðskiptum við sendi einungis rafræna reikninga á næstu árum. Unnið er að upptöku á nýjum samevrópskum staðli fyrir rafræna reikninga í apríl 2020 og í samstarfi við valin sveitarfélög og opinber fyrirtæki, með styrk frá Evrópusambandinu. Í kjölfarið verði unnt að ná fram enn meiri sjálfvirkni í bókun reikninga. Áfram verður unnið að einföldun og hagræðingu í verkferlum og innlestri gagna í fjárhagskerfi borgarinnar frá öðrum kerfum. Fyrirhuguð er á árinu 2020 áframhaldandi vinna við endurskoðun bókhaldslíkans Reykjavíkurborgar með það að markmiði að nýta enn betur fjárhagsupplýsingakerfið Unit4 Business World (Agresso) og einfalda enn frekar verklag og vinnubrögð. Áframhaldandi vinna verður unnin á grundvelli meistararitgerðarinnar „Endurskoðun á fjárhagslíkani Reykjavíkurborgar“ sem unnin var af Lúðvík Vilhelmssyni í samráði við stjórnendur FMS og skilað var vorið 2019. Markmiðið með þessari vinnu er einnig að einfalda og samræma uppsetningu og notkun fjárhagslíkansins, skerpa á ábyrgð og bæta upplýsingagjöf. Fjárhagsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar Agresso var uppfært á árinu 2019. Í framhaldi af þeirri uppfærslu er gert ráð fyrir að ýmsar nýjungar verði skoðaðar, s.s. innkaupakerfi í samráði við innkaupadeild.

Launaskrifstofa

Markmið launaskrifstofu er að veita stjórnendum og starfsmönnum borgarinnar skilvirka og áreiðanlega þjónustu vegna afgreiðslu launa.

Áhersla verður lögð á að bæta verklag og vinnuferli við launavinnslu. Stefnt er að því að rafvæða ferla og auka eftirlit með rétttri innsetningu launagagna miðað við kjarasamninga. Með nýju skjalakerfi borgarinnar aukast gæði skjalavörslu og stefnt er á að taka upp rafrænar undirskriftir. Með þeim mun launavinnslan verða skilvirkari þar sem biðtími eftir að samningar berist launaskrifstofu styttest verulega. Unnið er að gerð starfsvottorðakerfis sem minnkar biðtíma og eykur þjónustu við núverandi og fyrrverandi starfsmenn borgarinnar. Þá verður einnig unnið að aukinni upplýsingagjöf og fræðslu um efni kjarasamninga og notkun mannauðs- og launakerfisins.

Innkaupaskrifstofa

Markmið innkaupaskrifstofu er að veita stjórnendum faglega ráðgjöf og aðhald á sviði innkaupa og hafa eftirlit með að farið sé að lögum um opinber innkaup og nýjum innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Áhersla verður lögð á nýtingu upplýsingatækni sem skilar aukinni skilvirkni í vinnubrögðum vegna útboðsmála og bættri þjónustu við starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Bakgrunnur stjórnenda og starfsmanna sem fara með innkaup fyrir hönd borgarinnar er mismunandi en allir þurfa að vinna innan ramma laga og reglna sem opinberum innkaupum eru sett. Stefnt er að aukinni fræðslu fyrir viðkomandi hóp, t.a.m. með myndrænni framsetningu á innri vef borgarinnar með leiðbeiningum varðandi heildar útboðsferli, frá því að ákvörðun er tekin um að fara í tiltekin innkaup og þar til samningur er kominn á. Myndræn framsetning innihaldi m.a. leiðbeiningar varðandi undirbúning innkaupa, gerð útboðsgagna, ásamt framkvæmd og úrvinnslu útboða. Markmið verkefnisins er að gefa

kaupendum einfalda og skýra mynd af útboðsferli. Ávinningur þess er að auka gæði útboðsgagna, styrkja fagleg vinnubrögð og auka skilvirkni í útboðsmálum.

Þá verður lögð áhersla á að bæta samningastjórnun borgarinnar, m.a. með rafrænu útboðskerfi. Einn af möguleikum útboðskerfis gefur færi á svokölluðu „gagnvirku innkaupakerfi“ en það er eins konar opinn rafrænn rammasamningur en þess háttar samninga má aðeins gera ef til staðar er rafrænt útboðskerfi. Opnir rafrænir rammasamningar hafa verið nýttir víðs vegar í Evrópu og þá sérstaklega við hins ýmsu þjónustukaup en samningarnir hafa þann kost umfram hefðbundna rammasamninga að þeir eru aðgengilegir áhugasömum aðilum á gildistíma samningsins. Tvö gagnvirk innkaupakerfi hafa verið boðin út á árinu og stendur til að skoða hvort fleiri samningar verði gerðir á næsta ári.

Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa

Markmið skrifstofunnar er að samræma og bæta þjónustu við innri og ytri viðskiptavinum skrifstofunnar með því að samræma verkferla og auka öryggi í vinnslu upplýsinga. Þannig verður betur hægt að veita örugga, tímanlega og skilvirka þjónustu auk þess sem aðgengi að upplýsingum verður tryggara.

Áhersla verður á skilvirka lána- og lausafjárstýringu sem miðar að því að Reykjavíkurborg hafi gott aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs auk þess að lágmarka lántökukostnað og hámarka ávöxtun á laust fé. Áhersla verður á að setja skýra mælikvarða um árangur og fylgja þeim eftir með skýrslugjöf í samræmi við fjárstýringarstefnu Reykjavíkurborgar og fjárstýringarreglur. Á undanförunum árum hefur fjárstýringardeild farið í útboð á þjónustubáttum sem tengjast innheimtu borgarinnar s.s. fruminnheimtu, milli- og löginheimtu og stefnt er að því að fara í útboð á færsluhirðingu og boðgreiðsluþjónustu. Meginmarkmiðið með því að fara í útboð á fjármálaþjónustu er að tryggja örugga, tímanlega og skilvirka þjónustu, lágmarka kostnað borgarbúa og borgarsjóðs vegna fjármálaþjónustu og bæta upplýsingagjöf til borgarbúa og borgarsjóðs. Stefnt er að því að sameina alla innheimtu borgarinnar með það að markmiði að einfalda ferla, auka skilvirkni, hagkvæmni og fagmennsku og ná enn frekari árangri í því á árinu 2020.

Eignaskrifstofa

Eignaskrifstofa fer með eigendafyrirsvar fyrir hönd Eignasjóðs Reykjavíkurborgar sem er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 300 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar, svo sem lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað og fellur undir A-hluta í rekstri borgarinnar.

Markmið skrifstofunnar er vönduð eignaumsýslu í nánu samstarfi við stofnanir og aðra sem málið varðar, með hag borgarbúa að leiðarljósi.

Áhersla verður lögð á að þróa utanumhald, framsetningu og skýrslugjöf vegna fjárfestinga og fjárfestingaáætlunar í samvinnu við umhverfis- og samgöngusvið. Auk þess yfirfara verklag og ferla vegna eftirlits með fjárfestingaverkefnum, þróa mælikvarða vegna rekstrar og framsetningu þeirra.

Þá er mikilvægt að þróa og rafvæða utanumhald um tilkynningar, meðhöndlun og afgreiðslu tjónamála.

Skrifstofa sviðsstjóra

Markmið skrifstofunnar er að stuðla að faglegri og áreiðanlegri stjórnsýslu við afgreiðslu erinda, rekstur og þjónustu sviðsins. Markmiðið er að koma á fót öflugu teymi á sviði fjármálatækni þar sem áhersla

verður lögð á að byggja upp fjármála- og mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar með heildstæða yfirsýn að leiðarljósi.

Áhersla verður lögð á að ná utanum þarfir stjórnenda, starfsmanna og sérfræðinga vegna fjármála- og mannauðsupplýsingakerfa og skýra framtíðarsýn borgarinnar varðandi kerfislegt utanumhald og notkun. Unnið verði að því að sameina Agresso-teymi, ML-teymi (mannauðs- og launakerfi) og tölfraeði- og greiningarteymi í eina deild á skrifstofu sviðsstjóra. Hlutverk deildarinnar verði að þjónusta skrifstofur sviðsins og notendur fjárhags- og mannauðskerfa ásamt því að halda utan um og stuðla að framþróun á sviði fjármálatækni. Fjöldmörg þróunarverkefni eru í vinnslu og undirbúningi á fjármála- og áhættustýringarsviði sem snúa að innleiðingu nýrra upplýsingakerfa og/eða þróunar á núverandi hugbúnaði. Áhersla verður á öflugan stuðning við þessi verkefni, skipulegt utanumhald og stuðning til þess að ná betri árangri og hraða innleiðingu.

Áhersla verður lögð á þróun mælikvarða og miðlun stefnu og árangurs í umhverfis-, samfélags- og efnahagsmálum. Unnið verði að því að innleiða ISO 37120 staðalinn í samvinnu við WCCD (World Council City Data) sem er leiðbeinandi fyrir borgir sem hafa hug á að birta sjálfbærnivísa og birta lykilmælikvarða sem mæla þjónustuveitingu borga og lífsgæði íbúa.

Þá verður lögð enn frekari áhersla á rafrænt aðgengi íbúa, kjörinna fulltrúa og stjórnenda að lýsandi fjárhagslegum upplýsingum, kennitölum og lykiltalngreiningum.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Vegna ólíkrar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun borgarinnar mismunandi áhrif á þeirra tækifæri til lífs og leiks, vinnu og menntunar. Kynjuð fjárhagsáætlun tekur mið af mismunandi stöðu fólks, og leitast eftir því að þjónusta og gæði mæti þeim mismunandi þörfum.

Markvisst er unnið að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) hjá Reykjavíkurborg. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlunargerð byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að samþætta mannréttindastefnu borgarinnar við alla fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Þar af leiðandi er verkefninu stýrt í mikilli samvinnu fjármála- og áhættustýringarsviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Skipaður var pólitískur stýrihópur í apríl 2018 sem hefur það meginverkefni að skilgreina hvert Reykjavíkurborg stefnir í innleiðingu kynjaðra fjármála og skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið. Stýrihópurinn vinnur nú að því að breyta nafni og áherslum verkefnisins þannig að það nái betur utan um þann fjölbreytileika sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar tekur tillit til. Innleiðing á nýju heiti og áherslum verkefnisins verður hafin í byrjun árs 2020. Einnig mun stýrihópurinn leggja fram tíma- og verkáætlun kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar samhliða tíma- og verkáætlun um gerð fjárhagsáætlunar.

Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum á samþykktri fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna í áætlun komandi árs. Á árinu 2018 var tekin í notkun jafnréttisskimun sem tekur saman áhrif tillagna á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsettra hópa með einföldum hætti. Jafnréttisskimuninni er ætlað að styðja við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa um forgangsröðun og ráðstöfun fjármuna og miðað er við að verkefni sem fá áframhaldandi brautargengi fari í jafnréttismat sem er ítarlegri greining. Framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulagsvinnu.

Á árinu 2020 mun eftirfylgni með skilvirkni jafnréttisskimana og notkun jafnréttismats verða skerpt. Stefnt er auk þess að því að fara í markvissa fræðslu meðal starfsfólks borgarinnar sem kemur að vinnu skimana til þess að tryggja gæði og þar með skilvirkni þessa mikilvæga verkfæris.

Starfshópar á fagsviðunum vinna að því að greina þjónustu borgarinnar út frá sjónarmiðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna borgarinnar með hagsmuni allra borgarbúa að leiðarljósi.

Verið er að stofna starfshóp um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á fjármála- og áhættustýringarsviði en mun hans fyrsta verkefni vera að greina með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar tekjur borgarsjóðs (þ.e. skatta og gjaldskrár), styrki og samninga.

Haldið verður áfram öflugu samstarfi við innlenda sem og erlenda aðila varðandi vinnu við kynjaða fjárhagsáætlun. Sem dæmi hefur borgin verið í góðu samstarfi við Háskóla Íslands um greiningar á verkefnum og mun það samstarf halda áfram. Önnur sveitarfélög á landinu eru að taka Reykjavíkurborg til fyrirmyndar þegar kemur að vinnu við kynjaða fjárhagsáætlunargerð.


LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2014	2015	2016	2017	2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Fjármálaskrifstofa							
Reikningar frá birgjum alls	245.556	253.749	246.560	249.489	260.025	260.000	262.000
Rafrænir birgjareikningar (SPAN og UBL)	103.936	140.310	147.201	151.106	159.645	162.000	170.000
Hlutfall rafrænna birgjareikninga	42%	55%	60%	61%	62%	65%	68%
Hlutfall rafrænna reikninga með innri reikn.	46%	58%	62%	63%	63%	65%	70%
Fjöldi uppgjara (A, A+,B,AS,ES,Jörundur, Afvaki)	53	49	49	45	42	42	42



MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ

SKIPURIT



HLUTVERK

Mannauðs og starfsumhverfissvið fer með forystuhlutverk og hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Sviðið annast kjarasamningsgerð fyrir Reykjavíkurborg og fer með fyrirvar gagnvart viðsejendum og aðilum vinnumarkaðar. Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fag og kjarnasvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu.

Starfsfólk sviðsins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd mannauðsstefnu, tryggir samræmi í framkvæmd, annast gerð kjarasamninga og veitir stjórnendum ráðgjöf. Auk þess annast sviðið mannauðsþjónustu fyrir miðlæga stjórnarsýslu í Ráðhúsi. Sviðið leggur ríka áherslu á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur sviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að því að starfsfólk upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað í öllum sínum fjölbreytileika. Sýn sviðsins er að byggja upp öflugna mannauðsþjónustu í því skyni að laða að, styðja við og þróa starfsfólk þannig að það geti þjónað borgarbúum á þann hátt sem ávinnur sér virðingu og traust samfélagsins. Einnig að starfsfólk borgarinnar hafi þá hæfni og færni sem þarf til mæta ábyrgð í starfi og veita það þjónustustig sem sett hefur verið.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur		31.700	38.500
Tekjur samtals		31.700	38.500
Laun og launatengd gjöld		189.215	254.932
Annar kostnaður		56.177	66.048
Rekstrargjöld samtals		245.392	320.980
Rekstrarniðurstaða		213.692	282.480

STARFSFÓLK

	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun 2019	Áætlun 2020
Fjöldi starfsmanna	12	18	19
Fjöldi stöðugilda	12	18*	19
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis		4	4
Skrifstofa ráðninga og mönnunar		3	3
Skrifstofa kjaramála		4	4
Verkefnastofa starfsmats		4	4
Skrifstofa sviðsstjóra		3	4

*Við stjórnkerfisbreytingar 1.júní 2019 fluttust 4 stöðugildi á nýtt mannauðs- og starfsumhverfissvið

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Rekstur mannauðs og starfsumhverfissvið er áætlaður 283 m.kr. árið 2020. Endurskoðuð áætlun 2019 gerir ráð fyrir að útgjöld nemi 214 m.kr. þannig að fjárheimildir hækka um 69 m.kr. og kemur það að stærstum hluta til vegna skipulagsbreytinga og flutningi starfsfólks á sviðið frá annari starfseiningu. Rekstrarútgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:



Stærsti hluti rekstrarútgjalda á mannauðs og starfsumhverfissviði fyrir utan laun eru forystunám fyrir stjórnendur borgarinnar, margþætt fræðsla fyrir allt starfsfólk borgarinnar og innleiðing jafnlaunakerfis.

Helstu breytingar fyrir utan, þekktar kjarasamningsbundnar launahækkningar eru eftirfarandi:

- Skrifstofa kjaramála er starfseining sem verður til við stofnun mannauðs og starfsumhverfissviðs 1.júní 2019 og flytjast við stofnun hennar 4 stg. frá kjaradeild og umsýsla vegna samninganefndar borgarinnar (79.331 m.kr.).
- Sviðið fær aukið fjármagn vegna forystunáms (4.750 m.kr.).
- Mannauðs og starfsumhverfissvið fær aukið fjármagn vegna innleiðingar jafnlaunakerfis (3 m.kr.).


MEGINÁHERSLUR OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Mannauðs og starfsumhverfissvið er nýtt kjarnasvið og hefur það hlutverk að móta stefnur á sviði mannauðsmála og halda utan um verkefni sem ganga þvert á borgarkerfið. Þannig á sviðið að stuðla að því að samhæfa og samræma vinnubrögð á sviði mannauðsmála. Áherslur í mannauðsmálum á árinu 2020 taka mið leiðarljósum og áherslum mannauðsstefnu borgarinnar og styðja við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um að borgin verði vinnustaður með aðdráttarafli fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu borgarbúa.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á jákvætt og öruggt starfsumhverfi þar sem gagnkvæm virðing er í öllum samskiptum. Borgin vill einnig stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks og leggur áherslu á stuttar boðleiðir og virkt upplýsingastreymi. Áherslur þessar birtast í hinum ýmsu verkefnum á sviði mannauðsmála. Á árinu 2020 verður áhersla lögð á innleiðingu jafnlaunakerfis, áframhaldandi innleiðingu mannauðsstefnu og nýrrar stefnu borgarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi, umbætur á sviði vinnuverndar og öryggismála, þróun rafrænnar fræðslu og innri miðlunar, gerð mannaflaspáa og kortlagningu á þróun starfa. Þá verður lögð áhersla á innleiðingu samræmdra verkferla á sviði mannauðsmála og markvissa vinnu við að bæta leiðbeiningar og verklag. Áhersla verður lögð á að vinna þessi verkefni í virku og góðu samstarf við fag- og kjarnasvið og miðlæga stjórnýslu.

Leiðarljósín

Móta og stýra starfsemi mannauðsmála til næstu ára



*Leiðarljós mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar 2018-2025.

Skrifstofa sviðsstjóra

Lögð er áhersla á áframhaldandi uppbyggingu mannauðsmála með það að markmiði að starfsemi Reykjavíkurborgar einkennist af fagmennsku og framsækni. Unnið verður að því að undirbúa starfsumhverfi borgarinnar fyrir þá öru tækniþróun sem framundan er og þær breytingar sem tæknin mun hafa á störf. Horfa þarf til framtíðar og tryggja að starfsfólk borgarinnar búi yfir þeirri færni sem þarf til að veita faglega og góða þjónustu og sé tilbúð í að takast á við fjölbreyttar áskoranir. Ný mannauðsstefna var samþykkt vorið 2018 og verður innleiðingu hennar fylgt eftir á öllum starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Rík áhersla verður á samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fag- og kjarnasviða með það að markmiði að auka skilvirkni og samræmingu mannauðsþjónustu. Unnið verður að gerð gæðahandbók í mannauðsmálum sem í verður að finna samræmda verkferla og leiðbeiningar.

Áfram verður unnið gegn kynbundnum launamun og á árinu 2020 verður markvisst unnið að innleiðingu jafnlaunakerfis og umbótum í samræmi við jafnlaunastaðal.

Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis

Lögð verður áhersla á aðgerðir sem stuðla að öruggu umhverfi, vellíðan og góðri heilsu starfsfólks. Sérstök áhersla verður því lögð á vinnuvernd, öryggismál og heilsueflingu með það að leiðarljósi að innleiða heilsueflandi vinnustaðamenningu á starfsstöðum Reykjavíkurborgar og gagnkvæma virðingu í öllum samskiptum. Sérstök áhersla verður lögð á verkefni er snúa að veikindafjarvistum, innleiðingu áhættumats, innleiðingu nýrrar stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Aukin áhersla verður lögð á að þróa nýjar lausnir í skilvirkri innri miðlun, fræðsluefni á rafrænu formi og hafin verður undirbúningur á innleiðingu nýs fræðslukerfis. Unnið verður að frekari þróun á forystunámi fyrir stjórnendur og sérfræðinga í stjórnslunni.

Skrifstofa kjaramála

Allir kjarasamningar Reykjavíkurborgar og samningsaðila voru lausir á árinu 2019 og á árinu 2020 verður unnið að innleiðingu nýrra kjarasamninga. Áherslan í nýjum kjarasamningum er á útfærslu á vinnutíma starfsfólks með það að markmiði að stytta vinnuvikuna og mun á árinu 2020 verða unnið að undirbúningi þeirra breytinga. Þá verður einnig unnið áfram að aukinni upplýsingagjöf og fræðslu um efni kjarasamninga og ráðgjafar á sviði vinnuréttar. Markvisst verður unnið með launagreiningar á árinu 2020 og aukið vægi verður lagt á launaeftirlit sem og kjarasamninga KÍ.

Skrifstofa ráðningar og mönnunar

Undanfarin ár hefur verið unnið að umbótum hvað varðar ráðningarmál og á árinu 2020 verður áhersla á innleiðingu nýrrar ráðningahandbókar sem er mikilvægt til að tryggja fagmennsku og jafnræði í ráðningum ásamt því að vera í virku samtali, ráðgjöf og aðstoð við fag- og kjarnasvið varðandi ráðningar. Til að vera undirbúin fyrir breytingar og tækniframfarir mun verða hafin vinna við mannaaflaspár til næstu fimm ára og samhliða hafin vinna við kortlagningu á breytingum og þróun starfa í ljósi fjórðu iðnbyltingarinnar. Þar mun skrifstofan líka vinna með ímynd Reykjavíkurborgar sem eftirsóknarverður vinnustaður. Rík áhersla verður lögð á að fjölga og þróa frekari tækifærum á atvinnu með stuðningi til að geta boðið fleiri störf sem endurspegli fjölbreytni borgarlífsins. Afleysingarstofa hefur verið tilraunaverkefni síðastliðið ár til að mæta þörf fyrir skammtíma afleysingar í leikskólum og mun verða skoðuð frekari þróun á því verkefni á árinu 2020 með það að markmiði að útvíkka starfsemina þannig að hún nái til fjölþættari starfsemi borgarinnar. Einnig er skrifstofan með áherslu á starfslokaferla og mun vinna með fag- og kjarnasviðum Reykjavíkurborgar á næsta ári í þeim málaflokki.

Verkefnastofa starfsmats

Lögð verður áhersla á að viðhalda og þróa starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar og samningsaðila enn frekar á árinu 2020. Áherslan verður á reglubundna yfirferð starfa sem hafa eldra mat en 5 ára. Jafnhliða þeirri yfirferð verður hafin undirbúningur á frekari þróun kerfisins með það að markmiði að aðlagja að breyttum þörfum. Áfram verður einnig unnið að aukinni kynningu á starfsmatinu til að stuðla að upplýstri umræðu um kerfið. Á árinu 2020 verður hafin undirbúningur á þróun samræmds stjórnendamatskerfis sem notað verður til að bera saman störf stjórnenda.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Mannauðs og starfsumhverfissvið er nýtt svið og því hafa ekki verið unnin sérstök verkefni áður sem snúa að markvissri innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á sviðinu. Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykka fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttisskimuninni var beytt á þær tillögur sem sem lagðar voru fram frá mannauðsdeild á árinu 2019. Framundan er á árinu 2020 að greina þjónustu mannauðs og starfsumhverfissviðs út frá sjónarmiðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Með því að koma jafnréttisskimun inn í verkferli í áætlunarvinnu er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna á sviði mannauðsmála með hagsmuni alls starfsfólks að leiðarljósi.




ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Reykjavíkurborg er þjónustuaðili sem leggur áherslu á að veita borgarbúum aðgengilega, fjölbreytta og framúrskarandi þjónustu.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur	1.643.170	1.039.151	1.176.271
Tekjur samtals	1.643.170	1.039.151	1.176.271
Laun og launatengd gjöld	948.923	1.111.102	1.159.132
Annar kostnaður	1.714.688	1.884.043	2.026.173
Rekstrargjöld samtals	2.663.611	2.995.145	3.185.305
Rekstrarniðurstaða	1.020.441	1.955.993	2.009.034


HLUTVERK

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON) er skilgreint sem eitt af þremur kjarnasviðum Reykjavíkurborgar, og starfar þvert á fagsvið hennar. Hlutverk kjarnasviðs þjónustu og nýsköpunar er að annast innri og ytri þjónustu Reykjavíkurborgar og nýsköpun í starfsemi borgarinnar. Sviðið skiptist í fimm skrifstofur sem sinna ólíkum þjónustuhlutverkum en mynda eina heild; þjónustuhönnun, gagnaþjónustu, upplýsingatækniþjónustu, rekstrarþjónustu og stafræna Reykjavík. Þá fer sviðið með rekstur þjónustuvers Reykjavíkurborgar og Borgarskjallasafns Reykjavíkur er starfar samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglum. Auk þess sinnir sviðið nýsköpunarverkefnum í þágu borgarbúa, rannsóknarþjónustu borgarinnar og snjallborginni – Reykjavík SMART City. Þjónustu- og nýsköpunarsvið er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir.

STARFSFÓLK

	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun 2019	Áætlun 2020
Fjöldi starfsmanna	92	99	111
Fjöldi stöðugilda	86	96	105,4
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Skrifstofa þjónustu- og nýsköpunarsviðs			8
Stafræn Reykjavík			9
Þjónustuhönnun Reykjavíkurborgar			26
Rekstrarþjónusta Reykjavíkurborgar			5,4
Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar			38
Gagnaþjónusta Reykjavíkurborgar			9,2
Borgarskjalasafn Reykjavíkur			9,8

SKIPTING REKSTRAR



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) varð til í kjölfar stjórnkerfisbreytinga sem samþykktar voru í borgarráði í febrúar 2019 og komu til framkvæmda þann 1. júní 2019. Nýtt svið tók að stofni til yfir þau verkefni sem áður voru í höndum skrifstofu þjónustu og reksturs, til viðbótar við verkefni annarra skrifstofa sem lagðar voru niður innan miðlægrar stjórnsýslu sem og rekstur Borgarskjalasafns. Miða breytingarnar að því að einfalda, skýra og skerpa stjórnarhætti og bæta þjónustu við borgarbúa.

Í lok ágúst 2019 kom mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð saman og lagði fyrstu drög að stefnumótun og aðgerðaáætlun fyrir þjónustu- og nýsköpunarsvið. Farið var yfir áherslur og helstu áskoranir borgarinnar út frá sjónarhorni íbúa, starfsmanna og tækni. Þegar er ljóst að rík áhersla verður lögð á að færa alla starfsemi borgarinnar yfir til 21. aldarinnar með rafvæðingu ferla og heilsteyptari nálgun er varðar upplýsingagjöf og notendamiðaða þjónustu gagnvart íbúum. Þar að auki mun notkun gagna og aukið notendasamráð spila lykilhlutverk þegar kemur að skilvirkari ákvarðanatöku í þeim verkefnum sem þjónustu- og nýsköpunarsvið mun taka að sér.

Til að Reykjavíkurborg nái markmiðum sínum er snúa að þjónustu og nýsköpun verður til viðbótar lögð áhersla á aukið samstarf, hvort sem er út á við við háskóla- og rannsóknasamfélagið, opinberar stofnanir, önnur sveitafélög, fyrirtæki og atvinnulíf eða inn á við milli stofnanna, skrifstofa og sviða borgarinnar þar sem ÞON mun spila lykilhlutverk sem kjarnasvið.

HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur vaxi á milli ára og skýrist það einkum af styrkjum er sviðið fær frá Evrópusambandinu vegna tveggja rannsóknarverkefna sem og magnaukningu upplýsingatæknibúnaðar í framhaldi af átaki í að auka tölvubúnað í grunnskólum borgarinnar. Breyting á rekstrargjöldum milli ára skýrist mest af samningum er fylgja breytingu á vísitölu en einnig af hækkun innri leigu. Örlítill kostnaðaraukning vegna launa og launatengdra gjalda helst í hendur við breytingar á störfum samhliða nýju skipulagi er tók gildi 1. júní 2019 þegar nýtt svið þjónustu og nýsköpunar varð til.

Af rekstrargjöldum ársins 2020 nemur launakostnaður um 36%, innri leiga húsnæðis og tækja um 27% og annar kostnaður um 37%.

Útfærsla 1% hagræðingarkröfu

Hagræðingakrafa um 1% felur í sér heildarniðurskurð upp á 21 milljón króna á sviði þjónustu og nýsköpunar. Verður hagræðingarkröfu mætt með eftirfarandi hætti innan kostnaðarstaða sviðsins: á skrifstofu sviðsstjóra verður skorið niður um tæpa 1 milljón króna með því að draga úr kaupum á sérfræðiþjónustu og fækka ferðum erlendis t.d. í tengslum við þekkingarheimsóknir. Á skrifstofu þjónustuhönnunar verður launa- og rekstrarkostnaður lækkaður um 2,5 milljónir króna með því að endurráða ekki í stöðugildi sem losnar og endurskoða fyrirkomulag rekstrar í þjónustuverinu á Höfðatorgi. Með breytingu á tilhögun starfa frá og með þriðja ársfjórðungi verður hagræðingu upp á tæplega 1 milljón króna mætt innan gagnþjónustu Reykjavíkurborgar. Innan skrifstofu stafrænnar Reykjavíkur verður skorið niður um rúmlega 1 milljón króna með því að draga úr kostnaði vegna kaupa á sérfræði- og hugbúnaðarþjónustu. Þá verður rekstur stjórnsýsluhúsa skorinn niður um tæplega 2,5 milljónir á þáttum eins og hreingerningu utanhúss, hreingerningu innanhúss, hreinlætisvörum og rekstrarráðgjöf. Á Borgarskjalasafni verður innkaupum á skjalaumbúðum frestað sem nemur lækkan rekstrarkostnaðar um tæpar 1 milljón króna auk þess sem sértekjur verða auknar. Innan upplýsingatæknipjónustu Reykjavíkurborgar verður hagrætt um rúmlega 12 milljónir með því að yfirfara alla upplýsingatæknisamninga og endursemjja með hagræðingu að leiðarljósi.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Miðlæg starfsemi

Rannsóknþjónustan varð formlega til við stjórnkerfisbreytingar þann 1. júní 2019. Starfsemin er þó ekki ný af nálinni en einingin var stofnuð innan skrifstofu þjónustu og rekstrar árið 2017. Rannsóknþjónustan hefur þann megintilgang að efla þátttöku og árangur Reykjavíkur í alþjóðlegu rannsókn- og nýsköpunarumhverfi og afla borginni styrkja til nýsköpunar í allri starfsemi. Til viðbótar hverfist starfsemi rannsóknarþjónustu í meginráttum um rekstur og umsjón stórra og umfangsmikilla verkefna sem þegar hafa hlotið styrk og loks kynning á starfsemi einingarrinnar.

Sókn Reykjavíkur í alþjóðlega rannsókn- og nýsköpunarsjóði verður haldið áfram og sækir umsóknasafnið umboð sitt í stefnur, áherslur og málaflokka Reykjavíkurborgar er varða meðal annars þróun samgöngukerfa, stafrænar umbreytingar, þróun stjórnsýslu og þróun borga. ESB er og verður áfram aðal vettvangur rannsókn- og nýsköpunarstyrkja og er mikilvægt að rækta getu Reykjavíkurborgar til þátttöku á þeim vettvangi á komandi ári. Skoðaðar verða einnig hugsanlegar fjármögnunarleiðir og tækifæri til samvinnu hins opinbera, atvinnulífs og rannsóknasamfélags.

Skrifstofa þjónustuhönnunar

Skrifstofan var sett á laggirnar þann 1. júní 2019 en þar er þjónustuveri Reykjavíkurborgar stillt upp samhliða verkefnastofu um innleiðingu nýrrar þjónustustefnu borgarinnar. Skrifstofu þjónustuhönnunar er falið að veita fyrirmyndar framlínubjónustu ásamt því að sinna þjónustuþróun þvert á borgarkerfið.

Á skrifstofunni verður haldið áfram vinnu við innleiðingu þjónustustefnu borgarinnar. Fest verður frekar í sessi ný hugmyndafræði í þjónustuveitingu innan borgarkerfisins sem felur í sér að hanna og veita alla þjónustu með notandann í fyrirrúmi, bæði í innra og ytra þjónustuumhverfi borgarinnar. Innan skrifstofunnar verður unnið að þessu markmiði í tveimur einingum það er í þjónustuverinu á Höfðatorgi og á verkefnastofu þjónustuhönnunar.

Verkefnastofa þjónustuhönnunar mun setja aukinn kraft í fræðslu, stuðning og þjálfun starfsmanna Reykjavíkurborgar er kemur að aðferðum við úrlausn verkefna og áskorana í þjónustuveitingu. Þar verður stuðst við aðferðafræði þjónustuhönnunar og notendamiðaðrar hönnunar (e. *Service design / Design thinking*). Unnið verður út frá endurskoðaðri aðgerðaráætlun um innleiðingu þjónustustefnunnar þar sem lögð er áhersla á eignarhald eigenda viðkomandi þjónustu þ.e.a.s. fagsviðana sem og aukna sjálfbærni verkefna inná fagsviðunum. Gert er ráð fyrir að þessi nálgun muni auka hraða innleiðingarinnar, festa hana betur í sessi og taka á þeim hindrunum sem orðið hafa í vegi hingað til.

Þjónustuverið á Höfðatorgi mun innleiða nýtt samskiptakerfi og lögð verður áhersla á samþættingu samskiptagátta og samræmdar mælingar. Með því mun nást betri yfirsýn yfir fyrirspurnir sem berast borginni í gegnum þær fjölmörgu samskipta- og þjónustugáttir sem borgin heldur úti með það fyrir augum að aðlaga og bæta upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa. Auk þess verður lögð áhersla á að skrásetja ferla með það að markmiði að greina aukin tækifæri til úrlausna mála við fyrstu snertingu og styttingu afgreiðslu mála fyrir notendur.

Skrifstofa þjónustuhönnunar er eigandi stórra lykilverkefna á þjónustu- og nýsköpunarsviði og má þar nefna viðskiptamannakerfi (e. *CRM*) borgarinnar og verkefnið um *Mínar síður* sem leysa mun *Rafræna Reykjavík* af hólmi sem sjálfþjónustugátt íbúa borgarinnar. Lögð verður mikil áhersla á framgang þessara nýju kerfa sem fela í sér gríðarleg tækifæri til þjónustubætingar við borgarbúa.

Stafræn Reykjavík

Skrifstofan var formlega stofnuð 1. júní 2019 við stjórnkerfisbreytingar sem þá komu til framkvæmda. Stafræn Reykjavík byggir að mestu leyti á starfsemi Rafrænnar þjónustumiðstöðvar en verkefnastjórar frá upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar sem stýra verkefnum á áætlun nýrra upplýsingakerfa og snjallborgarinnar ganga til liðs við hópinn til að styðja við stafræna þróun þvert á borgina. Hlutverk stafrænnar Reykjavíkur er að leiða stafræna vegferð borgarinnar, rafvæða umsóknarferla, leiða nýsköpun og fjárfestingu í tæknilegum innviðum, þróa vefi og aðra stafræna miðla.

Helstu áskoranir ársins 2020 lúta að áframhaldandi rafvæðingu umsóknarferla, innleiðingu hönnunarkerfis fyrir stafræna miðla sem og uppsetningu og innleiðingu á nýjum vef Reykjavíkurborgar. Efnisgerð fyrir opinbera vefi í samræmi við hönnunarstaðal verður mikil á næsta ári með notendamiðaða nálgun að leiðarljósi eftir forskrift þjónustustefnu borgarinnar. Ásýndarstjórnun og markaðssetning á þeim hugtökum sem eru í brenndepli stafrænnar Reykjavíkur verður einnig fyrirferðarmikil á næsta ári.

Áfram verður unnið að því að festa hugtakið *Snjallborgin* í sessi í hugum borgarbúa. Árið 2020 er áætlað að klára að setja upp tilraunasvæði á Klambratúni, halda áfram þróun sorptækni, Borgarhakkið sem sló í gegn 2018 verður endurtekið en þar gefst borgarbúum tækifæri til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og þróun. Gagnvirkir upplýsingaskjáiir verða settir upp í miðborginni og teknir til þrúfu.

Einnig verður framhald á samstarfi við umhverfis- og skipulagssviða og utanaðkomandi aðila vegna þróunar á snjöllum samgöngulausnum eins og deilihagkerfislausnir bílaflota, reiðhjóla og fleira.

Sjóðurinn *Ný upplýsingakerfi* mun áfram sinna sínu hlutverki og ýta undir nýsköpun í tæknilegu umhverfi Reykjavíkurborgar, endurnýjun hugbúnaðs og innleiðingu á nýrri tækni. Verkefni sem eru fjármöggnuð af sjóðnum ná þvert yfir borgina og er kallað eftir verkefnum einu sinni á ári. Verkefni sem fjármöggnuð eru af sjóðnum geta falið í sér kaup á ráðgjöf eða þróunarvinnu, kaup á hugbúnaðarleyfum og fleira sem hægt er að líta á sem fjárfestingu í nýjum kerfum, nýrri tækni, virkni kerfa eða framþróun tæknilegra innviða. Fjármöggnuð hafa verið um 40 verkefni á ári undanfarin 2 ár.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur kynnir og framfylgir lögum og reglum um skjalastjórn borgarstofnana og fyrirtækja í meirihlutaeign borgarinnar, hefur með höndum ráðgjöf og fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn og sinnir eftirliti með skjalastjórn borgarinnar. Safnið heldur úti lesstofu fyrir almenning og fræðimenn auk þess að miðla skjölum, til dæmis með sýningum og á vefsíðu safnsins. Brýnustu verkefni framundan eru að koma upp aðstöðu og aðföngum til móttöku rafrænna langtímavörslu skjala, taka í notkun nýtt umsýslukerfi með safnkostinum og nýja vefsíðu til að efla og styrkja aðgang að skjölum safnsins og upplýsingaflæði til stofnana og almennings.

Safnið fékk á árinu 2019 fjárveitingu til að kaupa umsýslukerfi til að halda utan um safnkost safnsins og miðla upplýsingum á vef, bæði skjalaskrá og ljósmynduðum skjölum. Umsýslukerfið er liður í því að uppfylla kröfur Þjóðskjalasafns Íslands til héraðsskjalasafna um hugbúnað til að halda utan um safnkostinn og fleira. Árið 2020 verður kerfið innleitt og vinna hafin við yfirfærslu og skráningu upplýsinga í kerfið. Fyrirséð er að ráða þurfi tímabundið starfsmenn í það verkefni.

Þjónusta við viðskiptavinum er mikilvægt hlutverk Borgarskjalasafns og forsenda þess að gera skjöl aðgengileg öllum er góð skráning. Á árinu 2020 verður vefsíða Borgarskjalasafns færð í nýtt vefumhverfi með það fyrir augum að auka rafræna miðlun skjala og bæta aðgengi almennings að þeim. Ljósmynduðum skjölum verður miðlað jafnt og þétt á vef, eftir því sem mannaflí leyfir.

Áfram verður unnið að undirbúningi fyrir langtímavörðveislu rafrænna mála- og skjalakerfa sem og gagnagrunna. Safnið hefur hafið móttöku á tilkynningum um rafræn kerfi og stefnt er að fyrstu afhendingu haustið 2020 en forsenda þess er að nauðsynleg aðföng fái. Liður í því er að koma upp viðtökuverkstæði með nauðsynlegum vél- og hugbúnaði til móttöku rafrænna vörsluskráa frá stofnunum Reykjavíkurborgar.

Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar

Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR) var formlega stofnuð 1. júní 2019 í kjölfar stjórnkerfisbreytinga. Hlutverk UTR er að reka upplýsingatækniinnviði borgarinnar með einföldun, hagræði og öryggi að leiðarljósi ásamt því að þróa hugbúnaðarlausnir í stafrænni vegferð með það að markmiði að gera upplýsingatækniinnviði Reykjavíkurborgar fremsta meðal jafningja og hámarka þjónustuveitingu til starfsmanna.

Helsta áskorun UTR árið 2020 er einföldun tæknilegra innviða með öryggi að leiðarljósi og aðlögun á starfsemi borgarinnar að breyttu verklagi og ferlum. Einnig er töluverð áskorun fólgin í því að samþætta flókna og fjölbreytta tæknilega innviði sem eru staðsettir í vélasölum Reykjavíkurborgar og í skýjalausnum.

Helstu verkefni UTR árið 2020 eru að úthýsa ákveðinni starfsemi svo sem vélasölum, miðlægrri aðgangsstýrðri prentun og ákveðnum hluta upplýsingatækniinnviða. Einnig verða allir samningar sem snúa að upplýsingatækni yfirfarnir og þeir endurnýjaðir eins og þörf er á með tilliti til breyttra þarfa Reykjavíkurborgar, nýrra laga um vinnslusamninga og ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (GDPR). UTR mun einblína á verkefni sem snúa að sjálfsafgreiðslu starfsmanna samanber að breyta um lykilorð og val á búnaði með rafrænu samþykki.

Samstarf við önnur svið Reykjavíkurborgar verður aukið. Skoðaður verður sameiginlegur vettvangur fyrir sviðin til að ræða upplýsingatæknimál sem og önnur virðisaukandi verkefni er mæta þörfum sviðanna. Til viðbótar verður skipaður þjónustustjóri fyrir hvert svið sem vinna mun að hag sviðanna og veita málum þeirra brautargengi innan PON.

Gagnþjónusta Reykjavíkurborgar

Skrifstofan var formlega stofnuð 1. júní 2019 við stjórnkerfisbreytingar sem þá komu til framkvæmda. Skjalastýring, áður skjalaver, hefur umsjón með skjalamálum miðlægrar stjórnarsýslu og skrifstofum sviða sem hafa aðsetur í Borgartúni. Endurskoðun málalýkla og skjalavistunaráætlana miðlægrar stjórnarsýslu og fyrir miðlægar skrifstofur fagsviða verður lokið í byrjun árs. Lokið verður einnig við að útbúa nýja málalýkla og skjalavistunaráætlanir fyrir ný kjarnasvið á fyrrihluta árs. Sérstöku átaki í skjalamálum undirstofnana og starfsstaða velferðasviðs lýkur einnig á fyrrihluta þessa árs.

Gagnþjónustan ber ábyrgð á innleiðingu og þróun á nýju upplýsingastjórnunarkerfi sem fengið hefur nafnið *Hlaðan*. Innleiðing Hlaðunnar mun kalla á breytingu á störfum starfsmanna skjalastýringar og verklag við umsjón og meðferð skjala almennt. Ljóst er að mikil vinna verður við frágang og skil þegar þeir aðilar sem skjalastýring þjónustar taka í notkun nýtt upplýsingastjórnunarkerfi. Loka þarf eldri kerfum, ganga frá málum og undirbúa skjöl til langtímavaraðveislu. Gera má ráð fyrir að sú vinna geti spannað nokkur ár.

Upplýsingagreind er nýtt áherslusvið en innleitt verður teymi sem sérhæfir sig sérstaklega á þessu sviði. Innan upplýsingagreindar verður litið á gögn borgarinnar, bæði skjöl og töluleg gögn, sem auðlind og eign borgarinnar til hagnýtingar. Markmið teymisins er að sjá til þess að gögn borgarinnar séu geymd og samþættuð til þess að hægt sé að nýta þau frekar bæði til skýrslugerðar, í framendakerfum og í tölfræðigreiningum. Með þessum hætti næst hagræðing í rekstri og skapast tækifæri til framtíðar.

Ábyrgðasviði Upplýsingagreindar verður skipt í tvo meginþætti: gagnahögun (*e. data engineering*) og gagnavísindi (*e. data science*). Stefnt er að smíði miðlægs samþættingarlags gagna í þeim tilgangi að hafa gögn úr grunnkerfum aðgengileg og uppbyggð á einum miðlægum stað. Með þessu móti fær upplýsingagreind yfirsýn yfir gögn borgarinnar, getur aðgangstýrt aðgengi og undirbúið gögn til frekari hagnýtingar.

Markmið gagnavísinda er að beita nútíma tölfræðiaðferðum og tólum til að öðlast dýpri innsýn inn í gögn, rekstur og ferla borgarinnar. Með tilkomu miðlægs samþættingarlags gagna, verður hægt að hagnýta gögn enn frekar með nútíma viðskiptagreind og tölfræðiaðferðum. Þá verður hægt að nota hvaða viðskiptagreindarhugbúnað sem er (eins og QlickSense) til að gera greiningar á gögnum ofan á samþættingarlaginu. Einnig verður sá möguleiki til staðar að nota opinn hugbúnað til að gera greiningar og smíða tölfræðilíkon sem skapa enn frekari hagræðingar í rekstri.

Rekstrarþjónusta Reykjavíkurborgar

Við stjórnkerfisbreytingar þann 1. júní 2019, var þjónustudeild skrifstofu þjónustu og reksturs skipt upp í tvær skrifstofur, annars vegar þjónustuhönnun Reykjavíkurborgar og hins vegar rekstrarþjónustu Reykjavíkurborgar (RPR). Helstu verkefni RPR samkvæmt nýju skipulagi eru: rekstur stjórnsýslubygginga og/eða annarra þeirra bygginga sem einingunni er falið að sinna; öryggismál og aðgangsstýringar bygginga sem einingin hefur í rekstri; mötuneyti stjórnsýslubygginga og/eða annarra staða sem einingunni er falið að sinna; flotastjórnun og rekstur bifreiða, reiðhjóla eða annarra samgöngutækja í stjórnsýslubyggingum og/eða annarra samgöngutækja er einingunni er falið að sinna.

Endurnýjun tækjabúnaðar í fundarherbergjum Höfðatorgs lýkur fyrri hluta árs 2020 og hefur þá tölvubúnaður verið endurnýjaður og nýir skjáir leyst skjávarpa og tjöld af hólmi. Skjalageymsla Höfðatorgs hefur verið yfirfarin og henni breytt til að auka öryggi gagnvart mögulegu eld- og/eða vatnstjóni. Árið 2019 hófst vinna við allsherjar yfirhalningu á fundar- og salaraðstöðu Ráðhúss, þar sem tækjabúnaður og húsbúnaður er uppfærður til að mæta kröfum um nútíma fundaraðstöðu. Verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2020.

Vinna við uppfærslu ýmissa húskerfa er þegar hafin, en ljóst er að aðgangsstýringar og öryggismál Ráðhúss og Höfðatorgs er helsta áskorun RPR framundan, þar sem kerfin eru gömul, úr sér gengin og mæta ekki kröfum um nútíma öryggi. Stefnt er að því að endurnýja aðgangsstýringarkerfi beggja húsa og samræma þau. Farið verður yfir öll kerfismál húsa með það í huga að endurnýja og uppfæra til samræmis við nútímaparfir. Mikið af innréttingum Ráðhúss þarfnast nú endurnýjunar, svo sem salernisaðastaða, hurðar, tjöld og ljósabúnaður. Farið verður í mat á allri aðstöðu og verkefnum forgangsraðað.

Samningstími vegna reksturs mötuneyta stjórnsýsluhúsa rennur út um mitt árið 2020 og er vinna við nýtt útboð þegar hafin. Aukin eftirspurn hefur verið eftir fjölbreyttara grænmetisfæði og vegan, því fær slík fæða mun meira vægi í nýju útboði og samningum. Ábyrgð á flotastjórnun eða annarri umsjón samgöngutækja stendur til en hefur ekki verið skilgreind, né falin RPR formlega á hendur.

FJÁRFESTINGARÁÆTLUN ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐS

Drög að fjárfestingaráætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs gerir ráð fyrir að 1.223 milljónum verði varið til fjárfestinga á árinu 2020. Er það rétt rúmlega 20 milljóna króna hækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga á árinu 2019. Fjárfestingaráætlun ÞON skiptist í *Ný upplýsingakerfi*, *Stafræna Reykjavík*, *Snjallborgina* og *Notendabúnað*.

Samhæfð stýring allra verkefna úr fjárfestingaráætlun er í höndum verkefnaráðs þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Í verkefnaráði sitja sviðsstjóri ÞON, skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur, skrifstofustjóri Gagnþjónustu Reykjavíkur og skrifstofustjóri Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar ásamt verkefnastjóra verkefnaskrár sem er starfsmaður ráðsins. Verkefnaráð hefur það hlutverk að meta og samþykkja verkefni sem óskað er eftir að séu framkvæmd og tryggja að fjárfestingum sé varið í samræmi við heildaráherslur og stefnur borgarinnar. Verkefnaráð sér einnig til þess að einungis sé sá fjöldi verkefna í vinnslu á hverjum tíma sem samsvarar fullum afköstum þeirra auðlinda sem Reykjavíkurborg hefur yfir að ráða á hverjum tíma.

Miðlæg verkefnaskrá ÞON er megin stjórnþæki verkefnaráðs. Henni er ætlað að stuðla að betri yfirsýn allra helstu hagsmunaaðila. Verkefnaskrá felur í sér ítarlega skráningu, greiningu og aðhald með framgangi verkefna á fjárfestingaráætlun með það að leiðarljósi að samhæfa og forgangsraða verkefnum þannig að tryggja megi hámarksárangur og arðsemi þeirra. Verkefnaráðið áskilur sér rétt til að hafna verkefnum, setja af stað ný verkefni og stöðva önnur ef tilefni er til. Verkefnaráð metur stöðu og

endurskoðar verkefni verkefnaskrár mánaðarlega og kynnir mikilvæga áfanga í framkvæmdarferli áætlunarinnar fyrir fagraði MNL við hvert ársfjórðungsuppgjör.

Notendabúnaður

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2020
Notendabúnaður	
1) Útstöðvar	
Borðtölvur - öll svið nema grunnskólar	27.500.000
Borðtölvur fyrir grunnskóla	5.500.000
Fartölvur - öll svið nema grunnskólar	52.500.000
Fartölvur fyrir grunnskóla	48.750.000
Spjaldtölvur - öll svið nema grunnskólar	950.000
Spjaldtölvur og Cromebook fyrir grunnskóla	85.400.000
Skjáiir, dokkur og prentarar	19.400.000
2) Kerfisrekstur	
HyperV netþjónar	35.000.000
Aðrir netþjónar	10.000.000
Diskageymslur	20.000.000
Gagnaver	5.000.000
Afritun (m.a TSM ,VeeAm)	20.000.000
3) Víðnet	
Miðlægur búnaður (Höfðatorg, hnút- og tengipunktur)	15.000.000
Starfsstaðir (m.a svissar, WiFi)	80.000.000
Fjárfestingar samtals:	425.000.000

Nánar um verkefni á fjárfestingaráætlun 2020:

Notendabúnaður: Búnaður hefur verið endurnýjaður á 3-5 ára fresti sem er nauðsynlegt til að tryggja skilvirgni í notkun og öryggi. Mikil þörf er á endurnýjun búnaðar sem kominn er til ára sinna. Sérstök áhersla verður á endurnýjun búnaðar fyrir nemendur þar sem misræmi er í tölvubúnaði milli skólanna, leiða má líkur að því að sækja þurfi auka fjármagn til að mæta þörfinni sem er til staðar.

Kerfisrekstur: Miðlægur búnaður er að falla úr ábyrgð hjá framleiðanda sem þýðir að þeir hætta hugbúnaðaruppfærslum ásamt því að þeir minnka þjónustustigið. Þörf er að fjárfesta í endurnýjun til að brúa bilið þangað til að miðlægum búnaði verður úthýst eins og hægt er.

Víðnetið: Skipulögð endurnýjun hófst árið 2016 á miðlægum netbúnaði til að geta tekið við notkun frá starfsstöðum og þörf er á að halda áfram á þeirri braut til að tryggja nauðsynlegt netkerfi fyrir alla starfsstaði með sérstaka áherslu á skólanna þar sem þörfin er orðin mikil fyrir afkasta mikið net.

Stafræn Reykjavík

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2020
Stafræn Reykjavík	
Rafvæðing umsóknarferla - rafræn aðlögun	100.000
Vefþróun	35.000
Ráðgjöf	5.000
Hönnunarkerfi / Design system	10.000
Ófyrirséður kostnaður	10.000
Fjárfestingar samtals:	160.000

Nánar um verkefni á fjárfestingaráætlun 2020:

Rafvæðing umsóknarferla – rafræn aðlögun: Árið 2019 var umsóknarferill vegna fjárhagsaðstoðar rafvæddur. Nú verður haldið áfram þeirri vegferð að rafvæða sem flestar umsóknir og stytta ferla með notendamiðaða nálgun að leiðarljósi. Fjárfest verður í hugbúnaðarteymi til tveggja ára sem ætlað er að keyra nokkur verkefni á sama tíma til að auka afköst.

Vefþróun: Samkvæmt nýlegri greiningu á vefumhverfi Reykjavíkurborgar á borgin 469 mismunandi vefi. Endurnýjunarþörfin á mörgum af þessum vefjum er hrópandi. Á árinu 2019 lauk stafræn Reykjavík við uppfærslu á öllum vefjum grunnskóla í borginni og nú hafa leikskólar borgarinnar kallað eftir samskonar endurnýjun. Önnur verkefni eins og Frístundavefurinn fristund.is, vefur Umboðsmanns Borgarbúa, nýr vefur fyrir Listasafn Reykjavíkur o.fl. eru meðal þeirra óska sem komu inn þegar kallað var eftir verkefnum í gegnum fjárfestingasjóði þON. Margar af þessum veflausnum eru notaðar sem þjónustugáttir fyrir borgarbúa í dag.

Ráðgjöf: Stafræn Reykjavík og aðrar einingar þjónustu- og nýsköpunarsviðs fjárfesta í ráðgjöf þegar kemur að upplýsingatækni, stafrænum lausnum, hönnunarhugsun, bestun og öðru því sem þykir vera ákjósanlegast hverju sinni, með það að leiðarljósi að koma Reykjavíkurborg í fremstu röð þegar kemur að stafrænum lausnum og tæknilegri högun.

Hönnunarkerfi / Design system: Á árinu 2019 hefur stafræn Reykjavík unnið að þróun hönnunarkerfis eða „design system“ sem er í senn hönnunarstaðall fyrir stafræna miðla og hönnunarkerfi en á árinu 2020 verður kerfið innleitt. Kerfið mun auðvelda uppsetningu vefja og gera alla ásýndarmörkun markvissari. Kerfið mun einnig spara tíma og fé þegar kemur að þróun nýrra lausna þar sem samstarfsaðilar geta byggt upp vefi á kerfinu.

Snjallborgin Reykjavík

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2020
Snjallborgin Reykjavík	
Snjallborgar- og nýsköpunarstefna	5.000
Tilraunasvæði á Klambratúni	1.500
Gagnvirkir upplýsingaskjáiir	4.000
Próun á snjallborgarklasa	8.000
Borgarhakkid og aðrir viðburðir	7.000
Smart City Expo - samstarf við Íslandsstofu	1.500
Aðgangsstýrð hjólastæði	4.000
Cisco Kinetic for Cities - IOT Platform	3.000
Notkun gervigreindar (AI) í þjónustu - rannsókn og pilot	2.000
Miðlun og kynningar	9.000
Ófyrirséður kostnaður	5.000
Fjárfestingar samtals:	50.000

Nánar um verkefni á fjárfestingaráætlun 2020:

Snjallborgar- og nýsköpunarstefna: Haldið verður áfram með vinnu sem hófst á árinu 2019 en stefnt er að því að ljúka við snjallborgar- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar um mitt ár 2020. Með stefnunni verður hægt að byggja upp samstarf við frumkvöðla og háskólasamfélagið með skýrum hætti og eftir mótuðum leiðum.

Tilraunasvæði á Klambratúni: Árangur af tilraunaverkefni í samstarfi við Farsýn varðandi ljósleiðaravæðingu ljósastaura frá 2018-2019 verður metinn og næstu skref tekin. Verkefnið er unnið í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið en til að byggja enn frekar ofan á það verður einnig farið í samstarf við gagnþjónustu borgarinnar varðandi hagnýtingu á þeim gögnum sem verða til í ferlinu.

Gagnvirkir upplýsingaskjáiir: Haldið verður áfram með verkefni frá 2019 sem unnið var í samstarfi við Strætó BS og umhverfis- og skipulagssvið, þar sem settur var upp gagnvirkur skjár í Austurstræti. Árangur af nýtingu skjásins verður metinn og verkefnið skalað upp í kjölfarið.

Próun á snjallborgarklasa: Skoðað verður hvernig snjallborgin getur haft aðkomu að frumkvöðlasetri Grósku í Vísindagörðum Háskóla Íslands, fyrir starfsfólk borgarinnar og samstarfsaðila sem koma að samfélagslegum nýsköpunar- og þróunarverkefnum.

Borgarhakkid og aðrir viðburðir: Borgarhakkid hefur fest sig í sessi sem viðburður sem frumkvöðlasamfélagið sækir í. Árið 2018 tóku 48 teymi þátt og unnu með hugmyndir að þjónustu, ítrun á þjónustu, nýrri virkni eða vörum sem Reykjavíkurborg gæti nýtt sér. Auk þess er áætluð aðkoma að öðrum hækkaðum eins og Reboot Hack sem Háskóli Íslands stendur fyrir í samstarfi við alla aðra háskóla á landinu.

Smart City Expo: Smart City Expo í Barcelone er stærsta snjallborgarráðstefnan sem haldin er í heiminum ár hvert. Undanfarin tvö ár hefur Snjallborgin í Reykjavík verið í samstarfi við Íslandsstofu um kynningu á snjall- og stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar á ráðstefnunni til viðbótar við að halda úti bás og flytja erindi.

Aðgangsstýrð hjólastæði: Aðgangsstýrð hjólastæði hafa verið sett upp við stærstu vinnustaði borgarinnar með góðum árangri og mikilli notkun. Unnið verður að því að skala upp hjólastæðafjöldann við fjölfarin þjónustusvæði í borgarlandinu, samgöngumiðstöðvar, sundlaugar og bílastæðahús, á Lækjartorgi, við Landspítalann, á Granda, í Skeifunni og Glæsibæ.

Cisco Kinetics for Cities – IOT platfrom: Unnið verður að samþættingu gagna úr mismunandi kerfum borgarinnar og IOT (internet hlutanna) lausnum sem eru til reynslu. Samræmdri, aðgengilegri og myndrænni framsetningu er ætlað að skila sér í betri skilningi og ákvörðunum við uppbyggingu borgarinnar. Hægt verður að opna á gögnin í gegnum vefþjónustu svo að frumkvöðlar, háskólanemendur og aðrir hagaðilar geti unnið frekar með þau og skapað nýjar lausnir.

Notkun gervigreindar í þjónustu (AI) – rannsókn og pilot: Notendarannsóknir hafa sýnt fram á að þeir sem sækja þjónustu gera auknar kröfur um sjálfvirkni og meiri virkni á þeim miðlum sem notendur kjósa sjálfir en ekki endilega þeim sem t.d. sveitarfélög og stofnanir eru að nota. Verkefnið gengur út á að rannsaka frekar hvernig Reykjavíkurborg getur nýtt sér gervigreind í þjónustu með virkni spjallmenna og við sjálfvirka flokkun skjala í þjónustugáttum.

Miðlun og kynningar: Vegna þess mikla meðbyr sem Snjallborgin hefur fengið síðustu misserin er mikilvægt að kynna af krafti snjallar lausnir fyrir borgarbúum sem og vekja enn frekari áhuga lykilhagsmunaaðila á snjallvæðingu borgarinnar. Leita þarf snjallara lausna þegar kemur að miðlun á vef- og samfélagsmiðlum og kynningu á þeim verkefnum og viðfangsefnum sem framundan eru árið 2020. Unnið verður að hönnun og forritun á vefnum snjallborgin.is þar sem verkefni Snjallborgarinnar verða gerð aðgengileg á einum stað. Virkni á samfélagsmiðlum sýnir til viðbótar að viðbrögð við útskýringarmyndböndum eru mun meiri en við hefðbundnum innleggjum og verður því unnið þétt að efnisgerð til innsetningar á miðlum verkefnisins. Stefnt er að því að fara í sérstakt átak til að kynna snjallborgina og snjallar lausnir fyrir grunnskólanemum með umhverfisvitund að leiðarljósi og skoða samstarf við þá aðila sem unnið hafa gott starf á þeim vettvangi.

Ný upplýsingakerfi

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2020
Ný upplýsingakerfi	
Hlaðan, nýtt upplýsingastjórnunarkerfi	300.000
Sérstakt innleiðingarteymi Hlöðunnar	88.000
Innleiðing stjórnunarupplýsinga (QlikSense)	50.000
Málaskrá velferðarsviðs og Barnaverndar	15.000
Fjárfestingarverkefni sem hófust 2019 og færast á milli ára	35.000
Ný verkefni sem óskað var eftir	100.000
Fjárfestingar samtals:	588.000

Nánar um verkefni á fjárfestingaráætlun 2020:

Hlaðan, nýtt upplýsingastjórnunarkerfi: Stofnkostnaður og uppsetning á nýju upplýsingastjórnunarkerfi borgarinnar. Hlaðan mun leysa skjalakerfi borgarinnar af hólmi og er útbúin öllum þeim tengingum sem nútíma upplýsingastjórnunarkerfi þarf á að halda til að geta tengst við önnur kerfi, vefi og lausnir. Hlaðan mun halda utan um myndun, umsjón, umsýslu, vinnslu, notkun, stjórnun, vörslu og rafræn skil upplýsinga á öllum sviðum borgarinnar.

Innleiðingarteymi Hlöðunnar: Til að tryggja örugga og skjóta innleiðingu kerfisins, verður sérstakt teymi fengið inn til að vinna í ferlum og uppsetningu þess á flestum eða öllum starfsstöðum borgarinnar. Einnig er ætlunin að styrkja skjalastýringu og ferla í kringum hana í starfsemi borgarinnar.

QlikSense, innleiðing stjórnunarupplýsinga: Áframhaldandi innleiðing og þekkingaruppbygging Reykjavíkurborgar á QlikSense.

Málaskrár velferðarsviðs og Barnaverndar: Greining og undirbúningur fyrir útboð á nýju málaskrárkerfi velferðarsviðs og Barnaverndar. Skoðuð verða möguleg samlegðaráhrif við önnur kerfi s.s. Hlöðuna.

Fjárfestingarverkefni sem færast á milli ára: Ljóst er að nokkur verkefni sem hafin eru færast á milli ára, má þar nefna fasteignaumsjónarkerfi, umsýslukerfi fyrir Borgarskjalasafn, nýjan húsnæðisþjónustugrunn, viðbætur við Agresso og greiningu á skráningarkerfum skóla- og frístundarsviðs.

Ný fjárfestingaverkefni: Meðal umsókna fyrir ný verkefni eru kerfi fyrir frístundakort, hugbúnaður fyrir framleiðslueldhús velferðarsviðs, nýtt aðgangs- og öryggiskerfi stjórnarsýsluhúsa, gagnagátt og álagninga- og málakerfi Bílastæðasjóðs. Umsóknum verður forgangsraðað í byrjun árs 2020 af verkefnaráði þjónustu- og nýsköpunarsviðs með stefnu um nýtingu upplýsingatækni, þjónustustefnu og heildarhagsmuni borgarinnar að leiðarljósi.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Nýtt svið þjónustu- og nýsköpunar mun stíga markvisst inn í innleiðingaráætlun kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar (KFS). Kynjuð fjárhagsáætlunargerð tekur mið af ólíkri stöðu borgaranna og leitast eftir því að tryggja að þjónusta og gæði mæti mismunandi þörfum þeirra til lífs og leiks. Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna borgarinnar með hagsmuni allra borgarbúa að leiðarljósi.

Settur verður saman fjögurra manna starfshópur sem rýna mun þjónustubætti sviðsins og setja saman áætlun um greiningu á dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins, í samræmi við markmið KFS um dreifingu fjármuna. Lagt er upp með að rýni og ætlunargerð verði lokið um mitt ár 2020 og hefst þá hin eiginlega greiningarvinna. Vonir standa til að hægt verði að leggja fyrstu niðurstöður greininga til grundvallar fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2021.

Skoðað verður til viðbótar með hvaða hætti innleiða megi jafnréttisskimun og/eða jafnréttismat inn í verkferli fyrir nýsköpunarverkefni á fjárfestingaráætlun og þannig styðja betur við ákvarðanatöku, forgangsröðun og ráðstöfun fjármuna.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI


	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Miðlæg starfsemi					
Rannsóknarþjónusta - fjöldi styrkja				3	5
Stafræn Reykjavík					
Fjöldi heimsókna á vefinn Reykjavik.is	1.663.607	1.901.340	1.886.792	2.000.000	2.050.000
Fjöldi vefja í eigu Reykjavíkurborgar			469	472	450
Skrifstofa þjónustuhönnunar					
Fjöldi símtala	142.667	135.406	122.971	120.000	115.000
Fjöldi netspjalla	3.414	5.400	6.740	7.400	8.500
Fjöldi ábendinga			614	7.000	10.000
Fjöldi heimsókna í þjónustuver í Borgartúni	44.375	39.976	40.424	40.000	38.000
Fjöldi heimsókna í móttöku Ráðhúss		5.800	6.000	7.000	7.500
Rekstrarþjónusta Reykjavíkurborgar					
Seldar máltíðir í mötuneyti Ráðhúss		21.531	22.300	22.300	22.400
Seldar máltíðir í mötuneyti Höfðatorgs		61.958	69.790	72.200	72.200
Fjöldi viðburða í Ráðhúsi		90	81	70	70
Fjöldi viðburða í Höfða		76	100	95	98
Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar					
Þjónustuborð - Fjöldi símtala	20.222	18.114	19.040	17.000	18.000
Heildarfjöldi afgreiddra verkbeiðna	26.404	27.271	29.020	28.000	29.000
Fjöldi útstöðva - Borðtölvur	4.889	4.508	4.427	4.060	3.500
Fjöldi útstöðva - Fartölvur	2.313	2.668	3.536	3.970	3.700
Fjöldi útstöðva - Spjaldtölvur og Chromebook	1.679	1.947	1.344	3.137	4.150
Fjöldi nettengdra prentara	819	840	845	875	865
Fjöldi skráðra virkra notenda í kerfum	24.726	27.392	26.949	28.404	28.000
Gagnaþjónusta Reykjavíkurborgar					
Fjöldi mála stofnuð í GoPro brunnnum	11.584	12.284	11.514	12.000	9.000
Fjöldi skráðra skjala í GoPro brunnnum	99.526	100.952	89.637	98.000	90.000
Borgarskjalasafn Reykjavíkur					
Hillumetrar af mótteknum skjölum	205	199	200	160	160
Fjöldi fyrirspurna	1.511	1.422	1.405	1.400	1.400



Ráðhús Reykjavíkur. Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson

SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

SKIPURIT



HLUTVERK

Miðlæg stjórnýsla samanstendur af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarlögmanns, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu auk innri endurskoðunar og umboðsmanns borgarbúa. Miðlæg stjórnýsla sinnir fjölbreyttum verkefnum, samhæfingu og eftirliti innan stjórnýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir stefnumörkun og ákvörðunum borgarstjórnar, borgarráðs og mannréttinda- og lýðræðisráðs og greiðir fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum bæði inn á við og út á við. Þá sinnir miðlæg stjórnýsla samskiptum við B-hluta fyrirtæki og byggðasamlög og hefur yfirumsjón með innleiðingu mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020


	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur	104.843	93.711	66.711
Tekjur samtals	104.843	93.711	66.711
Laun og launatengd gjöld	1.153.161	1.197.016	1.224.829
Annar kostnaður	356.178	358.450	359.621
Rekstrargjöld samtals	1.509.339	1.555.466	1.584.450
Rekstrarniðurstaða	1.404.496	1.461.755	1.517.739

STARFSFÓLK


	Raun 2018	Útkmsp. 2019	Áætlun 2020
Fjöldi stöðugilda	83,1	66,3	65,15
Eftir skrifstofum:			
Borgarlögmaður	9	9	9
Innri endurskoðun	8,7	8,9	8,75
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	8,9	11,9	11,9
Skrifstofa borgarstjóra- og borgarritara	46	26	25
Skrifstofa borgarstjórnar	7,5	7,5	7,5
Umboðsmaður borgarbúa	3	3	3

SKIPTING REKSTRAR 2020

Skipting rekstrarútgjalda



Hlutfallsleg skipting útgjalda



MEGINÁHERSLUR SKRIFSTOFA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

BORGARLÖGMAÐUR

Verkefni borgarlögmanns taka mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Fastur liður í starfsemi borgarlögmanns er málflutningur, lögfræðileg ráðgjöf, álitserðir og umsagnir, yfirlestur og skjalagerð fyrir stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar vegna samninga við þriðja aðila.

Borgarlögmaður annast fyrirsvar og hagsmunagæslu fyrir Reykjavíkurborg fyrir dómstólum. Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning en ekkert lát virðist vera á fjölgun dómsmála. Þá eru flest dómsmálanna bæði flóknari og umfangsmeiri en verið hefur sem krefst mun meiri vinnu af hálfu starfsfólks embættisins. Stöðug aukning hefur verið á fjölda dómsmála á síðastliðnum árum, ekki síst í málum fyrir velferðarsvið, þ.e. barnaverndar- og lögræðismál, sem sæta að auki flýtimeðferð fyrir dómi. Jafnframt er gert ráð fyrir því að talsverðum tíma starfsfólks embættisins muni vera varið í annars vegar

fyrirsvar fyrir hönd Reykjavíkurborgar gagnvart ýmsum eftirlits- og úrskurðaraðilum á stjórnáslustigi og hins vegar afgreiðslu hefðbundinna stjórnáslumála. Mikil aukning hefur einnig orðið á fjölda stjórnáslumála sem vísað er til meðferðar hjá embættinu á síðustu árum.

Einnig er áfram gert ráð fyrir töluverðu vinnuframlagi starfsfólks við ráðgjöf vegna lóðamála og samgöngumála. Þá er ráðgjöf á sviði útboðsmála alltaf fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi borgarlögmanns, en eitt af verkefnum borgarlögmanns er að veita ráðgjöf á sviði opinberra innkaupa. Með þeirri breytingu sem gerð var á lögum um opinber innkaup árið 2016 (sem tók að fullu gildi gagnvart sveitarfélögum hinn 31. maí 2019) ná lög yfir mun fleiri tegundir verkefna, til að mynda hjá félagsþjónustu, en áður hefur verið. Auk þess bjóða lög in upp á aukið svigrúm til viðræðna kaupanda við bjóðendur sem innkaupadeild Reykjavíkurborgar hefur í auknum mæli notast við í innkaupaferlum undanfarin misseri. Slík innkaupaferli taka mun lengri tíma og útheimta mun meiri ráðgjöf en almennt á við um einföld útboð. Eðli málsins samkvæmt hefur því umfang ráðgjafar borgarlögmanns aukist á þessum tíma í réttu hlutfalli við lengd samningsgerðarinnar. Fyrirséð er að innkaupadeild mun halda áfram að notast við innkaupaferli sem heimila viðræður við bjóðendur, enda eiga slík ferli að skila betri samningsniðurstöðum. Þá er viðbúið að meiri þörf verði á ráðgjöf og fræðslu borgarlögmanns á sviði innkaupamála í framhaldi af samþykkt og gildistöku nýrra innkaupareglna Reykjavíkurborgar fyrr á þessu ári. Jafnframt liggur fyrir að undirbúningur útboða er orðinn tímafrekari, en um 70 fleiri verksamningar heyra nú undir lög um opinber innkaup en áður hafa gert.

Borgarlögmaður er í fyrirsvari vegna krafna um skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysabætur sem beint er gegn Reykjavíkurborg og annast uppgjör þeirra. Þessi þáttur starfseminnar er áfram stöðugt vaxandi og er nú svo komið að segja má að tvö og hálf stöðugildi sé að jafnaði bundið við afgreiðslu þessara mála.

INNRI ENDURSKOÐUN

Hlutverk Innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er ætlað að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjavíkurborgar, fyrirtækja hennar og stofnana. Meginviðfangsefnin eru að leggja mat á og efla virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum. Innri endurskoðun innan A hluta samstæðu Reykjavíkurborgar er sinnt í umboði borgarráðs sem setur skrifstofunni sérstakar starfsreglur (Audit Charter). Samkvæmt starfsreglunum ber innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar jafnframt ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Innri endurskoðunaráætlun næsta starfsárs verður lögð fyrir endurskoðunarnefnd í desember 2019 sem er undirnefnd borgarráðs og hefur m.a. það hlutverk að afgreiða innri endurskoðunaráætlun. Val og forgangs röðun verkefna í innri endurskoðunaráætlun er byggt á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð innri endurskoðunaráætlunar er tekið tillit til innleggs frá kjörnum fulltrúum, stjórnendum borgarinnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðun gerir jafnframt innri endurskoðunaráætlanir fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Orkuveituna, Félagsbústaði, Faxaflóahafnir og Malbikunarstöðina Höfða hf. og eru þær lagðar fyrir stjórnir þessara félaga. Stjórnir Sorpu og Strætó gerðu samning við 3ja aðila um að sinna innri endurskoðun.

Hagræðing: Stefnt er að aukinni rekstrarhagræðingu hjá Innri endurskoðun á næsta ári með minni kaupum á sérfræðiþjónustu.

MANNRÉTTINDA- OG LÝÐRÆÐISSKRIFSTOFA

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Einnig ber skrifstofan ábyrgð á lýðræðisverkefnum og samráði við notendur.

Skrifstofan vinnur með mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir: öldungaráð Reykjavíkurborgar, fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar, ofbeldisvarnarnefnd og aðgengis og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík.

Á árinu 2019, við skipulagsbreytingar í miðlægrri stjórnýsly, var nafni skrifstofunnar og verkefnum breytt. Skrifstofan fékk nafnið mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa og samhliða því voru lýðræðisverkefni flutt frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Með lýðræðisverkefnum voru færðar 37 milljónir sem færðar voru undir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Eitt stöðugildi auk kostnaðs við verkefnið Hverfið mitt og Sköpunartorg fellur þar undir.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa tók við umsýslu vegna íbúaráða í maí 2019 og eru fjárheimildir vegna íbúaráða 59 milljónir fluttar frá velferðarsviði til skrifstofunnar. Eitt stöðugildi auk launakostnaðar við íbúaráð fellur þar undir.

Hagræðing: Vegna hagræðingar á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verður hagræðing útfærð af ýmsum kostnaðarliðum svo sem öðrum kostnaði, prentun, stafsmannakostnaði og ferðakostnaði. Af þeim fimm kostnaðarstöðum sem tilheyra skrifstofunni verður um helmingur hagræðingar tekin af kostnaðarstað mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

Borgarstjórinn í Reykjavík er framkvæmdastjóri og æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar. Borgarritari er einn af staðgenglum borgarstjóra og æðsti embættismaður borgarinnar að undanskildum borgarstjóra. Borgarritari hefur yfirumsjón með miðlægrri stjórnýsly og stoðþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar og er tengiliður Reykjavíkurborgar við byggðasamlög og B-hluta félög.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara sinnir þjónustu við embætti borgarstjóra og borgarritara. Skrifstofan hefur yfirumsjón með miðlægrri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslunnar. Skrifstofan annast samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaðila innanlands og utan, annast skipulagningu móttaka og viðburða ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið. Á skrifstofunni er unnið að undirbúningi mála fyrir borgarráð og önnur ráð Reykjavíkurborgar ásamt úrvinnslu og eftirfylgd mála sem skrifstofunni eru falin á þeim vettvangi. Innan skrifstofunnar eru lýðheilsu-, alþjóða- og miðborgarmál vistuð ásamt eigna- og atvinnuþróunarverkefnum. Þá er veitir skrifstofan stuðning við undirbúning og framkvæmd stefnumótunar á vegum Reykjavíkurborgar auk þess sem upplýsingamál heyrja undir skrifstofuna.

Á árinu 2020 verður líkt og undanfarin ár lögð áhersla á markvissa vinnu við að bæta verklag, verkferla og innra starfsumhverfi skrifstofunnar meðal annars með bættu aðgengi að þjónustu með rafvæðingu

ferla. Þá verður áhersla á áframhaldandi innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar og umbætur á sviði stjórnsýslu.

Alþjóðamál: Unnið hefur verið að mótun nýrrar stefnu í alþjóðamálum Reykjavíkurborgar sem liggja mun fyrir á árinu 2020. Unnið verður að innleiðingu hennar í samráði við fagsvið, kjarnasvið og aðrar skrifstofur borgarinnar. Líkt og undanfarin ár mun Reykjavíkurborg taka þátt í ýmiskonar alþjóðlegu samstarfi, tvíhliða og marghliða, og má þar helst nefna Evrópusamstarf, Norrænt samstarf og Vestnorrænt samstarf.

Lýðheilsamál: Lögð verður áhersla á að styrkja faglegan grundvöll stefnumótunar og aðgerða er varða lýðheilsu í Reykjavík og vinna markvisst að heilsueflingu og aukinni lýðheilsu með áherslu á heilsueflandi samfélag, heilsueflandi hverfi, heilsueflandi skóla og aukinn jöfnuð samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar við Embætti landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Unnið verður að gerð umsóknar í Heilsuborgaverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO European Healthy Cities Network). Þá verður unnið að því að efla samræmda vinnu í lýðheilsamálum, yfirsýn yfir málaflokkinn og þekkingarmiðlun á milli sviða með því að styrkja samstarf innan borgarkerfisins og það starfsfólk sem leiðir verkefni á sviði lýðheilsu víðs vegar í starfsemi borgarinnar. Áfram verður unnið að því að þróa og birta lýðheilsuvísa fyrir Reykjavíkurborg og unnið með mælikvarða á árangur í lýðheilsamálum.

Stefnumótun: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara mun áfram vinna að umbótum og fræðslu á sviði stefnumótunar. Það mun m.a. fela í sér fræðslu um stefnumótun í forystunámi Reykjavíkurborgar og kynningu á umgjörð stefnumótunar hjá Reykjavíkurborg eftir þörfum. Auk þess mun skrifstofan bjóða upp á ráðgjöf og faglegan yfirlestur á stefnum og áætlunum sem unnar eru innan Reykjavíkurborgar og eftir atvikum koma að vinnslu þeirra og endurskoðun gildandi stefna. Skrifstofan mun einnig vinna áfram að því að móta verkfærakistu stefnumótunar.

Persónuverndarfulltrúi: Skrifstofan leiðir vinnu við innleiðingu persónuverndarlaga nr. 90/2018. Persónuverndarfulltrúi sinnir fræðsluhlutverki og ráðgjöf við öll fagsvið í samvinnu við sérfræðinga á sviðum eftir því sem við á og er í samráði við Persónuvernd eftir því sem við á.

Áhættustjórnun: Lögð verður áhersla á að ljúka vinnu við gerð áhættustefnu Reykjavíkurborgar og koma innleiðingu hennar í mótaðan farveg í samvinnu við fjármála- og áhættustýringarsvið. Byggt verður á tillögum starfsóps um áhættustýringu frá 2018 við vinnuna.

Miðborgarmál: Staðið hefur yfir greining á stefnu um málefni miðborgar og endurskoðun á aðgerðaráætlun. Unnið verður að því að innleiða breyttar áherslur með það að leiðarljósi að styrkja enn frekar samtal og samvinnu við atvinnulífið og aðra hagaðila miðborgarinnar. Vettvangurinn hefur einnig það hlutverk að tengja hagaðila miðborgarinnar við stjórnkerfi borgarinnar með það fyrir augum að efla samkeppnisstöðu hennar sem íbúabyggð, verslunar og þjónustusvæði. Úthlutun úr miðborgarsjóði hefur það hlutverk að veita styrki til ólíkra verkefna í miðborginni en sjóðurinn styrkir félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga. Markmið sjóðsins er að hvetja til fjölbreytni, frumkvæðis, nýsköpunar og rannsókna í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgar.

Eigna- og atvinnuþróunarverkefni: Skrifstofan ber ábyrgð og eigna- og atvinnuþróunarverkefnum en í því felst meðal annars vinna að þróun og nýtingu borgarlandsins í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkurborgar og undirbúningur vegna úthlutunar lóða og sölu byggingarréttar. Skrifstofan sinnir auk þess samstarfsverkefnum um atvinnuþróun og sinnir samráði við fulltrúa atvinnulífsins.

Upplýsingamál: Upplýsingadeild heldur utan um og ber ábyrgð á upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar. Deildin ritstýrir vef borgarinnar í samráði við fagsvið og skrifstofur. Starfsfólk deildarinnar sér um fréttaskrif, útbýr fréttatilkynningar til útsendingar til fjölmiðla og svarar fjölmiðlafyrirspurnum þvert á borgarkerfið. Hún er ráðgefandi fyrir fagsvið og skrifstofur borgarinnar varðandi samskipti við fjölmiðla, innri miðlun, útgáfumál, auglýsingamál, kynningarherferðir og fundaherferðir. Á árinu 2020 verður hafist

handa við að endurskoða upplýsingastefnu borgarinnar og mótuð aðgerðaáætlun í framhaldinu. Upplýsingadeild kemur jafnframt að því að gera vef Reykjavíkurborgar að alhliða þjónustuvef í samvinnu við Rafræna Reykjavík. Samfélagsmiðlar gegna æ veigameira hlutverki í miðlun upplýsingar og verður haldið áfram að efla þær síður sem Reykjavíkurborg er á; Facebook, Twitter og Instagram sem vaxa hratt og eru ekki síst mikilvægar í að ná til mismunandi markhópa og spara auglýsingakostnað. Áfram er áhersla á myndræna framsetningu og vinnslu einfaldra myndbanda til að kynna stefnumál, framkvæmdir og viðburði á vegum Reykjavíkurborgar. Unnið er að því að tengja vef Reykjavíkurborgar við ljósmynda- og myndagrunna Reykjavíkurborgar auk daglegra starfa við fjölmiðlasvörun og skrif fréttatilkynninga og upplýsingamiðlunar á samfélagsmiðlum.

Hagræðing: Þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar á árinu höfðu umtalsverð áhrif á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Mannauðsdeild, tölfraedi og greining og borgarskjalasafn færðust undir ný kjarnasvið og inn á skrifstofuna fluttust hluti þeirra verkefna sem skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar hafði með höndum áður. Þá voru íbúalýðræðisverkefni flutt undir mannréttinda- og lýðræðiskrifstofu. Talsverðar breytingar urðu því á mönnun og verkefnum skrifstofunnar. Sökum þess er ekki settur fram samanburður á rekstri skrifstofunnar milli ára heldur aðeins tekið fram að skrifstofan fékk engar viðbætur inn í rekstur aðrar en vegna launa- og verðalagsþróunar. Þegar persónuverndarmál voru vistuð á skrifstofunni fylgdi þeim fjárveiting sem dugar ekki fyrir rekstri málaflokssins og munar þar um 3 milljónum á ári. Með lýðræðisverkefnum færðist 70% af stöðugildi verkefnastjóra lýðræðis- og lýðheilsu til mannréttinda- og lýðræðiskrifstofu. Eftir stendur 30% af stöðugildi til að fjármagna lýðheilsumál sem enn eru vistuð á skrifstofunni. Til að koma til móts við þessa stöðu hefur því þurft að endurskoða forgangsstöðun innan skrifstofunnar og forgangsráða verkefnum. Þá er rétt að taka fram að tekjur upplýsingadeildar úr eignasjóði hafa haldist óbreyttar undanfarin ár sem felur í sér árlega hagræðingarkröfu. Hagræðingarkrafa skrifstofunnar er því talsvert meiri en þær 2,8 milljónir sem rúmlega 1% hagræðing felur í sér eða nær því að vera 15 milljónir á ári. Verður henni mætt með því að draga úr viðburðum, aðkeyptri ráðgjöf, símenntun starfsfólks og með almennu aðhaldi í rekstri.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Skrifstofa borgarstjórnar fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf og fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa, ritun fundargerða og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á að samþykktir um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur, auk þess sem hún annast framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu umræðna á netinu. Þá ber að nefna miðlægt utanumhald og umsýslu styrkumsókna Reykjavíkurborgar. Á skrifstofunni eru 7,5 stöðugildi skrifstofustjóra, verkefnisstjóra og fulltrúa.

Á árinu 2020 er enn gert ráð fyrir auknum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum skrifstofu borgarstjórnar en málafjöldi hefur aukist um ríflega 300% frá síðasta kjörtímabili. Að sama skapi er gert ráð fyrir að töluerð aukning verði á málum sem fara til umfjöllunar borgarstjórnar, auk þess sem áfram er gert ráð fyrir því að borgarstjórn haldi opna fundi með Reykjavíkurráði ungmenna, fjölmeningarráði, ofbeldisvarnarnefnd og öldungaráði Reykjavíkur á árinu.

Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar, borgarráðs og fagráða. Innleiðing fundargerðakerfis Reykjavíkurborgar sem unnið var að á skrifstofu borgarstjórnar er að mestu lokið en áfram verður unnið að þróun þess m.a. til að auðvelda opinbera birtingu dagskrár og fundargagna við boðun funda. Eftir miklar breytingar á sal borgarstjórnar á síðasta ári og vegna tafa við innleiðingu nýrrar tækni við upptökur, útsendingar og streymi á fundum borgarstjórnar verður áfram unnið að vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Skrifstofa borgarstjórnar vinnur heildarumsögn sveitarstjórnarinnar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða í mikilli samvinnu við byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og slökkvilið. Áfram hefur verið unnið að þróun verkferla í málaflokknum þannig að málsmeðferð er nú vandaðri og þjónusta við rekstraraðila er stórbætt eftir að hún færðist á eina hendi. Samninganefnd borgarstjórnar við Airbnb er líka vistuð á skrifstofunni en hún náði á árinu áfangasamningi við fyrirtækið um birtingu leyfisnúmera á vefsíðunni. Vinna samninganefndarinnar mun halda áfram á árinu þar sem aðallega verður lögð áhersla á frekari samvinnu við samtök hraðvaxta ferðamannaborga sem vinna að því að knýja á um samræmda reglusetningu um skammtímagistingu á vegum Evrópusambandsins. Meginverkefni næsta árs, að undanskilinni kjarnastarfsemi skrifstofunnar, verður þó án efa að undirbúa og halda forsetakosningar sem að öllu óbreyttu verða haldnar 27. júní 2020.

Hagræðing: Fjármagn skrifstofu borgarstjórnar er að meginsteftnu nýttur í launakostnað kjörinna fulltrúa þ.e. 23 borgarfulltrúa og 8 varaborgarfulltrúa. Á skrifstofunni sjálfri er 7,5 stöðugildi sem hafa ekki tekið breytingum þrátt fyrir að borgarfulltrúum hafi fjölgað úr 15 í 23 og allir fundir lengst. Málafjöldi í borgarráði hefur aukist um ríflega 300% frá upphafi kjörtímabils. Hagræðing á skrifstofu borgarstjórnar verður þ.a.l. ekki mætt nema með flötum niðurskurði á alla liði skrifstofunnar nema launakostnað kjörinna fulltrúa.

Hagræðing mun því aðallega birtast á eftirfarandi hátt:

- Uppsagnir starfsmanna á skrifstofu borgarstjórnar.
- Lengdur málsmeðferðartími erinda vegna fækkunar starfsfólks.
- Lækkun á sérfræðiaðstoð við borgarstjórnarflokka.
- Lækkun á styrkjapotti borgarráðs.
- Hagræðing og sparnaður vegna fundarkostnaðar borgarráðs og borgarstjórnar (ekki verða lengur veitingar á fundum).
- Lækkun á ferðakostnaði kjörinna fulltrúa og embættismanna á vegum borgarráðs og borgarstjórnar.

UMBOÐSMAÐUR BORGARBÚA

Umboðsmaður borgarbúa starfar á grundvelli samþykktar fyrir embættið og í umboði mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Umboðsmaður borgarbúa er að öllu leyti óháður fyrir mælum frá öðrum, þ.m.t. borgarstjórn, og nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. borgarstjóra. Tilgangurinn með stofnun embættis umboðsmanns borgarbúa er að styrkja tengslin á milli borgarbúa og borgarkerfis og stuðla að auknu réttaröryggi borgarbúa í tengslum við stjórnarsýsluframkvæmd og þjónustu Reykjavíkurborgar. Hlutverk umboðsmanns borgarbúa er að hafa eftirlit með stjórnarsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar og tryggja rétt borgarbúa gagnvart Reykjavíkurborg. Umboðsmaður borgarbúa gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnarsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnarsýsluhætti. Umboðsmaður borgarbúa

leiðbeinir einstaklingum, lögaðilum, hagsmunasamtökum og öðrum þeim er til hans leita og telja á sér brotið við meðferð mála hjá Reykjavíkurborg. Hann veitir ráðgjöf um endurupptökuheimildir og kæruleiðir og aðstoðar við að koma málum í þann farveg sem henta þykir hverju sinni. Umboðsmaður sinnir einnig almennum kvörtunum og ábendingum og rannsakar einstök mál með það að markmiði að tryggja rétt aðila gagnvart Reykjavíkurborg og innleiða umbætur í stjórnslu og þjónustu Reykjavíkurborgar. Umboðsmaður býður og stýrir sáttamiðlun í einstökum málum. Umboðsmaður tekur mál til rannsóknar að eigin frumkvæði og tekur á móti, rannsakar og kemur á framfæri upplýsingum frá starfsmönnum, viðsejendum Reykjavíkurborgar og öðrum um réttarbrott, vanrækslu eða mistök eða óeðlileg afskipti kjörinna fulltrúa af málum í stjórnslu og/eða þjónustu Reykjavíkurborgar. Þá stundar umboðsmaður fræðslu og veitir almenna ráðgjöf innan borgarkerfisins og utan.

Embætti umboðsmanns borgarbúa hefur verið í stöðugri þróun frá því embættið tók til starfa í maí 2013. Taka verkefnin mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að nokkrar breytingar verði á starfsemi umboðsmanns á árinu 2020. Umboðsmaður leggur á næstunni fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð tillögu að breyttum verkefnum hjá embættinu. Eitt þeirra er innleiðing sáttamiðlunar sem meginreglu við úrlausn ágreinings hjá Reykjavíkurborg en með því er gert ráð fyrir að umgjörð sáttamiðlunar hjá embættinu verði styrkt. Annað verkefni fjallar um beina ráðgjafalínu fyrir starfsmenn og þriðja verkefnið felur í sér uppsetningu á rafrænni misferlisgátt. Mun embættið fylgja þessum nýju nálgunum við úrlausn mála hjá embættinu eftir með kynningum inn á vinnustaði Reykjavíkurborgar. Unnið verður að aukinni tölfraeðigreiningu embættisins á árinu og upplýsingum miðlað í auknum mæli í gegnum vefsíðu umboðsmanns.

Hagræðing: Fjárhagsrammi embættisins felur svo til eingöngu í sér laun starfsmanna svo eina leiðin til að ná settri hagræðingarkröfu. Hjá embættinu starfa tveir starfsmenn auk umboðsmanns en þess utan hefur umboðsmaður haft sumarstarfsmann til afleysinga á orlofstíma starfsmanna. Verður það stöðugildi skorið niður auk þess sem hagrætt verður í tækifærum starfsmanna til símenntunar.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2014	2015	2016	2017	2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara							
Stjórnsýsluerindi	1.222	1.156	1.008	795	556	650	600
Par af til borgarráðs	43						
Móttökur	160	78	58	52	43	45	60
Fréttatilkynningar	658	823	817	800	810	820	825
Viðtalsbeiðnir frá erlendum fjölmiðlum	66	25	15	12	12	7	10
Borgarskjalasafn - hillumetrar af mótteknum skjölum	250	320	205	250	250		
Borgarskjalasafn - fjöldi fyrirspurna	1.800	1.434	1.511	1.500	1.500		
Vefur - vikulegt innlit	37.000	38.500	37.608	41.000	47.162	48.000	49.000
Vefur - fjöldi skoðaðra síðna á viku	140.000	155.000	120.830	130.000	110.952	115.000	118.000
Facebook póstur	573	1.157	1.200	1.350	1.300	1.340	1.300
Að meðaltali á viku	14,3	23	24	26	25	26	25
Borgarlögmaður							
Almenn stjórnsýslumál							
Í vinnslu		48	33	42	50	56	65
Lokið		149	149	254	260	283	295
Samtals		197	182	296	310	339	360
Dómsmál							
Í rekstri	29	34	24	33	40	53	50
Lokið	87	99	131	159	170	181	190
Samtals	116	133	155	192	210	234	240
Par af fyrir Velferðarsvið	63	95	119	153	160	186	200
Uppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum							
Innkomin	157	163	119	101	100	106	120
Í vinnslu	97	169	151	188	190	203	217
Fullnaðaruppgjör bóta	48	38					
Samtals greiddar bætur (b.kr.)	77.752	43.978					
Önnur slysa-/skaðabótamál							
Samtals greiddar bætur (b.kr.)		3.708					



Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson

LEIÐARLJÓS

Eignasjóður er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eignasýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánu samstarfi við aðra sem málið varðar—og með hag allra borgarbúa í huga.

Við stjórnkerfisbreytingar árið 2019 varð sú breyting að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (SEA) var lögð niður og verkefni skrifstofunnar færð undir önnur svið og skrifstofur. Eignasýsla var færð á eignaskrifstofu (ESR) sem er hluti af nýju sviði fjármála- og áhættustýringar (FÁST). Verklegar framkvæmdir verða alfarið á ábyrgð skrifstofu framkvæmda og viðhalds á umhverfis- og skipulagsviði (USK) og ábyrgð á skipulagsvinnu verður á skrifstofu skipulagsfulltrúa á USK. Aðrar breytingar voru að endurnýjun lóðaleigusamninga fluttist til USK og umsýsla með bifreiðaflota og annara samgöngutækja Reykjavíkurborgar færðust á nýtt svið þjónustu og nýsköpunar.

Stöðugildi SEA voru 14 og voru 4 stöðugildi flutt til USK, önnur stöðugildi skiptast á milli FÁST og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

HLUTVERK OG VERKASKIPTING

Eignasjóður annast eignasýslu Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar og fylgir eftir Aðalskipulagi 2010 - 2030 frá 2013 með heildstæða og sjálfbæra borgarþróun að leiðarljósi. Eignasjóður ber ábyrgð á meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaáætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið auk þess að hafa eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaáætlunar.

Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum núverandi verkaskiptingu vegna verkefna SEA eftir breytingar.

Eignaskrifstofa FÁST

- Ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar (lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað).
- Þróar og innleiðir mælikvarða til samanburðar á rekstri fasteigna og gerir þá aðgengilega til stýringar.
- Ber ábyrgð á skráningu eigna og meðhöndlun í Eignakerfi.
- Ber ábyrgð á tryggingum eigna og meðhöndlun á tjónum í samstarfi við USK.
- Ber ábyrgð á gerð fjárfestingaráætlunar og aðgengi að sundurliðuðum upplýsingum í fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar þvert á verkefni, ár og útgáfur til eftirlits og skýrslugerðar.
- Hefur eftirlit með stjórnslulegri meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaáætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið.
- Hefur eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaáætlunar.
- Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna eigna, reikningagerð og samskiptum við leigutaka.
- Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna framleigueigna, eftirfylgni með þeim og samskiptum við leigusala.

- Annast kaup og sölu eigna.
- Ber ábyrgð á tekjuáætlun í samráði við skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara.

Umhverfis- og skipulagsvið (USK)

- Ber ábyrgð á verklegum framkvæmdum og fylgir eftir fjárfestingaáætlun Reykjavíkurborgar. Í því felst þarfagreining fyrir notendur vegna einstakra verka, framsetning og mat á valkostum, gerð og framlagning kostnaðaráætlana, gerð áhættumats, framvinduskýrsla og skilamats.
- Ber ábyrgð á að setja fram sk. líftímagreiningu (life cycle kostnaðarmat) við undirbúning framkvæmda og nýta við mat á valkostum.
- Ber ábyrgð á stjórnslulegri meðhöndlun framkvæmda- og viðhaldsverkefna, þ.e. framlagningu í borgarráði og/eða öðrum ráðum í samræmi við reglur borgarinnar og skilyrði sveitarstjórnarlaga um meðhöndlun fjárheimilda.
- Ber ábyrgð á reglubundinni skýrslugjöf um stöðu framkvæmda- og viðhaldsverkefna í samburði við áætlanir þvert á verkefni, ár og útgáfur.
- Annast eftirlit með ástandi fasteigna og metur viðhaldþörf þeirra.
- Ber ábyrgð á gerð viðhaldsáætlana fasteigna og forgangsraðar í samræmi við fjárheimildir, leggur fram til samþykktar og fylgir þeim eftir.
- Ber ábyrgð á samskiptum við notendur fasteigna vegna viðhalds.
- Ber ábyrgð á breytingum og endurnýjun lóðarleigusamninga.
- Ber ábyrgð á framkvæmd á niðurrifi fasteigna Eignasjóðs.

Verkefnastofa þróunarmála á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

- Ber ábyrgð á eigna- og atvinnuþróunarverkefnum.
- Vinnur að þróun og nýtingu borgarlandsins í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur.
- Tekur þátt í ramma- og deiliskipulagsvinnu þróunarsvæða og skipulagsgerð með utanaðkomandi þróunaraðilum eftir því sem við á.
- Annast tillögugerð til borgarráðs vegna úthlutunar lóða og sölu byggingarréttar.
- Ber ábyrgð á stofnun lóða, gerð lóðaleigusamninga og fylgir eftir innheimtu vegna þeirra.
- Ber ábyrgð á samstarfsverkefnum um atvinnuþróun, t.d. vegna frumkvöðlasetra í Reykjavík.
- Ber ábyrgð á stefnumótun og markaðssetningu á tækifærum í Reykjavík til fyrirtækja, fjárfesta og stofnanna o. fl.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið PON

- Ber ábyrgð á flotastjórnun, kaup og sölu, og rekstri bifreiða, reiðhjóla eða annarra samgöngutækja er einingunni er falið að sinna.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

	Raun 2018	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020
Leigutekjur	18.900.532	20.507.482	23.146.245
Rekstrartekjur	7.999.323	7.949.125	4.956.786
Tekjur samtals	26.899.855	28.456.607	28.103.031
Laun og launatengd gjöld	1.907.591	2.076.679	2.046.482
Annar rekstarkostnaður	8.524.885	8.834.303	6.469.716
Afskriftir	4.923.351	5.138.427	5.628.251
Rekstrargjöld samtals	15.355.828	16.049.409	14.144.448
Fjármunatekjur/gjöld	5.781.397	6.092.826	6.039.312
Rekstarniðurstaða	5.762.630	6.314.372	7.919.270

	Eignaskrifstofa	Verkefnastofa þróunarmála	USK eignasjóði	Áætlun 2020
Leigutekjur	23.146.245	0	0	23.146.245
Rekstrartekjur	6.560	4.399.596	550.630	4.956.786
Tekjur samtals	23.152.805	4.399.596	550.630	28.103.031
Laun og launatengd gjöld	84.868	39.350	1.922.264	2.046.482
Annar rekstarkostnaður	4.325.566	267.697	1.876.452	6.469.716
Afskriftir	5.628.251	0	0	5.628.251
Rekstrargjöld samtals	10.038.685	307.047	3.798.716	14.144.448
Fjármunatekjur/gjöld	0	0	0	6.039.312
Rekstarniðurstaða	13.114.120	4.092.549	-3.248.087	7.919.270

FJÁRFESTINGAR- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2020

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2020 gerir ráð fyrir að 19.550 milljónum króna verði varið til fjárfestinga. Er það 725 milljón króna hækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2019. Hækkunin skiptist þannig að 240 milljónir eru vegna byggingarframkvæmda og 520 milljón vegna gatna- og umhverfisframkvæmda byggingaframkvæmda. Á móti kemur hækkun um 35 milljón vegna annarra fjárfestinga. Framkvæmdaáætlunin verður fjármögnuð 70% af eigin fé og 30% með lánsfé. Áfangar á framkvæmdaferlinu verða kynntir fyrir borgarráði og fagráðum við framlagningu milliuppgjöra.

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2020
Byggingarframkvæmdir	
Menningar- og ferðamálasvið	1.529.700
Skóla- og frístundasvið	3.588.030
Íþróttá- og tómsundasvið	3.487.000
Velferðarsvið	399.000
Ýmsar fasteignir	293.000
Bílastæðasjóður	50.000
Byggingarframkvæmdir samtals	9.346.730
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	8.095.000
Lóðir, lönd og skipulagseignir	125.000
Áhöld, tæki og hugbúnaður	1.434.000
Sérstök átaksverkefni	550.000
Fjárfestingar samtals:	19.550.730
Gatnagerðargjöld	3.343.500
Fjárfestingar nettó:	16.207.230

HELSTU BYGGINGAFRAMKVÆMDIR

Menningar- og ferðamálasvið: Unnið er að undirbúningi vegna stofnunar safns Nínu Tryggvadóttur sem fyrirhugað er að verði til húsa í Hafnarhúsi ásamt Listasafni Reykjavíkur og ráðgert að festa kaup á hluta Faxaflóahafna í húsinu. Í framhaldi verði ráðist í umtalsverðar breytingar og lagfæringar á húsinu. Uppsteypu viðbyggingar við Grófarhús er lokið og unnið að því að fullgera hana að utan. Umtalsverðar breytingar verða gerðar á rýmisnýtingu hússins á næstu 3 árum í tengslum við stækkun hússins. Framhald verður á verkframkvæmdum við menningarmiðstöð í Úlfarsárdal innisundlaug, útisundlaug og íþróttahúsi. Ráðgert er að framkvæmdum við menningarmiðstöð verði lokið 2021. Unnið verður að endurbótum á Kjarvalsstöðum og í Ásmunarsafni til að bæta aðstöðu fyrir gesti safnanna auk þess sem fjárfest verður í búnaði fyrir Borgarleikhús. Að auki verður fé varið til ýmissa smærri verkefna vegna stofnana sviðsins.

Skóla- og frístundasvið: Farið verður í hönnunarsamkeppni um grunn- og leikskóla í nýjum hverfum. Verkframkvæmdum við Dalskóla, samþættan leik- og grunnskóla við Úlfarsbraut hefur miðað vel og verður hann tekinn í notkun að fullu á árinu 2020. Endurbyggingu grunn- og leikskólalóða samkvæmt forgangsröðun verður fram haldið og ráðgert að verja samtals 500 mkr til verkefnisins á árinu 2020. Uppbygging leikskóla verður áfram í forgrunni á næstu árum, með nýjum leikskólum á uppbyggingasvæðum, viðbyggingum við eldri leikskóla og opnun ungbarnadeilda í öllum borgarhlutum. Ráðgert er að verja um 5,5 milljörðum króna til þessa verkefnis á næstu 5 árum. Jafnframt er unnið að þarfagreiningu vegna uppbyggingar grunnskóla í nýjum hverfum sem og um endurbætur og mögulegar viðbyggingar við skóla í eldri hverfum.

Íþróttar- og tómstundasvið: Framkvæmdum við byggingu nýrrar útilaugar við Sundhöll Reykjavíkur er að lokið. Unnið verður að endurbótum búningsklefa í eldri byggingu. Framhald verður á verkframkvæmdum við íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal. Er það hluti af samþættuðum grunn- og leikskóla ásamt menningar- og íþróttahúsi þar sem Knattspyrnufélaginu Fram mun tryggður afnota- og umráðaréttur af íþróttahúsi og keppnisvelli skv. samningi þar að lútandi. Framhald verður á verkframkvæmdum við íþróttamannvirki á ÍR svæðinu samkvæmt samningi þar um. Fjárfest verður í endurnýjun á lyftubúnaði og búnaði til snjóframleiðslu auk uppbyggingar skíðagöngusvæða í Bláfjöllum og Skálafelli til samræmis við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 7. maí 2018. Er þáttur Reykjavíkurborgar 56,9% af heildarkostnaði. Framkvæmdum við fræðsluhús í Fjölskyldu- og húsdýragarði verður framhaldið auk þess sem fé verður varið til annarra verkefna vegna stofnana sviðsins s.s. endurnýjun áhalda og tækja í sundlaugum og íþróttahúsum svo dæmi séu nefnd. Bætt verður aðstaða á Tjaldsvæðinu í Laugardal.

Velferðarsvið: Verkframkvæmdir við hjúkrunarheimili við Sléttuveg ganga vel og er stefnt að því að það verði tekið í notkun í byrjun næsta árs. Heimilið mun hafa á að skipa 99 hjúkrunarrýmum. Jafnframt er ráðgert að fjölga hjúkrunarrýmum um önnur 300 á næstu árum í stamstarfi við ríkið. Komið verður fyrir 25 smáhýsum á þessu og næsta ári.

Lóðir, lönd og skipulagseignir ásamt ýmsum fasteignum: Verkframkvæmdir við nýja hverfisbækistöð fyrir miðborgina við Fiskislóð á Örfirisey ganga vel og er gert ráð fyrir að hverfisbækistöðin um næstu áramót. Jafnframt verður farið í endurbætur og breytingar á hverfisstöð við Stórhöfða.

AÐRAR FJÁRFESTINGAR

Áhöld, tæki og hugbúnaður: Helstu fjárfestingar vegna áhalda og búnaðar á árinu 2020 eru sem fyrr vegna endurnýjun tölvubúnaðar og kaupa á hugbúnaði samkvæmt áætlun þar um. Jafnframt verður fjárfest í ýmsum tækjum vegna Umhverfis- og skipulagssviðs. Eins er gert ráð fyrir kaupum og endunýjun á löggæslumyndavélum.

HELSTU GATNA- OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR

Stærstu verkefni á sviði gatna- og umhverfisframkvæmda á árunum 2020-2023 byggja á áherslu á þéttingu byggðar, áherslu á umhverfis- og aðgengismál með vistvænni endurnýjun götulýsingar, fjölgun götutrjáa, uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla, endurheimtingu votlendis og vistvænni samgöngur með borgarlínu sem grunnstef en ráðgert er að verja tæplega 3 milljörðum króna vegna samgöngusáttmála á tímabilinu.

Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem fyrirhugaðar eru á árinu 2020 eru einkum á íbúasvæðunum í Úlfarsárdal, Skerjafirði, Vogabyggð og Bryggjuhverfi. Að auki á uppbyggingarsvæðum í Gufunesi og Ártúnshöfða þar sem rísa munu blandaðar byggðir íbúða og atvinnuhúsnæðis

Haldið verður áfram að vinna að bættu umferðaröryggi almennt í borginni. Þá verður haldið áfram uppbyggingu á nýjum göngu- og hjólastígum í borginni í samræmi við markmið Hjólréiðaáætlunar sem og endurnýjun á gönguleiðum í eldri hverfum. Haldið verður áfram með ýmis verkefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Má þar t.d. nefna fjölgun grenndarstöðva í borginni og áherslur á líffræðilega fjölbreytni. Þá verður haldið áfram við uppbyggingu og lagfæringar á leikvöllum, torgum og opnum svæðum.

Haldið verður áfram brýnum framkvæmdum við endurnýjun malbiksyfirlaga á götum borgarinnar samkvæmt áætlun þar um.

GRÆNAR FJÁRFESTINGAR 2020-2024

Á árinu 2020 er ráðgert að verja 4.611 milljónum króna til grænna fjárfestinga. Má nefna hjólréiðaáætlun Reykjavíkurborgar í þessu samhengi, svo og Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010 – 2030 þar sem kveðið er á um friðun grænna og opinna svæða, þéttingu byggðar, styrkingu almenningssamgangna, vistvænar lausnir í sorphirðu og kröfur um visthæfar lausnir við nýbyggingar. Á næstu fimm árum er ráðgert að ekki minna en 25% fjárfestinga Reykjavíkurborgar verði grænar fjárfestingar sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænum byggingum, með því að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og styðja grænan vöxt til samræmis við umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.

Er hér tafla yfir þær helstu:

<i>fjárhæðir í m.kr</i>	Útksp. 2019	2020	2021	2022	2023	2024	2020-2025	
Meningarmiðstöð í Úlfarsárdal	500	1.000					1.500	7%
Leik- og grunnskóli, Úlfarsbraut	967						967	4%
Nýjir grunnskólar	20	200	300	1.000	2.000	2.000	5.520	
Sundhöll Reykjavíkur	20	60					80	0%
Íþróttamiðstöð FRAM í Úlfarsdal	300	150	300				750	3%
Íþróttamiðstöð í Úlfarsdal - sundlaug	300	1.600	1.600	850			4.350	19%
Fasteignir og stofnbúnaður	2.107	3.010	2.200	1.850	2.000	2.000	13.167	59%
Kaup á bifreiðum	47	56	56	10			169	1%
kaup á sorpbílum			60		120	120	300	1%
Aðrar fjárfestingar	47	56	116	10	120	120	469	2%
Hjólréiðaáætlun	450	550	550	550	550	550	3.200	14%
Götulýsing - LED væðing	296	300	300	300	300	100	1.596	7%
Hleðslustöðvar	50	100	100	50	50	50	400	2%
Líffræðileg fjölbreytni, endurheimting votlendis	0	30	30	30	30	30	150	1%
Samgöngusáttmáli	565	565	565	565	565	565	3.390	15%
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	1.361	1.545	1.545	1.495	1.495	1.295	8.736	39%
Eignasjóður grænar fjárfestingar samtals	3.515	4.611	3.861	3.355	3.615	3.415	22.372	100%
hlutfall af fjárfestingum samtals	19%	28%	25%	22%	28%	33%	25%	

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Úthlutun og sala byggingaréttar*					
	100 íbúðir	1711 íbúðir	657 íbúðir	675 íbúðir	900 íbúðir
Eftir húsgerðum;					
Einbýli	15 íbúðir	22 íbúðir	15 íbúðir	31 íbúðir	0
Rað-, par- og tvíbýlishús	0	0	32 íbúðir	24 íbúðir	0
Fjölbýlishús	85 íbúðir	1689 íbúðir	610 íbúðir	620 íbúðir	900 íbúðir
Eignarekstur					
Fjöldi fasteigna í rekstri	368	505	530	539	540
Flatarmál fasteigna í rekstri m ²	540.831	576.834	579.672	596.727	608.000
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	149	159	164	143	100
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	10	8	10	11	11

*Tölurnar sýna nettófjölda íbúða sem byggja má á þeim lóðum sem seldur var byggingaréttur á, þ.e. á lóðum sem hefur verið ráðstafað og sem hefur verið skilað eða afturkallaðar.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnamála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

Styrkir og ýmis framlög eru áætluð 579 m.kr. Þar af eru 470 m.kr. vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum. Styrkir borgarráðs nema 25 m.kr., hverfissjóður nemur 20 m.kr. og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 64

m.kr.

Framlög til atvinnamála eru áætluð 50 m.kr. Þar af verði 35 m.kr. varið til atvinnuátaksverkefna og 15 m.kr. til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

Rekstur miðlægs tölvukerfis. Rekstur bókhalds og launakerfa er áætlaður um 116 m.kr. Þar af er rekstur miðlægs bókhaldskerfi 39 m.kr. og rekstur miðlægs launakerfi 77 m.kr.

Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá. Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 769 m.kr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 470 m.kr., en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 250 m.kr. en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 1% af tekjum af fasteignasköttum. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 49 m.kr.

Starfsmannakostnaður. Undir liðinn launa og starfsmannakostnaður eru vistuð miðlægt útgjöld sem eiga eftir að færast til fagsviða. Þar eru m.a. áætluð útgjöld vegna samgöngusamninga, vegna samnings við ASÍ um lífeyrisaukaframlag, vegna ýmissa samninga sem hreyfast með útgjöldum Reykjavíkurborgar á einkareknum stofnunum grunnskóla, leikskóla og velferðarúrræða og vegna áhrifa væntanlegra kjarasamninga áætlað 7.680 m.kr. Slysabætur eru áætlaðar 156 m.kr. og breyting orlofsskuldbindingar 317 m.kr.

Breyting lífeyrisskuldbindinga. Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 3.350. m.kr. árið 2020. Að auki eru gjaldfærðar 384 m.kr. af fyrirfram greiddu uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Vísað er í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar í greinargerð fjármálaskrifstofu um frumvarp að fjárhagsáætlun.

Ýmis kostnaður er áætlaður 1.880 m.kr. Þar af hefur verið tekið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð sem nemur 1.032 m.kr. sem er til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum borgarinnar, þar af öllum kostnaði vegna dóms- eða kærumála. Áætlaðar eru um 663 m.kr. sem er annars vegar hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leiga hugbúnaðar, tækja og áhalda. Gert er ráð fyrir 30 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Áætlað er að verja 38 m.kr. til reksturs Höfða og 5 m.kr. til reksturs á Úlfjótuvatni. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 25 m.kr. og 22 m.kr. við endurskoðunarnefnd. Kostnaður við móttökur er áætlaður 20 m.kr. og annar kostnaður nemur 45 m.kr.

FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins árið 2020 eru áætluð 982,5 mkr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlag verði 909,7 mkr., framlag til Almanna- varna verði 10,8 mkr. og framlag í fjárfestingasjóð verði 62 mkr.

Áætlun Slökkviliðsins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda árið 2020 nemi 1.610 mkr. , að 19,1 mkr. fari til Almanna- varna og 109,8 mkr. fari í fjárfestingasjóð.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Hjálögð tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins. Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2020 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

(Fjárhæðir í þús. kr)	Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda	Rekstrar-framlag til SHS	Framlag til Almanna- varna	Framlag í fjárfestinga-sjóð	Samtals framlög
Samtals framlög eigenda		1.610.000	19.119	109.800	1.738.919
Reykjavík	56,5%	909.722	10.792	62.042	982.556
Kópavogur	16,2%	260.993	3.096	17.799	281.888
Hafnarfjörður	13,1%	210.540	2.498	14.359	227.397
Garðabær	7,1%	115.033	1.365	7.845	124.243
Mosfellsbær	5,0%	80.750	958	5.507	87.215
Seltjarnarnes	2,0%	32.962	391	2.248	35.601



STRÆTÓ BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Strætó bs. eru áætluð 2.559 m.kr. sem skiptast í rekstrarframlag, framlög vegna nemendafargjalda og framlag vegna niðurgreiðslu farmiða öryrkja og aldraðra.

Í áætlun Strætó er gert ráð fyrir að framlög eigenda nemi 4.228 mkr., sem skiptast í rekstrarframlög, 3.813 mkr., framlög til niðurgreiðslu á nemendafargjöldum, 276 mkr. og framlög vegna niðurgreiðslu farmiða öryrkja og aldraðra 140 mkr.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með hlutfallslegri kostnaðarskiptingu sem tilgreind er í eigendasamkomulagi. Áætlun 2020 miðar við hlutfallslega skiptingu 2019. Nemaframlag er 400 mkr. fast að frádrögnum nemakortum og er áætlað framlag 275,6 mkr árið 2019 en var 270 mkr árið 2018. Öryrkjaframlag er áætlað um 140 mkr. Skipting milli sveitarfélaga á nemaframlagi og öryrkjaframlagi miðast við skiptingu á íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu.

Taflan lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó. Nánari útlístan á starfsemi og fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2020 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

(Fjárhæðir í þús. kr)	Hlutfallsleg skipting 2020	Íbúafjöldi skipting 2019	Rekstrarframlag	Nemaframlag	Niðurg. farmiða öryrkja og aldraðra	Samtals framlög
Samtals framlög eigenda			3.812.562	275.612	152.000	4.240.174
Reykjavík	62,80%	56,49%	2.385.811	173.084	85.865	2.644.760
Kópavogur	14,17%	16,22%	538.327	39.054	24.651	602.032
Hafnarfjörður	9,77%	13,07%	384.668	26.928	19.867	431.463
Garðabær	6,33%	7,15%	240.481	17.446	10.866	268.793
Mosfellsbær	4,73%	5,03%	179.696	13.036	7.642	200.374
Seltjarnarnes	2,20%	2,05%	83.579	6.064	3.109	92.752



B-HLUTA FYRIRTÆKI

FAXAFLÓAHAFNIR

LEIÐARLIJÓS

Faxaflóahafnir þróast áfram sem öflug alþjóðleg viðskipta- og þjónustumiðstöð. Faxaflóahafnir munu nýta náttúru- og staðarkosti, eignir fyrirtækisins og þekkingu starfsmanna í þágu atvinnulífs og viðskipta.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

Fjárhæðir / þús.kr.	Útkomuspá/		Fimm ára áætlun				
	Raun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	2021	2022	2023	2024
Rekstrartekjur	3.966.694	4.171.077	4.249.179	4.306.965	4.408.824	6.313.231	4.620.247
Tekjur samtals	3.966.694	4.171.077	4.249.179	4.306.965	4.408.824	6.313.231	4.620.247
Laun og launatengd gjöld	983.761	1.057.305	1.152.928	1.152.928	1.152.928	1.152.928	1.152.928
Annar kostnaður	1.207.313	1.589.539	1.544.485	1.544.485	1.544.485	1.544.485	1.544.485
Afskriftir	698.868	750.000	880.000	963.902	1.003.446	1.053.220	1.059.475
Gjöld samtals	2.889.942	3.396.844	3.577.413	3.661.315	3.700.859	3.750.633	3.756.888
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	1.076.752	774.233	671.766	645.650	707.965	2.562.598	863.359
Fjármagnsliðir	24.150	15.000	10.000	19.000	18.000	14.000	55.000
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	1.100.902	789.233	681.766	664.650	725.965	2.576.598	918.359
Söluhagn	624.304						
Matsbreytingar							
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага							
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga							
Rekstrarniðurstaða	1.725.206	789.233	681.766	664.650	725.965	2.576.598	918.359

STARFSFÓLK


	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun 2019	Áætlun 2020
Fjöldi starfsmanna	68	69	71
Fjöldi stöðugilda	68	69	71
Stöðugildi eftir þjónustupáttum:			
Stjórnendur	8	8	8
Hafnarþjónusta	33	33	34
Rekstrardeild	15	15	15
Hliðgæsla	4	4	4
Tæknideild	3	3	4
Skrifstofa	5	6	6

HLUTVERK


Meginhlutverk Faxaflóahafna sf. er að vera helsta inn- og útflutningshöfn landsins og alþjóðleg þjónustumiðstöð fyrir flutninga, sjávarútveg, iðnað, hafsækna ferðaþjónustu og aðra hafnartengda starfsemi á Norður – Atlantshafi. Að auki er hlutverk Faxaflóahafna sf þróun lands og lóða á hafnarsvæðum fyrirtækisins.

SKIPTING REKSTRAR 2020

Rekstrartekjur



Rekstrargjöld



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun ársins 2020 og sú langtímaáætlun sem fylgir þeirri áætlun er leiðarljós fyrirtækisins í þróun og verkefnum. Stærri verkefni á vegum Faxaflóahafna sf. eru verkefni sem standa yfir um nokkurn tíma og miða að því að bæta aðstöðu, endurnýja mannvirki sem ætlað er að sinna þjónustu við skip og fyrirtæki til lengri tíma. Þættir sem hafa áhrif á áætlunir er m.a. nýjar þarfir og breyttar aðstæður, opinbert regluverk, þróun vöruflutninga, stærð og fjöldi skipa auk breytinga á starfsemi fyrirtækja á landi Faxaflóahafna sf. Umhverfismál hafa mikil áhrif á rekstur og framkvæmdir og fara áfram vaxandi.

Í fjárhagsáætlun ársins 2020 eru nokkur verkefni sem vert er að nefna sérstaklega:

- Meginframkvæmdum við nýjan Sundabakka lýkur fyrir árslok 2019. Eftir sem áður eru ýmis umhverfis- og frágangsverkefni sem þarf að sinna áfram.
- Dýpkun í Viðeyjarsundi er í undirbúningi og mun standa yfir um nokkurn tíma þegar nauðsynleg leyfi til framkvæmda liggja fyrir.
- Gert er ráð fyrir að hefja undirbúning að lengingu Skarfabakka yfir að Kleppsbakka með tilheyrandi landfyllingu og uppkaupum eigna.
- Áfram verður haldið með landfyllingu utan Klettagarða.
- Á Akranesi er gert ráð fyrir útboði á stálþili og upphafsframkvæmdum við endurnýjun á ytri hluta Aðalhafnargarðs og lengingu hans með tilheyrandi dýpkun.

- f) Gert er ráð fyrir verklokum við aðstöðu hafsækinna ferðaþjónustu við Ægisgarð.
- g) Gert er ráð fyrir fjármunum í fyrstu skref í háspennubúnað vegna landtenginga stærri skipa í Sundahöfn og endurbætur og styrkingu á rafmagnsbúnaði fyrir skip í Gömlu höfninni.
- h) Gerð er tillaga að kaupum á mælitækjum til að mæla loftgæði í nágrenni Sundahafnar.

Áætlun áráanna 2020 til 2024 byggist á þeirri langtímaáætlun í framkvæmdum sem liggur fyrir. Gert er ráð fyrir óverulegum breytingum í umfangi rekstrar og tekna þessi ár. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangs röðun á hverju ári, en þau nema um 10% af rekstrartekjum fyrirtækisins. Miðað er við að á árunum 2021 - 2024 skili sér lóðatekjur vegna úthlutunar lóða í Sundahöfn.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Rekstur Faxaflóahafna sf. felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna.

Hafnarþjónustan rekur dráttarbáta, vita og sæmerki, hafnarvogir, hafnsöguþjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa.

Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnarmannvirkjum.

Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarsvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða.

Rekstur húseigna felst í útleigu, viðhaldi og umhirðu húseigna í eigu fyrirtækisins.

Rekstur áhaldahúss og rekstur bifreiða í eigu fyrirtækisins.

FJÁRFESTINGAR

Eignabreytingar á árinu 2020 eru áætlaðar 1.850 m.kr. Þrátt fyrir háar fjárfestingar á árunum 2017 til 2019 hefur handbært fé verið viðunandi en gæta þarf að þessum þætti eins og áður segir svo að ekki þurfi að koma til lántöku vegna verkefna ársins.

Til stendur að láta fara fram verðmat á eignum á Korngörðum sem lið í undirbúningi að lengingu Skarfabakka og landfyllingu í Vatnagörðum. Ekki er gert ráð fyrir útgjöldum við kaup eigna á árinu 2020, en gert ráð fyrir ákveðnum fjárhæðum á árinu 2021 og árunum þar á eftir.

Eignabreytingar skiptast á hafnarsvæðin með eftirfarandi hætti:

	<i>m.kr.</i>
Gamla höfnin	465
Sundahöfn	555
Grundartangi	110
Akranes	450
Dráttarbátur	220
Tæki og áhöld	50
Alls	1.850

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Á síðustu árum hafa tekjur Faxaflóahafna sf. vaxið umfram útgjöld. Skýringin felst í auknum flutningum og stærri skipum sem koma til hafnar. Samhliða hafa fjárfestingar vaxið. Nú er hins vegar útlit fyrir að umfang í flutningum og skipakomum verði óbreytt á milli ára en með kostnaðarauka í rekstri er því miðað við að afkoma ársins 2020 verði lægri en síðustu tvö ár. Rekstrarafgangur af reglulegum rekstri er því áætlaður lægri en er á árinu 2019. Fyrirtækið býr að lágum skuldum og nokkrum tekjustraumum sem hjálpa til að takast á við lægðir í efnahag, en skila sér vel þegar betur árar.

Próunina má sjá hér umbreytingar á milli ára:

	2016	2017	2018	Útksp 2019	Áætlun 2020
Tekjur	3.409	3.692	3.967	4.177	4.249
Gjöld	2.705	3.095	2.890	3.324	3.577
Rekstrarafgangur	704	597	1.077	853	672
Fjárfestingar	1.935	1.731	1.455	2.330	1.850

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Fjöldi skipa >100 brt.	1.502	1.516	1.474	1.400	1.400
Brúttótonn skipa í þús. tonna	9.316	11.219	12.131	13.000	13.000
Heildarflutningar í þús. tonna	3.813	3.968	4.205	4.000	4.000
Innflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	1.217	1.430	1.442	1.400	1.400
Innflutningur til stóriðju	1.240	1.173	1.295	1.200	1.200
Útflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	495	446	454	450	450
Útflutningur frá stóriðju	460	463	482	470	470
Landaður afli í þús. tonna	112	119	119	115	115
Skemmtiferðaskip	114	135	152	195	185
Fjöldi farþega	98.676	128.275	144.658	185.000	200.000
Fjöldi starfsmanna (föst stöðugildi)	67	67,5	68	69	71
Eignarland alls í hekturum	890	891	884	885	885
Lóðir samkv. skipulagi í eigu Faxaflóahafna í hekturum	329	331	323,5	325	330
Lengdir hafnarbakka og bryggja í metrum	8326	8318	8216	8300	8500

FÉLAGSBÚSTAÐIR

TILGANGUR OG GILDI

Tilgangur félagsins er rekstur og útleiga á félagslegum íbúðum í Reykjavík. Markmið félagsins er að starfa í þágu almannaheilla og er öllum hagnaði félagsins, þ.m.t. uppsöfnuðum hagnaði í form eignamyndunar, einungis ráðstafað í þágu þessa markmiðs félagsins. Félagsbústaðir starfa í anda gildanna: samvinna, virðing, þjónusta.

INNGANGUR

Félagsbústaðir eiga í eignasafni sínu 2.654 leigueiningar í lok árs 2018. Með leigueiningu er átt við fjölda leigusamninga sem gerðir eru um búsetu í félagslegu leiguhúsnæði. Við talningu eigna, matseininga og leigueininga er stuðst við þinglýsta kaupsamninga. Auk leigueininga sem eru skráðar eign Félagsbústaða er félagið með 10 íbúðir í kaupleigu.

Þá hafa Félagsbústaðir umsjón með 126 leigueiningum, framleigueignum, sem byggja á mismunandi samningum milli velferðarsviðs, félagsbústaða og eigenda íbúðanna sem eru; Brynja (36), Eir (22), Höfuðborgin okkar (5), Reitir (6), SEA (51) og Proskahjálp (6).

Samkvæmt málefnasamningi meirihluta borgarstjórnar og samþykktum velferðarráðs er gert ráð fyrir að félagslegum leiguíbúðum fjölgi um 600 á kjörtímabilinu 2018-2022. Þar af séu 500 íbúðir fyrir félagslegt leiguhúsnæði og 100 sértækar íbúðir. Á árinu 2018 fjölgaði íbúðum um 86 og áætlað er að á þessu ári fjölgi íbúðum um 125.

Í lok árs 2018 samanstóð eignasafn Félagsbústaða af 2.435 matseiningum sem hafa íbúðarnotkun (skilgreining þjóðskrár). Fjöldi skráðra íbúða í borginni var á sama tíma 52.657. Hlutfall íbúða í eigu Félagsbústaða nam því 4,62%.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

Fjárhæðir í þús.kr.	Útkomuspá/ Áætlun		Fimm ára áætlun				
	Raun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	2021	2022	2023	2024
Rekstrartekjur	4.028.106	4.659.615	4.895.500	5.258.000	5.732.000	6.063.000	6.351.000
Tekjur samtals	4.028.106	4.659.615	4.895.500	5.258.000	5.732.000	6.063.000	6.351.000
Laun og launatengd gjöld	296.681	327.130	341.752	372.756	404.557	434.185	461.932
Annar kostnaður	1.908.564	1.926.578	2.219.998	2.386.240	2.583.544	2.731.208	2.854.655
Afskriftir		31.907	48.405	51.663	56.313	59.567	62.399
Gjöld samtals	2.205.245	2.285.615	2.610.155	2.810.659	3.044.415	3.224.959	3.378.987
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnslið	1.822.861	2.374.001	2.285.345	2.447.341	2.687.585	2.838.041	2.972.013
Fjármagnsliðir	-1.974.621	-2.590.852	-2.622.967	-2.801.367	-3.014.840	-3.237.772	-3.328.779
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	-151.760	-216.851	-337.622	-354.027	-327.255	-399.731	-356.766
Tekjuskattur							
Matsbreytingar	2.964.778	1.965.340	1.485.427	1.608.332	1.717.945	1.843.293	1.932.670
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага							
Hlutdeild í afkomu dótturféлага							
Rekstrarniðurstaða	2.813.018	1.748.488	1.147.804	1.254.305	1.390.690	1.443.562	1.575.905

STARFSFÓLK

	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun 2019	Áætlun 2020
Fjöldi starfsmanna	23	23	25
Fjöldi stöðugilda	23	22,4	24,4
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Frankvæmdasvið	8	8	9
Fjármálasvið	6	5,6	6,6
Þjónustusvið	4	4	5
Stoðþjónusta og framkv.stjóri	5	4,8	3,8

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG MARKMIÐ

Eftirfarandi er frumvarp að fjárhagsáætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2019-2024. Áætlunin er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir félagsins eru ekki afskrifaðar en eru endurmetnar í takt við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takt við vísitölur eins og skilgreint var af fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir breytilegt verðlag á tímabilinu 2019 til 2024 og í takt við líklega þróun íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík á komandi árum.

Áætluð stækkun á eignasafni félagsins er metnaðarfull en gert er ráð fyrir að yfir 653 nýjar leigugeiningar bætist við safnið á tímabilinu 2019-2024. Markmiðum um fjölgun íbúða verði náð með:

- Kaupum á íbúðum í kjölfar kaupréttarsamninga sem heimila Félagsbústöðum kaup á 5% af byggðum íbúðum samkvæmt skilyrðum Reykjavíkurborgar við lóðaúthlutun.
- Kaupum íbúða á almennum fasteignamarkaði
- Byggingu húsa vegum félagsins, einkum vegna sértæks húsnæðis

Undanfarin ár hefur félagið aðallega keypt 2ja til 3ja herbergja íbúðir á almennum markað. Nú eru að verða breytingar vegna kaupréttar í nýbyggingum og gera áætlanir ráð fyrir að fjölgun íbúða komi að stærstum hluta í gegnum slíka samninga á árunum 2020 og 2021. Ekki liggur ljóst fyrir hvernig þróunin verður frá árinu 2022 og eru því áætlaðar færri eignir en mögulega geta komið í gegnum kaupréttarsamninga.

Þannig eru líkur á að íbúðir verði aðallega keyptar úr verkefnum af aðilum ótengdum félaginu á lóðum þar sem Reykjavíkurborg hefur sett skilyrði um að félagslegar íbúðir verði að lágmarki 5% íbúða. Enn fremur er gert ráð fyrir að félagið byggi sjálft 33 íbúðir sem tilbúnar verða til notkunar á áætlunartímabilinu.

FJÁRFESTINGAR – FJÖLGUN ÍBÚÐA

Fjárfestingaáætlun félagsins er gerð með hliðsjón af tillögum velferðarsviðs til Félagsbústaða um fjölgun íbúða. Gert er ráð fyrir að eignum fjölgi á tímabilinu 2019-2024 um 653 leigugeiningar, þar af 94 í sértækum búsetuúrræðum. Talning miðar við árið sem áætlað er að leigugeiningar verði teknar í notkun.

Fjöldur leigugeininga Tegund frkv.	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Alls
Kaup á markaði	58	38	37	98	32	75	338
Kaupréttur nýframkvæmd	67	94	62	27	32		282
Nýframkvæmdir FB		12	21				33
Alls	125	144	120	125	64	75	653

Fjölgun leigueininga	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Alls
Almennar	115	101	79	125	64	75	559
Sértækt húsnæði	10	43	41				94
Alls	125	144	120	125	64	75	653

FJÁRMÖGNUNARÞÖRF

Gert er ráð fyrir að stærð leigueininga sé á bilinu 40 – 80 m² og á einingaverðum sem eru í takt við reynslu félagsins af kaupum og framkvæmdum. Heildarfjármögnunarpörf, byggð á fyrirbyggjandi gögnum, vegna ofangreindra verkefna er áætluð eins og fram kemur á töflunni hér að neðan.

Fjárfestingar (í millj. kr.)	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Alls
Kaup á markaði	2.043	1.123	730	2.723	1.167	2.736	10.522
Nýframkvæmdir FB		721	700	0	0		1.421
Kaupréttur nýframkvæmd	1.973	2.729	2.303	1.578	1.331	0	9.914
Eignfært viðhald	200	200	200	200	200	200	1.200
Alls	4.216	4.773	3.933	4.501	2.698	2.936	23.057

Heildar fjármögnunarpörf er áætluð tæplega 19 milljarðar á árunum 2020 - 2024. Þar af eru áætluð stofnframlög frá Reykjavíkurborg 2,4 milljarðar og 4,4 milljarðar frá ríki. Lánsfjárförf vegna fjárfestinga nemur því um 14,5 milljörðum á tímabilinu 2020 – 2024.

MEGINSKÝRINGAR OG FORSENDUR

- Allar upphæðir eru í milljónum króna og eru á verðlagi hvers árs.
- Blátt letur táknar forsendur, svart letur táknar afleiddar stærðir og rautt letur táknar útgönguspá núverandi árs.
- Áætlun fyrir rekstur í lok ársins 2019 hefur verið uppfærð m.t.t. 6 mánaða uppgjörs félagsins og þróun umhverfis síðan þá.
- Gert er ráð fyrir að á yfirstandandi ári verði stækkun eignasafns fjármögnuð að 62% hluta með lánum, 16% hluta með stofnframlögum og eða eiginfjárframlagi frá Reykjavíkurborg en að 22% hluta með stofnframlögum frá ríki. En árin 2020 - 2024 lækka stofnframlög aftur frá borg niður í 12% og láns hlutfall hækkar aftur í 66%.
- Áætlunin gerir ráð fyrir að sjóðstreymi verði jákvætt 554 milljónir 2019 en á tímabilinu 2020—2024 er sjóðstreymi jákvætt sem nemur 238 milljónum kr.
- Til að halda jafnvægi í sjóðstreymi á síðari hluta áætlunartímabilsins í takt við fjárfestingaáætlunina þarf rekstrarkostnaður að lækka og eða tekjur að hækka, hér er gert ráð fyrir 2% hækku á leigutekjum umfram verðlag.

TÖLULEGAR FORSENDUR

Eftirfarandi eru helstu tölulegu forsendur fyrir fjárhagsáætlun Félagsbústaða.

Forsendur um þróun verðlags	Vísit.	Eining	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Mitt ár - Vísitala neysluverðs	M-VNV	-	3,40%	3,10%	2,73%	2,60%	2,60%	2,60%	2,50%
Mitt ár - Vísitala byggingakostnaðar	M-VBK		4,10%	3,50%	3,50%	3,00%	3,00%	3,00%	3,00%
Mitt ár - Launavísitala	M-LV	-	6,50%	5,60%	4,40%	4,20%	4,20%	4,10%	4,10%
Mitt ár - Vísitala íbúðaverðs	M-VÍ	-	3,90%	3,43%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%
Mitt ár - Upps - Vísitala neysluverðs	M-VNV		1,00	1,03	1,059146	1,086684	1,114938	1,143926	1,172524
Mitt ár - Upps - Vísitala byggingarkostnaðar	M-VBK		1,00	1,04	1,071225	1,103362	1,136463	1,170556	1,205673
Mitt ár - Upps - Launavísitala	M-LV		1,00	1,06	1,102464	1,148767	1,197016	1,246093	1,297183
Mitt ár - Upps - Íbúðaverð	M-VÍ		1,00	1,03	1,055027	1,076127	1,097650	1,119603	1,141995
Lok árs - Vísitala neysluverðs	L-VNV		3,50%	2,10%	2,67%	2,60%	2,60%	2,55%	2,50%
Lok árs - Vísitala íbúðaverðs	L-VÍ		3,67%	2,72%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%
Lok árs - Upps - Vísitala neysluverðs	L-VNV		1,00	1,02	1,0482097	1,0754631	1,1034251	1,1315625	1,1598515
Lok árs - Upps - Vísitala íbúðaverðs	L-VÍ		1,00	1,03	1,0477134	1,0686677	1,0900410	1,1118418	1,1340787

Þróun eignasafns									
Nýjar eignir		Íbúðir	86	125	144	120	125	66	75
Sala eigna		Íbúðir	0	-2	-2	-2	-2	-2	-2
Kaup eigna		Mkr	2.239	2.043	1.123	730	2.723	1.167	2.736
Nýframkvæmdir FB		Mkr	648	0	721	700	0	0	0
Kaup í nýframkvæmdum /Bjarg		Mkr	0	1.238	828	1.001			
Kaupréttur nýframkvæmd		Mkr	0	735	1.901	1.302	1.578	1.331	
Eignfærðar viðhaldsframkvæmdir		Mkr	0	200	200	200	200	200	200
Annar eignfærður kostnaður - fast verðlag		Mkr	85	85	85	85	85	85	85
Lánshlutfall fyrir eignfært viðhald		-	1	1	1	1	1	1	1
Lánshlutfall kaupa og nýframkvæmda		-	1	1	1	1	1	1	1
Lánshlutfall sala		-	0	1	1	1	1	1	1
Stærð eignasafns		Íbúðir	2.580	2.703	2.845	2.963	3.086	3.150	3.223
Mitt ár - Magnbreyting eignasafn		-	1	1	1	1	1	1	1
Lok árs - Upps - Magnbreyting eignasafn		-	1	1	1	1	1	1	1
Meðal stofnverð í lok árs	L-VÍ	Mkr/íbúð	32	33	34	35	35	36	37
Kaup á markaði	M-ÍV	Mkr	2.239	2.113	1.185	786	2.989	1.307	3.124
Kaup nýframkvæmd	M-VBK	Mkr	0	1.281	887	1.104	0	0	0
Kaupréttur nýframkvæmd	M-VBK	Mkr	0	761	2.036	1.437	1.793	1.558	0
Nýframkvæmdir	M-VBK	Mkr	648	0	772	772	0	0	0
Seldar eignir	L-VÍ	Mkr	0	-67	-68	-69	-71	-72	-73
Eignfærðar framkvæmdir	M-VBK	Mkr	0	207	214	221	227	234	241
Annar eignfærður kostnaður	M-VBK	Mkr	85	88	91	94	97	100	103
Magnbreyting fjárfestingaegna	M-ÍV	Mkr	2.972	4.089	4.813	4.030	4.712	2.793	3.051
Verðmæti fjárfestingaegna í lok árs	L-ÍV	Mkr	83.203	89.552	96.156	102.108	108.862	113.832	119.160
Áætlað fasteignamat næsta árs	VÍ	Mkr	80.736	87.569	94.579	100.435	107.078	111.966	117.206
Brunabótamat	M-VBK	Mkr	55.878	60.216	65.450	70.572	75.706	80.388	84.618

REKSTUR

Tekjur		Eining	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Leigutekjur	M-ÍV	Mkr	3.718	4.322	4.529	4.864	5.302	5.608	5.875
Aðrar tekjur	M-ÍV	Mkr	310	337	367	394	430	455	476
Tekjur Alls	M-ÍV	Mkr	4.028	4.660	4.896	5.258	5.732	6.063	6.351
Kostnaður									
Rekstur fasteigna	M-VNV	Mkr	-409	-440	-520	-558	-608	-643	-674
Viðhald	M-VNV	Mkr	-935	-887	-1.025	-1.100	-1.199	-1.269	-1.329
Fasteignagjöld		Mkr	-235	-246	-276	-297	-314	-331	-343
Vatns- og fráveitugjöld		Mkr	-149	-170	-212	-228	-241	-254	-263
Tryggingar	M-VBK	Mkr	-56	-65	-64	-69	-75	-79	-83
Laun og launatengd gjöld	M-LV	Mkr	-297	-327	-342	-373	-405	-434	-462
Annar skrifst.- og stjórnunarkostnaður	M-VNV	Mkr	-116	-119	-125	-134	-146	-155	-162
Framlag til afskrifta viðskiptakrafna	M-VNV	Mkr	-16	-32	-48	-52	-56	-60	-62
Vaxtagjöld, nettó	M-VNV	Mkr	-1.204	-1.318	-1.363	-1.456	-1.546	-1.627	-1.691
Alls		Mkr	-3.416	-3.603	-3.974	-4.267	-4.590	-4.852	-5.071
Afkoma fyrir verðbætur og matsbreytingu		Mkr	612	1.056	922	991	1.141	1.211	1.280
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		Mkr	1.816	2.374	2.285	2.447	2.688	2.838	2.972
Hagnaður fyrir fjármagnsliði/Tekjur		-	0	50,9%	46,7%	46,5%	46,9%	46,8%	46,8%

Skýringar

- Í líkaninu er gert ráð fyrir að leigutekjur þróist í takt við vísitölu neysliverðs og magnbreytingu.
- Leiguverð FB er að jafnaði um 30-40% lægra en á almennum markaði í borginni. Í líkaninu er gert ráð fyrir 2% hækkun leigu í ársbyrjun 2022.
- Í meðalleigutekjum hefur verið tekið tillit til vannýtingar húsnæðis vegna flutninga og viðhalds.
- Gert er ráð fyrir að launakostnaður hjá Félagsbústöðum þróist í takt við umfang starfseminnar og launavísitölu, stöðugildum fjölgar um 4 á spátímabilinu og verða 26 í árslok 2021.
- Gert er ráð fyrir að fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld og brunabótaíðgjöld þróist eins og kynnt hefur verið af borg, veitum og váttryggjanda.
- Önnur gjöld eru áætluð sem hlutfall af tekjum hvers árs.
- Gert er ráð fyrir að gjaldfært viðhald á hverju ári sé um 21% af tekjum hvers árs.
- Gert er ráð fyrir að eignfært viðhald verði að jafnaði 200 milljónir kr. á ári á verðlagi ársins 2019 og verði fjármagnað að fullu með lántöku.
- Félagið gerir grein fyrir helstu viðhalds- og endurbótaframkvæmdum í ársáætlun 2020 en áætlun þessi gerir ráð fyrir að 200 milljónir verði eignfærðar vegna stærri viðhaldsverkefna.
- Í áætlun er búið er að taka tillit til VSK sem félagið getur fengið endurgreiddan.
- Gert er ráð fyrir að allar eignir félagsins séu fjárfestingaeignir og því ekki áætlað fyrir afskriftum eigna.

MATSBREYTING OG EFNAHAGUR

Matsbreyting		Eining	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Verðmæti eignasafns í upphafi tímabils	L-ÍV	Mkr	77.265	83.203	89.552	96.156	102.108	108.862	113.832
Breyting á eignasafni á tímabilinu	L-ÍV	Mkr	2.972	4.089	4.813	4.030	4.712	2.793	3.051
Verðmæti fyrir matsbreytingu	L-ÍV	Mkr	80.238	87.291	94.365	100.185	106.820	111.655	116.883
Verðmæti eftir matsbreytingu	L-ÍV	Mkr	83.203	89.552	96.156	102.108	108.862	113.832	119.160
Breyting á verðmæti eignasafns	L-ÍV	Mkr	5.937	6.349	6.604	5.953	6.754	4.970	5.328
Keyptar eignir		Mkr	-2.239	-4.155	-4.108	-3.327	-4.782	-2.865	-3.124
Nýframkvæmdir	L-ÍV	Mkr	-648	0	-772	-772	0	0	0
Seldar eignir	L-ÍV	Mkr	0	67	68	69	71	72	73
Eignfært viðhald	LV	Mkr	0	-207	-214	-221	-227	-234	-241
Annar eignfærður kostnaður	M-VBK	Mkr	-85	-88	-91	-94	-97	-100	-103
Matsbreyting fjárfestingaeigna		Mkr	2.965	1.965	1.485	1.608	1.718	1.843	1.933
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		Mkr	1.816	2.374	2.285	2.447	2.688	2.838	2.972
Vaxtagjöld	M-VNV	Mkr	-1.204	-1.318	-1.363	-1.456	-1.546	-1.627	-1.691
Verðbætur langtímalána	M-VNV	Mkr	-771	-1.273	-1.260	-1.345	-1.468	-1.610	-1.637
Matsbreyting fjárfestingaeigna		Mkr	2.965	1.965	1.485	1.608	1.718	1.843	1.933
Hagnaður		Mkr	2.806	1.749	1.147	1.254	1.391	1.444	1.576
Efnahagur í lok tímabils			2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Eigið fé		Mkr	42.641	44.390	45.537	46.791	48.182	49.626	51.202
Skuldir	L-VNV	Mkr	41.052	46.151	51.738	56.477	61.916	65.496	69.283
Eignir alls	L-ÍV	Mkr	83.693	90.541	97.275	103.268	110.098	115.122	120.485
Eiginfjárhlutfall		-	50,9%	49,0%	46,8%	45,3%	43,8%	43,1%	42,5%

Skýringar

- Skuldir og og efnahagur í lok árs 2019 eru áætluð út frá stöðu félagsins í 6 mánaða uppgjöri, þróun umhverfis síðan þá og áætlun til ársloka 2019.
- Skuldir félagsins vaxa með stækkun eignasafns, eignfærðu viðhaldi og hækkun verðlags, en minnka með afborgunum lána.
- Gert er ráð fyrir að ný lán verði verðtryggt jafngreiðslulán til 45 ára og að félagið mun halda áfram að fjármagna sig með útgáfu skuldabréfa í eigin nafni.
- Stofnframlög eru í áætlun færð sem vaxtalausar skuldbindingar sem er í samræmi við IFRS staðla. Nýjar eignir eru því að fullu færðar sem skuldir í efnahag. Þetta hefur áhrif á eiginfjárstöðu félagsins þegar líður á áætlunartímann, þar sem öll stækkun eignasafns er fjármögnuð með stofnframlögum og lánum.
- Afborganir og vextir af núverandi lánasafni og nýjum lánum voru framreiknaðir í lánaherminum.
- Hækkun á verðlagi fasteigna hefur jákvæð áhrif á eiginfjárhlutfall félagsins. Þessa hækkun má að einhverjum hluta raungera í sjóðstreymi með því að selja lítið skuldsettar íbúðir, en það er ekki stefnt að því fyrr en unnið hefur verið á biðlistum.

SJÓÐSTREYMI




Sjóðstreymi	Eining	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2.024
Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT)	Mkr	1.816	2.374	2.285	2.447	2.688	2.838	2.972
Breyting á skammtímaskuldum/kröfum		0	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld	Mkr	-1.188	-1.318	-1.363	-1.456	-1.546	-1.627	-1.691
Handbært fé frá rekstri	Mkr	628	1.056	922	991	1.141	1.211	1.280
Kaup eigna	Mkr	-2.239	-4.155	-4.108	-3.327	-4.782	-2.865	-3.124
Sala eigna	Mkr	0	67	67.900	69	71	72	73
Nýframkvæmdir	Mkr	-648	0	-772	-772	0	0	0
Eignfært viðhald	Mkr	0	-207	-214	-221	-227	-234	-241
Annar eignfærður kostnaður	Mkr	-85	-88	-91	-94	-97	-100	-103
Breyting á skammtímakröfum	Mkr	0	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingahreyfingar	Mkr	-2.972	-4.384	-5.118	-4.344	-5.036	-3.126	-3.395
Hlutfé/stofnframlag frá Reykjavíkurborg	Mkr	476	679	596.627	503.169	577.023	347.085	378.460
Stofnframlag frá Ríki	Mkr	654	1.043	1.094	922	1.058	636	694
Afborganir lána	Mkr	-641	-701	-825	-983	-1.073	-1.164	-1.251
Ný lán (Kaup, framkvæmd og eignf. viðhald)	Mkr	1.843	2.838	3.496	2.988	3.448	2.191	2.371
Breyting skammtímalána	Mkr	-100						
Uppgreidd lán (íbúðasala)	Mkr	0	-33	-35	-37	-39	-41	-42
Fjármögnunahreyfingar	Mkr	2.231	3.826	4.327	3.394	3.971	1.970	2.150
Breyting á handbæru fé	Mkr	-113	498	130	41	76	54	36
Áætlað handbært fé í lok tímabils	Mkr	-64	434	564	605	681	735	771

Skýringar

- Gert er ráð fyrir að hlutfjárframlag/stofnframlag vegna nettó stækkunar eignasafnsins komi frá Reykjavíkurborg og ríkissjóði.
- Innborgað stofnframlag frá eiganda verði ríflega 2,4 milljarðar og ríflega 4,4 milljarðar frá ríki á tímabilinu 2019-2024.
- Ekki er áætlað fyrir breytingum á skammtímakröfum/eignum á tímabilinu.
- Unnið er að endurfjármögnun á óhagstæðum lánnum félagsins sem, ef vel tekst til, mun lækka nokkuð greiðslubyrði lána og stuðla að enn betra jafnvægi í sjóðstreymi en hér kemur fram.
- Sjóðstreymi félagsins er viðkvæmt fyrir breytingum á leiguverði, rekstrarkostnaði, stækkun eignasafns og lánskjörum.
 - Ef leigutekjur félagsins minnka, bitnar það beint á handbæru fé ef ekki er gripið til mótvægisáðgerða.
 - Aukning á gjaldfærðum viðhaldskostnaði hefur bein áhrif á handbært fé félagsins.
 - Aukning á eignfærðum viðhaldskostnaði hefur langtímaáhrif á handbært fé vegna aukinnar lántöku sem skapar litlar nýjar tekjur en aukinn fjármagnskostnað.
 - Stækkun eignasafns hefur neikvæð áhrif á sjóðstreymi þar sem nýjar dýrari íbúðir eru ósjálfbærar í útleigu.
 - Breyting á vaxtakjörum og/eða lánstíma langtímalána hefur mikil áhrif á handbært fé félagsins þannig hafa lækkandi vextir á nýjum lánnum haft jákvæð áhrif á rekstur félagsins. Takist að endurfjármagna óhagstæð lán á betri kjörum getur það sparað félaginu vaxtagreiðslur umtalsvert.

HELSTU MÆLIKVARÐAR ÚR REKSTRI

Mælikvarðar, kennitölur	Eining	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Afborganir og vextir	Mkr	-1.845	-2.019	-2.188	-2.439	-2.620	-2.791	-2.943	-3.063
Vaxtaþekja	-	1,51	1,80	1,68	1,68	1,74	1,74	1,76	1,78
Skuldaþekja	-	0,98	1,18	1,04	1,00	1,03	1,02	1,01	1,00
Eiginfjárlutfall	-	0,51	0,49	0,47	0,45	0,44	0,43	0,42	43,0%
EBIT án gjaldfærðs viðhalds	Mkr	2.751	3.261	3.310	3.547	3.887	4.107	4.301	4.451
Vaxtagjöld	Mkr	1.204	1.318	1.363	1.456	1.546	1.627	1.691	1.730
Áætlað viðhald	Mkr	1.140	1.282	1.437	1.569	1.720	1.819	1.925	1.945
Sjálfbærni	-	1	1	1	1	1	1	1	1,21
Vaxtagjöld og afborganir % af tekjum	-	0	0	0	0	0	0	0	46,5%
Gjaldfært viðhald	Mkr	935	887	1.025	1.100	1.199	1.269	1.329	1.378
Eignfært viðhald	Mkr	0	207	214	221	227	234	241	248
Viðhald alls	Mkr	935	1.094	1.239	1.321	1.427	1.503	1.570	1.626



Skýringar


- Sjálfbærni = $(EBIT - \text{gjaldfært viðhald}) / ((\text{skuldir} / (40 * 0,9)) + \text{vaxtagjöld})$
- Vaxtaþekja ($EBIT / \text{vaxtagreiðslur}$) og skuldaþekja ($EBIT / (\text{gr.afborganir} + \text{nettó vextir})$) eru ofan viðmiðunarmarka sem eru **1,4**; **0,9** á áætlunartímanum en skuldaþekja nálgast sársaukamörk þegar líður á tímabilið

Sjálfbærni stuðull er yfir viðmiðunargildið 1,1 á tímabilinu

ÞRÓUN EIGNASAFNS

Á döfinni er veruleg stækkun á íbúðasafni félagsins. Ef áætlunin gengur eftir mun fjöldi íbúða fara úr 2.654 íbúðareiningum í lok árs 2018 í 3.307 leigugeiningar í lok árs 2024. Þessi fjölgun eigna um 653 leigugeiningar samsvarar um ríflega 24% stækkunar safnsins á 5 ára tímabili eða meira en 100 íbúðir á ári að meðaltali. Forsendur þess að fjölgun íbúða gangi eftir er að veitt verði stofnframlög til kaupanna og að framboð á eignum verði nægjanlegt og hagstæð lánsfjármögnun fái.

Fjöldi leigugeininga í eigu Félagsbústaða




Staða í lok tímabils		Fjöldi leigugeinga						
		2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Almennar félagslegar íbúðir	fjöldi	1938	2053	2170	2273	2400	2464	2539
Þjónustuíbúðir aldraðra	-	364	364	364	364	364	364	364
Leigugeingar fyrir fólk með fötlun	-	327	336	362	377	379	379	379
Önnur rými VEL	-	25	26	27	29	25	25	25
Íbúðir samtals í árslok	-	2654	2779	2923	3043	3168	3232	3307
Mannfjöldi í Reykjavík	fjöldi þús	126	132,8	136,2	139,6	142,9	146	149
Alm. félagslegar íbúðir á 1000 íbúa	-	15,4	15,5	15,9	16,3	16,8	16,9	17
Heildarfjöldi íbúða á 1000 íbúa	-	21,1	20,9	21,5	21,8	22,2	22,1	22,2
Breyting frá fyrra tímabili								
Almennar félagslegar íbúðir	fjölgun	74	107	117	103	127	64	75
Þjónustuíbúðir aldraðra	-	0	0	0	0	0	0	0
Íbúðir fyrir fólk með fötlun	-	12	9	26	15	2	0	0
Alls		86	125	144	120	125	64	75



MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.

SKIPURIT



Malbikunarstöðin Höfði hf. skiptist í 5 deildir í ársbyrjun og hafði svo verið frá stofnun félagsins, sjá mynd. Í lok september 2019 var ákveðið að sameina hráefna- og framkvæmdadeild í eina deild. Skipuritið er í stöðugri endurskoðun.


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun		Fimm ára áætlun			
		Áætlun 2019	Áætlun 2020	2021	2022	2023	2024
Rekstrartekjur							
Tekjur samtals	1.993.940	1.958.000	2.050.000	2.090.000	2.120.000	2.160.000	2.190.000
Laun og launatengd gjöld	478.873	518.000	520.000	530.000	540.000	550.000	560.000
Annar kostnaður	1.320.112	1.260.000	1.376.600	1.498.000	1.403.000	1.280.000	1.300.000
Afskriftir	91.694	90.000	114.000	150.000	218.000	220.000	222.000
Gjöld samtals	1.890.679	1.868.000	2.010.600	2.178.000	2.161.000	2.050.000	2.082.000
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	103.261	90.000	39.400	-88.000	-41.000	110.000	108.000
Fjármagnsliðir	20.100	1.000	-4.500	-8.100	-11.340	-13.500	-9.500
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	123.361	91.000	34.900	-96.100	-52.340	96.500	98.500
Tekjuskattur	-26.863	-10.159	-6.980	19.220	10.468	-19.300	-19.700
Matsbreytingar							
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga							
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga							
Rekstrarniðurstaða	96.497	80.841	27.920	-76.880	-41.872	77.200	78.800

STARFSFÓLK

	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun 2019	Áætlun 2020
Fjöldi starfsmanna	38	39	39
Fjöldi stöðugilda	38	39	39
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Hráefnadeild	5	5	4
Framleiðsludeild	4	6	6
Framkvæmdadeild	18	20	21
Rannsóknir	2	2	2
Skrifstofa	9	6	6

SKIPTING REKSTRAR 2020



HLUTVERK

Malbikunarstöðin Höfði hf. rekur grjótmulningsstöð og tvær malbikunarstöðvar, leggur út malbik og annast hálkueyðingu og snjómokstur. Fyrirtækið framleiðir malbik og steinefni í samræmi við *Alverk95* og ÍST EN staðla. Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun. Fyrirtækið er með vottað gæðakerfi samkvæmt *ÍST EN ISO 9001* staðli og vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt *ÍST EN ISO 14001* umhverfisstaðli. Fyrirtækið hefur lokið undirbúningsferli vegna vottunar á öryggi og hollustuháttum samkvæmt *ÍST EN ISO 45001* staðals og fengið staðfest að það er hæft til vottunar.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins, bæði malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndan vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er vottunaraðili fyrirtækisins.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki Malbikunarstöð- og Grjótnám Reykjavíkurborgar í eitt hlutafélag.

FORSENDUR OG MEGINÁHERSLUR

Megináherslur fyrirtækisins næsta ár verða fölgjandi í því að verja hag fyrirtækisins og forða því frá áföllum. Áfram verður haldið að hagræða í rekstri og um leið að verja störf eftir því sem nokkur kostur er. Mörg undanfarnir ár hefur verið bent á að forgangsatíði sé að ganga frá lóðamálum fyrirtækisins og að jafnframt sé afar brýnt að framtíðar staðsetning verði ákveðin. Á síðari hluta ársins 2018 hættu Faxaflóahafnir að þjónusta Ártúnshöfðahöfn og lokaðist hún við það. Skip með asfaltfarma og steinefni til fyrirtækisins geta því ekki lengur lagst við bryggju í Ártúnshöfðahöfn. Auðvelt er að skipa upp steinefnum annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og aka með steinefni á lóð Höfða með tilheyrandi kostnaði og umhverfisáhrifum. Asfalt verður hins vegar ekki losað nema þar sem birgðatankar eru til staðar og á suðvesturhorni landsins eru þeir einungis við Ártúnshöfðahöfn og í Hafnafjarðarhöfn. Fyrirtækið brást við með því að safna sem mestum asfaltbirgðum á árinu 2018 og hafa þær dugað í malbiksframleiðsluna það sem af er árinu 2019, en stutt er í að þær klárast. Brugðist hefur verið við með því að semja við aðra birgja um fyrirkomulag á afgreiðslu asfalts til félagsins. Verður fyrirtækið háð öðrum aðilum með geymslu og afgreiðslu á asfalti fyrst um sinn og mun að því leyti standa höllum fæti í harðri samkeppni.



Samkvæmt gildandi aðalskipulagi hefur legið fyrir um hríð að Malbikunarstöðin Höfði hf. muni víkja af svæðinu í Ártúnshöfða og íbúðabyggð koma í staðinn. Á undanförunum árum hefur fyrirtækið kannað hugsanlegar staðsetningar á höfuðborgarsvæðinu og leitað eftir samningum um lóðir á nokkrum stöðum. Á fyrri hluta ársins 2019 lá fyrir að einungis væri um tvö iðnaðarsvæði á höfuðborgarsvæðinu að ræða þar sem kæmi til greina að félagið fengi lóð. Eftir að hafa kannað kostina tvo var sótt um 6,5 hektara lóð til borgarráðs í júlí 2019 á Esjumelum. Vilyrði fékkst fyrir allt að 5 hektara lóð í síðari hluta ágúst. Þegar í stað var hafist handa við að hefja undirbúning fyrir flutning, en ljóst er að um flókið, tímafrekt og kostnaðarsamt verkefni er að ræða. Núgildandi starfsleyfi félagsins rennur út 31. desember 2022 og því ljóst að hefja þarf starfsemi á nýrri lóð fyrir þann tíma, eða á sumrinu 2022 í síðasta lagi. Á meðan uppbygging fer fram á nýrri lóð verður að vera unnt að halda óbreyttri starfsemi sem kostur er

við Sævarhöfðann. Kostnaðargreiningar hafa verið unnar og ýmsar sviðsmyndir skoðaðar og greindar á undanförunum misserum, en þar er mörgum atriðum ólokið vegna þess að ekki lá fyrir hvar fyrirtækið fengi lóð. Nú eru borgaryfirvöld að vinna að nánari útfærslu á lóð á Esjumelum, sem síðan verður auglýst. Þegar formlegum þætti málsins er lokið er hægt að hefja vinnu við nánari útfærslu og fyrirkomulagi á lóðinni. Gert er ráð fyrir að lóðaframkvæmdir geti hafist að einhverju marki á árinu 2020, en líklegt að viðamestu þættirnir verði á árunum 2021 og 2022. Sem fyrr segir er um mjög flókið og dýrt verkefni að ræða. Fagaðilar hafa verið, og verða, kallaðir til til aðstoðar, bæði vegna verklegra þátta og eins til ráðgjafar við fjármögnun verkefnisins.

Við fjárhagsáætlunina var reynt að taka tillit til fyrirhugaðra flutninga, en ennþá er ýmislegt óljóst í sambandi við kostnað við þá. Ekki er gert ráð fyrir miklum útgjöldum á árinu 2020 sem fyrr segir, en að gera má ráð fyrir að mörg atriði sem snúa að flutningunum skýrist á árinu. Hins vegar má gera ráð fyrir verulegum útgjöldum árin þar á eftir. Verður fjárhagsáætlunin því stöðugt uppfærð og endurskoðuð og fulltrúar eigandans upplýstir reglulega um stöðu mála.

Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum í umsvifum árið 2020 frá fyrra ári. Framleiðsla Malbikunarstöðvar árið 2019 stefnir í að verða nokkru minni en árið 2018, þrátt fyrir að fyrirtækið hafi náð nokkrum af stærstu verkefnum sem í boði voru. Svo virðist sem einkamarkaðurinn hafi haldið að sér höndum meðan að opinberir verkkaupar, einkum Reykjavíkurborg, juku útgjöld til viðhalds gatna og vega verulega. Engu að síður stefnir í ágæta útkomu, ef tíðarfar helst hagstætt til malbikunar lengra fram á haustið. Er það í samræmi við áætlun ársins. Vonir standa til þess að rekstrarskýrði árið 2020 verði svipuð, þó blikur séu á lofti hvað það varðar. Er vonast til að malbiksframleiðsla og malbiksútlögn verði svipuð á næsta ári og hún stefnir í að verða árið 2019.

FJÁRFESTINGAR

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um fjárfrekar fjárfestingar árið 2020, en líklegt er að þær aukist nokkuð vegna undirbúnings flutninga. Óvæntar uppkomur geta þó sett strik í reikninginn þannig að grípa þurfi til aðgerða. Ljóst er að á árinu 2020 þarf að taka ákvörðun um auknar fjárfestingar vegna kaupa á malbikunarstöð, að hluta til eða öllu leyti. Fjárfestingar ársins 2019 eru meiri en gert var ráð fyrir í áætlun ársins, en þar var horft til framtíðar og reynt að fjárfesta í tækjum og búnaði sem muni gagnast á komandi árum. Tengist það að hluta fyrirhuguðum flutningum, en auk þess gera verkkaupar meiri kröfur um gæði og rekjanleika framleiðslunnar sem kostaði breyttan tækjabúnað. Reglulega þarf að endurnýja tæki og aðlaga framleiðsluferlið að nýjum framleiðslutegundum og til að auka gæði og hagkvæmni í rekstri. Fylgst er með nýjungum á markaði og brugðist við þeim eftir því sem við á fyrir íslenskar aðstæður. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins. Við uppbyggingu starfseminnar á nýjum stað verður að fara í gríðarlegar fjárfestingar. Þær verða ræddar ítarlega í stjórn fyrirtækisins og kynntar eigandanum.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Útksp. 2019	Áætlun 2020
Eiginfjárlutfall	85%	83%	87%	94%	94%
Arðsemi eigin fjár	5%	21%	7%	6%	2%
Veltufjárlutfall	4	4,22	6,05	15,94	14,8
Skuldsetningarlutfall	0	0	0	0	0



Slökkviliðsfólk rýfur þak til þess að komast að eldi. Úr myndasafni SHS.


SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós SHS er að veita gæðarþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.

SKIPURIT

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) er skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna sex sem eru eigendur liðsins. Slökkviliðsstjóri sér um daglega stjórn SHS. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Starfsemi SHS skiptist í tvö kjarnasvið, aðgerðasvið og forvarnasvið, og þrjár stoðeiningar. Stjórnendur sviða og stoðeininga skipa framkvæmdastjórn SHS ásamt slökkviliðsstjóra.



HLUTVERK

Hlutverk SHS er að sinna eldvarnaeftirliti, forvörnum og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt að sinna björgun fastklemmds fólks og öðrum þeim störfum sem því er falið samkvæmt lögum og samningum þar að lútandi. SHS sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu skv. samningi við ríkið.


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

Fjárhæðir í þús.kr.	Útkomuspá/ Áætlun			Fimm ára áætlun			
	Raun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	2021	2022	2023	2024
Rekstrartekjur	2.927.709	3.111.907	3.278.400	3.447.654	3.609.635	3.748.395	3.888.757
Tekjur samtals	2.927.709	3.111.907	3.278.400	3.447.654	3.609.635	3.748.395	3.888.757
Laun og launatengd gjöld	2.329.418	2.469.783	2.627.000	2.781.993	2.929.439	3.052.476	3.177.627
Annar kostnaður	464.428	495.387	508.200	521.413	534.970	548.879	562.601
Afskriftir	75.714	87.036	126.786	128.774	138.161	141.021	149.877
Gjöld samtals	2.869.560	3.052.206	3.261.986	3.432.180	3.602.570	3.742.376	3.890.105
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	58.149	59.701	16.414	15.474	7.065	6.019	-1.348
Fjármagnsliðir	16.335	-6.405	-13.638	-13.293	-12.688	-11.442	-10.930
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	74.484	53.296	2.776	2.181	-5.623	-5.423	-12.278
Rekstrarniðurstaða	74.484	53.296	2.776	2.181	-5.623	-5.423	-12.278

STARFSFÓLK

	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun 2019	Áætlun 2020
Fjöldi starfsmanna	183	181	181
Fjöldi stöðugilda	183	181	181
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Aðgerðasvið	160	158	158
Aðrir	23	23	23

SKIPTING REKSTRAR 2020



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Í yfirstandandi kjarasamningaviðræðum Sambands sveitarfélaga og BSRB félaga gera stéttarfélagin kröfu um styttingu vinnuvikunnar. BSRB telur að vinnuvika vaktavinnufólks þurfi jafnvel að styttest meira en annarra vegna mikils álag á þá launþega umfram aðra. Í þessari fjárhagsáætlun er ekki gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna vegna styttingar vinnuvikunnar þar sem ekki liggur fyrir niðurstaða í málinu.

Fjárhagsáætlun SHS 2020 tekur mið af meginforsendum Reykjavíkurborgar en þar að auki er tekið tillit til launahækkana vegna menntunar nýliða. Alls hafa verið ráðnir 39 starfsmenn í varðlið SHS á árunum 2017 og 2018 sem hækka í launum umfram meginforsendur þar sem þeir hafa lokið námi sem atvinnuslökkviliðsmenn og neyðarflutningamenn í upphafi árs 2020. Það hefur í för með sér 8% hækkun á launum þeirra vegna menntunar, sem nemur um 21 m.kr. á ársgrundvelli með launatengdum gjöldum.

Gert er ráð fyrir að framlag eigenda vegna reksturs SHS og almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins hækki um 74,0 m.kr. (4,8%) á milli ára. Framlag vegna fjárfestinga SHS helst óbreytt milli ára að ákvörðun stjórnar, en fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið, háð fjölda slökkvistöðva og tengt gengi SDR. Alls nemur framlag eigenda 1.719,3 m.kr. á árinu 2020. Gert er ráð fyrir að aðrar rekstrartekjur hækki um 92,5 m.kr. og vegur mest hækkun vegna sjúkraflutninga um 84,9 m.kr. (6,7%).

Launaliðurinn hækkar að teknu tilliti til meginforsenda og umframhækkana vegna menntunar nýliða um 157,2 m.kr í áætlun ársins 2020. Önnur rekstrargjöld hækka á heildina litið um 12,8 m.kr. Stórir kostnaðarþættir eru þó þar á meðal sem taka mið af hækkun launavísitölu, en komið er til móts við þá með hagræðingu á öðrum stöðum.

Í heild hækka rekstrargjöld því milli ára um 170 m.kr. (5,7%) og rekstrartekjur um 166,5 m.kr. (5,4%), þar af um 74 m.kr. frá eigendum og aðrar tekjur um 92,5 m.kr.

Í brunavarnaáætlun SHS er rætt um að á nokkrum svæðum á starfssvæði SHS sé viðbragðstími tæplega ásættanlegur. Til þess að bæta úr því þarf að byggja nýja slökkvistöð í stað slökkvistöðvarinnar í Tunguhálsi sem væri betur staðsett. Áætlað er að því verði lokið á árinu 2021 og slökkvistöðinni við Tunguháls verði lokað á sama tíma. Í þessari fjárhagsáætlun er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna þessara framkvæmda né lántöku. Nánari útreikningar verða gerðir þegar nægjanlegar forsendur liggja fyrir.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Aðgerðasvið:

Reiknað er með að mönnun aðgerðasviðs sé í takt við brunavarnaáætlun SHS sem samþykkt var á síðasta ári. Í áætluninni er árlegt endurskoðunarákvæði til að tryggja að SHS sé ávallt nægjanlega vel mannað til að sinna lögbundnum verkefnum og að önnur verkefni skerði ekki getu þess á neinn máta. Það er á borði Mannvirkjastofnunar að framkvæma árlega úttekt á mönnun liðsins.

Helstu verkefni aðgerðasviðs eru slökkvistörf og sjúkraflutningar. Heildarfjöldi boðana á árinu 2020 er áætlaður 34.880, sem skiptist í 33.430 boðanir sjúkrabifreiða og 1.450 boðanir slökkvibifreiða. Fjöldi boðana slökkvibifreiða var lengi nokkuð stöðugur en fjölgun veðurtengdra útkalla hefur á síðustu árum aukið heildarfjölda boðana þeirra. Fjöldi sjúkraflutninga hefur aukist jafnt og þétt milli ára og er gert ráð fyrir 2% fjölgun boðana sjúkrabifreiða milli árána 2019 og 2020. Áætlað er að tekjur af sjúkraflutningum aukist um 75,9 m.kr. milli ára eða um 5,9% og skýrist það bæði af fjölgun flutninga og vísitöluhækkunum.

Aðrir:

Hinn mikli straumur ferðamanna til Íslands hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi SHS. Sjúkraflutningum með erlenda ríkisborgara hefur fjölgað verulega og kalla þeir á talsverða umsýslu við innheimtu. Verkefni forvarnasviðs hafa aukist til muna vegna fjölgunar gisti- og veitingastaða sem hafa þarf eftirlit með, sem og aukinnar búsetu í atvinnuhúsnæði. Mikið átak og framfarir í forvörnum í gegnum árin hafa skilað sér í fækkun alvarlegra útkalla slökkviliðsins og þróun SHS á upplýsingakerfi fyrir eldvarnaeftirlit hefur auðveldað eldvarnaskoðanir og eftirfylgni þeirra. Nokkuð stór hluti af sértekjum SHS verða til á forvarnasviðinu, m.a. vegna eftirlits og eftirfylgni kröfugerða, öryggisvakta og öryggis- og lokaúttekta.

Stoðeiningar SHS sinna bókhaldi, launum, innheimtu, uppgjörum og áætlanagerð, vinna greiningar á rekstri og aðrar stjórnendaupplýsingar, sinna stjórnáskilgreiningum erindum, stefnumótun, innra eftirliti, mannauðsmálum, rekstri tölvukerfa og þróun hugbúnaðar fyrir rekstur, aðgerðir og forvarnir. Stoðeiningarnar vinna náið saman og með starfsmönnum aðgerðasviðs og forvarnasviðs að uppbyggingu og viðhaldi þjónustu liðsins við eigendur þess og almenning á höfuðborgarsvæðinu.



Langþráðar nýjar slökkvibifreiðar komnar til landsins í október 2019. Úr myndasafni SHS.

FJÁRFESTINGAR

Í stofnsamningi SHS er ákvæði um að eigendur leggi SHS til árlegt fjárfestingarframlag sem miðað er við fjölda slökkvistöðva og gengisvísitölu (SDR). Fjárfestingarsjóðurinn á að standa straum af nýfjárfestingum í bifreiðum og búnaði fyrir slökkviliðið. Í hagræðingarskyni var tekin ákvörðun um að halda fjárfestingarframlagi ársins 2020 óbreyttu frá árinu 2019. Stór fjárfesting var gerð á árinu 2019 í nýjum slökkvibifreiðum og framundan eru frekari endurnýjanir á bifreiðafлотanum í samræmi við framkvæmdaáætlun brunavarnaáætlunar SHS.

Ráðgert er að selja slökkvistöðina við Tunguháls og byggja nýja slökkvistöð sem verði betur staðsett. Til að ráðast í þessa fjárfestingu, sem samþykkt hefur verið af stjórn SHS, þarf að fjármagna hana með auknu framlagi eða lántöku. Í þessari fjárhagsáætlun er hvorki gert ráð fyrir kostnaði vegna þessara framkvæmda né lántöku. Nánari útreikningar verða gerðir þegar nægjanlegar forsendur liggja fyrir.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstur SHS er fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga. Fjárhagsleg staða þess er í jafnvægi og hafa lykiltölur í rekstri eins og eiginfjárlutfall og skuldsetningarlutfall batnað verulega seinustu árin.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Útsp. 2019	Áætlun 2020
Fjöldi boðana sjúkrabifreiða	30.797	30.890	31.820	32.770	33.430
Fjöldi boðana slökkviliðs	1.215	1.425	1.450	1.450	1.450
Fjöldi skoðana/umsagna forv.sviðs	2.747	2.150	2.360	2.400	2.400
Fjöldi starfsmanna	157	161	183	181	181
Eiginfjárlutfall	70,00%	74,80%	75,30%	79,63%	80,64%
Veltufjárlutfall	0,8	1,36	1,53	0,71	0,75
Skuldsetningarlutfall	13,60%	10,90%	10,30%	9,68%	9,37%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	1	0,6	1,6	1,5	1,5

FRAMLÖG

Sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eru eigendur SHS og fjármagna tæplega 53% af rekstri SHS. Heildarframlag til reksturs og fjárfestinga SHS og almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins árið 2019 er um 1.645 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki í um 1.739 m.kr. fyrir árið 2020. Reykjavíkurborg á 56,5% hlut í SHS, en eignarhlutur og framlag hvers sveitarfélags breytist í samræmi við þróun íbúafjölda frá 1. desember 2017 til 1. desember 2018.

Greiðslur sveitarfélaga Fjárh. í þús. kr.	Útksp. 2019	Áætlun 2020	breytingar í þús. kr.	%
Heild				
Vegna reksturs SHS	1.532.000	1.605.000	73.000	4,8%
Vegna fjárfestinga SHS	95.152	95.200	48	0,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS	18.194	19.119	925	5,1%
Alls	1.645.346	1.719.319	73.973	4,5%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	933.986	971.482	37.495	4,0%
Vegna reksturs SHS	869.655	906.897	37.242	4,3%
Vegna fjárfestinga SHS	54.014	53.792	(222)	-0,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS	10.318	10.792	475	4,6%
Kópavogur	265.897	278.711	12.814	4,8%
Vegna reksturs SHS	247.582	260.182	12.600	5,1%
Vegna fjárfestinga SHS	15.377	15.433	55	0,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS	2.937	3.096	159	5,4%
Hafnarfjörður	217.527	224.833	7.306	3,4%
Vegna reksturs SHS	202.544	209.886	7.342	3,6%
Vegna fjárfestinga SHS	12.580	12.449	(131)	-1,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS	2.403	2.498	95	3,9%
Garðabær	116.210	122.843	6.632	5,7%
Vegna reksturs SHS	108.206	114.676	6.470	6,0%
Vegna fjárfestinga SHS	6.721	6.802	81	1,2%
Vegna reksturs almannavarna AHS	1.284	1.365	81	6,3%
Mosfellsbær	77.869	86.232	8.364	10,7%
Vegna reksturs SHS	72.505	80.499	7.994	11,0%
Vegna fjárfestinga SHS	4.503	4.775	272	6,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS	860	958	98	11,4%
Seltjarnarnes	33.839	35.199	1.360	4,0%
Vegna reksturs SHS	31.508	32.859	1.351	4,3%
Vegna fjárfestinga SHS	1.957	1.949	(8)	-0,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS	374	391	17	4,6%
Kjósarhreppur	18	19	1	5,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS	18	19	1	5,1%

STRÆTÓ BS.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fargjaldatekjur	2.099.543	2.243.012	2.287.872	2.333.629	2.380.302	2.427.908
Framlag eigenda og ríkis	6.437.646	6.776.823	6.776.823	6.776.823	6.776.823	6.776.823
Aðrar tekjur	189.321	189.321	189.321	189.321	189.321	189.321
Tekjur samtals	8.726.510	9.209.156	9.254.016	9.299.773	9.346.446	9.396.076
Laun og launatengd gjöld	2.646.346	2.791.895	2.791.895	2.791.895	2.791.895	2.791.895
Annar rekstarkostnaður	5.839.498	6.054.177	6.054.177	6.077.835	6.077.835	6.103.714
Afskriftir	290.000	310.800	310.800	310.800	310.800	310.800
Rekstrargjöld samtals	8.775.844	9.156.872	9.156.872	9.180.530	9.180.530	9.206.409
Fjármunatekjur/gjöld	-50.241	-51.977	-69.471	-69.569	-69.592	-68.915
Rekstarniðurstaða	-99.575	307	27.673	49.674	96.324	120.752

STARFSFÓLK

Á árinu 2020 er gert ráð fyrir svo til sama fjölda stöðugilda. Áætlun fyrir árið 2020 gerir ráð fyrir að á meðaltali verði um 30 stöðugildi vagnstjóra mönnum með yfirvinnu sem er sambærilegt miðað við árið 2019.


	2020
Fjöldi starfsmanna	317
Fjöldi stöðugilda	282
Stöðugildi eftir rekstrareiningum:	
Rekstarsvið	246
Farþegaþjónustusvið	18
Annar samrekstur	18

HLUTVERK


Meginhlutverk Strætó er að veita almenna þjónustu á sviði almenningsamgangna, innan þess fjárhagsramma sem fyrirtækinu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og ferðaþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra.

SKIPTING REKSTRAR 2020

Rekstrarkostnaður 2020



Rekstrartekjur 2020



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Helstu breytingar á milli ára

Gert er ráð fyrir að fargjaldatekjur 2020 hækki um 143 m.kr. milli ára eða um 6,8%. Þar af er almenn gjaldskrárhækkun 2,5% og fjölgun farþega um 6,5%. Gangi þetta eftir munu fargjaldatekjur 2020 veða um 31% af almennum rekstrarkostnaði Strætó, sem er sambærilegt og útkomuspá 2019 gerði ráð fyrir.

Strætó vísitalan tekur mið af samsetningu rekstrarkostnaðar Strætó og hækkun vísitalna í samræmi við Þjóðhagsspá maí 2019.

	Vægi	Hækkun	2019
Laun	60%	5,50%	3,30%
Olía	13%	-1,60%	-0,20%
Nvt.	12%	3,20%	0,40%
Viðhald og varahlutir (undirvísitala nvt.)	15%	3,40%	0,50%
Vegið meðaltal	100%		4,00%

Þjóðhagsspá júní 2018

Í áætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að rekstrarframlag eigenda taki mið af framangreindri áætlaðri hækkun strætó vísitölu og að framlagi til að tryggja að rekstur ársins 2020.

Gert er ráð fyrir að framlag til almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu verði það sama og árið 2019 eða um 888 m.kr. Meðfylgjandi er tafla yfir framlag ríkisins til Strætó og framlagið ef það hefði tekið breytingum í samræmi við verðlagshækkun eins og kveðið er á um samningum.

	Framlagið skv. samningi með hækkun v.	Framlagið raun og áætlað 2019	Mismunur frá því sem kemur fram í samningi
2012	350.000	350.000	0
2013	902.204	902.905	-701
2014	925.620	822.600	103.020
2015	927.198	806.130	121.068
2016	962.144	889.560	72.584
2017	1.030.045	889.560	140.485
2018	1.077.551	867.500	210.051
2019	1.119.577	887.500	232.077
2020*	1.155.403	887.500	267.903
	8.449.742	7.303.255	1.146.487

*Hækkun miðað við þjóðhagsspá maí 2019

Allar fjárhæðir í þús.kr.

Almennur rekstrarkostnaður Strætó er áætlaður samkvæmt spá um þróun verðlags tiltekinnar útgjaldaliða sem er í takt við Strætó-vísitölu, þar sem launakostnaður vegur langþingst.

Í upphafi árs 2019 var hagrætt í leiðanetinu um 95 m.kr. Í áætlun fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir sama þjónustustigi og var árið 2019. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður vagna hækki lítillega vegna hærri aldurs vagnaflorens.

Helstu verkefni Strætó 2020

Heildarfjárfesting 2019 í 2 metan vögnum er um 70 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 520 m.kr í nýjum vögnum á árinum 2020.

Lokið var við vinnu viðinnleiðingur jafnlaunvottunar á árinu 2019 og hefur Strætó hlotið jafnlaunavottun.

Í framhaldi af aðgerðarplani sem kynnt var stýrihóp um eflingu almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu, stofnaði stjórn Strætó faghóp um nýtt leiðanet. Faghópurinn og verkefnahópur sem settur var á laggirnar höfðu það hlutverk að fara yfir núverandi leiðanet Strætó og koma með tillögur til stjórnar Strætó að nýju leiðaneti þar sem tengt er saman leiðanet Strætó og Borgarlínu. Stefnt er að því að áfangaskýrslu um verkefnið verði skilað til stjórnar Strætó í næsta mánuði.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Yfirstjórn og skipulagssvið

Helstu verkefni á sviði yfirstjórnar Strætó á árinu 2020, verður að halda áfram að vinna að því að aðlaga leiðakerfi Strætó að borgarlínu. Stefnt er að því að skila áfangaskýrslu um nýtt leiðanet til stjórnar Strætó í nóvember 2019. Stefnt er að því að stofna verkefnahóp um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og yfirfara eigendastefnu Strætó.

Farþegaþjónustusvið

Á árinu 2020 rennur út núverandi samningur um fyrirkomulag ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og fötluð skólabörn. Áfram er unnið að því að bæta nýtingu bifreiða og að svörun verði áfram um 80%. Talstöðvarsamskipti við bílstjóra verði færð í nútímalegri horf og stöðugt verður leitað leiða til að auðvelda viðskiptavinum að sækja upplýsingar eða að koma sínum erindum á framfæri.

Í akstursþjónustunni er stöðugt verkefni að bæta flotastýringu og hefur sýnt sig að sú vinna er að skila sér í meiri ánægju á meðal viðskiptavina. Áhersla hefur verið á að bæta stundvísi og eru um 97% ferða innan ásættanlegs tímaramma en markmiðið er að ná að bæta stundvísina enn betur samhliða að ná fram enn betri samnýtingu á bílaflotanum.

Fjármál og rekstur

Undir fjármál og rekstur heyrir fjármál, bókhald, sölu- og markaðsmál og upplýsingatækni, á sviðinu starfa nú 8 manns.

Stærsta verkefnið 2020 verður fjárfesting í nýju rafrænu greiðslukerfi, en útboðsferlinu lýkur lok árs 2019. Gert er ráð fyrir að innleiðing á kerfinu gæti byrjað á fyrsta ársfjórðungi 2020. Nýju kerfi er ætlað að nútímavæða innheimtu fargjalda hjá Strætó og gera viðskiptavinum enn auðveldara að greiða fyrir þjónustuna, ásamt því að auka öryggi greiðslunnar. Nýtt greiðslukerfi mun einnig gefa mikilvægar upplýsingar um notkun, sem mun hjálpa til við ákvarðanatöku er varðar leiðanet og fargjaldauppbyggingu.

Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að að styrkja innra eftirlit og áhættustýringu þvert á fyrirtækið.

Áfram verðu lögð áhersla á að hvetja fólk til að nýta sér umhverfisvænar samgöngur og þá auðvitað sérstaklega Strætó sem er bæði umhverfisvænn og hagkvæmur kostur.

Mannauðs- og gæðasvið

Mannauðsmál verða áfram í brennidepli í starfsemi Strætó 2020. Stærsta verkefni sviðsins undanfarin ár hefur verið innleiðing þjónustustefnu. Það er langtímaverkefni sem hefur það að markmiði að efla enn frekar þjónustu, þekkingu og viðmót starfsmanna Strætó auk þess að fjölga farþegum. Þá verður einnig áhersla á innri þjónustu og samskipti.

Á árinu 2019 verður einnig áhersla á umhverfis- og gæðamál. Haldið verður áfram endurbótum á vottuðum gæðakerfum Strætó með sérstakri áherslu á umbætur í umhverfismálum, flokkun sorps og þess háttar.

Öryggismál skipa stóran sess á árinu 2020. Áfram verður unnið að fækkun tjóna með sérstakri áherslu á fræðslu og forvarnir í samvinnu við VÍS.

Önnur verkefni verða fyrirferðamikil á árinu, s.s. endurmenntun atvinnubílstjóra þar sem Strætó er eigin fræðsluaðili.

Rekstrarsvið

Undir rekstrarsvið heyrir allur akstur Strætó, verkstæði, innkaupadeild og þvottastöð. Á sviðinu starfa um 248 starfsmenn, þar af eru 202 vagnstjórar og 31 á verkstæði, innkaup og þvottahúsi og 15 í stýringu flotans og mötuneyti.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að allir rafvagnar Strætó verði komnir í fulla notkun og því verður verkefnið 2019 að tryggja sem besta nýtingu þeirra en til að svo megi vera þarf að setja upp að minnsta kosti tvær hraðhleðslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu sem eru nú í undirbúningi.

Gert er ráð fyrir að keyptir verði vagnar fyrir um 520 m.kr. í næsta vagnakaupaútbóði sem fyrirhugað er í lok árs 2019 eða byrjun 2020.

FRAMLÖG

Í neðangreindri töflu má sjá rekstrarframlag eigenda til Strætó. Þessu til viðbótar kemur sérstakt framlag vegna nemaverkefnis.

Áætluð skipting á framlagi á milli eigenda					
	2019	Sérstakt framlag Hafnarfj.	Aukning v/frávika 2019	Verðlag	2020
Reykjavík	2.240.806		55.372	89.632	2.385.810
Kópavogur	505.609		12.494	20.224	538.327
Hafnarfjörður	348.610	13.500	8.614	13.944	384.668
Garðabær	225.864		5.581	9.035	240.480
Mosfellsbær	168.774		4.171	6.751	179.696
Seltjarnarnes	78.500		1.940	3.141	83.581
Samtals	3.568.163	13.500	88.172	142.727	3.812.562

FJÁRFESTINGAR

Haldið verði áfram með endurnýjun á vagnaflotanum og fjárfest verði í nýjum vögnum fyrir allt að 520 m.kr. 2020.

Fjárfest verður í nýju greiðslukerfi fyrir allt að 330 m.kr. 2020 í kjölfar útboðs. Uppfært greiðslukerfi er næsta rökrétta skref á eftir greiðslu-appinu sem kom í lok árs 2014. Nýtt greiðslukerfi mun hjálpa til við lausn ýmissa vandamála sem eru í núverandi fyrirkomulag, t.a.m.:

- Athugasemdir innri endurskoðanda Strætó. Koma þarf að nauðsynlegum útbótum vegna athugasemda frá innri endurskoðanda vegna meðhöndlun reiðufjár og virkni bauka í vögnunum. Núverandi baukar sem eru í vögnum eru orðnir um 30 ára gamlar og taka þarf ákvörðun um kostnaðarsama endurnýjun eða hætta með þá í skrefum samhliða upptök nýrra greiðsluleiða.
- Eykur öryggi greiðslunnar m.t.t. svindls. Áætlað er að svindl geti verið allt að 250-300 m.kr. árlega, meðal annars vegna sjónrænnar staðfestingar fargjalds þar sem auðvelt getur verið að sýna falsað eða útrunnið kort án þess að vagnstjóri geti með góðu móti sannreynt gildi kortsins, farmiðar og núverandi staðgreiðsla með peningum er mjög ónákvæm.
- Létta álaginu af bílstjórum, með því að hætta sjónrænni staðfestingu.
- Betri upplýsingar um innstig, greiðslumiðla og notkun viðskiptavina, opnar möguleika á nýjum uppgjörmöguleikum á milli sveitarfélaga t.d. með tillit til notkunar íbúa hvers sveitarfélags o.s.frv.
- Samnýting – m.a. við Borgarlínu. Opið rafrænt greiðslukerfi gerir okkur það mögulegt að samþætta rafræn greiðslukerfi við hin ýmsu greiðslukerfi sveitarfélaganna og nýta þannig fjárfestingu og sérfræðiþekkingu mun betur en ella.
- Eykur möguleik á að tengja saman greiðslumöguleik mismunandi ferðamáta.
- Eykur sveigjanleika í uppbyggingu gjaldskrár.

Jafnframt er gert ráð fyrir áframhaldandi þróun á nýtingu upplýsingatækni til að þjónustu viðskiptavini betur og uppfærsla á núverandi upplýsingakerfum, t.a.m. bókhaldskerfi, innra neti fyrir starfsmenn og þróun á rauntímaupplýsingum fyrir viðskiptavini á stoppustöðum, vinnustöðum o.fl. stöðum.

Áætlun fyrir 2020 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir samtals allt að 890 m.kr.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Gert er ráð fyrir að framangreindar fjárfestingar verði fjármagnaðar með eigin fé og lánsfé. Í fjárhagsáætlun fyrir 2020 er heimild fyrir allt að 200 m.kr. lántöku.


LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Spá 2019	Áætlun 2020
Heildarfjöldi ekinna KM	7.444.111	8.408.243	8.970.780	10.203.679	9.872.602	9.872.602	10.828.357	10.644.275	10.644.275
Fjöldi ekinna km verktakar	2.915.968	3.274.027	3.723.143	4.387.582	4.047.767	4.047.767	5.188.272	5.322.137	5.641.466
Fjöldi ekinna km Strætó	4.528.143	5.134.216	5.247.637	5.816.097	5.824.835	5.824.835	5.640.085	5.322.137	5.109.252
Olíunotkun Strætó fjöldi lítra	2.098.313	2.337.311	2.366.927	2.447.441	2.391.062	2.391.062	2.111.299	1.969.191	1.900.000
Meðaleyðsla á hverja 100 km	46	46	45	42	41	42	40	37	36
Fjöldi vagna í reglulegri notkun	133	143	143	148	148	148	158	158	158
Fjöldi farþega	9.594.893	9.808.104	10.282.537	10.696.925	11.392.225		12.132.720	12.982.010	13.864.787
Fargjaldatekjur í þús.kr.	1.277.416	1.421.798	1.476.801	1.655.369	1.820.595	1.889.662	1.951.996	2.099.543	2.243.012
Hlutfall fargjaldatekna af alm. rekstarkostn.	32,3%	31,1%	30,4%	32,5%	32,7%	31,7%	30,0%	31,0%	31,0%
Fjöldi starfsmanna	198	205	241	261	296	296	318	319	317



ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

SKIPURIT samstæðu OR



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2018	Útkomuspá/ Áætlun		Fimm ára áætlun			
		Áætlun 2019	Áætlun 2020	2021	2022	2023	2024
Rekstrartekjur	45.916.214	47.072.013	48.707.345	50.913.992	53.099.832	55.374.202	57.661.986
Tekjur samtals	45.916.214	47.072.013	48.707.345	50.913.992	53.099.832	55.374.202	57.661.986
Laun og launatengd gjöld	6.178.488	7.622.908	8.074.640	8.568.143	9.041.146	9.432.504	9.832.539
Annar kostnaður	11.121.011	11.400.059	10.582.729	10.907.036	11.268.041	11.670.676	12.072.982
Afskriftir	10.270.942	11.568.801	11.840.737	12.232.355	12.586.989	12.917.979	13.255.277
Gjöld samtals	27.570.441	30.591.768	30.498.106	31.707.534	32.896.176	34.021.159	35.160.798
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	18.345.773	16.480.245	18.209.239	19.206.458	20.203.656	21.353.043	22.501.188
Fjármagnsliðir	-13.753.258	-10.354.194	-6.117.468	-4.776.629	-4.991.041	-5.041.343	-5.201.983
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	4.592.515	6.126.051	12.091.771	14.429.829	15.212.615	16.311.700	17.299.205
Tekjuskattur	1.379.848	275.375	-1.922.914	-2.384.730	-2.350.373	-2.429.300	-2.401.736
Matsbreytingar							
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	6.033						
Hlutdeild í afkomu dótturféлага							
Rekstrarniðurstaða	5.972.363	6.401.426	10.168.857	12.045.099	12.862.242	13.882.400	14.897.469

HLUTVERK

Orkuveita Reykjavíkur er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum í þeim sveitarfélögum sem hún þjónar. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða.

Núverandi skipulag OR má rekja til gildistöku breytinga á raforkulögum í ársbyrjun 2014. OR er nú samstæða þjónustufyrirtækja með þjónandi móðurfélagi.

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar samkvæmt sérstökum lögum og er móðurfélag þriggja þjónustufyrirtækja sem eru hlutafélag. OR lýtur stjórn sem kjörin er af sveitarstjórnnum eigenda; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað og Borgarbyggð. Forstjóri OR fer með hluti OR í dótturfélögum. Innan móðurfélagsins er sameiginlegt þróunarsvið vísinda- og tæknifólks, fjármálasvið samstæðunnar og sameiginlegt þjónustusvið, meðal annars með þjónustuveri og reikningagerð. Á skrifstofu forstjóra starfa sérfræðingar í ýmsum málaflokkum sem starfa með öllum fyrirtækjunum í samstæðunni.

INNGANGUR

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2020 og langtímaspá fyrir árin 2021-2025 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin Veitur, OR Vatns- og fráveitu, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur. Fjárhagsspá hvers dótturfélags hlaut samþykki viðkomandi stjórnar áður en þessi samstæðuspá var samþykkt í stjórn OR.

Við gerð fjárhagsspár fyrir samstæðu OR er beitt stefnumiðaðri spágerð (Beyond budgeting). Í aðferðinni felst að skráð stefna fyrirtækjanna, sem á sér grunn í eigendastefnu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, er lögð til grundvallar og þau mælanlegu markmið sem af stefnunni leiða. Fjárhagsleg markmið og lykilmælikvarðar eru sett fram með myndrænum hætti í spánni.

Fjárhagur OR er traustur. Þess vegna er fyrirtækinu kleift að styðja við Lífskjarasamningana sem náðust á vinnumarkaði vorið 2019 og halda verðhækkunum á sérleyfisþjónustu innan þeirra marka sem samningarnir gera ráð fyrir. Því má gera ráð fyrir raunlækkun á gjöldum Veitna fyrir sérleyfisþjónustu á árinu 2020.

Alvarlegar rakaskemmdir sem uppgötvuðust í hluta skrifstofuhúsnæðis OR við Bæjarháls á árunum 2015 og 2016 voru mikil vonbrigði. Staðinn var vörður um heilsu starfsfólks með því að taka skemmda húsnæðið úr notkun og nú hefur verið ákveðið að endurhanna útveggi svokallaðs vesturhúss. Að hönnun lokinni og kostnaðarmati verður ákveðið hvort ráðist verður í þær viðgerðir.

Á næstu árum verður haldið áfram að greiða niður skuldir. Gert er ráð fyrir að nettóskuldir Orkuveitu Reykjavíkur lækki um 35 milljarða frá 2019 til ársloka 2025.

Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur eru þrír; Reykjavíkurborg (93,5%), Akraneskaupstaður (5,5%) og Borgarbyggð (1%). Fyrstu arðgreiðslur til eigenda eftir hrun voru árið 2017. Arðgreiðslur taka ávallt mið af;

- arðgreiðsluskilyrðum sem stjórn OR og eigendur samþykktu undir lok árs 2015,
- markmiðum stjórnar og eigenda um arðsemi rekstursins og einstakra þátta hans,
- kröfu í eigendastefnu OR um sanngjarnt verð fyrir þjónustu
- opinberum reglum um arðsemi sérleyfisþátta.

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2020 og fimm ára spá 2021-2025 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti af fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar.

ÁHERSLUR 2020-2025

Veitur

Hlutverk: Tilgangur Veitna ohf. er rekstur grunnkerfa, svo sem vatnsveitu, fráveitu dreifiveitu rafmagns og hitaveitu auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

Megináherslur 2020-2025: Vorið 2018 var samþykkt metnaðarfull stefna Veitna sem endurspeglast í fjárhagsáætlun og byggir á því að Veitur:

- veiti framúrskarandi þjónustu.
- sé eftirsóknarvert þekkingarfyrirtæki og draumavinnustaður.
- sé í forustu í nýsköpun og tækniþróun.
- til fyrirmyndar í rekstri, öryggi og sporlausri starfsemi.

Helstu fjárfestingar: Í samræmi við stefnu Veitna er lögð aukin áhersla á snjallmælavæðingu, sporlausa fráveitu, tryggja afhendingu m.a. með styrkingu rafdreifikerfisins þannig að það styðji við orkuskipti í samgöngum og frekari forðaöflun fyrir hitaveitur. Stærstu einstöku fjárfestingaverkefni eru endurnýjun á aðveituæð hitaveitu Akraness og Borgarness sem áætlað er að ljúki árið 2025, innleiðingu snjallmæla og styrkingu á dreifikerfi rafmagns og fráveitu í Reykjavík.

Orka Náttúrunnar

Hlutverk: Tilgangur Orku náttúrunnar ohf. er vinnsla, framleiðsla og sala raforku og heits vatns og gufu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

Megináherslur 2020-2025: Leiðarljós við gerð þessarar fjárhagsspár er ábyrg nýting auðlinda; öruggur, samkeppnishæfur og hagkvæmur rekstur; þróun jarðhitagarðs, áframhaldandi uppbygging hlaða fyrir rafbíla sem og skref í átt að sporlausri vinnslu.

Helstu fjárfestingar: Fjárfestingar ON byggja á því að tryggja áframhaldandi góða nýtingu virkjana með traustri gufuöflun og að uppfylla opinberar kröfur og metnað ON í umhverfismálum. Fjárfest verður í nauðsynlegri uppfærslu á stjórnbúnaði Nesjavallavirkjunar og Jarðhitagarður ON við Hellisheiðarvirkjun verður þróaður áfram til að stuðla að frekari fjölnýtingu jarðhitauðlindarinnar.

Gagnaveita Reykjavíkur

Hlutverk: Tilgangur Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. er rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi.

Megináherslur 2020-2025: Áhersla er lögð á að fjölga heimilum og fyrirtækjum sem geta tengst Ljósleiðaranum og að fjölga viðskiptavinum.

Helstu fjárfestingar: Á spátímabilinu er stefnt að því að ljúka lagningu ljósleiðara til heimila í þéttbýli Reykjanesbæjar, Árborgar og Voga á Vatnsleysuströnd. Ásamt því að tengja nýbyggingar á ofangreindum svæðum og að opna net Ljósleiðarans verði í boði til sem flestra heimila og fyrirtækja á landinu enda séu verkefni arðbær.

FORSENDUR FJÁRHAGSSPÁR OR 2020-2025

Forsendur fjárhagsspár 2020-2025 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í maí 2019 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá London Metal Exchange. Við spár vaxta var miðað við fölgna framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

Forsendur:

Lýsing	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	3,4	3,2	2,6	2,6	2,6	2,5	2,5
Byggingavísitala (%)	4,4	3,6	3,5	3,5	3	3	3
Launavísitala, breyting (%)	5,6	5,5	5,9	5,3	4,2	4,1	4,1
Gengisvísitala, breyting (%)	7,8	0,2	0	0	0	0	0
Álverð, meðalverð ársins (\$)	1.826	1.860	1.950	2.039	2.127	2.196	2.247


FORGANGSRÖÐUN OG MAT Á FJÁRFESTINGUM

Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar við mat á forgangsröðun fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru í fjárfestingarspá hafa verið lengi til umfjöllunar og hlotið forgangsröðun áður en þau eru lögð fram. Áður en endanleg ákvörðun um verkefni er tekin er unnin frekari undirbúningsvinna og ítarlegt áhættumat framkvæmt. Þegar nánari undirbúningsvinnu sérhvers verkefnis er lokið fer það í samþykktarferli innan hvers fyrirtækis samstæðunnar og síðar stjórnar og eiganda, ef við á, eftir skilgreindu verklagi. Stuðst er við hlutlæga greiningu m.a. á eftirfarandi þáttum:

- Aukin notkun eða eftirspurn eftir þjónustu.
- Bilanasaga lagna og búnaðar.
- Aldur lagna eða búnaðar.
- Efni í lögnum og búnaði.
- Ástandsgreining lagna.
- Öryggi starfsmanna og viðskiptavina.
- Afhendingaröryggi til viðskiptavina.

FJÁRHAGSSPÁ 2020-2025

Rekstur




Mynd sýnir milljarða króna.

Tekjur vegna rafmagnssölu hækka um 4,3 milljarða kr. eða 21,1% á tímabilinu 2020 til 2025 og tekjur vegna sölu á heitu vatni hækka um 2,8 milljarða kr. eða 21,9%.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður án afskrifta aukist frá 2020 til 2025 um 4,0 milljarða kr. eða 21,2%. Aukinn rekstrarkostnað má að mestu rekja til verðlagsbreytinga.


EBITDA stendur fyrir framlegð rekstursins án fjármagnsliða, afskrifta og skatta. EBIT er rekstrarafkoman án fjármagnsliða og skattgreiðslna. Framlegð reksturs OR samstæðunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í samstæðu OR. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem gerðar eru til rekstrarins. til rekstursins eru gerðar

Framlegð



Mynd – EBITDA/Restrartekjur


Afkoma



Mynd sýnir milljarða króna

Eins og sjá má á afkomu mynd mynd 3 er gert ráð fyrir að afkoman batni á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 16,5 milljarða kr. árið 2025. Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins.

Eignir og eiginfjárlutfall



Mynd sýnir eignir í milljörðum króna.

Áætlað er að eignir hækki á næstu árum vegna aukinna fjárfestinga í veitukerfum OR. Áfram verði haldið á þeirri vegferð að greiða niður skuldir. Eiginfjárlutfall styrkist jafnt og þétt á tímabilinu 2020-2025, þ.e. frá því að vera 48,9% í árslok 2020 í 60,7% í árslok 2025.


Sjóðstreymi



Mynd sýnir milljarða króna

Handbært fé frá rekstri og ný lántaka dekkja allar fjárfestingar, afborganir lána og arðgreiðslu. Gert er ráð fyrir að greiddur tekjuskattur nemi um 11,7 milljörðum á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að handbært fé í árslok 2025 verði 13,3 milljarðar kr.


Fjárfestingar




Mynd sýnir milljarða króna.

HELSTU FJÁRFESTINGAR 2020-2025	milljarðar kr.
Veitukerfi	62,1
Virkjanir	29,7
Aðrar fjárfestingar	10,3
Fjárfestingar alls	102,1

Fjármögnun



Mynd sýnir milljarða króna




Mynd sýnir milljarða króna.

Afborganir skulda eru áætlaðar á milli 15,5 – 18,1 milljarða kr. á árunum 2020 - 2025, samtals um 100,6 milljarðar kr.

Lántökur eru áætlaðar 53,8 milljarðar kr. á tímabilinu.

Arðgreiðslur til eigenda eru áætlaðar 15 milljarða kr. á tímabilinu.

Nettó vaxtaberandi skuldir og fjármögnunarahreyfingar




Mynd sýnir milljarða króna.

Nettó vaxtaberandi skuldir lækka um 35,2 milljarða kr. frá árinu 2020-2025.


LYKILTÖLUR

Í samræmi við eigendastefnu og aðgerðaráætlun eigenda er markvisst stefnt að heilbrigðari fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að bæta markvisst lykiltölur í rekstri s.s. veltufjárhlutfall, eiginfjárhlutfall, vaxtabekju o.fl. Spáin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum í anda eigendastefnu og stefnumiðaðrar spágerð (beyond budgeting). Samþykkt um arðgreiðsluskilyrði er gerð í samræmi við ákvæði í eigendastefnu OR. Í henni er gert ráð fyrir að stjórn samþykki arðstefnu fyrir fyrirtækið, sem hljóta skuli staðfestingu eigenda. Í samþykktinni eru fjárhagslegir mælikvarðar, sem uppfylltir skulu, áður en til arðgreiðslu kemur og arðgreiðslur mega ekki brjóta gegn.


Eiginfjárhlutfall




Veltufjárhlutfall




(Handbært fé frá rekstri - arðgreiðslur)
/ Nettó skuldir




Vaxtaþekja



ROCE



Nettó skuldir / handbært fé frá rekstri



HORFUR OG SPÁ 2019-2025 - REKSTRARREIKNINGUR

	Raun 2018 (mkr)	Horfur 2019 (mkr)	Spá 2020 (mkr)	Spá 2021 (mkr)	Spá 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)
Rekstrartekjur alls	45.916	47.072	48.707	50.914	53.100	55.374	57.662	60.540
Rekstrargjöld alls	17.299	19.023	18.657	19.475	20.309	21.103	21.906	22.615
EBITDA	28.617	28.049	30.050	31.439	32.791	34.271	35.756	37.924
Afskriftir	10.271	11.569	11.841	12.232	12.587	12.918	13.255	13.571
EBIT	18.346	16.480	18.209	19.206	20.204	21.353	22.501	24.354
Fjármagnsliðir	-13.753	-10.354	-6.117	-4.777	-4.991	-5.041	-5.202	-5.289
Vaxtatekjur	381	563	530	491	465	433	411	416
Vaxtagjöld	-6.911	-7.897	-7.697	-7.219	-7.319	-7.289	-7.117	-6.955
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	-7.223	-3.020	1.050	1.951	1.863	1.814	1.504	1.249
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.593	6.126	12.092	14.430	15.213	16.312	17.299	19.065
Tekjuskattur	-1.380	-275	1.923	2.385	2.350	2.429	2.402	2.530
Hagnaður (tap) ársins	5.972	6.401	10.169	12.045	12.862	13.882	14.897	16.535

HORFUR OG SPÁ 2019-2025 – EFNAHAGSREIKNINGUR

	Raun 2018 (mkr)	Horfur 2019 (mkr)	Spá 2020 (mkr)	Spá 2021 (mkr)	Spá 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)
Eignir	340.089	354.936	362.324	366.792	373.671	377.080	382.724	385.738
Fastafjármunir	313.624	329.949	335.854	341.045	345.682	349.865	354.043	357.059
Veltufjármunir	26.465	24.987	26.469	25.748	27.989	27.214	28.681	28.679
Eigið fé og skuldir	340.089	354.936	362.324	366.792	373.671	377.080	382.724	385.738
Eigið fé	160.827	168.751	177.244	187.290	198.152	209.784	221.682	234.216
Skuldir	179.262	186.185	185.079	179.503	175.519	167.296	161.043	151.521
Langtímaskuldir	152.121	160.308	159.325	153.725	147.056	139.569	132.195	125.440
Skammtímaskuldir	27.141	25.877	25.754	25.778	28.463	27.727	28.847	26.081

HORFUR OG SPÁ 2019-2025 – SJÓÐSTREYMI

	Raun 2018 (mkr)	Horfur 2019 (mkr)	Spá 2020 (mkr)	Spá 2021 (mkr)	Spá 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	27.492	29.018	30.071	31.542	32.861	34.331	35.816	37.918
Innborgaðar vaxtatekjur	398	560	461	346	293	256	233	211
Greidd vaxtagjöld	-4.806	-5.506	-5.379	-5.058	-5.040	-4.784	-4.623	-4.341
Greiddur tekjuskattur	-1.482	-1.559	-1.649	-1.758	-1.876	-1.928	-2.088	-2.392
Greiðslur annarra fjármagnsliða	-547	1.218	565	515	545	600	600	600
Handbært fé frá rekstri	21.054	23.731	24.069	25.588	26.782	28.475	29.939	31.996
Fjárfestingarhreyfingar								
Fjárfesting varanlegra rekstrarfjármuna	-15.871	-18.310	-17.663	-17.840	-17.410	-17.078	-16.394	-15.738
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	3.587	0	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar alls	-12.284	-18.310	-17.663	-17.840	-17.410	-17.078	-16.394	-15.738
Fjármögnunarhreyfingar								
Ný langtímalán	20.562	19.471	13.050	8.900	10.200	8.000	8.000	5.600
Afborganir langtímaskulda	-23.730	-24.021	-16.248	-15.479	-15.479	-18.072	-17.229	-18.065
Greiddur arður	-1.250	-1.500	-1.750	-2.000	-2.000	-2.250	-3.000	-4.000
Fjármögnunarhreyfingar alls	-4.418	-6.050	-4.948	-8.579	-7.279	-12.322	-12.229	-16.465
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	4.352	-629	1.459	-831	2.093	-925	1.316	-207
Handbært fé í ársbyrjun	6.255	10.988	10.362	11.823	10.992	13.085	12.160	13.476
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	381	0	0	0	0	0	0	0
Handbært fé í lok tímabils	10.988	10.362	11.823	10.992	13.085	12.160	13.476	13.269


SORPA

Inngangur

Rekstraráætlun SORPU bs., fyrir árin 2020 – 2024 samþykkt á stjórnarfundi þann 1.11.2019. Magn sem berst endurvinnslustöðvunum hefur aukist verulega síðustu ár og misseri. Rekstur endurvinnslustöðvanna er beintengdur magni sem berst og lítt á færi SORPU að hafa áhrif á magnið. Reynt hefur verið að hafa áhrif á samsetninguna þ.e.a.s. reynt að hafa áhrif á íbúa þ.a. þeir flokki úrganginn í ódýrari flokka. Það gengur hins vegar hægt. Erfitt er fyrir starfsmenn, sem sinna mörgum skyldum að fylgjast með og hafa áhrif á íbúa. Til þess eru starfsmenn einfaldlega of fáir. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá þróun magns sem kemur gegnum endurvinnslustöðvarnar, en þar sést að ef fer fram sem horfir verður magnaukningin frá árinu 2010 um 92%¹. Um 90% af kostnaði endurvinnslustöðvanna samanstendur af eftirfarandi þáttum:

- Launakostnaður
- Eyðingargjöld
- Flutningur
- Gámaleiga

Launakostnaður er um 30% en aðrir liðir tilteknir að ofan eru um 60%. Um 10% er síðan allur annar kostnaður við rekstur stöðvanna þ.e.a.s. ræsting, rafmagn, hiti, vatn, viðhald, umsjón osfrv. Síðari liðirnir (eyðingargjöld, flutningur og gámaleiga) eru beintengdir magni sem berst stöðvunum þ.e.a.s. eitthvað sem SORPA ræður lítt við og ræðst af aðstæðum í samfélaginu sem SORPA hefur enga stjórn á. Reynt hefur verið að bregðast við með því að leiðbeina íbúum um hvernig er hægt að flokka og þar með koma úrgangi í ódýrari meðhöndlun, en slíkt tekur tíma en er þó farið að skila árangri. Launakostnaður ákvarðast af kjarasamningum, starfsmati og vinnufyrirkomulagi og var m.a. opnunartíma breytt árið 2016 í hagræðingarskyni. Því miður er magnaukning það mikil að hagræðingin sést ekki í niðurstöðutölum – þó má fullyrða að útgjöld sveitarfélaganna hefðu orðið enn hærri ef ekki hefði verið gripið til þessara aðgerða. Brýnt er að sveitarfélögin setjist niður og endurskoði fyrirkomulag endurvinnslustöðvanna, fjölda þeirra og staðsetningu. Sýnt hefur verið fram á að fækkun og stækkun stöðva er eina raunhæfa leiðin til að ná niður kostnaði, sá sparnaður getur legið á bilinu 75-95 milljónir á ári.



¹ Miðað við 7 mánaða tölur 2019

FORSENDUR

Á eigendafundi þann 2. september 2019 voru settar fram meginforsendur fyrir rekstraráætlun SORPU, s.s um ytri forsendur og gjaldskrárbreytingar. Notaðar eru sömu forsendur og fyrir breyttri áætlun ársins 2019 hvað varðar lántökur, framlag eigenda og framlag frá rekstri til byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Þær helstu forsendur sem notaðar eru við útreikning á áætlun SORPU ársins 2020 eru eftirfarandi:


- Vísitala byggingarkostnaðar (neysluvísitala)
- Launabreytingar skv. kjarasamningum
- Launavísitala þar sem ekki liggja fyrir kjarasamningar
- Vísitala einkaneyslu (spá um magn á endurvinnslustöðvum)

Gjaldskrá SORPU tekur breytingum tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí skv. breytingu á vísitölu. S.k. SORPU-vísitala er reiknuð sem 75% breyting á byggingavísitölu og 25% breyting á launavísitölu. Gjaldskrá fyrir helstu gjaldskrárflokka taka breytingum skv. þessari samsettu vísitölu. Sama vísitala er notuð til að bæta alla langtíma verktakasamninga og er það gert einu sinni á ári þann 1. janúar. Í forsendum eigenda (SSH) er birt spá um vísitölu neysluverðs og er hún notuð í stað áætlunar um breytingu á byggingavísitölu. Magn úrgangs fyrir árið 2020 er áætlað sama og magn úrgangs árið 2019 skv. útkomuspá byggt á 7 mánaða tölum. Þetta á þó ekki við um magn sem berst endurvinnslustöðvunum en í ljós hefur komið að sama nálgun getur ekki átt við á endurvinnslustöðvunum. Í stað þess er magn sem berst endurvinnslustöðvunum áætlað út frá spá um breytingu á einkaneyslu. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2019. Rétt er að hafa í huga að samsetning úrgangsins sem berst endurvinnslustöðvunum hefur ekki síður áhrif á kostnað stöðvanna. Samsetning úrgangs hefur breyst undanfarin misseri, sjá má árangur af vinnu og verkefnum eins og átaksverkefninu „ ekki laumupokast“ þar sem markmiðið er að auka flokkun. Dæmi um þetta er að magn blandaðs úrgangs (pressugámur/ almennur heimilísúrgangur) minnkar um 0,6 %, magn úrgangs inn á endurvinnslustöðvarnar jókst á sama tíma um 8,4% (árið 2018). Hins vegar hefur ekki nást sami árangur í grófum úrgangi. Samskonar þróun er að sjá fyrrihluta árs 2019 þó árangurinn sé eitthvað minni. Fjöldi þjálfara starfsmanna er lykilaatriði svo ná megi frekari árangri á þessu sviði.

Miðað við þróun úrgangs á endurvinnslustöðvunum til júlíloka 2019 má gera ráð fyrir að heildarmagn úrgangs á endurvinnslustöðvunum árið 2019 verði tæp 57.000 tonn. Áætlaða þróun magns á endurvinnslustöðvunum næstu ár, byggða á vísitölu einkaneyslu má sjá í næstu töflu:


Áætlaðar magnbreytingar á endurvinnslustöðvunum:

	2019 ²	2020	2021	2022	2023	2024
Vísitala einkaneyslu, vísitala=100 árið 2005	127,2	130,7	134,7	138,4	142,0	145,6
Magnvísitala, vísitala=100 árið 2005	146,0	150,3	156,5	162,2	167,6	172,8
<i>Tilsvarendi mótttekið magn, tonn/ári</i>	56.710	58.232	60.627	62.866	64.956	66.947



Heimsóknun á endurvinnslustöðvunum hefur fjölgað verulega síðustu misseri og ár. Heildarfjöldi heimsókna árið 2018 voru 956.454 en voru 676.784 árið 2010 þ.e. hefur fjölgað um tæplega 280 þúsund á tímabilinu eða um 41%. Á sama tíma hefur ársverkum á endurvinnslustöðvunum fjölgað um tæp 11%. Myndin hér til vinstri sýnir afköst/álag á starfsmenn, annars vegar magn per ársverk og hins vegar heimsóknir per ársverk.

² Miðast við 7 mánaða magntölur



Mynd 1. Samband vísitölu einkaneyslu og magns á endurvinnslustöðvum – báðar vísitölur settar 100 árið 2005.

Önnur atriði

Verð fyrir endurvinnsluafurðir er áætlað það sama og árið 2019. Verð endurvinnsluafurða taka breytingum m.a. skv. heimsmarkaðsverði á olíu og kolum, markaðsverði á pappír, pappa og plasti og breytingum á gengi. Að auki hafa ákvarðanir Úrvinnslusjóðs áhrif á tekjur og/eða útgjöld af ákveðnum endurvinnsluefnum. Ekki er reynt að áætla fyrir breytingum á þessum þáttum heldur er notast við þekkt verð við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að kippur komi í sölu á metani árið 2020 þegar ný gasgerðarstöð tekur til starfa og salan verði 15% meiri en útkomuspá fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir. Áætlun 2021 – 2024 er gerð á föstu verðlagi ársins 2020.



FJÁRFESTINGAR


Álfsnes

Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi hófst seinni hluta árs 2018 og er verkið á áætlun. Verktaki við verkið gerir ráð fyrir að skila verksmiðjunni fullkláraðri um miðjan febrúar 2020. Þá á skv. samningi Aikan/Solum að keyra verksmiðjuna í 3 mánuði og sjá til þess að allt virki eins og á að gera. Vegna tafa við fjármögnun tækjabúnaðar í móttökustöð er útlit fyrir að ekki verði hægt að taka stöðina í notkun fyrr en í apríl/maí 2020. Komið hefur í ljós að endanlegur kostnaður verður nokkuð hærri en áætlanir stóðu til um og hefur fjárfestingaráætlun og fjármögnunaráætlun verið breytt í kjölfarið. Áætlun 2020 endurspeglar þessar breytingar.

Árin 2020 og 2021 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með uppfærslu á núverandi metanhreinsistöð í Álfsnesi og varabirgðum sé komið upp til að auka afhendingaröryggi. Er það framhald á verkefni sem verið hefur í gangi árin 2013 - 2018.

Nýtt starfsleyfi var gefið út fyrir urðun í Álfsnesi á árinu 2019 og gildir það til loka árs 2020. Hvað tekur við er óvíst en gert er ráð fyrir í áætlun að eigendur þurfi að leggja til fjármagn fyrir nýjan urðunarstað. Skv. svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem allir eigendur SORPU bs. hafa samþykkt og í samræmi við eigendasamkomulag frá 2013 er gert ráð fyrir undirbúningi að byggingu brennslustöðvar einhver staðar á svæði SORPU bs. / Kólku sf. á næstu árum. Viðræður hafa staðið yfir milli SORPU bs. og Kólku um sameiningu undanfarin misseri og er málið nú á hendi eigenda fyrirtækjanna. Gert hefur verið ráð fyrir að sameining yrði á þeim grunni að ekki kæmi til fjárútláta SORPU að öðru leiti en fælist í sjálfri sameiningunni. Hins vegar er ljóst að ef standa á við yfirlýsingar sveitarfélaganna um að hætta urðun á lífrænum og brennanlegum úrgangi og yfirvofandi reglna frá EU um frekari samdrátt í urðun úrgangs, að slíkum markmiðum verður ekki náð nema með byggingu brennslustöðvar. Brennslustöð er fjárfrekt verkefni sem krefst langs undurbúnings og því nauðsynlegt að hefja slíkan undirbúning sem fyrst. Nauðsynlegt er jafnframt að kanna til hlýtar þann möguleika að auka samstarf/samvinnu sorpsamlaganna í ljósi mögulegra samlegðaráhrifa.

Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhaldsverkefna/endurnýjunar s.s. kaup á hreyfanlegum/færanlegum vinnutækjum. Gert ráð fyrir að flutningur á þeirri starfsemi sem tilheyrir Gými (sláturúrgangur) hefjist um leið og framkvæmdum við gas- og jarðgerðarstöð líkur.



Gufunes

Magn- og umferðaraukning hefur verið veruleg í Gufunesi undanfari ár. Árið 2019 hefur þó orðið samdráttur sem má annars vegar rekja til þess að Sorpstöð suðurlands bs. kemur ekki lengur með úrgang til SORPU og síðan hafa umsvif í samfélaginu dregist saman. Hins vegar hafa sífellt komið fram frekari kröfur um aukna flokkun en hver nýr flokkur krefst rýmis og umstangs. Kvörtunum vegna biðraða og biðtíma fer stöðugt fjölgandi. Stöðin var tekin í notkun árið 1991 og hefur þjónað þörfum SORPU vel. Í ljósi þessa var hafist handa við stækkun stöðvarinnar á miðju ári 2019 og er gert ráð fyrir að byggingin verði tilbúin í febrúar 2020 og falli því að þeirri tímasetningu sem gas- og jarðgerðarstöðin verður tilbúin (sjá þó fyrri umfjöllun um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar).

Til forvinnslu úrgangs áður en hann fer í gas- og jarðgerðarstöðina þarf tækjabúnað eins og áður hefur komið fram. Í ljós kom að ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum búnaði í fjárfestingaráætlun 2019. Í ljósi þessa var fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun breytt og er búið að tryggja fjármögnun. Því er nú þegar fyrir séð að tækjabúnaður verður ekki tilbúinn í móttökustöðinni fyrr en í apríl/maí 2020. Það lítur því út fyrir að ekki verði hægt að keyra upp gas- og jarðgerðarstöðina fyrr en þá. Verið er að skoða möguleika á byrjunarfasa sem yrði minni í sniðum en til stóð en þeirri skoðun er ekki lokið. Sá búnaður sem um ræðir í móttökustöð er búnaður eins og pokaopnara, kurlara, vindskiljur, málmkiljur, færribönd osfrv. ásamt tilheyrandi búnaði.

Önnur fjárfesting í Gufunesi er m.a. nauðsynleg viðhaldsverkefni s.s. endurnýjun öxla í tvo brjóta/hakkara, endurnýjun sílóbanda/klifurbönd fyrir eina pressu, endurnýjun innvigtar og endurnýjun á hreyfanlegum vinnutækjum eins og kom fram í forsendum rekstraáætlunar. Enn verður frestað aðstöðu fyrir lestun pappírsgáma.

Gert er ráð fyrir árlegri fjárfestingarþörf vegna miðlægs tölvu- og bókhaldskerfis en slík fjárfesting getur sveiflast milli ára. Gert er ráð fyrir uppfærslu á bókhaldskerfi SORPU árið 2023. Sú fjárfesting áætlast 50 milljónir. Á árinu 2020 er gert ráð fyrir 5 milljónum í endurbætur á húsnæði skrifstofunnar að Gylfaflöt m.a. vegna lélegrar loftræstingar og kvartana starfsfólks yfir vinnuumhverfi.

Endurvinnslustöðvar

Áætlanir um fjárfestingar endurvinnslustöðvanna eru ennþá mjög óljósar. Mjög brýnt er að fundin verði lausn fyrir Dalveg þar sem aðstaðan var skorin verulega niður fyrir nokkrum misserum. Garðabæ og Kópavogsbæ voru send erindi fyrr á árinu um mögulega staðsetningu endurvinnslustöðvar á bæjarmörkum þessara bæjarfélaga en svör hafa ekki borist.

Stöðin í Jafnaseli er að verða of lítil og nauðsynlegt að skoða stækkunarmöguleika eða færslu stöðvarinnar. Íbúðabyggð við Ánanaust færir nær og nær stöðinni og þegar byrjaðar kvartanir vegna umferðar og hávaða. Er ekki ólíklegt að hentugt sé að flytja stöðina til, eða kosta til hljóðvarna við stöðina. Stöðin á Sævarhöfða á að víkja skv. aðalskipulagi Reykjavíkur og er gert ráð fyrir að ný stöð rísi við Lambhagaveg í staðinn. Skoða þarf staðsetningar og röð framkvæmda með það í huga að flutningur stöðvarinnar á Sævarhöfða valdi ekki öngþveiti í Jafnaseli eða á þegar yfirfulla stöð á Dalvegi. Lagt er til að röð framkvæmda verði sem hér segir:

- 2020 – 2021: Stöðin á Jafnaseli stækkuð og aðstaða bætt
- 2021 – 2022: Stöðin á Sævarhöfða verði flutt á Lambhagaveg
- 2022: Stöðin í Mosfellsbæ lokað um leið og stöðin á Lambhagavegi verður opnuð
- 2022 – 2023: Ný stöð byggð í stað stöðvarinnar á Dalvegi

Frá árinu 2010 hefur úrgangur í gegnum endurvinnslustöðvarnar aukist um rúmlega 90%. Umferð hefur jafnframt aukist verulega og er orðið mjög erfitt um vik á sumum endurvinnslustöðvunum. Ástandið er verst á stöðinni á Dalvegi og er brýnt að sveitarfélögin setjist niður og skipuleggi kerfi endurvinnslustöðvanna í sameiningu þ.a. þjónusta þeirra sé svipuð hvað varðar aðgengi, opnunartíma, viðmót osfrv. Einnig er nauðsynlegt að horfa til öryggis starfsmanna og viðskiptavina (íbúa) og tryggja að stöðvarnar séu þannig hannaðar og útbúnar að slyshætta sé lágmarkuð eins og kostur er.

Á þessu stigi er mjög óljóst um kostnað við breytingar/stækkun á stöðinni í Jafnaseli. Nokkrar útgáfur hafa verið skoðaðar og gerð frumhönnun og liggur áætlaður kostnaður á bilinu 690 – 1.150 milljónir króna (+/- 25%). Mismunandi útfærslur byggja á mismunandi stækkun (heildarstærð 8.300 – 10.000 m²) og mismunandi starfsemi og þurfa eigendur að ákveða hvaða þjónusta á að vera í boði. Í áætlun er að þessu sinni gert ráð fyrir 800 milljónum sem falli til á árunum 2020 og 2021 vegna stækkunar/breytinga á endurvinnslustöðinni í Jafnaseli.

Gert er ráð fyrir að endurvinnslustöðin á Sævarhöfða víki vegna nýrra skipulagsáætlana í Reykjavík og er gert ráð fyrir að ný stöð rísi á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins á árunum 2021 - 2022. Gert er ráð fyrir að kostnaður við uppbyggingu á Lambhaga verði svipaður og í Jafnaseli (800 milljónir króna) og falli til á þessum árum (2021 – 2022).

Samþykkt rekstraráætlunar felur ekki í sér ákvörðun um verkefni nýfjárfestinga á endurvinnslustöðvunum eða fjármögnun þeirra, heldur verður fjármögnunaráætlun lögð fyrir eigendur áður en endanleg ákvörðun er tekin.

REKSTUR

Tekjur

Árin 2019 og 2020 er gert ráð fyrir svipaðri sölu á metani en hún taki kipp um leið og gasgerðarstöðin hefur starfsemi – eftir 2020 verði söluaukning 12% á ári. Magnaukning úrgangs árin 2020 – 2023 er áætluð sú sama og %-fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þessi aukning er áætluð 1,2% á ári og er gert ráð fyrir að tekjur aukist í samræmi við aukið magn.

Gjöld

Almennt

Laun taka breytingum skv. kjarasamningum þar sem slíkt er þekkt en annars skv. forsendum Reykjavíkurborgar um þróun launavísitölu. Gert er ráð fyrir að breytingar á verktakasamningum séu í samræmi við áætlaðar gjaldskrárbreytingar, en hvert tilfelli skoðað fyrir sig. Almennur rekstrarkostnaður taki breytingum skv. neysluvísitölu.

SORPA hefur verið í samstarfsverkefni við Lífdísel ehf. um móttöku og vinnslu á sláturúrgangi í nokkur ár, – efni sem farið hafði að stærstum hluta í Gými (móttaka sláturúrgangs). Verkefnið hefur gengið hægt og hefur áætluðum nafnarköstum ekki verið náð. Bilanir og skemmdir sem hafa orðið á búnaði vegna aðskotahluta í úrganginum sem erfitt hefur verið að koma í veg fyrir. SORPA yfirtók rekstur Lífdísil ehf. í Álfsnesi á árinu 2018 og hófst þegar handa við uppfærslu búnaðar. Gerður var nýr samningur við Lífdísel (sem byggir á upphaflegum samningi aðila). Í breyttu fyrirkomulagi sér SORPA um forvinnslu en Lífdísill sér um framleiðslu á eldsneyti.

Gert er ráð fyrir átaki í endurmenntun starfsmanna svipað og gert var fyrir nokkrum árum. Gert er ráð fyrir að starfsmenn sem náð hafa tveggja ára starfsreynslu og ekki fóru í endurmenntunarferð til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur fyrir 2 árum fari í slíka ferð á árinu 2020. Um er að ræða ca. 20 starfsmenn í öllu fyrirtækinu.



Endurvinnslustöðvar / grenndargámar

Umferð og magn um endurvinnslustöðvarnar hefur aukist verulega síðustu ár. Á síðustu 7 árum hefur rekstur endurvinnslustöðvanna tvöfaldast en á sama tíma hefur innheimta í hliði nánast þrefaldast. Aukin innheimta í hliði ætti að hafa magnminnkandi áhrif en erfitt er að sýna fram á slíkt með tölum. Gert er ráð fyrir að nýtt afgreiðslukerfi verði tekið í notkun á endurvinnslustöðvunum fyrir n.k. áramót og er áætlað að notendavænt kerfi auki innheimtu í hliði enn frekar. Brýnt er að eigendur og SORPA setjist yfir það fyrirkomulag sem gildir um endurvinnslustöðvarnar og skoðað sé hvort annað fyrirkomulag henti betur og sé til þess fallið að lækka kostnað.

Endurvinnslustöðvarnar eru reknar skv. sérstöku samkomulagi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Reksturinn er rekinn á núlli og hefur í sjálfu sér ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins þ.e.a.s. tekjur og gjöld endurvinnslustöðvanna standast á. Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna m.a. af sölu inneignarkorta, sölu málma og umboðsgjaldi vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf. Fyrsti áfangi að nýju kerfi skilagjaldsskyldra drykkjarvöruumbúða var tekið upp á miðju ári 2014 þegar móttökuskemma fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir var tekin í notkun á Breiðhelli í Hafnarfirði. Slík móttaka var einnig tekin í notkun í Ánanaustum á fyrri hluta árs 2015. Eftir að þessi nýja móttaka var tekin upp hefur fjöldi eininga aukist og hafa tekjur vegna móttöku skilagjaldsskyldra umbúða aukist lítillega. Endurvinnslan hf. greiðir endurvinnslustöðvunum leigu fyrir skemmurnar í Ánanaustum og Breiðhelli. Tækjabúnaður sem notaður hefur verið í Ánanaustum fyrir þessa móttöku var endurnýjaður og um leið tvöfaldaður árið 2018 og það sama var gert á Breiðhelli 2019. Það er Endurvinnslan sem stendur straum af kostnaði við breytingarnar.

Mismun á tekjum og gjöldum endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. SORPA bs. rekur einnig s.k. grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið var boðið út á árinu 2015 og tók nýr verktaki við verkefninu á árinu 2016. Verkefnið er vel skilgreint og ekki áætlað að kostnaður við verkefnið aukist umfram verðlag, nema þá sveitarfélögin óski eftir frekari þjónustu. Kostnaður við verkefnið skiptist mismunandi milli sveitarfélaganna en hvert sveitarfélag greiðir fyrir þessa þjónustu í samræmi við notkun (þ.e.a.s. fjölda gáma).

Gert er ráð fyrir sama mannafla og áður. Gert er ráð fyrir námsferðum nokkurra starfsmanna erlendis á árinu en það verkefni er framhald verkefnis frá fyrri árum. Gert er ráð fyrir 2 milljónum í þennan hluta.

Til hagræðingar í rekstri endurvinnslustöðva var fyrirkomulagi við móttöku blandaðs úrgangs á endurvinnslustöðvunum breytt um áramótin 2015/2016. Bannað var að henda pappír og textíl í „pressanlegan“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Jafnframt var ekki lengur leyfilegt að koma með

úrgang í ógegnsæjum pokum sem ætlaður er í „pressanlegan“ úrgang á endurvinnslustöðvunum. Ekki hefur tekist að sinna þessu verkefni nægjanlega vel, en þar sem það hefur verið í framkvæmd má sjá árangur. Áfram verður unnið að þessu verkefni en ef þetta verkefni á að skila tilætlum árangri þarf að tryggja mönnun þess. Rétt er einnig að hafa í huga að íbúar bregðast mjög misjafnlega við leiðbeiningum starfsmanna.

Nokkur áriðandi viðhaldsverkefni sem þarf að fara í á árinu 2020:

- Starfsmannahús á endurvinnslustöðinni í Mosfellsbæ er ónýtt og ekki starfsmönnum bjóðandi. Gert er ráð fyrir að skipta út starfsmannahúsi og leigja færanlegt hús til þess tíma er stöðinni verður lokað með tilkomu stöðvar á Lambhagavegi.
- Starfsmannahús á endurvinnslustöðinn á Dalvegi er illa farið og nauðsynlegt að gera þar bragarbót. Gert er ráð fyrir sömu lausn og í Mosfellsbæ en þetta verkefni bíði til ársins 2021. Bæta þarf vegrið, hlið, girðingar og setja upp ný skilti.
- Starfsmannahús í Ánanaustum er illa farið af seltu og sjávarálagi og þarfnast viðhalds. Setja þarf upp nýja járnbrú milli rampa.
- Samningur við verkataka um gámaleigu og flutning renna út um áramótin 2020/2021 og er gert ráð fyrir undibúningi og útboði á árinu 2020.

Ofangreindum verkefnum hefur verið fundinn staður í framsettri áætlun.

Áætlun um greiðslur sveitarfélaganna fyrir árið sem er að líða (2019) virðist ganga upp (áætlun gerði ráð fyrir rúmlega 1.022 milljónum en útkomuspá gerir ráð fyrir 984 milljónum eða 3,7 % frávik). Breyting milli áætlana 2019 og 2020 er áætluð 3,2% sem skýrist af breytingum á vísitölum milli áætlana. Rétt er þó að hafa í huga að ekki hefur verið samið við stéttarfélag starfsmanna á endurvinnslustöðvunum.

Álfsnes

Gerð reinar 20 var boðin út árið 2016 og klárast verkið á haustdögum 2017. Urðun í reinina hófst fyrri hluta árs 2018. Gert hefur verið ráð fyrir að rein 20 endist út árið 2020 en vegna mikillar aukningar úrgangs, bæði sem fer í urðun (en einnig sem fer til endurvinnslu), voru uppi efasemdir hvort reinin endist svo lengi. Nýjustu útreikningar benda til þess að reinin geti jafnvel dugað fram á mitt ár 2023. Verkefnið er skilgreint sem fyrirframgreiddur kostnaður og er gjaldfært í takt við notkun reinarinnar.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á mannafla í Álfsnesi- með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar mun mannafla flytjast úr urðun og gashreinsun yfir í gas- og jarðgerðarstöðina. Þó er gert ráð fyrir starfi vaktmanns í 50% starfi sem jafnframt mun geta sinnt snjómokstri og hálkueyðingu. Sífellt meira er um mannaferðir á svæðinu og nauðsynlegt að sjá til þess að eignum SORPU sé ekki ógnað.

Gufunes - móttökustöð

Á tímabilinu 2020 – 2024 verður fyrirkomulagi við þjónustu í Gufunesi og Álfsnesi breytt í samræmi við breytt verklag þegar ný gas- og jarðgerðarstöð tekur til starfa. Ekki er gert ráð fyrir að slíkar breytingar hafi áhrif á heildar rekstrarkostnað. Þjónusta í móttökustöð mun hins vegar óhjákvæmilega breytast í takt við breytt verklag. Helstu viðhaldsverkefni í og við móttökustöð er malbikun við móttökustöðina og málun á núverandi húsi til samræmis við stækkun stöðvarinnar. Mannaflaþörf er í stöðugri endurskoðun og fer eftir álagi og umsvifum starfseminnar á hverjum tíma.

SKULDSETNING OG KRÖFUR UM AFKOMU

Í samræmi við reglur sem settar eru í sveitarstjórnarlögum, viðmiðum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og samþykktari áhættustefnu SORPU, má í töflu hér fyrir neðan sjá þau hlutföll sem miðað er við um skuldsetningu og afkomu (jafnvægisregla er reiknuð í milljónum) og hvernig áætlunin uppfyllir þessi viðmið.

Liður	Útkomuspá	Áætlunarár					Viðmið
		2019	2020	2021	2022	2023	
Framlegð/tekjur	12,2%	19,5%	21,9%	21,8%	21,9%	23,3%	> 15%
Veltufé frá rekstri/tekjur	11,2%	16,2%	18,9%	19,2%	19,8%	21,6%	> 7,5%
Heildarskuldir/reglulegar tekjur	99,5%	97,1%	101,3%	103,0%	101,1%	93,1%	< 150%
Jafnvægisregla (niðurstaða í 3 ár)	766	1.034	843	1.011	1.128	1.297	jákvætt

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun er öllum skilyrðum uppfyllt nema er varðar framlegð/tekjum í útkomuspá árið 2019. Rétt er þó að horfa til allra þátt þegar staðan er metin.

ÁHÆTTUMAT

Mikilvægasta atriði í áhættumati á rekstrar- og/eða fjárfestingaáætlunum er að meta áhættur og gera viðeigandi ráðstafanir. SORPA hefur komið sér upp áhættumatsferli með hliðsjón af ISO31000 áhættumatsstaðlinum og er hann skjalaður í rekstrarhandbók.

Helstu áhættuþættir er kemur að áætlunargerð SORPU má skipta í þrennt: tengt *verkefnum* (s.s. nýnæmi lausnar eða afskriftartíma), tengt *markaðsaðstæðum* (svo sem verðbólgu eða vaxtastigi) og tengt *alþjóðlegum aðstæðum* (s.s. stjórnámum, gengi gjaldmiðla eða verð á mörkuðum t.d. olíu og endurvinnslufna). Einnig má bæta við áhættu sem stafar af *skipulagi fyrirtækisins sjálfs* (hér m.a. að SORPA er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga) ásamt áhættu tengdri viðkomandi *geira* (hér úrgangsstjórnun með ráðandi stöðu í förgun úrgangs). Gerð er grein fyrir matinu í vinnuskjali stjórnar. Nota má ýmsar aðferðir við að meta umfang (upphæðir) áhættu í áætlunargerð, svo sem næmnigreiningu, sviðsmyndagerð, núllpunktsgreiningu og hermun. Hér er gerð grein fyrir fjórum sviðsmyndum, en unnið er að hermunarlíkani fyrir rekstraráætlun og fjárfestingaáætlun SORPU sem nýtist til framtíðar.

Við sviðsmyndagerð á niðurstöðu rekstraráætlunar voru eftirfarandi áhættuþættir skoðaðir:

Tekjur verði minni en áætlað er og útgjöld verði meiri en áætlað er. Þessum þáttum er síðan skipt eftir því hvort þeir hafi bein áhrif á rekstur byggðasamlagsins (t.d. eru endurvinnslustöðvar og rekstur Góða hirðisins *gerð upp á núlli* miðað við SORPU bs., og *innri viðskipti* eru mjög mikil) eða ekki. Áhætta SORPU bs. er því verulega minni í fjárhæðum en heildarupphæð rekstraráætlunar gefur til kynna við fyrstu sýn. Ástæður minni tekna geta verið af margvíslegum toga, t.d. minni umsvif í samfélaginu og þar með minni móttækin úrgangur sem þýðir minni tekjur. Samsetning úrgangsins hefur einnig áhrif á tekjur og eins áætlanir um sölu metans. Þessu til viðbótar er þróun verða á erlendum endurvinnslumarkaði, flutningskostnaður og endurgreiðslur Úrvinnslusjóðs. Áform stjórnvalda um urðunarskatt geta haft veruleg og ófyrirsjáanleg áhrif á tekjur samlagsins.

Aukin útgjöld geta komið til vegna bilana í tækjum, meira magns en áætlað er (sem þýðir líka hærri tekjur) eða breyttur kostnaður við meðhöndlun og förgun úrgangs. Vegna beinnar tengingar gjalda (svo sem verktakasamninga við urðun úrgangs) við tekjur (magn úrgangs til urðunar) er miðað við hlutfallslega framlegð, með og án fjármagnskostnaðar fyrir árið 2018.

Samantekt á þeim þáttum sem skoðaðir eru í áhættugreiningu eru sem hér segir:

VERKLIDIR / ÞREP Í FERLI	NÚVERANDI FYRIRKOMULAG
Sviðsmynd - magn minnkar	hreyfa um annað hvort +/- 10% og/eða -14.000 tonn af böggum til urðunar
Sviðsmynd - laun hækka meira en gert er ráð fyrir í forsendum	hreyfa um +2*10% miðað við 5,5%
Sviðsmynd -urðunarskattur	7,5 kr/kg
Sviðsmynd - tap á brenni	frá vinnsluferli GAJA og litað timbur MTFS/Urðun á 3 kr/kg nettó
Sviðsmynd - Sala á metani sé 50% minni en áætlað er	frá vinnsluferli GAJA og haug
Sviðsmynd -gjaldskrárhækkun	gjaldskrá á úrgangi til urðunar hækkar um 10%
Sviðsmynd - verð fyrir endurvinnsluefni	endurvinnsluefni skila tekjutapi/- auka um 10%

Notuð var Monte-Carlo næmnigreining til að fá fram niðurstöðu áhættumats. Niðurstaða næmnigreiningar er að séu allir neikvæðir hlutir teknir inn sé áætlað frávík frá rekstrarniðurstöðu um 4,6% en vegið meðaltal frávíks í niðurstöðu rekstraráætlunar síðustu þrjú ár er 22,5%. Rétt er að hafa í huga að slík næmnigreining byggir á líkindadreifingu sem ekki gerir ráð fyrir að allir neikvæðir hlutir gerist í einu og af fullum þunga.